# FRÉTTABLAÐIÐ

297. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 19. DESEMBER 2015


## Stund milli stríða




→42

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Í dag** er spáð hvassri norðaustanátt með snjókomu eða slyddu, einkum norðaustanlands. Dregur úr frosti og hlánar allra syðst. SJÁ SÍÐU 92



**Ríkið ver 1.250 milljónum til viðbótar í Landspítalann.**

## Spítalaforstjóri andar léttar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er mjög ánægjulegt að sjá að það er skilningur hjá stjórnvöldum og hjá Alþingi á þörfum Landspítalans. Okkur leist ekki að stöðuna fyrir næsta ár og er þetta því léttir,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu heilbrigðisráðherra um að leggja 1.250 milljónir til spítalans á næsta ári. Einn milljarður fer í bráðaþjónustu en 250 milljónir til viðhalds. Fjárlög verða líklega afgreidd á Alþingi í dag.

„Viðhaldsþörfin á spítalanum er svo mikil og fer peningurinn strax í brýnustu viðhaldsverkefnin. Milljarðurinn mun í raun fara í aðgerðir til að bæta flæði á spítalanum, einkum fráflæði aldraðra einstaklinga sem hafa lokið meðferð hjá okkur og komast ekki heim til sín. Það hefur skort úrræði fyrir það fólk,“ segir Páll.

Forstjóri Landspítalans bætir við að þetta hafi í för með sér að nýting á sérhæfðu starfsfólki og búnaði spítalans muni batna til muna. „Þetta snýst þannig í raun um það að nýta með sem bestum hætti sérhæfða þjónustu sjúkrahússins. – ngy

## Féll til bana

**LÖGREGLUMÁL** Maður fannst látinn í Hólunum í Breiðholti í gær eftir að hafa fallið fram af svölum. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn vildi ekki tjá sig um málið þegar leitað var eftir því. Sagði hann hugsanlegt að ekkert saknæmt hefði átt sér stað og rannsókn málsins væri á algjöru frumstigi. Á vef RÚV kemur fram að tveir menn séu í haldi vegna málsins. – ngy

## Hrollvekja og glens í Melabúðinni



„Ég fékk alveg frábærar móttökur og bókin mín rann út,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur sem kynnti nýja bók sína, Anna á Eyrarbakka, í Melabúðinni í Vesturbæ Reykjavíkur í gær. Bókin er að sögn Elísabetar bæði hrollvekju- og gamansaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Aukið fé til RÚV með skilyrðum

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherra hefur dregið frumvarp sitt um óbreytt útvarpsgjald til baka í ríkisstjórn. Þess í stað fær Ríkisútvarpið 175 milljóna króna framlag sem verja á til eflingar innlendrar dagskrárgerðar. Framlagið er tímabundið og skilyrt við kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Frumvarp menntamálaráðherra hefur verið til umfjöllunar í ríkisstjórn í um þrjár vikur áður en ákveðið var að hann drægi frumvarpið til baka. Frumvarpið fór því aldrei fyrir þingið. Þess í stað verður lögð fram breytingartillaga við fjárlagafrumvarpið sem kynnt var í fjárlaganefnd í gær.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að nú verði gerður nýr þjónustusamningur við RÚV. – ngy

# Stórhætta af hrossum í nágrenni Akureyrar

**Girðingar í nágrenni Akureyrar eru margar hverjar á kafi og hross eiga greiða leið upp á þjóðvegi. Stórhættulegt ástand, segir yfirlögregluþjónn. Formaður hestamannafélagsins Léttis á Akureyri tekur undir varnaðarorð lögreglunnar.**

**LANDBÚNAÐUR** Lögreglan á Akureyri hefur síðustu daga haft í nógu að snúast í hrossasmölun norðan Akureyrar. Eftir snjóatíð undanfarið hafa margar girðingar farið í kaf. Einnig hafa jarðbönn orðið í mörgum túnum og hross því farið af stað í leit að æti.

„Já, það hafa komið tilvik þar sem við höfum verið að smala hrossum af vegum til að gæta öryggis bæði dýra og vegfarenda,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri.

Þann 9. desember sem og tveimur dögum síðar þurftu lögreglumenn á Akureyri að sinna útköllum þar sem hross voru farin úr hólfum sínum. Mikið hafði snjóað þá daga og girðingar fóru á kaf. Þann 9. þurftu lögreglumenn að koma hrossum af þjóðvegi 1 rétt norðan Akureyrar í svartamyrkri. Tveimur dögum seinna þurftu svo lögreglumenn að smala hrossum innan bæjarmarka Akureyrar. Náðist að króa hrossin af á leikvelli barna ofarlega í bænum þar sem eigendur vitjuðu hrossa sinna.

„Það er stórhætta þegar svona stórar skepnur fara úr girðingum og upp á vegi,“ segir Daníel yfirlögregluþjónn. „Viljum við því biðla til bænda og eigenda búfjár á þessum slóðum að huga að girðingum sínum. Ef ekki er hægt að halda hólfum girtum er nauðsynlegt að taka hesta á hús svo ekki skapist stórhætta.“

Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis á Akureyri, tekur undir orð yfirlögregluþjónsins á Akureyri og þakkar fyrir að ekki hafi orðið slys.

„Við höfum beint því til eigenda hrossa á svæðinu að huga að útigangi. Girðingar eru komnar á kaf og enga beit er að finna í mörgum hólfum. Því þarf að gefa hrossum úti og huga vel að girðingum. Við höfum einnig fengið fjölda ábendinga um laus hross á svæðinu. Það er mjög mikilvægt í því árferði sem nú er að gæta að því að hross fari ekki af stað. Um leið og hross fá ekki beit í hólfum sínum fara þau á flæking og því er voðinn vís,“ segir Sigfús Ólafur. sveinn@frettabladid.is



**Hross í vetrarhaga. Girðingar á kafi í snjó og jarðbönn gera það að verkum að hrossastóð fara á flakk í leit að æti. Getur það skapað stórhættu á vegum í skammdeginu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Um leið og hross fá ekki beit í hólfum sínum fara þau á flæking og því er voðinn vís.



Sigfús Ólafur Helgason framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis á Akureyri



# Notaleg jólastemning

## Opið til 22



### Laugardagur 19. desember

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | **Jólasveinar** kíkja í heimsókn |
| Kl. 14.00 | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| Kl. 15.00 | **Bjarki Lár** úr The Voice tekur lagið |
| Kl. 16.00 | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| Kl. 17.00 | **Jólasveinar sprella** á göngugötunni |
| Kl. 17.00 | **Jóladjass** í boði Jóladjassbandsins |

### Sunnudagur 20. desember

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | **Jólasveinar** kíkja í heimsókn |
| Kl. 14.00 | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| Kl. 15.30 | **Sigga Beinteins og Grétar Örvars** |
| Kl. 16.00 | **Jólasveinar sprella** á göngugötunni |
| Kl. 17.00 | **Jóladjass** í boði Jóladjassbandsins |
| Kl. 20.00 | **Dúettinn Rósa og Danni** |

**Látum gott af okkur leiða!**

Gefðu eina auka jólagjöf og settu undir jólatréð í Smáralind.

Pakkajól Smáralindar

SMÁRALIND

OPIÐ 11–22 ALLA DAGA TIL JÓLA ÞORLÁKSMESSA 11–23 AÐFANGADAGUR 10–13 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77504 12/15

**TÖLUR VIKUNNAR** 14.12 2015 TIL 20.12 2015



**162** milljónir kostar 59% tollur á snakk úr kartöflum neytendur á ári.




manns, ríflega, bíða þess að hefja afplánun í fangelsi.

**538** voru sjúkraflug Mýflugs orðin um miðja vikuna.




kostar hraðlest frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar.




hvalir voru taldir af Hafró í loðnuáti í haust.

**650** milljónir er áætlað að Herkastalinn, gistiheimili Hjálpræðishersins, kosti nýja eigendur.




meira borðum við í veislu en þegar við borðum ein.

## Þrír í fréttum
## Fliss, ónot og flóttamenn

**Lilja Rafney Magnúsdóttir,** *þingmaður Vinstri grænna,*



sagði í þingsal að ekki væri hægt að láta bjóða sér það að menn væru flissandi í salnum undir áhrifum. Þingmönnum brá og lýsti Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, því yfir að hann myndi taka málið upp hjá forsætisnefnd drægi Lilja Rafney ekki orð sín til baka eða upplýsti um hvern ræddi. Annars lægju allir undir grun.

**Birgitta Jónsdóttir,** *þingkona Pírata,*



bað Jón Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokks, afsökunar ef hún hefði sært hann og meitt. Hún greindi frá því að hún hefði ítrekað beðið um að fá að skipta um sæti á síðasta þingvetri vegna þess hvernig Jón hagaði sér gagnvart henni, „stöðugt að skjóta í mann ónotum án nokkurs tilefnis. Það hefur nákvæmlega ekki neitt með pólítík að gera“.

**Þórarinn Ævarsson,** *framkvæmdastjóri IKEA,*



sagði í viðtali við Fréttablaðið að fyrirtækið ætlaði að gefa hverjum flóttamanni sem kemur hingað til landsins hundrað þúsund króna inneign í versluninni. Fyrirtækið væri jafnframt tilbúið að veita flóttamönnum atvinnu í samstarfi við Vinnumálastofnun.

# Varúð í ávísun Ritalins til barna

**Þrátt fyrir fimmtíu ára reynslu af lyfinu Ritalin við athyglisbresti er lækningamáttur þess talinn hóflegur. Ný úttekt gefur tilefni til þess að gæta sérstakrar varúðar í meðferð barna með ADHD. Magnús Jóhannsson, læknir hjá Landlækni, segir lengi hafa verið vitað að lyfið gagnist aðeins hluta þeirra sem glíma við ADHD.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nývorið var birt greinargerð um rannsóknir á virkni metýlfenidat-lyfja við athyglisbresti í börnum og unglingum í hinu virta Cochrane Review. Greinargerðin birtist 25. nóvember og greinir frá skorti á rannsóknum á ágæti lyfjanotkunar við ADHD í börnum.

Vísindamenn teymisins lýsa áhyggjum af aukaverkunum methylphenidate-lyfja á móti hóflegri gagnsemi lyfjanna við athyglisbresti. Aukaverkanir skráðar hjá börnum eru svefnvandamál, minni matarlyst og sjóntruflanir. Niðurstaða Cochrane-teymisins er að ávísa ætti lyfinu Ritalin af varkárni til barna og unglinga og fylgjast vel með notkun þess.

Dr. Morris Zwi, einn höfunda greinargerðar um rannsóknina og barna- og unglingageðlæknir hjá Whittington í London, sagði niðurstöðurnar mikilvægar fyrir heilbrigðisstarfsmenn og foreldra barna með ADHD.

„Væntingar okkar um meðferðina eru meiri en þær ættu að vera, og þótt greinargerð okkar sýni einhverja sönnun nytsemi þeirra þá ættum við að hafa í huga að sú niðurstaða er ekki áreiðanleg. Það sem við þurfum enn eru góðar rannsóknir sem meta áhættu með tilliti til nytsemi lyfjanna,“ sagði Zwi.

Magnús Jóhannsson, læknir hjá Landlækni, segir vel þekkt að lyfið gagnist ekki öllum. Hann bendir á að fimmtíu ára reynsla sé af lyfinu.

„Metýlfenidat er gamalt lyf og er áratuga reynsla af notkun þess, verkunum og aukaverkunum,“ segir Magnús. Lengi hafi verið vitað að að metýlfenidat gagnist ekki öllum með ADHD. Fram hafi komið tölur eins og 70 eða 80 prósent.

„Svipað gildir um aukaverkanir sem eru vel þekktar en þær algengustu eru lystarleysi, svefntruflanir og höfuðverkur. Auk þessa er lyfið ávanabindandi og eftirsótt af fíklum,“ segir Magnús.

> **Metýlfenidat er gamalt lyf og er áratuga reynsla af notkun þess, verkunum og aukaverkunum.**
>
> Magnús Jóhannsson læknir hjá Embætti landlæknis



Niðurstaða úttektarinnar var að lyfið gagnist við ADHD en á grundvelli fyrirliggjandi gagna/rannsókna sé ekki hægt að meta með vissu hve mikið það gagnist og kemur þessi niðurstaða ekki á óvart.

Höfundar greinarinnar höfðu líka áhyggjur af aukaverkunum, sem að vísu eru allvel þekktar vegna þess hve lyfið hefur verið mikið notað og lengi. Öll lyf þarf að meta með tilliti til verkana og aukaverkana og þannig tryggja að hvert lyf geri meira gagn en skaða og er þessi úttekt innlegg í þá umræðu.“

Notkun Íslendinga á lyfjum sem innihalda metýlfenidat er meira en tvöföld meðalnotkun annarra Norðurlandaþjóða. Metýlfenidat (Ritalin) hefur verið á markaði hér síðan 1965 og forðalyfin (Ritalin Uno og fl.) síðan 2002. Magnús segir að þrátt fyrir efasemdir um gagnsemi lyfsins muni það ekki hafa áhrif á notkun lyfsins til skamms tíma.

„Mín niðurstaða er því sú að umrætt Cochrane-Review sé gott innlegg en fátt komi þar á óvart og það muni ekki hafa áhrif á notkun þessa lyfs, að minnsta kosti ekki til skamms tíma litið,“ segir Magnús.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**Notkun Íslendinga á lyfjum sem innihalda metýlfenidat er meira en tvöföld meðalnotkun annarra Norðurlandaþjóða.**


# Pevaryl®

**Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum**




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Leitið læknis leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.**

Pevaryl 150 mg skeiðarstíll, Pevaryl Depot 150 mg skeiðarstíll og Pevaryl 1% krem (í samsettum pakkningum) (innihalda econazolnítrat) eru breiðvirk sveppalyf við sveppasýkingum í leggöngum (leggangabólga og skapabólga af völdum gersveppa). **Skammtar:** Einn skeiðarstíll hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn, 3 daga í röð (Pevaryl skeiðarstíll) eða einu sinni (Pevaryl Depot skeiðarstíll). Krem: Berist á svæðið í kringum leggangaop og endaþarmsop 2-3 á dag. Meðferð á að vara í 3 daga eftir að óþægindi eru horfin. Meðhöndlun maka: Þvoið reður og forhúð og berið kremið á tvisvar á dag þar til óþægindi hverfa og í 3 daga eftir það. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Pevaryl og Pevaryl Depot má ekki nota samhliða annarri meðferð í eða á kynfærum. Ef fram koma merki um ertingu eða ofnæmi skal hætta meðferð. Pevaryl krem inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúðir og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. Pevaryl skeiðarstílar innihalda efni í olíugrunni sem getur haft áhrif á og dregið úr öryggi latexhetta og latexverja. Ekki skal nota lyfin samtímis slíkum verjum. Þeir sem nota sæðisdrepandi lyf skulu ráðfæra sig við lækni, þar sem staðbundin meðferð í leggöngum getur gert sæðisdrepandi lyf óvirkt. **Meðganga / brjóstagjöf:** Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Nota má Pevaryl á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móður vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort econazolnítrat berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.


# Stofn flugnabænda í Bolungarvík drapst

**ATVINNA** Víur, ræktunarfélag fóðurskordýra, á Bolungarvík varð fyrir því óhappi á árinu að flugurnar sem félagið byggði starfsemi sína á drápust allar í vor, og gerðist það á þeim tíma þegar stofninn var sá eini á landinu. Því þurfti að flytja nýjan stofn inn til landsins. Hefur undirbúningur innflutningsins tekið töluverðan tíma vegna kvaða um sóttkví og innflutningsleyfi.

Þessar upplýsingar koma fram á heimasíðu fyrirtækisins þar sem er jafnframt tíundað að úr flugunni, eða lirfum svörtu hermannaflugunnar, verður unnið lirfumjöl fyrir eldisfisk. Ræktun þeirra á Íslandi er að sögn aðstandenda fyrirtækisins með öllu örugg og engar líkur á að flugan geri sig heimakomna í íslenskri náttúru eða geri usla í mönnum eða dýrum. Flugurnar sem fluttar eru inn koma úr stofni sem hefur verið í áraraðir vottaður sem laus við óværu og sjúkdóma.



**Ræktun fóðurskordýra er svar við fóðurþörf sem fylgir vaxandi fiskeldi.** NORDICPHOTOS/AFP

„Óhappið undirstrikar mikilvægi þess að hafa að minnsta kosti tvo aðskilda stofna á lífi á hverjum tíma, og verður það fyrirkomulag að sjálfsögðu viðhaft þegar sóttkvínni á hinum nýja stofni verður aflétt,“ segir Gylfi Ólafsson, flugnabóndi og annar stofnenda.

Tilraunaræktun hófst í Bolungarvík haustið 2014. Í frétt fyrirtækisins segir að Vestfirðir séu ákjósanlegir fyrir starfsemina. Á svæðinu fellur til mikið af lífrænum úrgangi sem væri hægt að nýta í stað þess að flytja hann til annarra landshluta eins og gert er nú. Fiskeldi á svæðinu er mikið og fer vaxandi og þekking á öllum þáttum fiskeldis eykst óðfluga. Förgunarkostnaður og flutningskostnaður á fiskifóðri mun minnka snarlega. Þá er hægt að nýta ódýrt húsnæði í uppbyggingarferlinu, segja flugnabændur. **– shá**



HÚSASMIÐJAN

blómaval

ALLAR VERSLANIR OPNAR UM HELGINA
OPIÐ TIL KL. 22:00 Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA
SJÁ NÁNAR Á www.husa.is

# 40% AFSLÁTTUR

## SERÍUR & JÓLASKRAUT

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

**20-40%** ALLAR VÖRUR FRÁ RUSSELL HOBBS

**25%** ÖLL ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI

**20-25%** ÖLL BÚSÁHÖLD

**31% afsláttur**

Úrval verkfæra á frábæru tilboði!



8.874kr ~~14.790kr~~
**Kaffivél Legacy**
Stál,10 bollar.
1840125



4.868kr ~~6.490kr~~
**Hraðsuðukanna**
ELOISE EEWA3100, 1,5 ltr
1829123



6.990kr ~~9.990kr~~
**Litaðir eldhúshnífar**
5 stk litaðir hnífar
2007431



9.995kr ~~14.519kr~~
**Juðari Black&Decker**
KA2500K
5245799



JÓLASVEINAR SKEMMTA KL 13:30

## JÓLAHÁTÍÐ

Skútuvogi laugardag



Ævar Þór Benediktsson

**13:30 -14:30 Jólasveinar**
skemmta börnunum

**13:45 - 14:30 Ævar Þór rithöfundur og leikari**
Les upp úr bók sinni
Þín eigin goðsaga



Birgitta Haukdal

**14:30 Birgitta Haukdal**
Les upp úr bók sinni
Lára lærir að hjóla
og tekur nokkur lög



Geir Ólafs

**15:30 Geir Ólafs**
Syngur lög af nýrri plötu
og áritar

**Jólaland Blómavals**
Ævintýraheimur fyrir börn og fullorðna

**Jólahlaðborð í Skútuvogi** KAFFI GARÐUR
Alla helgina kl. 13-19 AÐEINS 1.980 kr
Börn 10 ára og yngri 500kr



## GÆÐA JÓLATRÉ

**Sérvalin jólatré fyrir Blómaval**
• NORMANNSÞINUR • RAUÐGRENI • STAFAFURA
**Öllum jólatrjám fylgir janúar glaðningur Blómavals!**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, jólatrésfótum, greni og jólaskreytingum


Við framkvæmdina verður haft samstarf við samtök fatlaðs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fimm milljónir króna í rannsókn á heilsu fatlaðra

**FÉLAGSMÁL** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur veitt fimm milljónir króna til að standa straum af rannsókn á ýmsum þáttum sem varða heilbrigði fatlaðs fólks. Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar. Þetta kemur fram á vef velferðarráðuneytisins.

Ráðist verður í gerð rannsóknarinnar í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks þar sem áhersla er lögð á að afla upplýsinga sem veita skýra mynd af heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir í lok næsta árs. – ngy


Þráðlaus kjöthitamælir
Fyrir grill og ofna
4.990
FULLT VERÐ 7.990



LANDMANN
Er frá Þýskalandi
Stilltu á tegund og steikingu
Mælirinn lætur þig vita þegar maturinn er tilbúinn
Opið alla daga til jóla
www.grillbudin.is
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400





## Síðasta vaktin


Kolanámumenn í Kellingley Colliery námunni í Yorkshire á Englandi koma þarna af síðustu vakt sinni, en námunni verður nú lokað. Þetta er söguleg stund því þessi náma var sú síðasta, sem enn var starfrækt þar í landi. Þar með lýkur 200 ára sögu kolavinnslu á Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Afskrifa 500 milljónir af skuldum Búmanna

**Kröfuhafar Búmanna hafa samþykkt nauðasamning félagsins. Íbúðalánasjóður mun afskrifa hálfan milljarð og leigufélag verður stofnað um tómar íbúðir. Stjórnarformaður Búmanna segir félagið komið fyrir vind.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður afskrifar um hálfan milljarð króna af lánum til húsnæðissamvinnufélagsins Búmanna sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Gunnar Kristinsson, stjórnarformaður Búmanna,segir að ganga eigi frá samkomulagi þess efnis í næstu viku. Íbúðalánasjóður hefur lánað félaginu yfir 13 milljarða króna til að byggja íbúðir fyrir 50 ára og eldri.

Kröfuhafar Búmanna samþykktu nauðasamning félagsins með 91 prósenti atkvæða á kröfuhafafundi á fimmtudag. Félagið hefur verið í greiðslustöðvun frá því í maí.

Gunnar segir miklu fargi létt af búseturéttarhöfum. „Nú er félagið komið fyrir vind og getur farið að einbeita sér að því að reka sig.“

Samkvæmt nauðasamningnum falla búseturétthafar í 303 af 540 íbúðum Búmanna frá rétti til innlausnarskyldu. Hún hafði í för með sér að Búmenn hefðu skuldbundið sig til að kaupa til baka búseturétt íbúa íbúðanna sem félagið réð ekki við að greiða. Um síðustu áramót námu langtímaskuldir vegna bókfærðs búseturéttar 1,5 milljörðum króna.

Þá á að stofna á sérstakt leigufélag um 68 auðar íbúðir í eigu Búmanna, flestar á Reykjanesi og í Hveragerði. Íbúðir verða reknar af Búmönnum sem verða ekki í ábyrgð fyrir rekstrinum. Íbúðalánasjóður mun eiga veð í íbúðunum og eignast þær gangi rekstur leigufélagsins ekki.

Gunnar segir að á nýju ári hefjist viðræður við atvinnurekendur í Reykjanesbæ. „Við munum ræða við fyrirtækin um hvort þau sjái sér hag í því að koma til liðs við okkur,“ segir hann. ingvar@frettabladid.is


Kröfuhafar Búmanna samþykktu nauðasamning með 91 prósenti greiddra atkvæða. Níutíu prósent kröfuhafa greiddu atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Nú er félagið komið fyrir vind og getur farið að einbeita sér að því að reka sig.
>
> Gunnar Kristinsson, stjórnarformaður Búmanna





ÚRVAL, FERSKLEIKI OG GÆÐI
FERSKT með FLUGI
Ný uppskera af grænum vínberjum frá suður afríku
• Blæjuber • Kirsuber • Trönuber
• Jarðarber • Rifsber • Brómber
• Hindber • Bláber • Vínber
Strengjabaunir
Snjóbaunir
Belgbaunir
MIKIÐ ÚRVAL AF FERSKUM KRYDDJURTUM
• Bergmynta • Basilika • Kerfill • Garðablóðberg • Mynta
• Rósmarín • Salvía • Dill • Kóríander • Fáfnisgras
• Sítrónumelissa • Súra • Sítrónugras • Steinselja • Sítrónublóðberg
KARTÖFLUR FRÁ FRAKKLANDI
• Ratte • Violet queen • Cherie
• Celtiane • Vitelotte
FERSKIR SVEPPIR Í ÚRVALI
Portobello
Íslenskir sveppir
Kastaníusveppir
Ostru
Beech Agaric
Kantarellur
Maitake
Wood Ear
Shitake
King Brown
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla









Kísilverksmiðja Thorsil verður reist í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kísilverð hefur lækkað mikið það sem af er ári

**Spá matsfyrirtækis um kísilverð hefur lækkað mikið frá því í mars í fyrra. Kynningarrit um kísilverksmiðjuna Thorsil sem fjárfestingarkost gerir ráð fyrir að verð fari ekki að hækka fyrr en á miðju næsta ári.**

**IÐNAÐUR** Kísilverð hefur lækkað nokkuð mikið frá því í mars síðastliðnum. Í kynningarriti Stefnis hf. um fjárfestingarmöguleika í kísilveri Thorsil frá því í nóvember er birt verðspá sem sýnir mun hærra verð á kísli en þekkist í dag.

Í skýrslunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum og var dreift á fundi með lífeyrissjóðum, er sagt að verðið á kísli sé um 2.600 dollarar á tonnið til Evrópu. Er þetta gert eftir langtímaspá erlends fyrirtækis sem heitir CRU frá því í mars. Framkvæmdastjóri Stefnis segir skýrsluna hafa verið uppfærða með nýrri gögnum.

Stefnir hélt kynningu fyrir fjárfesta í nóvember síðastliðnum og virðist sem gamla verðspáin hafi verið lögð fyrir fjárfestana. Þar er verðið mun hærra en markaðsverð kísils í dag. Í skýrslu sama fyrirtækis, CRU, dagsettri 15. desember síðastliðinn, kemur fram að sex vikna meðalverð á kísli nái ekki 2.100 dollurum.

„Hlutverk Stefnis í Thorsil-verkefninu hefur verið að leggja mat á fjárfestinguna fyrir hönd okkar stærstu viðskiptavina, sem eru lífeyrissjóðir og tryggingafélög, og undirbúa verkefnið á þann hátt að það sé tækt til ákvörðunartöku hjá þessum aðilum,“ segir Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis.

Flóki segir að leitað hafi verið til fyrirtækisins CRU til að fá frá þeim langtímaspá fyrir þær afurðir sem Thorsil muni selja.

> **Fjárfestar sem hafa fengið kynninguna með gömlu spánni hafa fengið senda nýja spá.**
>
> Flóki Halldórsson
> framkvæmdastjóri Stefnis

„Við létum fyrst gera slíka spá í mars en létum uppfæra hana núna í október. Allar tölur í módeli hafa verið uppfærðar og líka grafið í kynningunni. Fjárfestar sem hafa fengið kynninguna með gömlu spánni hafa fengið senda nýja spá,“ segir Flóki.

Nú vinnur Thorsil að því að fá til sín nýja fjárfesta. Fjármögnunin verður í heildina 295 milljónir dollara. Núverandi hluthafar munu verða með um 15-25 milljónir dollara. Nýir hluthafar koma inn með 65 til 95 milljónir og það sem upp á vantar, um 200 milljónir dollara, verur fengið að láni.

Búið er að semja um afhendingaráætlun á 67 MW raforku frá Landsvirkjun og eru 23,5 MW háð byggingu Hvammsvirkjunar. Samningurinn er til átján ára. Einnig hefur samningur verið gerður við HS Orku um 32 MW og verður hægt að fá 12 MW til viðbótar frá HS Orku ef Hvammsvirkjun verður ekki að veruleika.

Búið er að gera sölusamninga um ríflega 80 prósent af ársframleiðslu Thorsil og því verður fyrirtækið ekki eins berskjaldað gagnvart tímabundnum lækkunum og áður.

„Samkvæmt CRU eru verð eins og þau eru í dag í línu við spána frá því í október og gera þeir ráð fyrir því í spá sinni að verð fari að hækka upp úr miðju næsta ári,“ segir Flóki. **sveinn@frettabladid.is**

## Núverandi eigendur Thorsil

**Northsil ehf. (60,5%)**
- John Fenger
- Hákon Björnsson
- Traðarsteinn
- Miranda ehf.
- 0105 Holding ehf.
- P 126 ehf.
- Uggi ehf.
- Björgvin L. Gunnlaugsson
- ET-Sjón ehf.
- Hjúki ehf.
- Stefán Ingimar Bjarnason
- Kristján Kristjánsson
- Þórir Kristjánsson

**Strokkur Silicon ehf. (39,5%)**
- Masada ehf.
- Samana CapitalST
- Holding ehf.

# Nuddari á áttræðisaldri nauðgaði konu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á áttræðisaldri var dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot í héraðsdómi Reykjaness í gær. Honum var gefið að sök að hafa nauðgað konu sem var í nuddi og heilun á heimili hans er hún lá á nuddbekk aðeins íklædd einnota nærbuxum. Það gerði hann með því að beita hana ofbeldi eða ólögmætri nauðung en hann setti fingur inn í leggöng hennar og viðhafði við hana kynferðislegt tal, auk þess sem hann kyssti hana á munninn.

Maðurinn játaði brot sitt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Í dómi Hæstaréttar segir að hann iðrist gjörða sinna og verði að virða það honum til málsbóta. Þá hefur honum aldrei verið gerð refsing áður. Hann hafi hins vegar misnotað sér traust sem konan bar til hans þegar hún sótti til hans þjónustu og hefur brotið haft mikil áhrif á andlega heilsu hennar.

Þá var manninum gert að greiða konunni 800.000 krónur í miskabætur sem og málskostnað. **– ngy**




**Maðurinn nauðgaði konu sem var í nuddi og heilun á heimili hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



FRÁBÆR TILBOÐ!
10.000
AFSLÁTTUR
af sængum
GOLD
Downafresh
RINGSTED DÚN
MOSKUSDÚNSÆNG
Koddi
50 x 70 sm.
12.990
SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
24.990
RINGSTED IMPERIAL MOSKUSDÚNSÆNG
Lúxussæng fyllt með 600 gr. af 90% hvítum evrópskum moskusdúni/10% moskusfjöðrum. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hætt er til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 1L. Sængurtaska fylgir. Stærðir: 135 x 200 sm. 34.990 nú 24.990 135 x 220 sm. 39.990 nú 29.990
Vnr. 4031450, 4031451, 4231404
OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!
20-30%
AFSLÁTTUR
af öllum handklæðum
STAR WARS
20-40%
AFSLÁTTUR
af allri barnavöru
*GILDIR TIL 20.12
100% BÓMULL
30%
AFSLÁTTUR
NÚ VERÐ FRÁ:
4.895
BIRGITTA SÆNGURVERASETT
Virkilega fallegt, hvítt jaquardofið sængurverasett úr 100% bómull. Stærðir: 140 x 200 sm. 6.995 nú 4.895 140 x 220 sm. 7.995 nú 5.595 200 x 220 sm. 9.995 nú 6.995 Stakt koddaver 50 x 70 sm. 1.495 nú 995 Lokað með tölum. Vnr. 131-15-1065
DARTH VADER
20%
AFSLÁTTUR
af öllum heilsukoddum
WELLPUR
WELLPUR MEMORY
NÚ VERÐ FRÁ:
1.595
20-70%
AFSLÁTTUR
af allri jólavöru
10.000
AFSLÁTTUR
21%
AFSLÁTTUR
TRIAL LEÐURHANSKAR
Nokkrar stærðir og gerðir fáanlegar. Vnr. 5836000
FULLT VERÐ: 1.895
1.495
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA TIL 24.12
*NEMA AF ALLRI BARNAVÖRU
TRIGE SKRIFBORÐSSTÓLL
Glæsilegur skrifborðsstóll með PU áklæði og innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Litur: Svartur. Vnr. 3620044
FULLT VERÐ: 29.950
19.950

# Formaður VR telur enga forsendu fyrir hækkun stjórnarlauna VÍS

**KJARAMÁL** Stjórn Vátryggingafélags Íslands hefur ákveðið að hækka fasta mánaðarlega þóknun sína í samræmi við það sem ákveðið var á aðalfundi þann 12. mars síðastliðinn.

Á aðalfundinum var ákveðið að föst þóknun yrði hækkuð um 75 prósent þannig að stjórnarmönnum yrðu greiddar 350 þúsund krónur á mánuði og laun stjórnarformanns yrðu hækkuð um 50 prósent svo honum yrðu greiddar 600 þúsund krónur á mánuði. Vegna mikillar umræðu í samfélaginu á þeim tíma var hins vegar ákveðið að hækka ekki launin.

Boðað var til hluthafafundar í VÍS 10. nóvember þar sem ný stjórn var kjörin. Ný ákvörðun um launabreytingu er tekin í framhaldi af því.

VÍS sendi í lok nóvember bréf á viðskiptavini sína þar sem tilkynnt var að iðgjöld yrðu hækkuð vegna slæmrar afkomu. VÍS hagnaðist um tæpa tvo milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er tvöfalt meiri hagnaður en á sama tímabili fyrir ári. Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir að þessi hækkun stjórnarlauna í VÍS sé ekki í samræmi við þá þróun sem sést hafi á almennum vinnumarkaði og VR sjái einfaldlega ekki forsendur fyrir henni.

> **Með því að hækka stjórnarlaun núna tekur ný stjórn VÍS þá ákvörðun að ganga þvert gegn þeirri sátt sem náðist í síðustu samningum.**
>
> Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR,



Ólafía segir stöðu á vinnumarkaði afar erfiða. Allt stefni í uppsögn kjarasamninga á almenna markaðnum eftir áramót.

Ein af forsendum nýjustu samninganna hafi verið sú að launastefnan sem var samið um yrði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð. Sú forsenda sé nú brostin.

„Með því að hækka stjórnarlaun núna tekur ný stjórn VÍS þá ákvörðun að ganga þvert gegn þeirri sátt sem náðist í síðustu samningum á vinnumarkaði – og þvert gegn þeirri afstöðu sem fyrri stjórn tók í vor,“ segir Ólafía.

Ólafía segir að það verði að meta ábyrgð stjórnarmanna fyrirtækja á markaði til launa. „Ég er ekki að segja að ekki megi hækka laun stjórnarmanna í VÍS. En það verður að vera í samræmi við það sem gerist og gengur á almenna vinnumarkaðnum,“ segir Ólafía.

Í yfirlýsingu sem stjórn VÍS sendi frá sér í gær segir að launakjör stjórnarmanna VÍS séu svipuð því sem gerist í sambærilegum félögum á markaði. **– jhh**








## Vistun barna á Kópavogshæli

Viðtöl á vegum vistheimilanefndar

Vistheimilanefnd óskar vinsamlegast eftir því að þeir sem vistaðir voru sem börn á Kópavogshæli, eða aðstandendur þeirra, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um vistunina, hafi samband við nefndina fyrir 1. febrúar 2016 í síma 545 8461 eða á netfangið vistheimilanefnd@for.is

Jafnframt óskar vistheimilanefnd vinsamlegast eftir því að þeir sem störfuðu á Kópavogshæli á umræddu tímabili, og búa yfir upplýsingum sem varpað geta ljósi á þau atriði sem nefndinni ber að kanna, hafi samband með sama hætti.

Samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra frá 4. júlí 2012, á grundvelli laga nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn (vistheimilanefnd), ber nefndinni að kanna hver hafi verið tildrög þess að börn voru vistuð á Kópavogshæli, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttað með starfsemi stofnunarinnar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Könnun vistheimilanefndar tekur til einstaklinga sem vistaðir voru á Kópavogshæli fyrir 18 ára aldur á árunum 1952-1993.




Pablo Iglesias, leiðtogi Podemos, á kosningafundi í Galisíu á miðvikudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Uppstokkun á Spáni

**Gömlu stjórnmálaflokkunum á Spáni er spáð miklu tapi í þingkosningunum á morgun. Umbyltingarhreyfingin Podemos virðist þó ekki ætla að ná því gífurlega fylgi sem lengi vel stefndi í. Langvarandi efnahagskreppa breytir myndinni.**

**SPÁNN** Sigurvegarar þingkosninganna á Spáni verða nýju flokkarnir tveir, Podemos og Borgaraflokkurinn, ef marka má skoðanakannanir.

Hinum hægrisinnaða Þjóðarflokki forsætisráðherrans Mariano Rajoy er ekki spáð nema fjórðungi atkvæða, og gamli höfuðandstæðingurinn, Sósíalistaflokkurinn, virðist ekki ætla að fá nema fimmtung atkvæða.

Saman voru þessir tveir gömlu flokkar yfirleitt með 70 til 80 prósent atkvæða, en súpa nú seyðið af mikilli óánægju fólks vegna kreppunnar á Spáni, sem þar hefur bitnað illa á almenningi árum saman.

Pablo Iglesias, sem stofnaði Podemos-hreyfinguna haustið 2014, virðist reyndar ekki ætla að ná þeim þriðjungi atkvæða sem lengi vel stefndi í. Skoðanakannanir sýna fimmtung, sem dugar Iglesias vel til þess að ná lykilstöðu í spænskum stjórnmálum.

Nafn flokksins þýðir „Við getum“ og þar er greinilega verið að vísa til slagorðs Baracks Obama, „Yes, we can!“

Langvarandi efnahagserfiðleikar Spánverja í kjölfar kreppunnar 2008 hafa hrært upp í stjórnmálunum. Gömlu flokkarnir eiga ekki upp á pallborðið, hvorki hægriflokkur forsætisráðherrans, sem sigraði með yfirburðum í síðustu kosningum, árið 2011, né Sósíalistaflokkurinn sem var við völd þegar kreppan reið yfir.

Flokkurinn hefur barist gegn niðurskurði og aðhaldsaðgerðum ríkisins, ekki ósvipað SYRIZA-bandalaginu á Grikklandi.

Atvinnuleysi á Spáni er enn rúmlega 20 prósent og hefur ástandið skánað hægt frá því það var í hámarki í 27 prósentum árið 2013.

Annar tiltölulega nýr flokkur virðist sömuleiðis á góðri siglingu. Þetta er Borgaraflokkurinn, sem er tíu ára gamall flokkur frjálslyndra umbótasinna á vinstri kantinum sem styðja Evrópusambandið og eru andvígir þjóðernishreyfingum í Katalóníu og víðar.

Flokkurinn var upphaflega aðeins virkur í Katalóníu, en náði fljótt vinsældum á landsvísu eftir að ákveðið var að bjóða fram í öllum kjördæmum. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Helstu stjórnmálaflokkarnir

**Skoðanakönnun GESOP 16. desember (Úrslit kosninga 2011)**



**Þjóðarflokkurinn** (Partido popular)
**Leiðtogi:** Mariano Rajoy, forsætisráðherra
26 (44,6)



**Podemos**
**Leiðtogi:** Pablo Iglesias
20 (-)



**Sósíalistaflokkurinn** (Partido socialista obrero espanol)
**Leiðtogi:** Pedro Sanchez
21 (28,8)



**Borgaraflokkurinn** (Ciudadanos)
**Leiðtogi:** Albert Rivera
16 (-)

**Sameinaði vinstriflokkurinn** (Izquierda unida)
**Leiðtogi:** Cayo Lara
4 (6,9)

# Nýjar sendingar af húsgögnum og gjafavöru!

Opið laugardag 11-16 og sunnudag 13-16



## Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 359.000,-, **nú 269.250,-.** Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 338.000,- **nú 253.500,-.** Glerskápur 110 x 200 cm,kr. 329.000,-, **nú 246.750,-.**
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, **nú 242.250,-.** Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, **nú kr. 321.750,-.**
Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, **tilboðsverð (-30%) kr. 22.890,-.**



**Teppi Elvang,** kr. 18.900,-



**Lugt Hübsch,** kr. 8.900,-



## **Cam Crescent** sófar

Stærð: 3ja 228 x 93 cm. Tilboðsverð í áklæði (-20%): 3ja sæta verð frá 379.000,-, **nú frá 303.200,-.** Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, **nú frá 620.000,-.**



## **HTL** tungusófi í leðri

Stærð: 260 x 165 cm. Litir: Svart, brunt og hvítt.
Verð kr. 495.000,-. Tilboðsverð (-20%) **kr. 396.000,-**



**PB home gangaborð 140x38 cm,** kr. 78.000,-.
Tilboðsverð (-20%) **kr. 62.400,-**



**PB home sófaborð 90x90 cm,** kr. 68.000,-.
Tilboðsverð (-20%) **kr. 54.400,-**



## **KAK 1281** sófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart og kastaníubrúnt. Verð kr. 798.800,-, **nú (-25%) kr. 599.100,-.**
Stakur 3ja sæta sófi; verð kr. 384.000,-, **nú (-25%) kr. 288.000,-.**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13-16.**



**Héraðsdómur hefur samþykkt nauðasamninga slitabúa allra stóru bankanna þriggja.** FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Samþykkir nauðasamning gamla bankans

**JJKDSF** Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti í gær nauðasamning gamla Landsbankans. Því hefur héraðsdómur samþykkt nauðasamninga slitabúa allra stóru bankanna þriggja. Glitnir er kominn lengst í ferlinu og lýkur í dag fyrstu greiðslum til kröfuhafa sinna eftir að hafa fengið endanlega undanþágu Seðlabanka Íslands frá gjaldeyrishöftum.

Nauðasamningur Kaupþings var samþykktur á þriðjudag en á eftir að fást samþykktur í Bandaríkjunum auk þess sem endanleg undanþága Seðlabankans frá gjaldeyrishöftum liggur ekki fyrir. Landsbankinn á einnig eftir að fá endanlega undanþágu frá gjaldeyrishöftum. **– sg**






# Hvammsvirkjun seinkar lítið þrátt fyrir endurskoðun á mati

**Framkvæmdum við Hvammsvirkjun seinkar vart meira en tólf til átján mánuði vegna endurskoðunar hluta úr matsskýrslu. Gagnrýnendur undrast að mat frá 2003 gildi um villta fiskistofna Þjórsár. NASF kærir.**

**UMHVERFISMÁL** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að endurskoða skuli aðeins hluta matsskýrslu um Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár mun ekki hafa verulegar tafir í för með sér hvað varðar framgang verkefnisins. Orri Vigfússon, formaður NASF, mun kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Skipulagsstofnun birti þá ákvörðun sína á miðvikudag að endurskoða skyldi að hluta matsskýrslu um umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar. Þar er um að ræða þætti er varða áhrif á landslag og ásýnd lands, og áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Forsendur stofnunarinnar eru breyttar áherslur við mat á sjónrænum áhrifum miðað við fyrra mat frá árinu 2003 og ný náttúruverndarlög. Endurskoðun á mati ferðamennsku og útivistar er að sjálfsögðu komin til af gjörbreyttum aðstæðum er varðar fjölgun ferðamanna hérlendis umfram það sem var þá.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, að ákvörðun Skipulagsstofnunar fresti undirbúningsvinnu og gangsetningu virkjunarinnar nokkuð.

„Við erum að meta þá vinnu og rannsóknir sem þarf að ráðast í vegna þeirra þátta sem Skipulagsstofnun ákvarðaði um að þyrfti að endurskoða og hve langan tíma það ferli mun taka. Það gæti tekið um 12 mánuði en ekki er hægt að fullyrða um það á þessu stigi, nákvæmari tímasetningar liggja ekki fyrir fyrr en drög að matsáætlun hafa verið samþykkt af Skipulagsstofnun," segir Hörður.

Líklega frestar ákvörðun Skipulagsstofnunar verkefninu mest um eitt og hálft ár samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en það ferli sem nú er í gangi kemur vinnu Rammaáætlunar til dæmis ekki við.

Mat á umhverfisáhrifum fyrir Hvammsvirkjun frá 2003 heldur gildi sínu hvað varðar einna mikilvægustu umhverfisþætti virkjunarinnar svo sem áhrif á vatnalíf, vatnafar, landnotkun, menningarminjar, jarðveg, gróður og fok, fuglalíf, jarðmyndanir og náttúruvá.

Þetta vekur furðu margra sem gagnrýnt hafa framkvæmdina harðlega á undanförnum árum. Einn þeirra er Orri Vigfússon, formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna, sem ætlar að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar, enda sé í engu tekið tillit til hinnar miklu auðlindar sem villtir stofnar laxfiska í ánni eru. Orri skrifaði grein vegna málsins í Fréttablaðið í sumar.

Þar sagði hann að raunverulegt mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar, eins og núgildandi lög kveða á um, hefði aldrei farið fram. Árið 2003 hefðu verið teknar saman upplýsingar sem hefðu getað nýst í sameiginlegt umhverfismat á þremur virkjunarframkvæmdum í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Þær upplýsingar gildi hins vegar ekki sem umhverfismat vegna allt annarrar framkvæmdar árið 2015.

**svavar@frettabladid.is**



**Hvammsvirkjun er efst þriggja virkjana sem Landsvirkjun áætlar að reisa í neðri hluta Þjórsár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Átti að setja í gang sumarið 2020

Landsvirkjun hefur stefnt að því að gangsetja Hvammsvirkjun um mitt ár 2020. Í fréttatilkynningu fyrirtækisins frá því í lok október segir að síðasti áfangi orkuafhendingar til kísilvers Thorsil í Helguvík verði frá Hvammsvirkjun, en Landsvirkjun hefur gert drög að raforkusamningi við fyrirtækið sem gerir ráð fyrir afhendingu á 67 MW. Hluti þess kemur einnig frá stækkaðri Búrfellsvirkjun.

**Orri Vigfússon, formaður NAF, mun kæra þá ákvörðun að endurskoða eigi aðeins hluta skýrslu um mat á Hvammsvirkjun.**



# Segja forstjóra segja ósatt

**ORKUMÁL** Norðurál hefur vísað ásökunum forstjóra Landsvirkjunar í garð stjórnenda félagsins á bug.

Í tilkynningu frá Norðuráli segir að af máli forstjórans megi draga þá ályktun að nær öll gagnrýni sem beinist að Landsvirkjun í opinberri umræðu sé á ábyrgð Norðuráls. „Jafnframt er því haldið fram að Norðurál stýri ákveðnum verkalýðsfélögum. Eins og allir sjá þá eru þessar fullyrðingar út í hött."

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sakaði á fimmtudag forsvarsmenn Norðuráls um að hafa truflað erfiðar kjaraviðræður í Straumsvík í því skyni að bæta samningsstöðu sína, en Norðurál og Landsvirkjun takast nú hart á um endurskoðun raforkusamnings.

Í tilkynningunni frá Norðuráli segir að viðræður um samningsbundna framlengingu orkusamnings milli fyrirtækjanna hafi farið fram af kurteisi og virðingu og góður gangur verið í þeim nýlega. „Það er því óvænt og mikil vonbrigði að Landsvirkjun skuli koma fram með þessum hætti eftir nærri 20 ára farsælt samstarf fyrirtækjanna. Norðurál mun áfram vinna af heilindum að samkomulagi við Landsvirkjun og vonar að Landsvirkjun geri hið sama." **– shá**



**Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.**




Livostin® (levokabastin); nefúði, dreifa 50 míkróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefbólgu og ofnæmistárubólgu í augum. **Skömmtun:** Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin augndropar innihalda rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð sem getur valdið ertingu í augum og mislitað mjúkar augnlinsur. Varast skal að það komist í snertingu við mjúkar augnlinsur. Fjarlægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. Livostin nefúði inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própýlenglýkól sem geta valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstagjöf. **Áhrif á akstur og notkun véla:** Livostin hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.


Gleðileg jól
frá Garðheimafjölskyldunni
20% - 40%
AFSLÁTTUR
JÓLASERÍUM OG
JÓLATRÉSSKRAUTI
TILBOÐIN GILDA TIL JÓLA
15-20% AFSLÁTTUR
AF NORDMANNSÞIN
OG GERVIJÓLATRJÁM
VERÐ FRÁ
2.792KR
ÚRVAL LEIÐISSKREYTINGA
VERÐ FRÁ 990KR
FRIÐAR-
LJÓS
OPIÐ TIL KL. 22 LAUGARDAG TIL ÞRIÐJUDAGS
ÞORLÁKSMESSA OPIÐ TIL KL. 23
AÐFANGADAG OPIÐ TIL KL. 14
LOKAÐ JÓLADAG OG ANNAN Í JÓLUM
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is


Allar gjafirnar græjaðar
SAMSUNG
73
Samsung Gear S2
54.990 kr.
Frábær félagi sem fylgist með
daglegri hreyfingu, hjartslætti, vatns-
eða kaffidrykkju og hjálpar þér að
tileinka þér heilbrigðan lífsstíl með
hvatningarskilaboðum yfir daginn.
Samsung Galaxy S6 Edge
Það sér ekki fyrir endann á þessari snilld.
109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
Samsung Level On
heyrnartól að
verðmæti
34.490 kr. fylgja.
32GB
16MP
5,1"
4G
Viðskiptavinir Símans fá Sveigjanlegan Góðan snjallpakka og geta valið úr þremur tegundum af frábærum Coloud heyrnartólum
að andvirði 5.990 kr. í allskonar litum með völdum snjalltækjum.*
Þú getur meira með Símanum



Síminn
Samsung Galaxy S6
Liggur svo vel í lófa að þú tekur bara selfí.
99.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
heyrnartól fylgja.**
4G
Nexus 6P
109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
4G
Samsung Tab S2 4G
Í laginu eins og jólabók en endalaust klár.
109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
Frítt Coloud heyrnartól fylgja.*
4G
Kindle Paperwhite
26.990 kr.
Lesbretti með frábærum skjá sem gefur þér skýra og auðlesanlega texta hvar sem er hvenær sem er, hvort sem það er í kolniðamyrkri eða á sólarströnd. Rafhlaðan endist í allt að 8 vikur m.v. 30 min. lestur á dag.
Sonos Play 1
39.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
Sonos er yfirburða þráðlaust hljóðkerfi sem þú stjórnar með Sonos appinu í síma eða spjaldtölvu. Sonos Play 1 er nettur þráðlaus hátalari sem fer vel í hvaða herbergi sem er.
Bose SoundLink Mini 2
34.990 kr.
Greiðsludreifing í boði
Nettur Bluetooth hátalari með rafhlöðu sem endist í allt að 7 klst. Virkar með öllum Bluetooth símum en einnig er hægt að tengja með snúru.
Nánar á siminn.is/jol





Landakort úr efni | Pin The World
Stórt Vildarverð: 6.749 | Verð: 8.999.-
Lítið Vildarverð: 4.649 | Verð: 6.199.-
Penninn Eymundsson
Tilboðsverð gilda frá 18. desember, til og með 20.desember.

# Samkomulag þokast nær segir Cameron

**Forsætisráðherra Bretlands stefnir að þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Breta í Evrópusambandinu strax á næsta ári. Hinir leiðtogar ESS segja málamiðlanir koma til greina, en engar breytingar á grundvallarreglum.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** „Okkur hefur miðað vel áfram,“ sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, um fundi sína með leiðtogum annarra Evrópuríkja um breytingar á Evrópusambandinu.

„Við erum komin skrefi nær samkomulagi um þær mikilvægu og víðtæku umbætur sem ég hef lagt til,“ sagði hann eftir að hafa kynnt hinum leiðtogunum hugmyndir sínar um það í hverju breytingarnar eigi að vera fólgnar.

Cameron stefnir að því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu strax á næsta ári um nýjan samning Bretlands við Evrópusambandið.

„Þá verður það ákvörðun bresku þjóðarinnar hvort við verðum áfram inni eða förum,“ sagði Cameron við fjölmiðla í gær.

Leiðtogar hinna ríkjanna tóku vel í málflutning Camerons, en gerðu honum samt ljóst að ekki komi til greina að semja um nein frávik frá meginreglum Evrópusambandsins.

„Við sögðum það mjög skýrt að við erum tilbúin í málamiðlanir en alltaf á þeim grunni að við tryggjum meginreglur Evrópusambandsins, sem meðal annars snúast um bann við mismunun og ferðafrelsi,“ sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands.

„Það má aðlaga ýmislegt,“ sagði François Hollande, forseti Frakklands, „en meginreglur Evrópusambandsins, lög Evrópusambandsins og samninga Evrópusambandsins verður að virða.“

Þetta gæti torveldað Cameron mjög að ná fram þeim breytingum sem flestir helstu andstæðingar Evrópusambandsins í Bretlandi, bæði innan flokks hans og utan, segja mikilvægastar.

Cameron hefur sagt að hann vilji styrkja stöðu Bretlands og annarra Evrópusambandsríkja gagnvart miðstjórnarvaldinu í Brussel, meðal annars með því að efla völd þjóðþinga aðildarríkjanna.

Hann vill einnig tryggja að þau aðildarríki sem standa utan við evrusvæðið verði ekki utangarðs þegar teknar eru ákvarðanir í mikilvægum efnahagsmálum.

Þá hefur Cameron undanfarið lagt áherslu á að takmarka réttindi innflytjenda til bóta í Bretlandi.

Samkvæmt drögum að málamiðlun, sem nú þegar er búið að semja á skrifstofum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, virðist þetta markmið líklegt til að nást en þó aðeins að hluta, að því er breska dagblaðið The Guardian greinir frá.

Framkvæmdastjórnin virðist til í að leyfa breskum stjórnvöldum að neita innflytjendum frá öðrum Evrópusambandsríkjum um bætur fyrsta hálfa árið, eftir að þeir flytja til Bretlands. Þarna munar hins vegar miklu frá því sem Cameron hefur sagt, að neita þurfi innflytjendum um bætur fyrstu fjögur árin.

**gudsteinn@frettabladid.is**


**David Cameron á tali við Angelu Merkel á leiðtogafundi ESB í Brussel í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Meginreglur Evrópusambandsins

Fjórfrelsið svonefnda, sem felur í sér óheft flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns milli aðildarlandanna.

Bann við hvers kyns mismunun á grundvelli þjóðernis





**Sjávarútvegur er gríðarlega orkufrekur iðnaður sem losar mikið af gróðurhúsalofttegundum.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Ísland niður um 14 sæti á lista um umhverfisvernd

**NÁTTÚRA** Ísland hefur fallið um fjórtán sæti á samræmdri umhverfisvísitölu sem sérfræðingar við Yale-háskóla taka saman. Í byrjun árs 2010 var Ísland í fyrsta sæti af 163 þjóðum sem tóku þátt.

Ísland hlýtur 76,5 stig af hundraði mögulegum samkvæmt rannsókninni. Þrátt fyrir að lenda neðar á listanum en áður er þetta bæting um 2,99 prósent á tíu ára tímabili.

Ísland er í fyrsta sæti af 178 löndum þegar kemur að hreinleika vatns. Loftgæði hér hljóta 98,33 stig en þar lendir Ísland í fimmtánda sæti.

Athygli vekur að Ísland er í 148. sæti af 178 þegar kemur að landbúnaði og í 84. sæti þegar kemur að sjávarútvegi en hvorugt er mælt í umhverfisgæðum heldur snýr að regluverki um vernd vistkerfa og auðlindastjórnun. Sjávarútvegurinn hefur fallið um ríflega átján prósent á tíu ára tímabili. **– snæ**

# OPNUNARTÍMI

## UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 19. desember<br>*Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 18.00<br>11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 20. desember | Lokað |
| Mánudagur 21. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 22. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 19.00<br>10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 23. desember | 10.00 -22.00 |
| Fimmtudagur 24. desember | 10.00 - 13.00 |
| Föstudagur 25. desember – jóladagur | Lokað |
| Laugardagur 26. desember – annar í jólum | Lokað |
| Sunnudagur 27. desember | Lokað |

| | |
|---|---|
| Mánudagur 28. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 29. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 30. desember | 10.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur 31. desember | 10.00 - 14.00 |
| Föstudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Laugardagur 2. janúar<br>*Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 18.00<br>11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 3. janúar | Lokað |
| Mánudagur 4. janúar<br>Sjá nánar um opnun einstakra búða þennan dag á vinbudin.is | Talning |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM72416

# Einungis 143 fyrirtæki með fleiri en eitt hundrað starfsmenn

**ATVINNUMÁL** Einungis 143 fyrirtæki voru með fleiri en 100 starfsmenn á árinu 2014, en hjá þeim störfuðu tæplega 42 þúsund manns og rekstrartekjur námu 1.527 milljörðum króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Árið 2014 var 26.801 virkt fyrirtæki með tæplega 111 þúsund starfsmenn. Rekstrartekjur þessara fyrirtækja námu rúmlega 3.300 milljörðum króna. Af virkum fyrirtækjum eru 23.718 með færri en fimm starfsmenn og alls 25.180 með færri en 10 starfsmenn. Hjá fyrirtækjum með færri en 10 starfsmenn starfa samtals 32.150 og rekstrartekjur þessara fyrirtækja námu tæpum 708 milljörðum króna árið 2014.

Flest fyrirtæki voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2014, eða 4.556, næstflest voru með sérfræðilega, vísindalega og tæknilega starfsemi en þar voru 4.342 fyrirtæki, þar á eftir voru flest í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á ökutækjum 3.875.

Flestir starfsmenn vinna í flokknum heild- og smásöluverslun, viðgerðir á ökutækjum, eða 23.790, næstflestir vinna í flokknum framleiðsla, án fiskvinnslu; vinnsla hráefna úr jörðu, eða 16.379, þar á eftir vinna flestir í rekstri gististaða og veitingarekstri eða 11.472. – sg



**11.472 störf eru í rekstri gististaða og veitingarekstri.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Síminn telur Vodafone ekki mega vera í tímaflakki á Skjá einum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tímaflakk fari fyrir dómstóla

**FJARSKIPTI** Deila Vodafone og Símans um tímaflakk á heima fyrir dómstólum en ekki hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin telur það ekki vera innan valdsviðs síns að úrskurða um málið og vísaði kæru Símans frá. Deilan snýr einna helst að dreifingu Vodafone á hliðruðu áhorfi á SkjáEinum sem Síminn fékk lögbann á í vikunni.

Þá er stofnunin með til skoðunar erindi Vodafone um að Síminn hætti að beina viðskiptum áhorfenda SkjásEins að Símanum sjálfum. – ih



**Sænski forsætisráðherrann taldi sig vera að neyta vistvænna ávaxta.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ráðuneyti fékk falska ávexti

**SVÍÞJÓÐ** Sænska stjórnarráðið greiddi fyrir vistvæna ávexti handa forsætisráðherranum og starfsmönnum hans. En ávaxtasalinn afhenti hvorki vistvæna ávexti né það magn sem greitt var fyrir. Hann blekkti einnig fjölda stórfyrirtækja og stofnana, þar á meðal sænsku matvælastofnunina.

Í kjölfar ábendingar rannsakaði matvælastofnunin málið og nú hefur ávaxtasalinn verið kærður. – ibs

## Hópnauðgun áfrýjað

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í hópnauðgunarmálinu svokallaða.

Um miðjan nóvember voru fimm ungir menn sýknaðir af því að nauðga sextán ára stúlku í samkvæmi í Breiðholti. Þeim var gert að hafa strengt ól um læri hennar og rifið í geirvörtu. Einn mannanna var sakfelldur fyrir að taka upp myndband af atvikinu gegn vilja stúlkunnar.

Í kjölfar dómsins í nóvember steig móðir stúlkunnar fram, fyrst með yfirlýsingu og síðar í viðtali í þættinum Ísland í dag. Hún sagði meðal annars að þrátt fyrir sýknudóminn væri samfélagið búið að dæma mennina og þeir ættu ekki gott líf fram undan. – snæ

# Tvö hús sömu gerðar í Eyjum hafa stórskemmst í stórviðrum

Húsið í Vestmannaeyjum sem fór illa í aftakaveðrinu 7. desember var sömu gerðar og hús sem eyðilagðist vegna foktjóns árið 2009. Þriðja húsið var rifið en alls voru níu hús þessarar gerðar byggð eftir gos.

**VEÐUR** Húsið sem stórskemmdist í Vestmannaeyjum í aftakaveðrinu sem gekk yfir eyjarnar og landið allt 7. desember er annað af svokölluðum Sunhouse-húsum sem stórskemmist eða eyðileggst í aftakaveðri. Þriðja húsið var rifið fyrir nokkrum árum, en þau voru níu alls sem byggð voru eftir eldgosið í Heimaey árið 1973.

Eins og landsmönnum er í fersku minni voru fyrstu alvarlegu fréttirnar sem bárust í aftakaveðrinu fyrir rúmri viku að þak væri að rifna af húsi í Vestmannaeyjum, nánar tiltekið húsi við Smáragötu 34 sem stendur ofarlega í bænum. Húsið skemmdist mjög mikið en ekki er útséð með hvort mögulegt verður að gera við það.

Í miklu óveðri 9. október árið 2009 bárust áþekkar fréttir frá Vestmanneyjum en þá var það hús sömu gerðar sem eyðilagðist en var staðsett mun neðar í bænum – en líkt og nú fauk þakið af húsinu. Þriðja húsið af Sunhouse-gerð var rifið fyrir nokkrum árum og nýtt byggt á grunni þess – en ástæðurnar eru Fréttablaðinu ekki kunnar.

Í mikilli húsnæðiseklu strax eftir eldgosið 1974 voru flutt níu hús af þessari gerð, og flest voru tilbúin 1975. Um einingahús var að ræða, fimm voru reist við Smáragötu og hin fjögur neðar í bænum.

Nú hafa tvö hús skemmst og eyðilagst í óveðrum og eitt var rifið niður og nýtt hús byggt á grunni þess. Þetta þóttu hentug hús þar sem þau voru fljótreist á sama tíma og hundruð Vestmannaeyinga voru að flytja aftur heim á þessum árum.

Fréttablaðið hefur heyrt að í síðustu viku hafi þetta verið rætt í Vestmannaeyjum og einhverjir eru hugsi yfir því að þrjú hús séu ónýt þó aldur þeirra á þessu ári sé aðeins fjörutíu ár. Sögunni fylgir að grindverk hafi verið reist austan megin við húsin strax 1976 til að brjóta austanvind sem kom beint á húsin annars, en það mun ekki hafa tengst því á nokkurn hátt að húsunum væri vantreyst.

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingafulltrúi Vestmannaeyjabæjar, segir ekkert liggja fyrir um skemmdir á húsinu við Smáragötu, og ekkert hafi komið inn á borð bæjaryfirvalda um samhengi þess að tvö hús af Sunhouse-gerð hafi skemmst svo illa í vindi og eigandi þriðja hússins hafi ákveðið að rífa það. Hann hafi ekki upplýsingar um viðhald og fjölmarga aðra þætti sem þyrfti að gaumgæfa áður en stórar ályktanir yrðu dregnar.

svavar@frettabladid.is



**Iðnaðarmenn frá Steina og Olla unnu við það í vikunni að loka þakinu og ganga frá þannig að ekki verði frekari skemmdir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

### 417 eignir fóru undir hraun

- Heimaeyjargosið hófst 23. janúar 1973 og var goslokum lýst yfir þann 3. júlí sama ár. Gosið er fyrsta eldgos sem hefst í byggð á Íslandi.
- Flutningur fjölskyldna aftur til Vestmannaeyja hófst fyrir alvöru í ágúst. Af 1.350 húsum í bænum fóru 417 eignir undir hraun og aðrar 400 skemmdust að einhverju eða miklu leyti.

Heimild: heimaslod.is



**Þak fauk af Sunhouse-húsi 9. október 2009. Það hús var mun neðar í bænum en það sem skemmdist í veðrinu 7. desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Landhelgisgæslan fái vinnustöð á Sauðárkróki

**BYGGÐAMÁL** Kannaður verður ávinningur þess að koma upp varanlegri starfsstöð og heimahöfn fyrir eitt skip Landhelgisgæslunnar á Sauðárkróki. Í þeirri könnun verður horft til eftirlits- og björgunargetu á svæðinu og viðbragðsgetu vegna mengunarslysa.

Þetta er hluti aðgerðaráætlunar sem samþykkt var í ríkisstjórn í gær, til að styrkja innviði, atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra með margvíslegum aðgerðum. Markmiðið með þeim er að skapa þjóðhagslegan ávinning og aðstæður svo góðum framtíðarstörfum á svæðinu fjölgi.

Í tilkynningunni segir að tilgangur aðgerðanna sé að snúa við neikvæðri byggðaþróun á Norðurlandi vestra og efla mannlíf. „Íbúum hefur fækkað mikið á undanförnum áratugum og útsvarstekjur sveitarfélaganna af hverjum íbúa eru lægri en landsmeðaltal. Menntunarstig er lægra og hagvöxtur minni,“ segir greinargerð á vef forsætisráðuneytisins.

> Efla á mannlíf og snúa við neikvæðri byggðaþróun á Norðurlandi vestra.

Fleira verður gert. Til dæmis verður stofnaður atvinnu- og nýsköpunarsjóður fyrir Norðurland vestra, vinnuaðstaða verður sköpuð á Sauðárkróki fyrir frumkvöðla og verkefnum við Háskólann á Hólum verður fjölgað. Þá verður ný þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins á Sauðárkróki stofnuð. – jhh




**Varðskip Landhelgisgæslunnar eru þrjú: Þór, Ægir og Týr. Hér má sjá varðskipið Þór við Ægisgarð.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Komdu og skoðaðu úrvalið!
Gjöf til að hreyfa fjölskylduna
DEVOLD
Jólagjöfin fæst í Ellingsen
DEVOLD DUO ACTIVE KID
Stærðir 2–8
7.890 KR.
DEVOLD DUO ACTIVE KID
Stærðir 2–8
6.890 KR.
JÓLA-VERÐ
COLUMBIA POWDER
Stærðir 2XS–XL
7.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.
SOREL YOOT PACK NYLON BARNASKÓR
13.990 KR.
SOREL TIVOLI II
26.990 KR.
JÓLA-VERÐ
COLUMBIA LITTLE DUDE
Stærðir 6–24 mán.
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.
TATONKA LEGGHLÍFAR
420 HD
6.890 KR.
TATONKA LIVAZ BAKPOKI 25 L
24.990 KR.
DEVOLD DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK og KVK
10.890 KR.
DEVOLD DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK og KVK
10.890 KR.
SCARPA MOJITO
KK og KVK
24.690 KR.
CAMPIGAZ FERÐAPOTTASETT
9.490 KR.
JÓLA-VERÐ
COLUMBIA BARNASNJÓBUXUR
Stærðir 2XS–XL
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.790 KR.
TATONKA BARREL
65, 85 og 110 L
Frá
19.990 KR.
JÓLA-VERÐ
COLUMBIA BUGA SETT
2XS v -XL
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
PIPAR\TBWA • SÍA
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
Munið gjafabréfin!
Gjafabréf
Afgreiðslutímar í desember
Lau. 19. des. 10–22
Sun. 20. des. 12–22
Mán. 21. des. 10–22
Þri. 22. des. 10–22
Þorláksmessa 10–23
Aðfangadagur 10–12
Jóladagur Lokað
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

# Jólin í undirbúningi víða um heim




NORDICPHOTOS/AFP




FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

1. Ljósaskreytingarnar í París setja svip sinn á borgina.

2. Svínið Toninho hefur undanfarið rölt um bæinn Vilarandelo á Spáni. Endurvakin var gömul hefð sem felst í því að láta svín flækjast um fram að jólum og bæjarbúar gefa því mat. Á aðfangadag er svo dregið úr potti nafn eins bæjarbúa sem á að slátra dýrinu. Vandinn er sá að Toninho er orðinn bæjarbúum svo kær að enginn treystir sér til að drepa hann.

3. Palestínskir smiðir vinna að því að gera kristnar jólafígúrur á vinnustofu sinni í Betlehem.

4. Starfsmenn á skranvinnslustöð í Hamborg í Þýskalandi hafa raðað ónýtum bifreiðum upp í píramída sem minnir á jólatré, og tyllt einu tré efst á toppinn í tilefni árstímans.

5. Skoskir hermenn hafa þarna nælt sér í jólatré sem þeir ætla að setja upp fyrir veisluhöld í Glencorse-herstöðinni í Penicuik í Skotlandi.




FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Ford

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Allt eða ekkert?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þegar fjallað er um Ríkisútvarpið mætti stundum ætla að einungis væru tveir kostir í stöðunni – óbreytt Ríkisútvarp eða ekkert Ríkisútvarp. Þetta er dæmi um hvernig umræðan þróast þegar hún litast um of af áróðri.

Ísland er ekki eina landið í heiminum þar sem deilt er um starfsemi ríkisfjölmiðla í breyttu umhverfi eins og mætti ætla af málflutningi áköfustu fylgismanna Ríkisútvarpsins. Enginn friður ríkir um svokallaða almannafjölmiðla í nálægum löndum. Sjálft flaggskip almannaútvarps, BBC í Bretlandi, þarf að bregðast við breyttum tímum og herða sultarólina.

BBC hefur verið gert að ráðast í gífurlegan sparnað. Fyrstu skrefin hafa verið stigin nú þegar. Framboð á íþróttaefni verður skorið niður svo um munar. Þar er byrjað vegna þess að einkastöðvar sinna íþróttum betur en ríkismiðillinn, að dómi fólksins í landinu samkvæmt könnunum. Enda hafa margar einkastöðvar sérhæft sig í íþróttaviðburðum.

Fram kom í Markaði Fréttablaðsins nýlega að BBC hefur nú þegar gefið eftir réttinn að opna breska meistaramótinu í golfi. Kappaksturskeppnir munu hljóta sömu örlög, enda vandséð af hverju ríkið á að sjá fólki fyrir slíkri afþreyingu frekar en einhverri annarri.

Þegar rekstrartölur BBC eru skoðaðar fær kenningin um tregðu ríkisfyrirtækja til hagræðingar byr undir báða vængi. Þar er kostnaður vegna markaðsstarfs – vegna svokallaðra fjölmiðlafulltrúa og almannatengla – margfaldur á við sambærileg útgjöld einkastöðvanna. Einnig er launakostnaður miklu hærri. Munurinn fer vaxandi þrátt fyrir að harðnað hafi á dalnum.

BBC þarf því að berjast við ýmis innanhússmein eins og önnur fyrirtæki. Þó að á það sé bent dettur fáum í hug að í því felist einhver sérstök óvild í garð almannaútvarps. Sama á við um Ríkisútvarpið hér á landi.

Þó að rómuðustu dagskrárliðir BBC afli því virðingar er vert að hafa í huga að fyrir hvern náttúrulífsþátt Sir Davids Attenborough er fjöldi útsendinga frá hæfileikakeppnum og spjallþáttum. Erfitt er að réttlæta ríkisstuðning við slíkt.

Undanfarna daga hefur Fréttablaðið birt fjölda aðsendra greina frá fólki sem telur að Ríkisútvarpinu vegið. Sumar eru málefnalegar en aðrar ekki, eins og gengur. Álíka greinar hafa birst í öðrum fjölmiðlum þannig að engum dylst að á ferðinni er skipulögð áróðursherferð í miðjum fjárlagaslag. Og við sem störfum á einkareknu miðlunum þurfum endalaust að sitja undir meinfýsnum árásum um óvönduð vinnubrögð. Þeir svokölluðu stuðningsmenn, sem lengst ganga, gera Ríkisútvarpinu engan greiða.

Flestir Íslendingar telja að við þurfum á Ríkisútvarpi að halda. Auðvelt er að færa rök fyrir því. Þar er byggt á dýrmætum hefðum, sem æskilegt er að viðhalda. Hins vegar á almannafjölmiðill að sníða sér stakk eftir vexti og sinna því vel sem réttlætir niðurgreiðslu með skattfé. Hann á ekki að standa í samkeppni við einkamiðla um afþreyingarefni og ekki stunda auglýsingasölu.

> **Álíka greinar hafa birst í öðrum fjölmiðlum þannig að engum dylst að á ferðinni er skipulögð áróðursherferð í miðjum fjárlagaslag.**

MÖGNUÐ SAGA




★★★★★

Mögnuð bók, ótrúleg lesning

- The Times

Almenna bókafélagið

bokafelagid.is

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Þjáningar karlmannsins

Þegar breski rithöfundurinn Matt Haig tilkynnti aðdáendum sínum á samfélagsmiðlinum Twitter um hvað næsta bók hans fjallaði átti hann ekki von á að verða krossfestur. Matt hugðist beina sjónum að hættunum sem steðja að karlmönnum vegna hugmynda samfélagsins um karlmennsku. Böðlar hans kenndu sig flestir við femínisma. „Þetta er eins og ef hvít manneskja skrifaði bók um hvað það er erfitt að vera hvítur," fullyrti einn. Matt sagðist sjálfur vera femínisti. „Ég er ekki að afneita kúgun kvenna, ég er að reyna að berjast gegn henni með því að kalla eftir sveigjanlegri túlkun á karlmennskuhugtakinu." En gagnrýnendur hans létu ekki segjast. „Femínismi var ekki fundinn upp til að hjálpa karlmönnum."

### Af forréttindum

Í síðustu viku skrifaði ungur maður, Atli Jasonarson, pistil sem birtist á vísir.is um þrautir þess að vera karlmaður. Atli sagði karlmenn vissulega búa við forréttindi. Ekki væru öll forréttindi karlmanna hins vegar jafneftirsóknarverð:

1) Karlmenn eru fjórum sinnum líklegri en konur til að svipta sig lífi.
2) Karlmenn eru fórnarlömb í 73% morðmála á Íslandi.
3) Tvisvar sinnum líklegra er að karlmaður látist í umferðarslysi hér á landi en kona.
4) Yfirgnæfandi meiri líkur eru á að karlmaður látist af völdum efnafíknar en kona.
5) Karlmenn eru 96% fanga í íslenskum fangelsum.
6) 62% háskólanema á Íslandi eru konur.
7) Af þeim grunnskólanemum sem taldir eru slakir í lestri eru 70% drengir.

### Tímamót á vinnumarkaði

Árið 2015 áttu sér stað tímamót á breskum vinnumarkaði. Í fyrsta sinn fór fjöldi karlmanna sem vinna í hlutastarfi yfir milljón. Breytingarnar stafa ekki af efnahagslegum ástæðum á borð við skert atvinnuframboð. Og ekki er um að ræða láglaunastörf sem gjarnan hafa verið unnin í hlutastarfi. Um er að ræða val karlmannanna sjálfra af öllum stigum samfélagsins.

Thiago de Moraes er listrænn stjórnandi hjá auglýsingastofu í Bretlandi. Hann mætir á skrifstofuna þrjá daga í viku en eyðir hinum tveimur með börnum sínum tveimur. „Ég elska að sækja þá son minn í skólann og segja: Hei, klukkan er hálf fjögur og það er sól, skellum okkur í almenningsgarðinn."

### Fórnarlömb staðalhugmynda

Ekki eru öll „forréttindi" karla álitleg eins og samantekt Atla Jasonarsonar ber með sér. Kannski má segja að karlar hafi, rétt eins og konur, verið fórnarlömb staðalhugmynda samfélagsins. Harðjaxla-ímyndin hefur til að mynda verið mörgum karlmanninum fjötur um fót. „Mótið sem karlmenn eiga að passa í er lítið. Þeir eiga að hafa áhuga á fótbolta, ofbeldisfullum tölvuleikjum og halda kjafti um tilfinningar sínar. Þeir eiga að stríða hver öðrum, horfa á stríðsmyndir og hlutgera konur," sagði Matt Haig á Twitter. „Ég er þeirrar skoðunar að bæði konur og karlar myndu græða á víðtækari hugmyndum um karlmennskuna."

Síðasti spölur kvennabaráttunnar virðist ætla að ganga hægt. Enn er til dæmis launamunur kynjanna vandamál. Getur verið að leiðin að jafnrétti felist í að ráðast gegn staðalhugmyndum um karla en ekki aðeins um konur?

Þangað til nýlega hefur karlmaður ekki þótt merkilegur pappír á vinnumarkaði nema hann væri hlekkjaður við vinnustað sinn bróðurpart vikunnar og heilsaði fjölskyldu sinni eins og óvæntur gestur um helgar. Í Bretlandi er það að breytast. Í stað þeirrar hefðbundnu hugmyndar að konan sé heima með börnin og karlinn úti að vinna sést það nú í auknum mæli að foreldrar skipta með sér ábyrgðinni heima við og vinna bæði úti í hlutastarfi. Karlar fá að njóta fjölskyldulífs og konur komast út á vinnumarkaðinn: Þetta er „win win" staða.

Viðurkenning á áþján karla er ekki afneitun á aldalangri kúgun kvenna. Það er ekkert því til fyrirstöðu að við tökum saman höndum og fetum saman veginn að betra samfélagi. Jafnrétti fyrir alla, konur og karla.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# FULL BÚÐ AF FALLEGEGRI SMÁVÖRU

KÄHLER





## KÄHLER OMAGGIO
Jólakúlur 3 stykki / 3 stærðir

**6.990 JÓLAVERÐ** ~~8.790 kr.~~



## KÄHLER OMAGGIO
Miniature vasar 3 saman í setti

**7.990 kr. stk.**

## KÄHLER OMAGGIO
Kertastjakar
Gull, þrjár stærðir fáanlegar

**4.490 / 5.290 / 6.990 kr. stk.**

## KÄHLER AVVENTO
Kertastjakar
Nokkrar stærðir og litir

**2.990 / 3.290 / 3.990 kr. stk.**



## VALDAR JÓLAVÖRUR
# 40%
## AFLSLÁTTUR



66 cm.
**2.574 kr.**
~~4.290 kr.~~

**1.794 kr.** ~~2.990 kr.~~

**2.994 kr.** ~~4.990 kr.~~





27cm.
**2.994 kr.**
~~4.990 kr.~~



**1.134 kr.**
~~1.890 kr.~~



## IVV DIAMANTE
Star kertastjaki 17cm.

**3.990 kr. JÓLAVERÐ**

## IVV SPECIAL
Eclipse vasi 34 cm.

**29.990 kr.**
**JÓLAVERÐ**
~~41.990 kr.~~





## IVV SPECIAL
Tree diskur 26x21 cm.

**3.990 kr. JÓLAVERÐ**



## IVV DIAMANTE
Star diskur 25x25 cm.

**3.990 kr. JÓLAVERÐ**




## YANKEE CANDLE JÓLAILMIR
# 25%
## AFLSLÁTTUR

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# SESTU Í DRAUMASTÓLINN UM JÓLIN



# STÓLAR

# TAX FREE

Allir stólar á taxfree tilboði* til jóla
eða á meðan birgðir endast!



**LENGRI OPNUN TIL JÓLA** 19. DES. LAU. $11^{00}$–$19^{00}$ 20. DES. SUN. $12^{00}$–$19^{00}$ 21.–23. DES. $10^{00}$–$22^{00}$ 24. DES. fim. $10^{00}$–$13^{00}$

* **Taxfree tilboðið gildir bara á stólum og jafngildir 19,35% afslætti.**

Taxfreetilboðið gildir ekki ofan á önnur tilboð t.d. jólatilboð.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Jólaguðspjall og flóttafólk



**Rúnar M. Þorsteinsson**
prófessor í nýjatestamentisfræðum við HÍ

Jólaguðspjallið sem landsmenn lesa venjulega er úr Lúkasarguðspjalli 2.1–14. Stundum vill það gleymast, en það er annar texti í Nýja testamentinu sem einnig inniheldur jólaguðspjall, Matteusarguðspjall 1–2. Hvaða lærdóm getum við dregið af þessu jólaguðspjalli?

Frásögnin greinir frá því að Jesús hafi fæðst á dögum Heródesar konungs og að vitringar hafi komið að austan með þau skilaboð að nú væri fæddur nýr konungur Gyðinga. Heródes varð skelkaður við þessar fréttir, hræddur við að missa völd sín sem einræðisherra. Fullur af bræði sendi hann út hersveitir til að myrða öll sveinbörn í Betlehem og nágrenni, börn sem voru tveggja ára og yngri. Fjölskyldunni litlu, Jósef, Maríu og Jesú, tókst hins vegar að flýja úr landinu áður en hersveitir Heródesar náðu til þeirra. Þau gátu síðan dvalið í landinu sem þau flúðu til þar til Heródes var allur. Egyptaland tók á móti þessu flóttafólki, á meðan einræðisherra heimalandsins, harðstjóri og fjöldamorðingi, murkaði lífið úr ungum þegnum sínum.

Hljómar þetta kunnuglega? Svo milljónum skiptir er fólk að flýja stríðsátökin í Sýrlandi, sem hófust með uppreisn gegn harðstjórn einræðisherrans Bashar al-Assad, sem brást við með skipulögðum fjöldamorðum á þegnum sínum. Mismunandi er hvernig tekið er á móti sýrlenskum flóttamönnum í öðrum löndum, enda um óheyrilegan fjölda af fólki að ræða. Þjóðverjar hafa lýst því yfir að þeir ætli að taka á móti 800.000 manns á þessu ári. Svíar hafa líka nú þegar tekið á móti miklum fjölda flóttamanna frá Sýrlandi, svo mörgum að þeir þurftu að lokum að takmarka aðgengi fólksins að landinu. Að maður tali nú ekki um nágrannaríki Sýrlands; Tyrkland, Líbanon og Jórdaníu, þar sem sýrlenskir flóttamenn eru nú samanlagt yfir 4 milljónir.

**Rými fyrir miklu fleiri**

Á sama tíma hafa íslensk stjórnvöld hreykt sér af því að þau ætli á næstu misserum að taka á móti 55 flóttamönnum frá Sýrlandi. Fimmtíu og fimm. Fleiri flóttamenn fylgja væntanlega í kjölfarið á næstu árum, en það er núna sem þörfin er mest, ekki eftir tvö til þrjú ár – eða öllu heldur: þörfin var mest fyrir nokkrum mánuðum. Það er satt að íslenska þjóðin sé lítil, en óhætt er að fullyrða að á Íslandi sé rými fyrir miklu fleiri flóttamenn en fimmtíu og fimm – og það núna. Það er líka óhætt að fullyrða að rými sé fyrir marga af þeim einstaklingum og margar af þeim fjölskyldum sem sótt hafa um hæli á undanförnum vikum og mánuðum.

Á sama tíma og íslensk stjórnvöld eru að hreykja sér af því afreki að taka á móti 55 flóttamönnum frá Sýrlandi og á sama tíma og margar þjóðir heimsins eru að taka á móti öllum þessum fjölda af flóttafólki eru íslensk stjórnvöld önnum kafin við að vísa fólki úr landi, einkum fólki frá Albaníu – en einnig Sýrlandi – sem hefur sótt um hæli hér á landi vegna bágra aðstæðna heima fyrir.

Oft liggja þessar aðstæður fyrir. Og oft eru þær einfaldlega hunsaðar á grunni lagabókstafs sem segir að senda skuli fólk til baka þaðan sem það kom ríki ekki styrjöld í viðkomandi landi. Þetta fólk er sent heim án tillits til þess hvaða aðstæður bíða þess í gamla heimalandinu. Þetta eru litlar fjölskyldur, lítil börn, sum veik, sum nýbyrjuð í skóla hér á landi, fólk sem þegar er byrjað að aðlagast aðstæðum á landinu. Á sama tíma er uppgangur í íslensku samfélagi og rými nægilegt fyrir fólk úr öðrum heimshlutum, fólk sem gerir ekkert annað en að glæða samfélag okkar lífi og fallegum litum.

**Sameiginlegt átak**

Hvað getum við gert? Við getum mundað pennann, tekið þátt í friðsamlegum mótmælum eða þrýst á stjórnvöld með öðrum hætti. Með sameiginlegu átaki er hægt að hafa áhrif á ráðamenn þjóðarinnar, því mikill fjöldi af fólki sem er einhuga í vilja sínum er sterkt afl. Atburðir síðustu daga í málefnum tveggja fjölskyldna frá Albaníu eru góð dæmi um það hverju er hægt að áorka með sameiginlegum þrýstingi á stjórnvöld. Því það var eingöngu fyrir tilstilli almennings í landinu sem stjórnvöld kúventu í þessum málum og sýndu um leið að flest er mögulegt ef viljinn er fyrir hendi. Þetta sýnir okkur líka að almenningur getur ekki sofið á verði sínum þegar kemur að því að veita stjórnvöldum aðhald og minna þau á gildi samúðar og mannréttinda.

Þetta væri einn lærdómur sem við getum dregið af jólaguðspjalli Matteusar.

**Atburðir síðustu daga í málefnum tveggja fjölskyldna frá Albaníu eru góð dæmi um það hverju er hægt að áorka með sameiginlegum þrýstingi á stjórnvöld.**







The Power to Surprise

## Reynsluaktu hátíðlegum Kia Soul

Kia Soul er glæsilegur á að líta. Hann er þægilegur í akstri, rúmgóður og þú situr hátt í honum. Soul hefur ótal spennandi eiginleika eins og hita í stýri og sætum, loftkælingu, bakkmyndavél, bakkskynjara, 4,3" litaskjá og 16" álfelgur. Þú getur fengið Soul sem rafbíl eða dísilbíl, sjálfskiptan eða beinskiptan — og á alveg frábæru verði. 7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Kia bílum.

**Kia Soul bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **3.490.777** kr.

**Kia Soul** — 1,6 dísil, 6 gíra, beinskiptur, 128 hö.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland


ILVA
DESEMBERTILBOÐ
SIRIUS
SHINING MOMENTS
Liva-hjarta
40 ljós. 26 cm. 3.995 kr. Nú 2.795 kr.
80 ljós. 64 cm. 7.995 kr. Nú 5.495 kr.
30% AF ALLRI JÓLAVÖRU OG JÓLALJÓSUM
30% AF ÖLLUM BORA-SÓFUM
Bora-hornsófi
Nú 79.900 kr.
SPARAÐU 40.000 kr.
Bora-hornsófi
Sófi með legubekk. Dökkgrátt áklæði. 233 x 151 cm. 119.900 kr. Nú 79.900 kr.
Hornsófi með legubekk. 295 x 200 cm. Hægri eða vinstri. 199.900 kr. Nú 139.900 kr.
Hnakkapúði seldur sér.
40% af VÖLDUM SÆNGUM
Dream-sæng
Pólýester sæng. 135 x 200 cm. 7.995 kr. Nú 4.795 kr.
25% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM
Quardricula-rúmföt
140x200/60x63 cm. Dökkgrátt. 6.995 kr. Nú 4.995 kr.
Asta-borðstofustóll
Stóll úr gúmmívið. Svartur.
19.900 kr. Nú 14.900 kr.
Bora-hornsófi
Nú 129.900 kr.
SPARAÐU 60.000 kr.
Bora-hornsófi 2+3
Hornsófi 2+3. 313 x 248 cm. Hægri eða vinstri. 189.900 kr. Nú 129.900 kr. Hnakkapúði seldur sér.
house doctor
Stuff-þvottapoki
Röndóttur poki fyrir þvott. 50 x 40 cm. 2.995 kr.
Zigzag-ábreiða
130 x 170 cm. Bómull. 11.995 kr.
Ball multi pend-loftljós
Loftljós með 7 kúplum 12 cm. 79.995 kr.
Cool-borðlampi
Kopar lampi. 55 cm.
24.995 kr.
Bamboo-kollur
35 x 35 cm. Svartur, hvítur, natur eða grár.
4.995 kr.
Christmas-stjarna
3D stjarna. 11,5 cm. 595 kr.Nú 415 kr.
broste COPENHAGEN
HELGARDAGSKRÁ MILLI KL 15 OG 18
ILVA gefur kleinuhringi og heitt kakó með rjóma
Jólasveinar koma í heimsókn með góðgæti
Kór Grafarvogskirkju - Vox Populi tekur lagið
Lifandi jazztónar með jólaívafi
Valdís verður hjá okkur
Bylgjan verður á staðnum og gefur gjafabréf á laugardeginum
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Opið til 22:00 til jóla
laugardag 10-22, sunnudag 12-22, mánudaga - miðvikudag 11-22
Netgíró
shop online

# Framtíð íslenskrar tungu – tungan í útrýmingarhættu á stafrænni öld



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari

Á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins má lesa um rannsókn, sem gerð var af fremstu máltæknisérfræðingum Evrópu og bendir til þess að flest Evrópumál, þar á meðal íslenska, eigi á hættu stafrænan dauða og séu í útrýmingarhættu á stafrænni öld.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í Hvítbókaröð META-NET, sem er kallað evrópsk öndvegisnet (a Network of Excellence). Er rannsóknin unnin af meira en 200 sérfræðingum á 60 rannsóknarsetrum í 34 löndum, þ.á.m. Íslandi. (http://www.meta-net.eu/whitepapers). Sérfræðingarnir lögðu mat á stöðu máltækni fyrir 30 af um 80 tungumálum Evrópu á fjórum mismunandi sviðum: vélþýðingum, talsamskiptum, textagreiningu og aðgengi að mállegum gagnasöfnum. Sérfræðingarnir komust að þeirri niðurstöðu að stafrænn stuðningur við 21 af þessum 30 tungumálum væri lítill sem enginn á að minnsta kosti einu af þessum sviðum. Nokkur tungumál, m.a. íslenska, fá lægsta einkum á öllum sviðunum fjórum og lenti íslenska í næstneðsta sæti tungumálanna 30. Aðeins maltneska er talin standa verr að vígi og enska ein taldist hafa „góðan stuðning“.

### Grundvöllur rannsóknarinnar

Ekki er ljóst við hvað átt er með „stafrænni öld“, hvort orðin merkja einfaldlega einhvern tíma í framtíðinni eða á þessari öld – öld stafrænna samskipta. Merking þessara orða skiptir ekki öllu máli heldur hugsunin og aðferðin sem býr að baki rannsókninni, skilningur á hlutverki og stöðu tungumála svo og tilgangurinn með því að fullyrða, „að flest Evrópumál, þar á meðal íslenska, eigi á hættu stafrænan dauða“ án þess að gerður sé nokkur fyrirvari annar en sá, að stafrænn stuðningur við tungumálin verði aukinn að mun.

### Hlutverk tungumála

Tungumál er mikilsverðasta tjáningartækni mannlegs samfélags í öllum sínum margbreytilegu myndum. Með tungumálinu tjáum við skapandi hugsun okkar og tilfinningar, afstöðu og viðhorf og komum skilaboðum á framfæri í óteljandi myndum.

Bandaríski félagsfræðingurinn John Naisbitt gaf árið 1994 út bók sem hann nefndi Global Paradox, og ræðir þar aukin samskipti þjóða í verslun og viðskiptum, þjóðernisvitund, tungumál og styrk þjóðríkja og heldur því fram að því víðtækari, sem samvinna á sviði viðskipta og fjármála verði, þeim mun mikilsverðari verði hver einstaklingur. Þá telur hann að ný upplýsingatækni leysi alþjóðlega gjaldmiðla af hólmi og þýðingarvélar styrki einstakar þjóðtungur af því að alþjóðleg samskiptamál verði óþörf með þýðingarvélum. Um tungumálin segir John Naisbitt:

Því samtvinnaðra sem efnahagslíf heimsins verður, því fleira í umhverfi okkar verður alþjóðlegra. Það sem eftir stendur af þjóðlegum verðmætum verður hins vegar þeim mun mikilsverðara. Því alþjóðlegri, sem starfsumhverfi manna verður, því þjóðlegri verða menn í hugsun. Lítil málsamfélög í Evrópu hafa fengið

**Landfræðileg og menningarleg einangrun landsins, sem áður varð til þess að tungan hélt velli, dugar ekki lengur.**

nýja stöðu og aukinn styrk vegna þess að fólk leggur meiri rækt við menningarlega arfleifð sína til mótvægis við sameiginlegan markað Evrópu.

John Naisbitt minnist sérstaklega á Íslendinga og íslensku og bendir á, að á Íslandi tali allir ensku og jafnvel önnur tungumál. Engu að síður varðveiti Íslendingar hreinleika íslenskunnar („purity of the Icelandic language“) og byggi á gamalli lýðræðis- og bókmenntahefð.

### Framtíð íslenskrar tungu

Íslensk tunga mun áfram vega þyngst í varðveislu sjálfstæðrar menningar og stjórnarfarslegs fullveldis þjóðarinnar. Landfræðileg og menningarleg einangrun landsins, sem áður varð til þess að tungan hélt velli, dugar ekki lengur. Íslenskt þjóðfélag hefur ekki sömu sérstöðu og áður og alþjóðahyggja mótar viðhorf Íslendinga – ekki síst viðhorf ungs fólks sem eru meiri heimsborgarar og óbundnari heimahögum en fyrri kynslóðir, enda stundum talað um „hinn nýja Íslending“ sem láti sér í léttu rúmi liggja hvar hann er búsettur og hvaða mál hann talar, aðeins ef hann hefur starf og laun við hæfi og getur lifað því lífi sem hann kýs.

Enginn vafi leikur á að margvísleg hætta steðjar að íslenskri tungu. Því þurfa stjórnvöld undir leiðsögn mennta- og menningarmálaráðuneytisins að móta opinbera málstefnu sem víðtækt samkomulag yrði um. Til þess verður að efna til umræðu um íslenskt mál og íslenska málstefnu og þurfa sem flestir að taka þátt í þeirri umræðu auk stjórnvalda: rithöfundar og skáld, kennarar og skólayfirvöld, málvísindamenn, sagnfræðingar, bókmenntafræðingar og félagsfræðingar, læknar og lögfræðingar svo og fulltrúar atvinnulífs og viðskipta, enda hafa mörg fyrirtæki sýnt íslenskri málrækt áhuga og skilning. Auk þess er sjálfsagt að efla máltækni fyrir íslenska tungu. Máltækni sker hins vegar ekki úr um líf nokkurrar þjóðtungu.

# Rafrettur – skaðlausar eða ekki?





Lára G. Sigurðardóttir
læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins

Hans Jakob Beck
lungnalæknir og yfirlæknir lungnasviðs Reykjalundar

Sígarettur voru taldar skaðlausar þegar þær dreifðust um heimsbyggðina í seinni heimsstyrjöldinni. Nú sex og hálfum áratug síðar vitum við að tóbak dregur um helming neytenda þess til dauða.

### Rafrettur markaðssettar sem skaðlaus vara

Söluaðilar halda margir hverjir því fram að rafrettur eigi eftir að leysa sígarettur af hólmi. Rafrettur hafa verið markaðssettar sem skaðlaus vara hér á landi og oftar en ekki settar í sælgætisbúning. Hægt er að velja á milli bragðefna eins og karamellu, súkkulaði eða annarra sætuefna sem höfða vel til barna. Ólöglegt er fyrir börn undir 18 ára aldri að kaupa rafrettur en samkvæmt nýlegum gögnum hefur fimmti hver nemandi í 10. bekk prófað rafrettu.

Þessar niðurstöður eru áhyggjuefni því lungu barna eru enn að taka út þroska og þar af leiðandi viðkvæmari fyrir efnum sem finnast í rafrettum. Einnig er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af útbreiðslu rafrettunnar því nýleg rannsókn frá Bandaríkjunum sýnir að táningar sem hafa notað rafrettur eru líklegri en aðrir til að verða reykingamenn.

### Allt skaðminna en sígarettur

Samanborið við sígarettureykingar er nánast allt mun skaðminna en að halda áfram að reykja. Í þessu ljósi er rafrettan jákvæð fyrir afmarkaðan hóp fólks, sem ekki hefur tekist að hætta reykingum með öðrum aðferðum. Þar með er það upptalið. Hingað til hefur árangur af því að nota rafrettur eða aðra nikótíngjafa til að hætta sígarettureykingum verið nokkuð svipaður. Af þeim sem vilja hætta að reykja hefur 7,3% tekist að hætta með rafrettum, 5,8% með nikótínplástrum og 4,2% með lyfleysu. Óvissan um heilsufarsafleiðingar notkunar rafretta er mikil, en þó er vitað að þær eru alls ekki skaðlausar. Því er enn ráðlagt að nota frekar aðra nikótíngjafa en rafrettur.

### Margar hættur sem fylgja rafrettum

Hættur sem fylgja rafrettum eru margar, ekki síst það að viðhalda nikótínneyslunni í samfélaginu. Háskalegt er að sjá að tóbaksframleiðendur eru mættir á svæðið. Þeir stýra stórum hluta rafrettuiðnaðarins og hafa hingað til látið sig litlu varða hagsmuni neytenda vegna afleiðinga tóbaksreykinga. Afar ólíklegt er að þeir muni vara okkur við hættum tengdum rafrettum.

Rafrettugufa er ertandi fyrir lungun og hefur neikvæð áhrif á öndunarstarfsemi. Efnið díasetýl er notað í bragðefni fyrir rafrettur og reyndar líka í matvælaframleiðslu. Það gefur tilefni til að hafa áhyggjur, því það getur valdið hættulegum bráðum lungnasjúkdómi hjá fólki þar sem það er notað í iðnaði (“popcorn lung” hjá starfsmönnum í örbylgjupoppsiðnaðinum) og því ástæða til að setja varnagla við það þegar fólk andar að sér þessu efni með rafrettueiminum.

Eitrunartilfellum meðal barna yngri en fimm ára hefur fjölgað verulega samhliða útbreiðslu rafrettunnar. Ófrískar konur ættu ekki að nota rafrettur því nikótín er skaðlegt fóstrinu og getur aukið hættu á ungbarnadauða.

### Langtímaafleiðingar ekki þekktar

Mikilvægt er að hafa í huga að einungis um tíu ár eru liðin síðan rafrettur komu fyrst á markað í Kína og enn styttra síðan þær urðu fáanlegar í vestrænum löndum. Það er því allt of snemmt að segja til um mögulega



skaðsemi þeirra því ætla má að það taki að minnsta kosti um 15-20 ár að koma í ljós hvort þær valdi alvarlegu heilsutjóni.

Vel má vera að rafrettur geti leyst sígarettur af hólmi fyrir vissa einstaklinga. Engu að síður þurfum við að vera vakandi fyrir mögulegum skaða af völdum þeirra. Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur rannsakað bragðefnin og komist að því að sum innihalda formaldehýð sem er þekkt krabbameinsvaldandi efni.

### Hver á að gæta hagsmuna barna?

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætlar að sala á rafrettum muni margfaldast á næstu árum. Við getum ekki ætlast til þess að börn séu upplýst um mögulega skaðsemi rafretta á sama tíma og við seljum bragðefni fyrir rafrettur innan um sælgæti. Við getum þó verið alveg viss um að framleiðendur munu ekki gæta hagsmuna okkar eða barna okkar.

Það tók okkur meira en fimmtíu ár að viðurkenna skaðsemi sígarettureyks. Það mun taka að minnsta kosti næsta áratug áður en við verðum betur upplýst um heilsufarsafleiðingar rafretta.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

# Við þurfum (ekki) að velja



Óskar Steinn Ómarsson
ungur jafnaðarmaður

Auðvitað viljum við taka á móti flóttamönnum en við verðum að átta okkur á einu. Ef við opnum faðminn fyrir öllum þeim sem hingað vilja koma þá hrynur heilbrigðiskerfið. Hver á að borga undir öll veiku flóttamannabörnin? Við þurfum fyrst að lækna íslensk börn.

Ég vona að flestum ykkar hafi svelgst á kaffinu við þennan lestur. Þessi málflutningur gefur það nefnilega í skyn að útlendingar séu annars flokks. Hann málar mynd af flóttamönnum sem óæskilegri ógn við heilbrigðiskerfið okkar. Eins og við þurfum að velja á milli þess hvort við aðstoðum flóttamenn eða Íslendinga. Þetta er tilraun til þess að skapa átök á milli tveggja viðkvæmra hópa í samfélaginu, flóttamanna annars vegar og fólks sem þarfnast aðstoðar heilbrigðiskerfisins hins vegar.

Sem betur fer hefur þessi málflutningur hingað til einskorðast við kommentakerfið og símatíma Útvarps Sögu. Svíþjóðardemókratar, Danski þjóðarflokkurinn og Sannir Finnar hafa haldið þessum málflutningi á lofti á Norðurlöndum en hann hefur ekki áður heyrst frá stjórnmálamönnum hérlendis. Það breyttist síðastliðinn föstudag, þegar þingmennirnir Brynjar Níelsson (Sjálfstæðisflokki) og Katrín Júlíusdóttir (Samfylkingu) tókust á í Morgunútvarpi Rásar 2. Tilefni umræðunnar var mál albönsku fjölskyldnanna tveggja sem sendar voru úr landi ásamt öðrum hælisleitendum í síðustu viku. Um málið sagði Brynjar: „Hvernig halda menn að kerfið verði ef við erum bara með opinn faðminn fyrir hverjum sem er? Þá verður ekkert kerfi og það verður heldur ekkert heilbrigðiskerfi. Ég segi eins og forsetinn; þetta er barnaleg einfeldni.“

### Ekki barnaleg einfeldni

Það er áhugavert að Brynjar Níelsson telji flóttamenn ógna íslensku heilbrigðiskerfi. Sýrlensku flóttamennirnir 55 eru ekki einu sinni komnir til landsins en samt virð-

**Mikilvægasta val okkar mun eiga sér stað í kjörklefanum vorið 2017. Þá fáum við tækifæri til að hafna málflutningi Brynjars Níelssonar og velja mannúðlegri stefnu.**

ist ríkisstjórn Brynjars á góðri leið með að rústa heilbrigðiskerfinu ein og óstudd. Getur verið að stærsta ógnin við heilbrigðiskerfið sé ekki þolendur stríðs og ofsókna sem hér fá skjól heldur ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks?

Það er ekki barnaleg einfeldni að halda að við getum gert bæði í einu, veitt stríðshrjáðum flóttamönnum skjól og rekið almennilegt heilbrigðiskerfi. Við getum aukið aðstoð við flóttamenn, við getum bætt kjör öryrkja og aldraðra og við getum tryggt Landspítalanum nauðsynlegt fjármagn. Þá getum við bætt sálfræðiþjónustu, barist gegn kynbundnu ofbeldi og tryggt öllum jafnan rétt til menntunar. Allt þetta getum við gert. Um þessi mál þurfum við ekki að velja.

Mikilvægasta val okkar mun eiga sér stað í kjörklefanum vorið 2017. Þá fáum við tækifæri til að hafna málflutningi Brynjars Níelssonar og velja mannúðlegri stefnu.

# JÓLATRÉ Á FRÁBÆRU VERÐI!

*Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré*



**DANSKUR NORMANNSÞINUR**
**150–200 cm**

**3900** kr. stk.

**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

**EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.**
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.

## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%




**OPIÐ 24 TÍMA**

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

# Jöfn tækifæri fólks og fyrirtækja



**Páll Valur Björnsson**
þingmaður Bjartrar framtíðar



Mér finnst að stjórnmál í lýðræðisríki eigi að snúast fyrst og síðast um jöfn tækifæri.

Jöfn tækifæri fólks. Jöfn tækifæri fyrirtækja.

Mér finnst að jöfn tækifæri séu sá mælikvarði sem eigi að leggja á allar gerðir stjórnvalda; lög og reglur sem þau setja, ákvarðanir sem þau taka, afskipti þeirra og afskiptaleysi.

Áhugi minn á stjórnmálum byggist á þessari sannfæringu.

Hvernig komum við til móts við þau börn sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða skerðinga, félagslegra aðstæðna eða bágs efnahags aðstandenda þeirra? Hvernig tryggjum við að þau fái tækifæri til að fara vel nestuð út í lífið?

Hvernig komum við í veg fyrir að fólk einangrist og dæmist úr leik vegna örorku og fátæktar og hafi úr svo litlu að spila að það hafi ekki tækifæri til að taka þátt í einu eða neinu en geti bara dregið fram lífið og varla það? Samfélag án aðgreiningar.

Hvernig sköpum við rekstrarumhverfi sem einkennist af jöfnum tækifærum fyrirtækja þar sem leikreglurnar eru sanngjarnar, einfaldar og gagnsæjar, samkeppnin virk og árangurinn ræðst af hugviti, dugnaði og ráðdeild en ekki af greiðvikni valdhafa og útsjónarsemi við að stytta sér leiðir, fara á svig við reglur og troða sér fremst í raðirnar?

**Mér finnst að jöfn tækifæri séu sá mælikvarði sem eigi að leggja á allar gerðir stjórnvalda; lög og reglur sem þau setja, ákvarðanir sem þau taka, afskipti þeirra og afskiptaleysi.**

Hvernig byggjum við upp stjórnsýslu sem þjónar fólki og lagar sig að þörfum þess en hefur ekki ranghugmyndir um að fólkið eigi að laga sig að stjórnkerfunum? Samfélag þar sem kerfin eru til fyrir fólkið og virka jafnt fyrir allt fólk í öllum þess fagra margbreytileika.

Og hvernig tryggjum við að nýting takmarkaðra og verðmætra gæða sem við eigum saman ráðist af hagsmunum almennings en ekki af sérhagsmunagæslu, einkavinavæðingu og annarri spillingu?

Jöfn tækifæri og jöfnuður er alls ekki það sama því að auðvitað nota sumir tækifærin sín betur en aðrir. Leggja meira á sig og hafa meiri metnað. En þó að jöfn tækifæri séu ekki það sama og jöfnuður draga jöfn tækifæri úr ójöfnuði. Það er sýnt og sannað og það er gott.

En ójöfnuður sem byggist á ójöfnum tækifærum er ósiðlegur og ömurlegur.

Og hvernig stenst ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar prófið um jöfn tækifæri?

Hvað finnst þér?

Mér finnst hún hafa skítfallið.






Súðavík.

# Um draum um straum, byggðajafnrétti eða sjálfstæði



**Pétur G. Markan**
sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og stjórnarmaður í Fjórðungssambandi Vestfjarða

Árið 1984 var vinnu við hringtengingu háspennulínu í kringum landið lokið. Við sama tækifæri sagði þáverandi forsætisráðherra að næsta verkefni væri að koma Vestfjörðum í hringsamband. Gott ef hann nefndi ekki mögulega atvinnuuppbyggingu í leiðinni sem því myndi fylgja.

Svo leið tíminn.

Fólkið beið og tíminn leið.

Árið 2015 er farið að sjá í endann á sjálfu sér og ef guð lofar tekur árið 2016 við. Og við höldum áfram að ströggla. Kveinum þegar rafmagnslaust er. Þusum þegar þolanlegt er. En erum aldrei jafnfætis öðrum landshlutum þegar kemur að grunngerð og stoðkerfi. Aldrei.

Krafa Vestfirðinga er einföld og skýr: Við viljum búa við sömu tækifæri, sömu grunngerð og sama stoðkerfi og aðrir landshlutar. Ölmusur afþakkaðar. Jafnræðis krafist. Byggðajafnréttis!

Í samþykktri ályktun á síðasta Fjórðungsþingi Vestfjarða kom eftirfarandi fram: *„60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 krefst þess að ríkisstjórn og Alþingi leggi strax til sérstakt fjármagn til að vinna kerfisáætlun fyrir raforku- og gagnaflutninga á Vestfjörðum. Meginmarkmiðið er að tengja virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, og aðra hugsanlega virkjunarkosti í Ísafjarðardjúpi, við öll byggðarlög á Vestfjörðum. Virkjun Hvalár verður þannig forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu um leið og afhendingaröryggi raforku er tryggt.“*

**Krafa Vestfirðinga er einföld og skýr: Við viljum búa við sömu tækifæri, sömu grunngerð og sama stoðkerfi og aðrir landshlutar. Ölmusur afþakkaðar. Jafnræðis krafist. Byggðajafnréttis!**

### Gamalt og grautfúið dreifikerfi

Setjum ályktunina inn í vestfirskan raunveruleika. Vestfirðir búa við mikið magn fjölbreyttra náttúruauðlinda. Ein þeirra er kalkþörungur. Lifandi rauðbleik vera sem þrífst m.a. í Ísafjarðardjúpi. Með tímanum situr eftir hvít stoðgrind sem er rík af kalki og öðrum steinefnum. Ný verðmæti, ný störf og ný tækifæri.

Nú eru menn og fjárfestar tilbúnir að virkja þessa auðlind, fjárfesta í henni, skapa verðmæti og störf. Svæði sem sárlega vantar hagvöxt, verðmætasköpun og jákvæða íbúaþróun og býr við seilingarfjarlægð við auðlindina. Er ekki lausnin fundin? Það er allt klárt. Stærsta einstaka fjárfesting inn á vestfirskt efnahagssvæði um áratugabil. Sennilega sú stærsta í sögunni.

Nei.

Stutta svarið er það að Vestfirðir búa ekki við sömu aðstæður og aðrir landshlutar.

Vestfirðir búa ekki við einfaldar grunnaðstæður til að vinna úr sínum eigin auðlindum.

Það vantar að tryggja afhendingu raforku. Verkefnið þarf mest 10 MW. Í Álftafirði, Súðavík er ekki hægt að afhenda nægilega raforku. Dreifikerfið er getulaust, gamalt og grautfúið. Þessi náttúruhreina guðsgjöf sem við Íslendingar eigum svo nóg af að ef við viljum selja restina til Bretlands er það ekkert mál. Það virðast allir eiga nóg nema Vestfirðir … og Bretland. En menn eru samt að ræða úrlausnir fyrir Bretana. Það er ekki hægt að tryggja afhendingu á 10 MW til vinnslunnar. Þar stranda vestfirsk verðmæti, vestfirskur hagvöxtur og vestfirsk störf. 10 MW!

Setjum 10 MW í samhengi. Sveitarfélög á Norðurlandi vestra vinna að álversverkefni. Orkuþörf verkefnisins er 206 MW. Hvernig geta menn verið svona brattir með orkukrefjandi verkefni? Jú, þeir búa við sambærilega grunngerð og meirihluti landsmanna, lesist, allir aðrir en Vestfirðingar, og því eiga þeir möguleika á að afhenda þetta magn. Ég fagna því og krefst þess sama.

Að tengjast orkulandsneti Íslands í báðar áttir, að búa við sambærilegt dreifikerfi og eiga sama möguleika á atvinnuuppbyggingu sem nýtir vestfirskar auðlindir í sinni sköpun er ekki áskorun til stjórnvalda, heldur valkostur. Það eða vestfirskt sjálfstæði.

Vestfirskt sjálfstæði …

… eða bylting í byggðajafnrétti sem hefst á hringtengingu háspennulínu til Vestfjarða samhliða virkjunarframkvæmdum í Hvalá og vonandi tengdum virkjunum.

Byrjum á rafmagninu og svo bíða aðrir málaflokkar spenntir eftir úrlausn.

Mér er alvara og þekki tæplega 7 þúsund aðra sem eru að hugsa það sama.


JÓLAGJAFIR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK
GRUB'S
VICTORINOX
SWISS ARMY
COAST
LIGHTS • KNIVES • MULTI-TOOLS
LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ
ORTLIEB WATERPROOF
LED lyklakippuljós
kr. 990,-
Fjölnotatól m/LED ljósi
kr. 7.900,-
Fjölnotatól m/ hníf
og 2x LED ljósum
kr. 8.900,-
Ghost II
kr. 3.400,-
Tactical Liner
kr. 3.400,-
Dark Force
kr. 5.900,-
HL3 LED höfuðljós
kr. 4.700,-
HL5 LED höfuðljós
kr. 5.600,-
HL7 LED höfuðljós
kr. 9.900,-
HL8 LED höfuðljós
kr. 16.900,-
G40 LED vasaljós
kr. 4.900,-
HP7 LED vasaljós
kr. 11.900,-
Escort
kr. 2.400,-
Classic m/ísl. fána
kr. 4.300,-
Trawler
kr. 3.200,-
Bantam
kr. 3.200,-
Waiter m/ísl. fána
kr. 4.400,-
Tourist
kr. 4.900,-
Vatnsheld Ipadhlíf
kr. 12.990,-
Spartan Camo
kr. 6.200,-
Sentinel
kr. 6.400,-
Camper
kr. 6.400,-
Climber
kr. 7.900,-
Fisherman
kr. 9.500,-
Rescue Tool
kr. 18.900,-
Vatnsheld símahlíf
kr. 5.900,-
Back Roller City
Hjólatöskur
kr. 16.900,-
Back Roller Classic
Hjólatöskur
kr. 22.900,-
Back Roller Urban
Hjólataska
kr. 14.900,-
Ultimate 6
Stýristaska
kr. 14.900,-
Messenger
Bakpoki
kr. 20.900,-
Velocity
Bakpoki
kr. 18.900,-
Rack Pack 31 lítra
Ferðataska
kr. 13.700,-
Margar gerðir og
stærðir af sjópokum
frá kr. 2.600 til 12.900,-
Hip Pack 3 lítra
Mittistaska
kr. 16.900,-
Sjúkrapoki 3
kr. 10.900,-
Supersport 8.5
kuldastígvél
kr. 24.990,-
Supersport 12.5
kuldastígvél
kr. 25.990,-
Puddle barnastígvél
kr. 7.900,-
FJALLI.IS
Í húsi Hirzlunnar - Smiðsbúð 6, Garðabæ - s.564-5040
Meira vöruúrval og ýtarlegri upplýsingar á www.fjalli.is

# Vil ekkert frekar gera en að hjálpa Swansea

Gylfi Þór Sigurðsson vonar að það séu komin kaflaskil á tímabilinu hjá Swansea og að liðið komi sér aftur á sigurbraut eftir dapurt gengi síðustu vikna. Hann sagði við Fréttablaðið að það væri jákvætt andrúmsloft í herbúðum Swansea þrátt fyrir að liðið væri á milli þjálfara.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Síðustu dagar hafa verið viðburðaríkir hjá velska liðinu Swansea, sem berst nú fyrir lífi sínu í ensku úrvalsdeildinni. Liðið er í sautjánda sæti deildarinnar, jafnt Norwich sem er í fallsæti á verri markatölu, og er nýbúið að reka stjórann Garry Monk.

Landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson er í stóru hlutverki hjá Swansea og þekkir vel til Monks, enda lék hann með honum þegar hann var fyrst hjá Swansea sem lánsmaður frá Hoffenheim árið 2012. Það var svo Monk sem fékk hann aftur til félagsins þegar Swansea keypti hann frá Tottenham í fyrrasumar.

„Eins og stjórnarformaðurinn [Huw Jenkins] sagði sjálfur þá var þetta ekki auðvelt að þurfa að reka mann sem hafði verið jafn lengi hjá félaginu, bæði sem leikmaður og þjálfari. Swansea náði besta árangri sínum frá upphafi undir hans stjórn í vor og ég held að það hafi verið erfitt fyrir hann að taka þessa ákvörðun. En svona er þetta bara í fótboltanum og ég skil ákvörðunina,“ sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann var þá í sjúkraþjálfun en segir þó að hann sé í afar góðu standi, líkt og undanfarið.

**Þjálfaraleitin truflar ekki**

Þjálfaraleit Swansea stendur enn yfir en fjölmargir hafa verið orðaðir við starfið í enskum fjölmiðlum. Argentínumaðurinn Marcelo Bielsa telst hvað líklegastur samkvæmt orðinu á götunni en meðal annarra sem hafa verið nefndir eru Ryan Giggs, Dennis Bergkamp og Gus Poyet. En Gylfi segir að þessi umræða hafi engin áhrif á leikmenn.

„Ég get bara svarað fyrir sjálfan mig en ég er viss um að aðrir leikmenn eru sama sinnis. Við erum einbeittir að því að undirbúa okkur fyrir mikilvægan leik gegn West Ham á sunnudag og getum ekki leyft okkur að hugsa um neitt annað. Þeir þjálfarar sem eru með liðið núna eru mjög góðir og mér líst mjög vel á það sem þeir hafa fram að færa,“ segir Gylfi en Alan Curtis, fyrrverandi aðstoðarmaður Monks, stýrði Swansea í 2-1 tapleiknum gegn Manchester City um helgina og verður áfram við stjórnvölinn um helgina.

**Besti leikur okkar þrátt fyrir tap**

„Þrátt fyrir að við töpuðum leiknum gegn City finnst mér að það hafi verið besta frammistaðan okkar í vetur. Okkur tókst að spila knattspyrnu sem Swansea á að spila enda höfðum við ekki verið sjálfum okkur líkir í mörgum leikjum í haust. Ég held að persónulega hafi ég fengið fleiri færi í þessum leik en í öllum öðrum leikjum á tímabilinu til þessa,“ segir Gylfi.



> Það voru engin eftirmál af þessu og sannarlega ekki af minni hálfu. Þetta var ekkert rætt eftir að ég kom aftur út.
>
> Gylfi Þór Sigurðsson

## Gylfi Þór Sigurðsson og Swansea-ferillinn

| FYRSTU 36 LEIKIRNIR með Swansea í úrvalsdeild (Leikir árin 2012 og 2014) | | SÍÐUSTU 30 LEIKIRNIR með Swansea í úrvalsdeild (Leikir árið 2015) | |
|---|---|---|---|
| 11 MÖRK | 13 STOÐSENDINGAR | 5 MÖRK | 3 STOÐSENDINGAR |
| Skapað mark á 126 MÍNÚTNA FRESTI | | Skapað mark á 300 MÍNÚTNA FRESTI | |

Swansea fór vel af stað í haust. Tapaði ekki fyrstu fjórum leikjum sínum þar sem liðið vann meðal annars Manchester United og gerði jafntefli við Chelsea. En svo kom bara einn sigur í næstu ellefu leikjum áður en Monk var látinn taka pokann sinn.

Gylfi segir erfitt að benda á eina sérstaka ástæðu fyrir því að liðið tók svo skarpa dýfu. „Kannski vorum við varnarsinnaðir ef eitthvað er. Við höfum alltaf lagt áherslu á að einbeita okkur fyrst og fremst að okkar leikstíl og hvernig við viljum spila. Swansea hefur ávallt reynt að spila vel, vera með mikið af sendingum og láta boltann ganga hratt á milli manna. En eins og flestir sáu þá gekk okkur illa að ná því fram og því náðum við að skapa lítið af færum. Það er einfaldlega ekki líkt Swansea.“

**Jákvætt andrúmsloft núna**

Gylfi vildi lítið ræða um mögulega arftaka Monks og sagðist ekki vita meira um þjálfaraleitina en kemur fram í fjölmiðlum, og þar sé lítið af haldbærum upplýsingum um gang mála.

„Það sem skiptir máli núna er að við erum með þjálfara sem vilja koma sínum áherslum að. Það er jákvætt andrúmsloft í kringum liðið og vonandi mun það koma til með að aukast. Það ætti að verða auðvelt ef við vinnum um helgina,“ segir hann.

**Engin eftirmál vegna viðtalsins**

Gylfi komst í sviðsljós fjölmiðla um miðjan síðasta mánuð er hann sagði í viðtali við Fótbolta.net að Garry Monk hefði ekki sent honum hamingjuóskir með SMS-skilaboðum þegar Ísland tryggði sér sæti á EM. Gylfi sagði síðar að hann hefði ekki meint neitt slæmt með ummælunum og að Monk hafi vitanlega óskað öllum sem komust á EM til hamingju með árangurinn.

„Það voru engin eftirmál af þessu og sannarlega ekki af minni hálfu. Þetta var ekkert rætt eftir að ég kom aftur út,“ sagði Gylfi en Monk var spurður um ummæli Gylfa á blaðamannafundi þar sem sá síðarnefndi gantaðist með að næst ætti hann ef til vill að gefa Gylfa köku.

Gylfi segir að málið hafi komið upp á viðkvæmum tímapunkti fyrir Monk. „Fjölmiðlar skrifa um allt sem hægt er að skrifa um. Liðinu gekk ekki vel og það var mikil pressa á honum. En þetta varð aldrei að neinu alvarlegu máli okkar á milli,“ segir Gylfi sem segist ekki íhuga það í eitt augnablik að skipta um félag.

„Alls ekki. Það er ekkert sem ég vil frekar gera en að koma okkur úr þeim vandræðum sem við erum sjálfir búnir að koma okkur í. Swansea á ekki heima í B-deildinni. Það er undir okkur leikmönnum komið að redda okkur úr þessu klandri sem við erum komnir í.“






## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Njarðvík - Grindavík 87-71**

**Stigahæstir:** Haukur Helgi Pálsson 21, Logi Gunnarsson 18, Maciej Baginski 17 - Þorleifur Ólafsson 17, Ómar Sævarsson 16.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 18 | Tindastóll | 12 |
| KR | 18 | Grindavík | 8 |
| Haukar | 14 | ÍR | 8 |
| Stjarnan | 14 | Snæfell | 8 |
| Þór Þorl. | 14 | FSu | 4 |
| Njarðvík | 14 | Höttur | 0 |

### JÚLÍAN OG EYGLÓ BEST

Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍBR, tilkynnti í gær um útnefningu á íþróttafólki Reykjavíkur fyrir árið 2015.

Íþróttakarl Reykjavíkur 2015 er kraftlyftingamaðurinn Júlían Jóhann Karl Jóhannsson úr Glímufélaginu Ármanni. Júlían varð heimsmeistari ungmenna á árinu þar sem hann hjó nærri Íslandsmetinu í opnum flokki og sló Íslandsmetið í bekkpressu í opnum flokki.

Íþróttakona Reykjavíkur 2015 er sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Sundfélaginu Ægi. Eygló vann í haust til tvennra bronsverðlauna á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug, sló Norðurlandametið í 200 metra baksundi fjórum sinnum á árinu og hefur tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum 2016.

Íþróttalið Reykjavíkur 2015 er lið Ármanns í áhaldafimleikum kvenna sem vann bikarmeistaratitil á árinu.

**Ef FH-ingar verða Íslandsmeistarar í sumar verða þeir fyrsta liðið til að vinna titilinn með erlendan aðalmarkvörð. #OptaHH**

Hjörvar Hafliðason
@hjorvarhaflida

### FÍNN HRINGUR HJÁ VALDÍSI

Kylfingarnir Valdís Þóra Jónsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir léku í dag fyrsta hringinn á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina.

Valdís Þóra átti skrautlegan hring en kom að lokum í hús á tveimur höggum undir pari. Ólafía Þórunn fann sig aftur á móti ekki og kom í hús á tveimur höggum yfir pari. Valdís er í 25.-35. sæti en Ólafía er í 74.-83. sæti.

Mótið fer fram á tveimur keppnisvöllum í Marokkó. Alls verða leiknir fimm 18 holu hringir og aðeins 60 kylfingar af 120 leika síðasta hringinn. 30 kylfingar munu svo fá passann á Evrópumótaröðina.

Besta skorið í dag var fimm högg undir pari.

## Um helgina

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 14.50 | Man. Utd - Norwich | Sport 2 |
| 14.50 | Chelsea - Sunderland | Sport 3 |
| 14.50 | Southampton - Spurs | Sport 4 |
| 14.50 | Everton - Leicester | Sport 5 |
| 14.50 | Stoke - C. Palace | Sport 6 |
| 14.50 | WBA - Bournemouth | Stöð 3 |
| 17.20 | Newcastle - A. Villa | Sport 2 |
| 18.30 | Formúla E | Sport |
| 01.00 | UFC Fight Night | Sport |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 11.25 | Carpi - Juventus | Sport |
| 13.20 | Watford - Liverpool | Sport 2 |
| 13.55 | Atalanta - Napoli | Sport 3 |
| 14.55 | Real Madrid - Rayo V. | Sport |
| 15.50 | Swansea - West Ham | Sport 2 |
| 16.55 | Sampd. - Palermo | Sport 3 |
| 19.40 | Inter - Lazio | Sport 3 |
| 21.20 | Pittsburgh - Denver | Sport |

netto

Markhönnun ehf

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




VERÐ: 4.339 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.679 KR




VERÐ: 4.019 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 3.249 KR




VERÐ: 1.661 KR




VERÐ: 2.924 KR




VERÐ: 1.748 KR




VERÐ: 3.195 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 19. – 20. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

*Hlutfall stiga í húsi miðað við 3 stig fyrir sigur









# Besta ár landsliðanna

**Karla- og kvennalandslið Íslands í fóbolta náðu samanlagt í tuttugu stig í níu keppnisleikjum á árinu 2015 og þetta er besta keppnisár landsliðanna þegar litið er á samanlagðan hlutfallsárangur beggja A-landsliðanna.**

**FÓTBOLTI** Íslenskt knattspyrnuáhugafólk má svo sannarlega vera stolt af A-landsliðum sínum á þessu ári því bæði liðin stóðu sig frábærlega í leikjum sínum í undankeppnum Evrópumótsins á árinu 2015.

Knattspyrnuárið 2015 var því ekki aðeins sögulegt af því að karlalandsliðið tryggði sig inn á stórmót í fyrsta sinn. Kvennalandsliðið er á toppi síns riðils eftir sigra í öllum þremur keppnisleikjum sínum og tölfræðilega telst þetta vera besta landsliðsár fótboltans síðan stelpurnar fóru að keppa í undankeppnum HM og EM í byrjun tíunda áratugarins.

A-landslið Íslands náðu alls í 20 stig af 27 mögulegum í keppnisleikjum sínum á árinu 2015 sem gerir rúmlega 74 prósent stiga í boði. Landsliðin hafa aldrei náð jafn stóru hlutfalli stiga í hús á árum þar sem bæði lið hafa spilað og reiknað er með þremur stigum fyrir hvern sigurleik.

Stigahlutfall liðanna hækkaði annað árið í röð og að þessu sinni er ekki bara annað landsliðið að blómstra heldur þau bæði.

Varnarleikur beggja liða var afburðagóður á þessu ári. Stelpurnar héldu hreinu í öllum þremur leikjum sínum og karlaliðið fékk bara á sig fjögur mörk í sex leikjum. Það var því aðeins skorað fjórum sinnum hjá íslensku landsliðunum á 810 mínútum í níu keppnisleikjum ársins en það gerir mark á sig á meira en 200 mínútna fresti. Stelpurnar hjálpa reyndar við að hífa þessa tölu upp enda eru Guðbjörg Gunnarsdóttur og félagar hennar í kvennalandsliðinu ekki enn búnar að fá á sig mark í undankeppni EM 2017.

Bæði lið spiluðu fyrstu 45 mínútur sinna leikja í undankeppni EM án þess að fá sig mark og voru í heildina aðeins undir í samtals sex mínútur í þessum níu leikjum. Sex mínútur af 810 eða aðeins sjö prósent leiktímans. Sú ótrúlega tölfræði verður seint leikin eftir.

### Landsliðsárið 2015

**9 leikir**
**6 hjá karlaliði**
**3 hjá kvennaliði**
6 sigrar, 2 jafntefli, 1 tap
Markatala: **+16 (20-4)**

Markatala í fyrri hálfleik:
**+11 (11-0)**

Markatala i seinni hálfleik:
**+5 (9-4)**

**Yfir í leikjunum** 402 mínútur
**Jafnt í leikjunum** 402 mínútur
**Undir í leikjunum** 6 mínútur

Það eru aðeins síðustu leikir karlaliðsins sem draga tölfræðina niður en íslenska karlaliðið gaf eftir þegar sætið í Evrópukeppninni var í höfn. Íslenska karlaliðið vann þrjá fyrstu keppnisleiki sína eins og konurnar en fékk síðan aðeins tvö stig af níu mögulegum í síðustu þremur leikjunum. Baráttan var unnin og síðustu leikirnir breyttu litlu. Mikið var rætt um að það væri betra að vinna riðilinn en að lenda í öðru sætinu. Þegar kom að drættinum virtist það þó ekki skipta miklu máli. Íslenska liðið lenti í einum þægilegasta riðli keppninnar með Portúgal, Ungverjalandi og Austurríki en Tékkar, sigurvegarar riðilsins, þurfa að glíma við Spán, Króatíu og Tyrkland.

Eitt ár stendur þessu ári framar frá því að kvennalandsliðið fór að taka þátt í undankeppnum stórmóta en þá giltu aðrar stigareglur en gera í dag.

Árið 1993 var tveggja stiga reglan enn í gildi hjá landsliðunum og þá spiluðu konurnar líka bara einn keppnisleik. Íslensku landsliðin náðu þetta ár í átta stig af tíu mögulegum, 80 prósent stiga í boði. Sé árangurinn hins vegar uppfærður á þriggja stiga regluna til að bera saman við árangurinn í ár þá var hann aðeins slakari fyrir 22 árum. Hefðu þrjú stig verið gefin fyrir sigur árið 1993 þá hefðu landsliðin náð í 73,3 prósent stiga í boði.

Af þeim árum þar sem bæði lið hafa spilað fleiri en tvo keppnisleiki var árið í ár að bæta ársgamalt met eða síðan 69 prósent stiga komu í hús hjá liðunum árið 2014. Það þarf heldur ekki að fara lengra en til ársins 2012 til að finna fjórða besta árið. Á þessu sést að knattspyrnulandsliðin hafa verið að stíga stór skref og að litla Ísland á öflug landslið hjá báðum kynjum sem eiga raunhæfan möguleika á sigri í hverjum leik.

Knattspyrnuárið 2015 var sögulegt og það er þegar ljóst að knattspyrnuárið 2016 verður einnig mjög sögulegt. Karlaliðið tekur þátt í sínu fyrsta stórmóti og konurnar fá gott tækifæri til að tryggja sig inn á þriðja Evrópumótið í röð. Þær gætu jafnvel komist beint inn (ekki í gegnum umspil eins og á EM 2009 og 2013) en úrslitaleikirnir við Skota á næsta ári ráða líklega öllu um það. Það er því einstaklega áhugavert og vonandi jafn farsælt landsliðsár fram undan.

ooj@frettabladid.is

Stórvirkið *Stríðsárin 1938–1945*
er uppselt hjá útgefanda

# EKKI ÖRVÆNTA

2. prentun væntanleg í janúar

## VEGLEGT GJAFABRÉF FÁANLEGT Í NÆSTU BÓKABÚÐ




★★★★★

„*Stríðsárin 1938–1945* er bók sem fær allra bestu meðmæli.“

JAÓ / MORGUNBLAÐIÐ

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2015
bókaverslana

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39




# Kominn til að vera en var látinn fara

**José Mourinho ætlaði að koma sér vel fyrir hjá Chelsea og var tilbúinn að vera lengi á Brúnni. Roman Abramovich hefur enga þolinmæði fyrir tapleikjum og rak hann í annað sinn. Réð ekkert við leikmennina frekar en fyrri daginn.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** José Mourinho var rekinn öðru sinni frá Chelsea á fimmtudaginn. Eftir níu tapleiki í ensku úrvalsdeildinni og þá staðreynd að ríkjandi meistararnir eru í 16. sæti með aðeins 15 stig gafst Roman Abramovich, eigandi félagsins, upp og rak sinn uppáhaldsmann.

Endurkoma Mourinhos gekk fullkomlega fyrstu tvö tímabilin en fyrri hluti þessa vetrar var katastrófa frá fyrsta leik þegar hann gagnrýndi lækninn Evu Carneiro með þeim afleiðingum að hún hætti.

Eins og stundum áður missti Mourinho klefann en leikmenn sem spiluðu eins og algjörar hetjur á síðasta tímabili virðast ekki hafa nokkurn áhuga á að spila fyrir Portúgalann í ár. „Svo virtist vera að það hafi verið áþreifanlegur ágreiningur á milli Mourinhos og leikmannanna. Við töldum að það væri tímabært að grípa til aðgerða," sagði Michael Emanalo, yfirmaður tæknimála hjá Chelsea, um brottreksturinn því auðvitað tjáir Abramovich sig ekkert frekar en fyrri daginn.

### Úr hetju í skúrk

Stuðningsmenn Chelsea réðu sér vart fyrir kæti þegar José Mourinho var endurráðinn knattspyrnustjóri félagsins sumarið 2013. Hann eyddi reyndar fyrsta tímabilinu í að tala liðið niður og sagði það ekki geta orðið meistara en lofaði Englandsmeistaratitlinum 2015. Það gekk allt upp.

Nú, aðeins rétt rúmu hálfu ári síðar, er hetjan á Brúnni orðin skúrkurinn enda liðið búið að tapa níu leikjum í ensku úrvalsdeildinni og er aðeins tveimur stigum frá falli en fimmtán stigum frá sæti í Meistaradeildinni. Svo virðist sem eini möguleiki Chelsea á að komast í Meistaradeildina að ári sé að vinna hana á þessu ári.

Til að setja þessi níu töp í samhengi þá tapaði Mourinho aðeins tíu leikjum í heild sinni í fyrri stjóratíð sinni hjá Chelsea sem var rétt rúm þrjú tímabil. Hann tapaði svo bara átta leikjum með Inter og aðeins ellefu á þremur árum í deild með Real Madrid.

### Læknirinn út

Mourinho hefur verið að sumu leyti stórfurðulegur á þessu tímabili og blaðamannafundirnir skrítnari en oft áður. Þó mjög skemmtilegir eins og vanalega þegar Mourinho á hlut að máli.

Vitleysan á þessu tímabili hófst strax í fyrsta leik þar sem liðið gerði jafntefli við Gylfa Þór Sigurðsson og félaga í Swansea. Undir lok leiksins stökk læknirinn Eva Carneiro inn á völlinn í „leyfisleysi" af hálfu Mourinhos til að hlúa að Eden Hazard. Chelsea var þá þegar búið að missa mann af velli og var að verja stigið. Þar sem Carneiro fór inn á þurfti Hazard að fylgja henni út af og þar með voru Chelsea-menn níu inni á vellinum um stund.

Mourinho trompaðist og gagnrýndi Carneiro opinberlega. Hann tók hana úr starfsliðinu á leikdegi og lét hana dúsa á æfingasvæðinu áður en hún gafst upp, hætti og kærði Chelsea. Málið verður tekið fyrir á næsta ári og gæti farið svo að Chelsea þurfi að greiða Evu miskabætur.

### Ábyrgð leikmanna?

Mourinho á oft í miklu haltu mér slepptu mér sambandi við leikmenn sína. Þeir annaðhvort elska hann og væru til í að brjóta skothelt gler með höfðinu fyrir Portúgalann eða hafa nákvæmlega engan áhuga á að spila fyrir hann.

Þegar Mourinho var látinn fara í fyrra skiptið frá Chelsea var mikið skrifað og skrafað um að kóngarnir í Chelsea í þá daga, Frank Lampard og John Terry, hefðu talað hann úr starfi. Þeir voru svo sagðir hafa gert það nokkrum sinnum í viðbót enda stjóraskiptin ansi tíð hjá liðinu.

Mourinho lenti í svipuðu veseni hjá Real Madrid þar sem hann móðgaði nokkra kónga og var algjörlega búinn að missa klefann. Nú eru leikmenn eins og Eden Hazard (besti leikmaður síðasta tímabils), Cesc Fábregas (sem bætti eigið stoðsendingamet í fyrra) og Nemanja Matic (besti varnarsinnaði miðjumaður síðasta tímabils) að spila eins og þeir kunni ekki fótbolta.

Augljóslega urðu þeir ekki verri leikmenn á einni nóttu. Þetta er ekki Space Jam. Yfirmaður tæknimála hjá Chelsea væri ekki að tjá sig opinberlega um ágreining milli leikmanna og Mourinhos nema þeir væru búnir að kvarta í yfirvaldið. Eins og svo oft áður þurfa leikmenn ekki að sýna neina ábyrgð því auðveldara er að reka einn mann en heilt lið. Og það þurfti Mourinho að upplifa aftur hjá sama liðinu.

José Mourinho ætlaði að búa um sig á Brúnni að þessu sinni og vildi vera að minnsta kosti í áratug hjá Chelsea. Hann var kominn til að vera, en eins og með þá flesta hjá Chelsea var hann látinn fara.



Brottvikning læknisins Evu Carneiro var upphafið að endinum.

## Níu töp og eitt fjölmiðlaslys

| | |
|---|---|
| 08.08 | Mourinho gagnrýnir Evu Carneiro opinberlega |
| 16.08 | 3-0 tap fyrir Man. City |
| 29.08 | 1-2 tap fyrir C. Palace |
| 12.09 | 3-1 tap fyrir Everton |
| 03.10 | 1-3 tap fyrir Southampton |
| 24.10 | 2-1 tap fyrir West Ham |
| 31.10 | 1-3 tap fyrir Liverpool |
| 07.11 | 1-0 tap fyrir Stoke |
| 05.12 | 0-1 tap fyrir Bournemouth |
| 14.12 | 2-1 tap fyrir Leicester |

**» Mourinho er búinn að tapa níu leikjum í deildinni núna sem er einum leik minna en hann tapaði í heildina með Chelsea þegar hann stýrði liðinu síðast.**

## Er þolinmæði kannski ekki dyggð?

**Roman Abramovich,** eigandi Chelsea, hefur litla þolinmæði eins og hann hefur sýnt. Mikið er talað um að gefa knattspyrnustjórum tíma en Rússinn er á öðru máli. Þú vinnur titla eða ferð. Ekki margir eru sammála aðferðum Abramovich en titlarnir tala sínu máli.

**José Mourinho**
júní 2004 - september 2007
*Sjö stórir titlar;*
Englandsmeistari 2x
og bikarmeistari 1x

**Avram Grant**
september 2007 - maí 2008
Enginn titill en ferð í úrslitaleik MD

**Luis Felipe Scolari**
júlí 2008 - febrúar 2009
Enginn titill

**Ray Wilkins**
febrúar 2009 - febrúar 2009
Stýrði liðinu til sigurs í einum leik

**Guus Hiddink**
febrúar 2009 - maí 2009
Bikarmeistari

**Carlo Ancelotti**
júlí 2009 - maí 2011
Vann deild og bikar á fyrra árinu

**André Villas-Boas**
júní 2011 - mars 2012

**Roberto Di Matteo**
mars 2012 - nóvember 2012
Bikarmeistari og vann Meistaradeildina

**Rafael Benítez**
nóvember 2012 - maí 2013
Vann Evrópudeildina

**José Mourino**
júní 2013 - desember 2015
Deildarmeistari og deildabikarmeistari




JÓLA
LAGERSALA
adidas
50-80% AFSLÁTTUR
ENN MEIRI LÆKKUN!
FAXAFEN 7
adidas
adidas
Reebok
SÍÐUSTU DAGARNIR - ENN MEIRI LÆKKUN!
ABUS
· PASSAR VEL Á ÖLL HJÓL
· MJÖG ÖRUGGUR
· HANDHÆGUR
· RISPAR EKKI
· VERÐLAUNA HÖNNUN
· FÆST Í MÖRGUM LITUM
HENTAR RACER OG CYCLOCROSS MJÖG VEL!
SECURITY LEVEL 7
reddot design award
JÓLAGJÖF HJÓLREIÐAMANNSINS
ABUS BORDO ER FYRIRFERÐALÍTILL OG HANDHÆGUR LÁS SEM AUÐVELT ER AÐ FERÐAST MEÐ.
HANN MÁ FESTA HVAR SEM ER Á HVAÐA HJÓL SEM ER OG ÞVÍ FRÁBÆR OG ÖRUGG LAUSN FYRIR ALLT HJÓLREIÐAFÓLK.
ÞÚ GLEYMIR ÞESSUM EKKI HEIMA!
GÁP
HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200
VERSLAÐU Á WWW.GÁP.IS

# AÐEINS Í HALLARMÚLA!

## OPIÐ LAUGARDAGINN OG SUNNDAGINN!

GRÍPTU GÆSINA

**ALLAR ferðatöskur 40% vildar-afsláttur**



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!




MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!







**Heyrnartól - Maxell Juicy**
**Vildarverð: 1.106.-**
Verð: 1.580.-

**Heyrnartól - Maxell Retro DJ**
**Vildarverð: 6.299.-**
Verð: 8.999.-







**Heyrnartól - Maxell Slim**
**Vildarverð: 4.149.-**
Verð: 5.927.-

**Heyrnartól - Maxell Play**
**Vildarverð: 4.899.-**
Verð: 6.999.-




**Sogið**







**Teninga Alias**
**Vildarverð: 4.899.-**
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda 19. desember, til og með 20. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Shades of Reykjavik, DJ Flugvél og Geimskip og Vaginaboys - grímuklæddir að vanda.. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mystískir tónleikar grímuklæddra

Jólatónleikar grímuklæddrar elektrósveitar, uppáklæddra rappara og plötusnúðs sem fer frumlegar leiðir í klæðaburði eru á Húrra í kvöld. Leynigestur kemur fram til að koma gestum í jólaskap. Tónleikarnir hefjast klukkan níu.

Jólatónleikar dj flugvélar og geimskip, Shades of Reykjavík og Vaginaboys verða haldnir á Húrra klukkan níu í kvöld. Þeir eru þó ekki með hefðbundnu sniði, enda engin kammersveit að sögn Steinunnar Harðardóttur, betur þekktrar sem dj flugvél og geimskip. „Ég þekki strákana ekki neitt, en ég og vinir mínir hlustum alltaf á þáttinn hjá Shades of Reykjavík í partíum og svona. Þannig að ég var ekki lengi að hugsa mig um,“ segir Steinunn.

Shades of Reykjavík er fjöllistahópur, stofnaður árið 2011. Hópurinn samanstendur af röppurum, tónlistarmönnum, leikstjórum og skeiturum sem sameinast í tónlist og öðrum listformum, en halda úti vinsælum útvarpsþætti á FM Xtra. Umsjónarmenn þáttarins eru Prins Puffin og Elli Grill, sem hafa gert garðinn frægan með rapptónlist og útvarpsmennsku.

Steinunn kemur með leynigest. En hversu mikið vill hún gefa upp um gestinn? „Þetta eru jólatónleikar, þannig að ég verð auðvitað að vera með leynigest. Ég veit ekki alveg hversu mikið ég get sagt án þess að gefa það upp hreinlega, en við getum orðað það sem svo að ég og leynigesturinn munum pottþétt koma öllum í jólaskap.“

> ÞETTA ERU JÓLATÓNLEIKAR ÞANNIG AÐ ÉG VERÐ AÐ VERA MEÐ LEYNIGEST.

Tónleikarnir í kvöld eru einkar dularfullir, því auk leynigestarins spilar elektrósveitin The Vaginaboys. Sveitin er þekkt fyrir að klæðast grímum þegar þeir koma fram. Þeir vilja ekki þekkjast. Grímurnar segja þeir tilkomnar vegna þess að þeir séu ekki í tónlist til þess að verða frægir – heldur af ástríðu. **olof@frettabladid.is**

## Hvað á að gera um helgina?

### SJÁÐU
Nýju Star Wars myndina The Force Awakens. Myndin var frumsýnd í vikunni og hefur fengið stórgóða dóma.



Helga Arnardóttir sjónvarpskona

### REDDAR ÖLLU FYRIR JÓLIN



Planið er að gera allt frá A-Ö því ekkert hefur verið gert í því samhengi. Jólaþrif, gjafakaup, trjákaup, skreytingar, og svo á ég sameignina líka. Á kvöldin ætla ég að verðlauna mig með því að horfa á nýja morðseríu á Netflix. Er það ekki jóló?

### FARÐU
Á jólamarkað KRÁS í Fógetagarðinum. Markaðurinn vaknar upp af dvala í tilefni jólanna. Mikið úrval af fjölbreyttum mat, jólaglöggi, jólabjór og heitu kakói. Opið er frá 13-19 um helgina.





Anna Lilja Johansen athafnakona

### SKREYTA JÓLATRÉÐ
Ég ætla að knúsa börnin mín og skreyta jólatréð með þeim um helgina. Það er nóg að gera í jólaundirbúningnum. Ég ætla rétt að kíkja út að borða með vinkvennahópnum á laugardagskvöld.

### HLUSTAÐU
Á risatónleika Gus Gus og félaga í Gamla bíói. Hljómsveitin Gus Gus kemur fram ásamt Sturlu Atlas, Úlfur Úlfur og Gísla Pálma.





Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi

### JÓLAGJAFASTÚSS
Ég mun vera í hefðbundnu jólagjafastússi sem er óvenju tímanlega þetta árið, hugsa um að skrifa jólakort og svo eflaust hætta við. Hitta vinkonu í árlegum jólakakóbolla, fara í matarboð með hreindýrsþema og reyna að koma að einum göngutúr í Elliðaárdalnum sem er æði friðsælt í miðju jólaatinu.

### LESTU
Bókina Anna á Eyrarbakka – upphaflega barnasaga, sögu á mörkum hrollvekju og gamansögu, eftir Elísabetu Jökulsdóttur.




RENAULT
Passion for life
Renault CAPTUR
GULLFALLEGUR
E
F
„ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
CAPTUR
Verð: 3.390.000 kr.
CAPTUR
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,6 l/100 km*
Verð: 3.690.000 kr.
CAPTUR
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,9 l/100 km*
Innifalið í verði: 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakkskynjarar, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðuþurrkum.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
FJÖLBREYTT ÚRVAL LITA OG BÚNAÐAR
Tvílitur brúnn og hvítur
Tvílitur blár og svartur
Tvílitur hvítur og svartur
Tvílitur rauður og svartur
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM72622

# Ágreiningurinn lagður til hliðar

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Augljós pirringur er kominn í alþingismenn sem undanfarið hafa rætt fjárlög og umdeild mál. Þingmenn hafa verið duglegir að kvarta hver undan öðrum og saka hver annan um sögulegt málþóf, eða sögulegt efndaleysi – eftir því hvorum megin þeir standa í stjórnmálunum. Fréttablaðið náði þingmönnum í stund á milli stríða, menn lögðu ágreiningsefnin til hliðar og jólaandinn sveif yfir vötnum.

## Borðuðu jólamatinn á miðnætti



**Bjarni Benediktsson** Við höfum yfirleitt verið með rjúpur á jólunum. En það hafði ekki gengið að fá rjúpu þessi jól fyrir um það bil 10 árum þannig að það var tekin ákvörðun um að vera með gæs. Hún var fyllt og ofninn hitaður. Þetta var gott stykki sem þurfti dágóðan tíma inni í ofninum, en eftir tæpan klukkutíma fer rafmagnið af öllu húsinu – og ekki bara hjá okkur heldur allri götunni. Við áttum ekki von á öðru en að þessu yrði kippt fljótt í liðinn og við gætum haldið áfram með eldamennskuna. En, nei, ekki alveg. Við erum yfirleitt með marga í mat á aðfangadagskvöld og þarna voru allir gestirnir mættir og orðnir mjög spenntir fyrir jólasteikinni. Og svo hófst biðin. Og enn var beðið. Rafmagnið kom ekki fyrr en eftir fjóra tíma og þetta endaði þannig að við borðuðum jólamatinn klukkan hálf tólf. Þetta varð því mjög langur en góður og eftirminnilegur aðfangadagur – og okkur tókst meira að segja að bíða með pakkana þangað til eftir mat.

## Súkkulaði og ný bók best



**Katrín Jakobsdóttir** Elsti sonur minn fæddist í desember 2005 og þann aðfangadag ákváðu nánast allir að koma í heimsókn og óska okkur til hamingju. Þessar heimsóknir stóðu langt fram eftir degi og voru auðvitað frábærar en höfðu þær afleiðingar að klukkan fimm var hangikjötið ekki komið í pott, eldhúsið í rúst, jólapappírinn ennþá í rúllum og alls ekki utan á gjöfunum, og barnið náttúrulega grátandi.

Við vorum með gesti þennan aðfangadag og allt fór þetta öðruvísi en ætlað var, meðal annars kom í ljós að ýmisleg nauðsynleg eldhúsáhöld til að gera hangikjöt og uppstúf voru ekki til í húsinu. Jólin komu auðvitað fyrir því og voru góð en samt hef ég alltaf spilað þá leikfléttu að vera eins undirbúin og mögulegt er fyrir matargerð á aðfangadag! Bestu stundir jólanna eru hins vegar þegar matarstússinu er lokið og ég get sest niður með bók við kertaljós og fæ að drekka í mig nýjan skáldskap íslenskra höfunda. Við megum vera þakklát fyrir alla þá frábæru rithöfunda sem skrifa handa okkur sögur og ljóð og veita okkur nýja sýn á lífið og listina. Og svo er það auðvitað ekki slæmt ef kona kemst í smá súkkulaði á meðan á lestri stendur.

**KLUKKAN FIMM VAR HANGIKJÖTIÐ EKKI KOMIÐ Í POTT, ELDHÚSIÐ Í RÚST, JÓLAPAPPÍRINN ENNÞÁ Í RÚLLUM OG ALLS EKKI UTAN Á GJÖFUNUM, OG BARNIÐ NÁTTÚRULEGA GRÁTANDI**

## Keppnisjólin eftirminnanleg



**Katrín Júlíusdóttir** Jólin eru tími afslöppunar og samveru hjá okkur fjölskyldunni þar sem mottóið er að ef eitthvað gleymist þá bara gleymist það. Við fáum hluta af stórfjölskyldunni á aðfangadag og allir fá sitt, hnetusteik eða hamborgarhrygg. Við byrjum að borða þegar við erum tilbúin og allir frekar stresslausir. Þetta hefur þó ekki alltaf verið svona. Í uppvexti mínum fórum við alltaf utan um jól. Það kom þó að því að haldin voru jól hér heima á menntaskólaárunum. Ég, pabbi og bræður mínir undirbjuggum jólahátíðina. Ég tók þetta alla leið. Aðventan var eftir bókinni, kort skrifuð, aðventukransar, smákökubakstur og jólagjafakaup. Kvöldverðurinn sjálfur var undirbúinn afar vandlega og skipulagður með margra mánaða fyrirvara, slíkur var spenningurinn. Svo á aðfangadag sjálfan var sest til borðs á slaginu sex, kveikt á messu og borðað. Í kjölfar opnaðir pakkar og lesið á kort. Þegar öllu var lokið litum við á klukkuna og þá var hún hálf átta. Skipulagið var sumsé svo mikið að við trukkuðum jólin í gegnum excel á methraða! Síðan þá minnumst við þessara jóla sem keppnisjólanna miklu, hlæjum og munum eftir því að slaka á!

**SKIPULAGIÐ VAR SUMSÉ SVO MIKIÐ AÐ VIÐ TRUKKUÐUM JÓLIN Í GEGNUM EXCEL Á METHRAÐA!**

## Stórskrítin í aðdraganda jóla



**Ólöf Nordal** Ætli þau heima hjá mér segi mig ekki verða stórskrítna í aðdraganda jóla. Einatt heyri ég, þegar krakkarnir detta inn úr dyrunum í byrjun desember: Mamma! Ekki ertu enn og aftur að hlusta á drengjakórana!? Ójá, allan desember spila ég enska drengjakóra í bland við djassaða jólamúsík. Ég verð víst að gangast við því að vera jólabarn. Um jólin nýt ég þess að nostra heima við og hægja á öllu gangverkinu á heimilinu. Stundum á ég það þó til að gleyma mér í gleðinni og jólameðlætinu. Á ekki enn almennilega hrakfallasögu en fyrir þremur árum höfðum við rétt lokið við jólamáltíðina þegar sonur minn spyr, þungur á brún, hvers vegna ég sleppti Waldorfsalatinu þessi jólin en það er í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Í öllu meðlætisfarganinu hafði það gleymst í ísskápnum.

Annars eru jólin róleg og fjölskyldan nýtur þess að vera saman. Við höfum þann „sið“ á jóladag að leggjast upp í sófa, öll saman, og horfa á allar myndirnar um Hringadróttinssögu. Í lengri útgáfu, 12 tímar, bannað að gera hlé. Maðurinn minn sest þó ekki upp í sófa fyrr en um miðja þriðju mynd, en hann segist ekki skilja alveg þetta „gigg“. En þessar kvikmyndir ríma ágætlega við áhuga minn á ævintýrum og þjóðsögum af öllu tagi.

Bækur á borðum, jólailmur um húsið, músík á fóninum og Hringadróttinssaga. Þá eru jólin komin.

**MAÐURINN MINN SEST ÞÓ EKKI UPP Í SÓFA FYRR EN UM MIÐJA ÞRIÐJU MYND, EN HANN SEGIST EKKI SKILJA ALVEG ÞETTA „GIGG“.**

## Jólin og mamma



**Svanhvít Svavarsdóttir** Á þessu ári eru tíu ár síðan mamma dó og mikið óskaplega sakna ég hennar. Hún var vinkona mín, húmoristi, sniðug og heimspekileg og við áttum saman öll jól frá því ég fæddist og þar til hún dó. Allar mínar jólaminningar og margar jólahefðir eru tengdar henni og okkar samveru. Ótal minningar um rjúpnahamflettingar og Gammeldansk, ilmandi lyng í bolla, fóarn og hjarta. Waldorfsalatið og stóra kúnstin við að brúna kartöflur. Best að gera fjall af sykri og vera þolinmóð. Mjög þolinmóð. Hvítöl í könnunni og vanilluís á eftir. Rjúpurnar, bundnar upp, steiktar í smjöri. Bara nota viðarverkfæri. Aldrei málm. Svo er mikilvægt að tala við rjúpurnar. Kærleikur og húmor er mikilvægur við matargerð. Nostur og sérviska. Einföld hráefni. Fá og góð. Alls konar lærdómar frá ári til árs, frá konu til konu. Og svo komu börnin og brúna núna kartöflur eins og amma sín. Sjaldan en með sérviskunni. Það þykir mér vænt um. Svo vaska upp. Ekki taka upp pakka strax. Syngja marga sálma. Allt of marga í bernskuminningunni en seinna hæfilega marga. Nóttin var sú ágæt ein. Sálmabókin gamla og píanóið. Og svo Fígarótertan sem á rætur aftur á 19. öld, kynslóð fram af kynslóð. Sagan í kökunni. Sögukaka. Hlýjar og mjúkar sögur, upprifjanir og söknuður og kertaljós. Jólin eru núið og þáið í einni bendu. Fjölskyldan og samveran. Blessuð jólin.

**HÚN VAR VINKONA MÍN, HÚMORISTI, SNIÐUG OG HEIMSPEKILEG OG VIÐ ÁTTUM SAMAN ÖLL JÓL FRÁ ÞVÍ ÉG FÆDDIST OG ÞAR TIL HÚN DÓ.**

# „Algjörlega frábær bók!“

Egill Helgason / Kiljan






★★★★★

„… einstaklega vel heppnuð og falleg bók sem setur ferskan tón í ævisagnaritun á Íslandi.“

Magnús Guðmundsson / Fréttablaðið

„… það er í þessari bók einhver kjarni sem maður er oft að leita að í miklu stærri ævisögum.“

Haukur Ingvarsson / Kiljan

## „Mikilvæg bók.“

Birna Bjarnadóttir / Víðsjá

„Það besta sem Guðmundur Andri hefur gert og hefur þó gert margt gott.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

★★★★½

„Framúrskarandi vel lukkað og hjartnæmt verk … Tvímælalaust ein af athyglisverðustu og bestu bókum ársins.“

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

★★★★½

„… sérlega falleg, persónuleg og vel skrifuð … ein besta bók Guðmundar Andra …“

Ingi Freyr Vilhjálmsson / Stundin

## „Ég táraðist undir lokin.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Thor stígur algjörlega ljóslifandi af þessum síðum …“

Egill Helgason / Kiljan

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Jólaandinn lykt af nýjum bókum

**Óttar Proppé** Flest mín fullorðinsár hef ég unnið sem bóksali þó ég hafi gert hlé á því lífsstarfi til að þjóna pólitísku vafstri. Þegar maður vinnur í bókabúð felst aðdragandi jólanna í því að vera í vinnunni, alla daga, fram á kvöld og eiginlega þangað til maður nær að skjótast heim í snöggt bað, áður en klukkurnar hringja inn jólin. Fyrir mér er jólaandinn það sama og lyktin og spenningurinn yfir nýjum bókum. Eitt árið komu til mín tveir ungir bræður, sennilega hvor sínum megin við tíu ára aldurinn og báðu mig að hjálpa sér að finna spennandi bók handa pabba sínum. Ári seinna voru þeir mættir aftur fyrir jólin og á hverju ári eftir það. Aldrei hitti ég þessa bræður á öðrum árstíma. En alltaf fyrir jólin voru þeir mættir og við spjölluðum saman og fundum lesefni fyrir pabba. Síðast þegar ég hitti þá bræður voru þeir orðnir mikið stærri en ég og með sín eigin börn. Þegar ég finn lyktina af nýrri bók að kvöldi aðfangadags þá leitar hugurinn gjarnan til þeirra bræðra og ég velti því fyrir mér hvað þeir séu nú að lesa.



**ÞEGAR ÉG FINN LYKTINA AF NÝRRI BÓK AÐ KVÖLDI AÐFANGADAGS ÞÁ LEITAR HUGURINN GJARNAN TIL ÞEIRRA BRÆÐRA OG ÉG VELTI ÞVÍ FYRIR MÉR HVAÐ ÞEIR SÉU NÚ AÐ LESA.**

# Síðasta gjöfin keypt á aðfangadag

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** Ég er mikill jólakall og hef alltaf haft gaman af jólunum og aðdraganda þeirra. Þar skipta ýmsar hefðir máli, allt frá því að horfa á Christmas Vacation með fjölskyldunni að því að hlusta saman á útvarpsmessuna og jólasálma á aðfangadag.

Jólaundirbúningurinn hefur reyndar breyst dálítið frá því að ég hóf þátttöku í stjórnmálum því að það er iðulega mikið um að vera í þinginu í desember. Svo verður auðvitað margt sem tengist jólunum enn skemmtilegra þegar maður eignast börn og fer að upplifa jólin með þeim.

Ég vil vera á Íslandi um jólin því mér finnst ákaflega skemmtilegt hvernig þjóðin öll tekur þátt í hátíðarhöldunum. Það skapar mikla samkennd og sterkan jólaanda.

Ég sé fram á að fylgja áfram ýmsum hefðum þessi jólin meðal annars þeirri hefð að kaupa gjafirnar á Þorláksmessu og svo þá síðustu að morgni aðfangadags.



**ÞAR SKIPTA ÝMSAR HEFÐIR MÁLI, ALLT FRÁ ÞVÍ AÐ HORFA Á CHRISTMAS VACATION MEÐ FJÖLSKYLDUNNI AÐ ÞVÍ AÐ HLUSTA SAMAN Á ÚTVARPSMESSUNA OG JÓLASÁLMA Á AÐFANGADAG.**

# Stórfjölskyldan kemur saman

**Vigdís Hauksdóttir** Við erum sex systkinin og afkomendur foreldra okkar 43 – með mökum erum við yfir 60. Frá því ég man eftir mér hefur stórfjölskyldan komið saman á jóladag og borðað hangikjöt með alles. Á góðum stundum köllum við okkur mafíuna. Lengst af var jólaboðið haldið á æskuheimili mínu, Stóru-Reykjum í Hraungerðishreppi. Húsið er tvílyft og setið í hverjum krók og kima. Á ákveðnum tímapunkti vorum við neydd til að flytja veisluna í sal. Við systkinin skiptum okkur upp í þrjú holl – sem hafa umsjón með boðinu – kaupum inn, undirbúum, tökum á móti, rukkum inn og göngum frá. Allt víkur fyrir jóladagsboðinu. Þegar nýir kærastar/kærustur eru kynntar fyrir fjölskyldunni þá er það gjarnan gert á jóladag og eftir það er ekki aftur snúið – allt annað víkur á jóladag hjá nýjum „tengdameðlimi“. Allir mæta uppábúnir – þrátt fyrir kuldagalla og skóflur í skottinu. Það er nefnilega svo að rúmlega helmingur fjölskyldunnar býr í Reykjavík og boðið er haldið fyrir austan fjall. Hefðbundin dagskrá er á þá leið að fyrst er sest að snæðingi – síðan tekur hið stórkostlega bingó við – undir stjórn bingóstjóranna Brynju og Auðuns. Flestir koma með pakka og leggja í bingópúkkið. Síðan er spurningakeppni milli afkomenda okkar systkinanna – þrír og þrír í liði – Reykjavík á móti Suðurlandi. Þessi samvera er ómissandi hluti af jólunum og hef ég aldrei misst úr dag í 50 ár.



**ÞESSI SAMVERA ER ÓMISSANDI PARTUR AF JÓLUNUM OG HEF ÉG ALDREI MISST ÚR DAG Í 50 ÁR.**

# Andsósíalískur jólahúmor

**Össur Skarphéðinsson** Ég átti ógleymanleg jól með gömlum breskum verkamanni þegar ég endur fyrir löngu stundaði rannsóknir við stóra hafrannsóknarstöð út við ströndina á austasta hluta Bretlands. Ég var að koma úr villta vinstrinu í íslenskri stúdentapólitík en skoðanir hans voru yst til hægri. Við smullum saman eins og járn og segull. Kannski af því hann var mesti sagnamaður sem ég hef hitt.

Rétt fyrir jólin tilkynnti Francis mér hátíðlega að þau hjónin hefðu ákveðið að við yrðum með stórfjölskyldunni á jóladag – og ættum ekkert val. Við mættum um hádegi. Þau fóru með okkur í langa göngu um fagran skóg og við enduðum með gifturíkri heimsókn á enska skógarkrá. Um kvöldið var veisla með stórfjölskyldunni, spilað, sungið og dansað. Þetta er ein hlýjasta jólaminningin sem ég á, og á hverjum jólum minnist ég míns gamla, löngu gengna félaga með miklum söknuði.

Um kvöldið faðmaði hann mig innilega, kannski hreifur, og sagði: „I'm crazy guy“ og sagðist elska Íslendinga af því þeir væru líka galnir. Svo rétti hann mér innpakkaða jólagjöf, og horfði sposkur þegar ég tók utan af henni. Francis var líka húmoristi. Gjöfin var bók sem bar með sér einlæga ósk um pólitíska endurfæðingu. Hún hét „The Evil of Socialism“.



**ÞETTA ER EIN HLÝJASTA JÓLAMINNINGIN SEM ÉG Á, OG Á HVERJUM JÓLUM MINNIST ÉG MÍNS GAMLA, LÖNGU GENGNA FÉLAGA MEÐ MIKLUM SÖKNUÐI.**

# Mikilvægt að láta gott af sér leiða

**Birgitta Jónsdóttir** Í skammdeginu eru jólin birtuhátíð sem sameinar fjölskyldur í uppskeruhátíð ljóss og friðar og gleðigjafa til annarra. Staðalmyndir allsnægta dynja á og flestir bíða þeirra með tilhlökkun í hjarta. En fyrir allt of marga er þetta þungbærasti tími ársins, tilraunir til sjálfsvígs eru margar, einmanaleiki magnast hjá einstæðingum og margir eiga ekki fyrir mat, hvað þá jólagjöfum til að gleðja aðra.

Skammdegið hellist yfir með dimmu og kulda, vanmætti og þunglyndi. Gleymum ekki þeim sem eiga um sárt að binda. Gleymum ekki hversu margir þurfa að standa í kulda og trekki í löngum biðröðum eftir matarúthlutunum. Gleymum heldur ekki þeim sem velkjast úti á dimmu hafi í hriplekum bátum með þá einu von í brjósti að fá að upplifa frið frá stríði, ofbeldi og hungri. Andi jólanna eru gjafir, en þær gjafir eiga og mega aldrei bara snúast um veraldlegar gjafir heldur verk, orð og efndir sem endurspegla hinn sanna anda jólanna.

Ég lærði eitt sinn að endurmeta gervalla tilveru mína á aðfangadag, en þann dag hvolfdist vonleysið yfir föður minn og hann hvarf í stormi og hríð í hrollkalt fljót og hefur aldrei fundist. Jólin eftir það voru oft dauf og eins og skopmynd en löngu síðar lærði ég að fagna gleðinni í augum barna minna og gerði allt sem ég gat til að tryggja að birtuhátíðin væri hátíð gleði og samveru þó við værum fá og oft fátæk í efnislegum gæðum. Ég lærði eitt sinn að ef manni líður illa þá er besta leiðin til að líða betur að hjálpa einhverjum sem líður verr. Mér finnst það ef til vill fanga best anda jólanna.



**GLEYMUM EKKI HVERSU MARGIR ÞURFA AÐ STANDA Í KULDA OG TREKKI Í LÖNGUM BIÐRÖÐUM EFTIR MATARÚTHLUTUNUM.**

# Hart barist um möndluna

**Björt Ólafsdóttir** Ég á margar fallegar minningar frá jólahaldi og -hefðum fjölskyldu minnar. Ein hefð sker sig þó úr, og er ef til vill harla óvenjuleg. Sú snýst ekki um frið í hjarta og hátíðleika. Nei – hún er slagur. Fjölskylduslagur um möndluna í grautnum.

Í hádeginu á aðfangadegi höfðum við safnast saman, sumir enn á náttfötunum, aðrir með svuntu, að hefja matargerð. Enn aðrir með hey í hárinu búnir að gefa búfénaði ríflega því það voru jú jól.

Þannig var sest við eldhúsborðið. Í loftinu ríkti spenna og keppnisandinn skein úr augum. Engin miskunn.

Mamma faldi sig inni í búri á meðan hún henti möndlunni ofan í pottinn og þegar hún steig fram í eldhúsið mætti henni ekki prúð fjölskylda með fallega borðsiði. Þarna var mættur hálfgerður skríll sem æpti og gargaði: Gefðu mér fyrst! Ég vil meira!

Miskunnarlaust óðum við ofan í disk næsta manns, hrærðum og reyndum að finna og ræna möndlunni. Allir átu á sig gat. Ekki vegna þess að þeim fannst grauturinn svo góður (sorrí, mamma) heldur vegna þess að mandlan var ófundin. Maður skyldi vinna! Ef mandlan svo lenti á réttum stað, sagði maður engum frá því strax, heldur naut í kvikindisskap á meðan maður horfði á hina belgja sig út.

Verðlaunin voru oftast eitthvert jólanammi. En þau skiptu engu máli. Takmarkið var að sigra fjölskyldumeðlimina í þessari brjáluðu keppnisgrein.



**Í LOFTINU RÍKTI SPENNA OG KEPPNISANDINN SKEIN ÚR AUGUM. ENGIN MISKUNN.**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

## Jóladagatal

### Nýtt jólatilboð

*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

18% afsláttur




2,9 kg

**3993 kr. dósin**

Verð áður ~~4869~~ kr. dósin

Mackintosh dós, 2,9 kg

* Gildir 19. og 20. desember 2015




**1698 kr. kg**

Hátíðarlambalæri, án mjaðmarbeins

Hátíðarlambalæri Engu öðru líkt!




Vinsælasta hangikjötið ár eftir ár

ÍSLENSKT

**2595 kr. kg**

Sambands hangilæri, úrbeinað




Mest seldi hryggurinn í Krónunni

ÍSLENSKT

**1299 kr. kg**

Krónan hamborgarhryggur




4,8 kg

**1833 kr. kg**

Verð: 8799 kr. stk. 4,8 kg

Aligæs, 4,8 kg

Frönsk gæði á aðfangadag




**3899 kr. kg**

Franskar Berberie andabringur

Nýtt



**3290 kr. kg**

Kalkúnaskip með salvíusmjöri

2,6 kg

Stærri önd Betri kaup




18% afsláttur

**1153 kr. kg**

Verð áður ~~1422~~ kr. kg

Julius önd, 2,6 kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



Það sem heillar mig við þetta verk er að allar hindranirnar sem verða á vegi okkar í lífinu eru í þessu verki, segir Nína Dögg.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Við getum öll lent í því að fara út af sporinu

Sporvagninn Girnd er jólafrumsýning Þjóðleikhússins í ár og þar tekst **Nína Dögg Filippusdóttir** á við hlutverk Blanche, einnar af merkustu kvenpersónum leikbókmenntanna. Nína Dögg segir að það sé samhljómur með lífi okkar allra og þessarar tættu sálar.

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is



Þrátt fyrir dimma og skamma daga í aðdraganda jólanna eru dagarnir langir hjá Nínu Dögg Filippusdóttur leikkonu. Fram undan er frumsýning í Þjóðleikhúsinu á annan dag jóla á hinu víðfræga verki Sporvagninn Girnd, eftir Tennessee Williams, í leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Þar tekst Nína Dögg á við eina þekktustu kvenpersónu leikbókmenntanna, hina viðkvæmu og brothættu Blanche DuBois, sem má muna sinn fífil fegurri.

Nína Dögg gefur sér engu að síður stundarkorn til þess að tylla sér niður og það kemur skemmtilega á óvart þegar hún segir að það sé ekkert erfitt að leika þessa Blanche, þessa sundurtættu sál. „Nei, nefnilega ekki. Mér þykir svo vænt um hana og hún á sér svo margar birtingarmyndir. Það er Blanche í okkur öllum, bæði konum og körlum. Hún segir sögu svo margra. Þetta er svo ótrúlega vel skrifuð persóna og gott verk, enda er búið að setja þetta upp úti um allan heim aftur og ítrekað og það er enn þannig. Svona verk rata stöðugt á fjalirnar vegna þess að þau hreyfa við fólki.“

Í Sporvagninum Girnd segir frá Blanche sem þarf að leita ásjár hjá Stellu systur sinni og Stanley eiginmanni hennar eftir að hafa beðið skipbrot í lífinu. Verkið er hlaðið sammannlegum innri sem ytri átökum og hefur heillað áhorfendur um allan heim allt frá því það kom fyrst á fjalirnar árið 1947.

**Það ætlar sér enginn þangað**

„Það sem heillar mig er að allar þær hindranir sem verða á vegi okkar í lífinu eru þarna. Þessar persónur hlusta ekki hver á aðra, Blanche reynir statt og stöðugt að segja þeim sannleikann, en það hlustar enginn. Stanley hlustar ekki á Stellu, Stella reynir að breiða yfir Blanche og þannig sökkva þau í sífellu dýpra. Í þessari konu get ég pikkað upp ➡

**EITTHVAÐ Á STÆRÐ VIÐ ALHEIMINN** EFTIR **JÓN KALMAN STEFÁNSSON**

# „MAKALAUST MAGNAÐ“

– KILJAN

★★★★★

– INGI FREYR VILHJÁLMSSON, STUNDIN



2015 LIRE

BESTA ERLENDA SKÁLDSAGAN Í FRAKKLANDI

4. sæti
BÓKSÖLULISTINN
ÍSLENSK SKÁLDVERK
7.12-13.12

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning




*„Hann spilar á mig einsog hljóðfæri, ég græt ofan í bækurnar hans.“*
SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR, KILJUNNI

*„GLÆSILEG skáldsaga! Makalaust magnað!“*
ÞORGEIR TRYGGVASON, KILJUNNI

★★★★★

*„Áhrifamikil saga um ástina og dauðann sem sýnir hvernig fegurðin getur búið í sársaukanum.“*
ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

➡ alla vini mína, alla sem mér þykir vænt um og sjálfa mig líka, með einum eða öðrum hætti, því hún er svo sammannleg. Þetta er kona á fertugsaldri sem hefur upplifað ýmislegt eins og við gerum öll, annað væri það nú. Það er eitthvað í henni sem hefur ýtt henni á þennan stað þar sem hún er af því að það fer enginn áfallalaust í gegnum lífið."

Drykkja, pillur og ofbeldi er því miður á meðal þess sem margir þekkja af eigin raun í veruleika persónanna í Sporvagninum Girnd. Nína segir að þetta sé dapurlegur veruleiki en veruleiki engu að síður. „Þú lendir á einhverjum stað í lífinu. Þú lendir í sorg. Þú lendir í áfalli. Og leiðin þín til þess að takast á við það er að þú byrjar að deyfa þig og svo nærðu einhvern veginn ekki tökum á því og svo þarftu að breiða yfir. Breiða yfir sannleikann og sársaukann. Breiða yfir það sem meiðir þig mest. Hvaða meðal er best til þess? Það ætlar sér enginn að fara þangað. Það ætlar sér enginn þessa leið í lífinu. Það ætlar sér enginn að verða fyllibytta eða róni eða fíkill og öll getum við misst tökin á lífi okkar."

**Út af sporinu**

Nína Dögg staldrar við og hugurinn reikar annað en til sviðsins og út fyrir kaffispjallið. Þessi orð taka á. „Fyrir mína parta á þetta ótrúlega mikið erindi í dag. Það er svo mikill hraði. Það gefur sér enginn tími til þess að hlusta á neinn. Við þurfum bara aðeins að stoppa og horfast í augu. Tala saman.

Það er svo auðvelt að missa tökin ef maður er ekki vakandi fyrir því að passa miðjuna og sjálfið. Það eru auðvitað fleiri og fleiri tæki í dag sem við höfum en á þeim tíma sem þetta verk var skrifað, en í dag geturðu fengið áfallahjálp og farið til sálfræðings. Það er ekkert tabú lengur. Maður segir bara: Ertu ekki með þerapista? Æ, leiðinlegt fyrir þig. Þú ert að missa af svo miklu. Því í dag er alveg jafn sjálfsagt að rækta sálina og að rækta kroppinn. En auðvitað getum við öll lent í því að grípa í vitlaust haldreipi og fara út af sporinu, þá getur verið erfitt að finna leiðina til baka."

Nína Dögg segir að auðvitað sé líka fullt af hennar lífi þarna í þessu verki. Í þessari brotnu manneskju. „Hver hefur ekki sagt hvíta lygi? Hver hefur ekki reynt að fegra veruleikann með smá hvítri lygi? Hver hefur ekki reynt að deyfa sig af því að honum líður illa? Hver hefur ekki tekið feilspor undir áhrifum áfengis? Og það eru stærstu mistök sem þú getur gert. Þetta er ég og þetta er hún og þetta ert þú.

**Sársaukinn í mínu lífi**

Blanche missir ástina sína og fer út af sporinu. Drekkur í laumi og reynir ýmislegt. Síðan hættir hún að drekka í laumi og fer að drekka fyrir allra augum. Skref fyrir skref. Ef maður vinnur ekki í sér þá leiðir alkóhólisminn til geðveiki eða dauða. Valið er þitt. En oft skemmist fólk á leiðinni og þá verður erfitt að velja. Maður hefur séð svona og það er alveg í minni fjölskyldu. Ég hef þurft að horfa á náinn einstakling fara ótrúlega illa með líf sitt og það er hrikalegur sársauki sem fylgir því – ekki aðeins fyrir viðkomandi manneskju heldur alla í kringum hana. Alla ástvini. Allir búnir að reyna að gera allt en fíknin ræður. Það eru svo margir í þessari baráttu. Það eru svo margir að takast á við þetta og ég held að við komumst aldrei að hinu eina sanna um fíknina.

Núna þegar ég er að takast á við þessa konu, þetta hlutverk, þá er ég óneitanlega að upplifa þennan sársauka sem hefur orðið á vegi mínum í lífinu. Af því að ég sé hana í þeim sem stendur mér nærri. Hún stoppar ekki. Hún er föst á sporinu en langar að stoppa. Hún er með alls konar tæki til að reyna og er að skjóta upp fullt af blysum á leiðinni en breiðir um leið yfir allt."

**Heimar sem skarast**

Það er dálítið erfitt að átta sig á því hvort Nína Dögg er að tala um



Nína Dögg segir að söknuðurinn eftir Sjonna bróður sé mikill en það sé líka gaman að sjá hversu mikið af honum er í börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

EN AUÐVITAÐ GETUM VIÐ ÖLL LENT Í ÞVÍ AÐ GRÍPA Í VITLAUST HALDREIPI OG FARA ÚT AF SPORINU, ÞÁ GETUR VERIÐ ERFITT AÐ FINNA LEIÐINA TIL BAKA.

Blanche eða raunverulega manneskju sem stendur henni nærri en það breytir kannski ekki öllu. Nína Dögg leggur líf og sál í það sem hún gerir í leikhúsinu og því skarast þessir heimar. Lífið fylgir henni inn í leikhúsið og leikhúsið fylgir henni út í lífið.

„Hún er alltaf með mér. Ég fór í ræktina áðan og hún mætti með mér þangað. Það var eitthvert lag sem ég var að hlusta á og þá hugsaði ég bara: Guð minn góður, þetta er hún. Svo fórum við til Amsterdam, vinkonurnar, svona fertugs ferð, og hún var sko með, maður. Partí!" segir Nína Dögg sem hlær að Blanche og sjálfri sér. „Svo var aðeins verið að fá sér í þessari ferð og hún lét það sko ekki fram hjá sér fara. Ég tók Blanchedansinn fyrir stelpurnar á hótelherberginu og allan pakkann. Þannig að ég get ekki neitað því að hún tekur alveg yfir á köflum. En ég er bara svo vel gift að það bjargar mér."

**Sjonni bróðir**

Nína Dögg er gift leikaranum, leikstjóranum, handritshöfundinum og framleiðandanum Gísla Erni Garðarssyni svo það er mikið listalíf á heimilinu. „Við eigum saman tvö börn. Rakel Maríu níu ára og Garðar Sigur fjögurra ára, en hann heitir Sigur í höfuðið á bróður mínum, Sjonna Brink heitnum."

Tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink varð bráðkvaddur á heimili sínu aðeins þrjátíu og sex ára gamall árið 2011. Sigurjón var einstaklega vinsæll og vinmargur maður en ásamt Nínu Dögg og Gísla Erni tók hann þátt í stofnun Vesturports. „Ég sé nú ótrúlega mikið af honum Sigurjóni í stráknum mínum. Húmorinn, blíðlyndið og hlýjuna. Hann elskar alla tónlist og maður sér hvernig tónlistin fer inn í kroppinn á honum svo hann iðar af ánægju. Það er líka svo gaman að horfa á börnin hans Sigurjóns. Aron var í The Voice og er búinn að syngja á tónleikum og dóttir hans fimmtán ára syngur alveg eins og engill líka. Svo eru það guttarnir tveir. Öll alveg dásamleg.

En svo er Árni bróðir líka í listum, hann er tökumaður, þannig að við erum öll í þessu. Þetta er greinilega svona sterkur strengur og mikil þörf í okkur. Sigurjón var líka með alveg einstaka lund. Ég man að þegar hann var að sækja um vinnu og svona, þá sagði hann: „Ég fer bara inn og svo segi ég bara þið verðið að fá mig í vinnu. Þið viljið ekki missa af því." Og fólk horfði bara á hann og sagði já. Efaðist ekki eitt andartak og enginn sá eftir því. Hann var engum líkur.

En það er dáldið erfiður tími núna eins og er alltaf um jólin en hann er alltaf með okkur. Gleðin, hlýjan og tónlistin. Þetta er erfitt og ég á engin fleiri orð um það. Stundum er ekkert meira að segja."

# „Hinn íslenski Dostojevskí."

FB/FT

„Syndarinn er skrifuð af miklum þrótti og
miklu öryggi hins þjálfaða nóvelista …"

EK / DV

## „Eftirmálinn bindur þéttan enda á söguna og gerir hana að meistaraverki."

HH / HUGRÁS




UM *MÁLARANN*:

★★★★½

BÞA / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

JYJ / FRÉTTABLAÐIÐ



Ólafur Gunnarsson kann að flétta saman stóra og margradda skáldsögu af mikilli list og hann horfir inn í myrkviði mannssálarinnar án þess að líta undan og án þess að dæma.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **20. desember** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALLT FYRIR ÞORLÁKSMESSUVEISLUNA

**798** kr. stk.
**Rjúpa**
Frosin, 350-450 g, Bretland

**2.198** kr. kg
**Kalkúnabringa**
Frosin, 98% kjöt, Þýskaland

**998** kr. kg
**Norðanfiskur Saltfiskbitar**
Útvatnaðir, frosnir

**1.259** kr. kg
**Fiskbúðin okkar Skata**
Kæst og söltuð

# GOTT VERÐ Í BÓNUS!

Heildós

**398** kr. 825 g
**Del Monte Blandaðir ávextir**
825 g

**179** kr. pk.
**Lindu Ískex**
100 g

**698** kr. 2 l
**Kjörís Mjúkís**
4 tegundir, 2 l

**259** kr. 820 g
**Heima Jarðarber**
Heil, 820 g

**259** kr. 550 ml
**Bónus Matarrjómi**
15%, 550 ml

**459** kr. 400 g
**Nice Villisveppir**
Frosnir, 400 g

**798** kr. 1 l
**MS Rjómi**
36%, 1 l

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

## OPNUNARTÍMI
í desember og yfir hátíðirnar

| | |
|---|---|
| 19. DES. LAUGARDAGUR | 10-20 |
| 20. DES. SUNNUDAGUR | 11-19* |
| 21. DES. MÁNUDAGUR | 10-20 |
| 22. DES. ÞRIÐJUDAGUR | 10-21 |
| 23. DES. MIÐVIKUDAGUR | 10-22 |
| 24. DES. FIMMTUDAGUR | 10-14 |

MILLI JÓLA OG NÝÁRS

| | |
|---|---|
| 27. DES. SUNNUDAGUR | 12-18 |
| 28. DES. MÁNUDAGUR | 11-18:30 |
| 29. DES. ÞRIÐJUDAGUR | 11-18:30 |
| 30. DES. MIÐVIKUDAGUR | 10-20 |
| 31. DES. FIMMTUDAGUR | 10-15 |

* EINNIG OPIÐ Í SKÚTUVOGI

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Fjöldi frumvarpa ráðherra á þessu kjörtímabili



| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | Eygló Harðardóttir | Bjarni Benediktsson | Kristján Þór Júlíusson | Ragnheiður Elín Árnadóttir | Hanna Birna Kristjánsdóttir Ólöf Nordal | Illugi Gunnarsson | Sigurður Ingi Jóhannsson | Sigrún Magnúsdóttir | Gunnar Bragi Sveinsson |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 (+6 sem dómsmrh.) | 29 | 60 | 18 | 30 | 59 | 16 | 33 (+15 sem umhvrh.) | 10 | 5 |

### Heildarfjöldi þingmála eftir kjörtímabilum 1991-2015




### Dagar á milli ríkisstjórnarfunda yfir sumartímann frá 2009




### Fjöldi daga sem liðið hafa á milli ríkisstjórnarfunda




# Rólegt á stjórnarheimilinu

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar hefur verið sökuð um verkleysi og að mál komi seint og illa til þingsins. Frá því ríkisstjórnin tók við völdum hefur hún skilað 289 frumvörpum til þingsins. Fréttablaðið bar saman afköst sitjandi stjórnar við afköst síðustu ríkisstjórna sem setið hafa við völd á Íslandi.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Ríkisstjórn Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar var mynduð á Laugarvatni í Bláskógabyggð, laugardaginn 22. maí árið 2013, eftir mikinn kosningasigur Framsóknarflokksins í kosningum mánuði áður. Fráfarandi ríkisstjórn galt afhroð í kosningum og í farteskinu hafði ný ríkisstjórn bjartsýni landsmanna til að láta gott af sér leiða og koma landinu endanlega upp úr öldudal hrunsins 2008.

**Frumvörp seint til þings**

Á þessu kjörtímabili sem nú er ríflega hálfnað hefur heyrst að þessi ríkisstjórn sem nú sitji sé fremur sein til verka og lítið að gera á hinu háa Alþingi. Formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins hefur einnig látið hafa eftir sér að þingmál ríkisstjórnar komi seint og illa til þings. Stjórnarandstaðan hefur keppst við að halda því fram að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs sé með lötustu ríkisstjórnum sem setið hafa við völd og verkstjórnin sé í molum á stjórnarheimilinu.

Áður hafa birst fréttir af málaþurrð ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Frumvörp ráðherra hans virðast oft og tíðum festast á einhverjum ótilgreindum stöðum í kerfinu. Illugi Gunnarsson bíður enn eftir að koma fram með frumvarp sitt um fjármagn til Ríkisútvarpsins og Eygló Harðardóttir tók til þess bragðs að senda orkustangir til fjármálaráðuneytisins til að ýta á eftir sínum málum.

**Stjórnarliðar gagnrýndir**

Tveir formenn nefnda á þingi hafa einnig kvatt sér hljóðs á Alþingi til að lýsa yfir vonbrigðum með málaþurrð ríkisstjórnarinnar. „Hér liggja í bunkum óteljandi þingmannamál, bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu, en þau komast ekki á dagskrá þrátt fyrir það að það sé málaþurrð. Því þá er búið að taka upp eitthvert kvótakerfi í forsætisnefnd sem leiðir það af sér að þingmenn koma ekki sínum málum á dagskrá. Þetta verður ekki vel við unað og tek ég undir með stjórnarandstöðunni í þessu máli,“ sagði formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, á þingi þann 10. nóvember. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjarnefndar, tók í sama streng í umræðunni. „Það var boðað í þingmálaskrá að fimmtíu mál myndu koma inn í nefndina, og nú þegar nóvember er að verða hálfnaður er eitt mál búið að koma inn og við í nefndinni að sjálfsögðu búin að afgreiða það úr nefnd.“

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi einnig að ekkert væri að gera í þinginu í ræðu þann 15. desember síðastliðinn. „Að mínu viti hafa störf þingsins dregið úr mér allan kraft og ánægju í allt haust. Ég hef lagt fram þrjár þingsályktunartillögur og eitt lagafrumvarp. Elsta málið af þessum mun verða þriggja ára innan nokkurra vikna og hin eru öll orðin tveggja ára gömul og hafa ekki fengist rædd í þinginu. Á sama tíma hefur atvinnuveganefnd ekki fundað vikum saman,“ sagði Ásmundur og var nokkuð niðri fyrir.

> AÐ MÍNU VITI HAFA STÖRF ÞINGSINS DREGIÐ ÚR MÉR ALLAN KRAFT OG ÁNÆGJU Í ALLT HAUST [...] Á SAMA TÍMA HEFUR ATVINNUVEGANEFND EKKI FUNDAÐ VIKUM SAMAN.
>
> Ásmundur Friðriksson, þingmaður

Fyrir upphaf haustþings setti ríkisstjórnin saman þingmálaskrá ráðherranna. Á þeim lista mátti finna rúmlega 129 þingmál sem áttu að koma til þings á þessu hausti og annað eins eftir áramót. Aðeins hafa á fimmta tug mála komið inn til þings af þessum 129 og munu þau því færast fram yfir áramót. Því er það borin von að þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar verði tæmd að þessu sinni.

**Færri frumvörp en í meðalári**

Fréttablaðið skoðaði fjölda lagafrumvarpa ríkisstjórna frá árinu 1991 til dagsins í dag. Þrjú fyrstu ráðuneyti Davíðs Oddssonar, frá árinu 1991 til 2003, skiluðu öll til þings yfir fimm hundruð lagafrumvörpum. Fór sú tala vaxandi með hverju kjörtímabilinu, eða frá 516 frumvörpum í fyrsta ráðuneyti Davíðs í 561 frumvarp frá 1999 til 2003. Næsta kjörtímabil sátu sömu tveir flokkar við völd þó að nokkuð oft hafi verið skipt um skipstjóra í brúnni. Það kjörtímabil skiluðu ráðherrar ríkisstjórnarinnar einnig um fimm hundruð lagafrumvörpum til þings.

## Í gegnum tíðina hafa stjórn og stjórnarandstaða tekist á um hvort sitjandi ríkisstjórn sé verklaus eður ei

**Þessi verklausa ríkisstjórn er auðvitað með allt niður um (forseti hringir) sig. Það er kannski líka gott því að þetta er svo ömurleg ríkisstjórn og það sem myndi frá henni koma væri ekki upp á marga fiska.**

Lilja Rafney Magnúsdóttir, VG, 24. nóvember 2015

**Hversu miklu lægra kemst ein verklaus ríkisstjórn, að þurfa að koma málunum sínum í gegn á nóttunni?**

Vigdís Hauksdóttir, Framsókn, 29. mars 2012

**Það er alveg með ólíkindum að horfa upp á verkleysi ríkisstjórnarinnar og hringlandahátt og hvernig komið er fram gagnvart undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.**

Birkir Jón Jónsson, 9. júní 2012

**Dapurlegur vitnisburður um ráðleysi og verkleysi ríkisstjórnarinnar og meirihlutans. Hér er engin tilraun gerð til að afla tekna með því að þeir leggi meira af mörkum sem helst eru aflögufærir.**

Steingrímur J. Sigfússon, VG, 22. desember 2008.

**Það gengur ekkert hjá þessari ríkisstjórn og það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni, að ríkisstjórnin er verklaus, hún kemur engu frá sér.**

Jón Kristjánsson 7. desember 1994

Því má segja að allt frá 1991 til ársins 2007 hafi nokkuð jafn gangur verið í framleiðslu lagafrumvarpa í ríkisstjórnum Íslands. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks var ekki langlíf og áður en hún sprakk í hruninu hafði hún lagt fram 208 frumvörp á þingi.

Fyrsta og eina hreina vinstristjórn Íslandssögunnar, sem sat frá árinu 2009 til ársins 2013, tók til óspilltra málanna eftir hrun og lagði fyrir þingið 663 lagafrumvörp. Er hún sú ríkisstjórn sem lagði fram flest frumvörp á einu kjörtímabili á því tímabili sem Fréttablaðið skoðaði.

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs, sem búin er að skila til þings næstum 300 frumvörpum á því nokkuð í land með að ná fyrri ríkisstjórnum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem skiluðu allar um og yfir 500 frumvörpum til þingsins.

**Sumarfrí ríkisstjórnar**

Sú nýlunda hefur átt sér stað síðustu tvö ár að ríkisstjórn Íslands hefur tekið sér sumarfrí frá ríkisstjórnarfundum. Á síðasta kjörtímabili liðu aldrei meira en tvær vikur á milli funda í ríkisstjórn. Í stjórnartíð vinstristjórnarinnar á síðasta kjörtímabili var fundað vikulega yfir sumartímann. Árið 2014 tók ríkisstjórn Sigmundar Davíðs 32 daga frí frá fundum í ríkisstjórn og í ár liðu 39 dagar á milli funda. Samt sem áður er fjöldi ríkisstjórnarfunda í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar alls ekki lítill ef marka má tölur frá þessari öld. Árið 2007 voru ríkisstjórnarfundir aðeins 44 talsins. Á þessu ári eru ríkisstjórnarfundir orðnir 71 talsins.

**Mælikvarði á gæði?**

Núverandi ríkisstjórn hefur oft á þessu kjörtímabili borið stöðu lands og þjóðar saman við þá stöðu sem uppi var þegar síðasta ríkisstjórn var við völd. Hagvöxtur hefur verið að taka við sér, atvinnuleysi minnkað, launakjör batnað hjá flestum hópum landsmanna og almenn hagsæld batnað ef marka má hagtölur. Eftir fjármálakreppu og kerfishrun árið 2008 hafa íslensk stjórnvöld náð góðum tökum á ástandinu. Ekki verður hér lagður dómur á það hvort fjöldi frumvarpa sé mælikvarði á góðar eða slæmar ríkisstjórnir og ólíklegt að svo sé. Hins vegar gæti samanburðurinn gefið vísbendingu um hvernig stjórnarliðið vinnur saman að því að koma frumvörpum til þings.

Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins...
www.versdagsins.is





**Blæjan** Fyrir um 8.000 árum sprakk stjarna í 2.100 ljósára fjarlægð í stjörnumerkinu Svaninum. Leifar hennar dreifðust um geiminn og rákust síðan á efni milli stjarnanna á 1,5 milljóna km hraða á klukkustund og tóku þá að glóa. Litadýrðin í þessum gasþráðum stafar af mismunandi og misheitu efni. MYND: NASA/ESA OG HUBBLE HERITAGE TEAM

# Geimurinn gegnum linsuna

Stjörnufræði er myndræn vísindagrein. Ár hvert eru þúsundir ljósmynda teknar af undrum alheimsins, hvort sem er af stjörnuáhugafólki, stjörnufræðingum eða vélvæddum sendifulltrúum jarðarbúa í sólkerfinu. Margar þessara mynda eru gullfallegar, oft hreinustu listaverk, sem verðskulda að sem flestir fái notið. Svo komast aðstandendur Stjörnufræðivefsins [stjornufraedi.is] að orði en þeir hafa sjötta árið í röð valið nokkrar af bestu stjörnuljósmyndum ársins 2015. Þær eru valdar út frá fegurð en ekki síður vísindalegu mikilvægi.



**Stjörnustólpar í Arnarþokunni** Tuttugu árum eftir að Hubble geimsjónaukinn tók eina frægustu mynd sína af gas- og rykstólpunum í Arnarþokunni beindi sjónaukinn myndavélum sínum að stólpunum á ný. Í þeim eru stjörnur að fæðast og sólkerfi að myndast. MYND: NASA/ESA/HUBBLE & HUBBLE HERITAGE TEAM



**Full jörð: Fullt tungl** Móðir Jörð og Máninn hennar. Þessi óvenjulega mynd var tekin með EPIC myndavélinni í DSCOVR gervitungli NASA 16. júlí 2015. Jörðin er að fullu upplýst sem og fjærhlið tunglsins, svo myndin er tekin í kringum nýtt tungl. Dökki bletturinn ofarlega á tunglinu er kallaður Moskvuhafið en á Jörðinni sést í norðurpólinn, Kyrrahaf og Norður- og Suður-Ameríku. MYND: NASA/NOAA


ÚT MEÐ ÞIG
SJÓNAUKI
SILVA POCKET 8
7.990 KR.
SKÍÐAHJÁLMAR
FULLORÐINS FRÁ 11.990 KR.
BARNA FRÁ 11.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
FULLORÐINS FRÁ 7.990 KR.
BARNA FRÁ 3.990 KR.
EINN JAKKI FYRIR
ALLAR AÐSTÆÐUR
THERMOBALL - NORTH FACE
JÓLATILBOÐ
29.990 KR.
GÖNGUSTAFIR
LEKI EAGLE
TRAUSTIR OG VANDAÐIR
8.990 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF MEINDL GÖNGUSKÓM
VINSÆLU
SCARPA MOJITO
ÚTAGLÖÐU SKÓRNIR
23.990 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA
DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
Fatnaður á mynd: North Face
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Jól á afskekktustu stöðum Íslands



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Kyrrð og náttúrufegurð er þeim sem búa á afskekktum stöðum Íslands dýrmætt. Um jólin færist sérstakur helgibragur yfir heimili þeirra sem oft einangrast vikum saman vegna ófærðar. Margir íbúanna búa við ótryggt rafmagn og símasamband og þurfa að vera úrræðagóðir í verstu veðrunum.



## Lokuð inni í víkinni

Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstýra á Hótel Djúpavík, hefur búið í Djúpavík í meira en þrjátíu ár. Djúpavík er staðsett við botn Reykjafjarðar á Ströndum, um það bil 75 kílómetra norðan við næsta þéttbýli í Hólmavík.

Fyrstu búskaparárin var fjölskyldan lokuð inni í víkinni og þurfti að fara með bát í Gjögur eftir nauðsynjum. Í dag er mokað fyrir jól og áramót og stórfjölskyldan sækist eftir því að eyða jólunum í ró og kyrrð í náttúrufegurð víkurinnar.

„Það er ekkert hægt að skjótast út í búð,“ segir Eva sem heldur jól eins og vant er með fjölskyldu sinni í Djúpavík, börnum og barnabörnum. „Við verðum örugglega þrettán talsins í ár, það er alveg frábært og verður mikil veisla.“ Hún undirbýr jólahaldið vel og er stödd fyrir sunnan að pakka niður öllu því sem þarf til.

„Það er talsvert um að vera hjá okkur. Það hefur verið gott veður og í önnur skipti síðra. Fyrir okkur er það svo slæmt ef það gerir vont veður því þá er ekki hægt að komast til okkar eða frá okkur. Það er svo lítið um mokstur. “

Eva segir að eftir áramótin festist þau oft í lengri tíma inni í víkinni.

„Fyrstu árin vorum við lokuð inni allan veturinn og fórum yfir á bát til Gjögurs. Við erum syðstu íbúar í hreppnum og afskekktust. Það er enginn sem býr eins sunnarlega og við og það lokast báðum megin við



**Eva Sigurbjörnsdóttir í fjörunni í Djúpavík. Fyrstu búskaparárin fór hún á bát út í Gjögur á veturna til að sækja nauðsynjar**. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

okkur. Fyrstu búskaparárin var bara mokað á haustin og á vorin og þá þurftum við að fara á bát í Gjögur að sækja það sem vantaði þegar við lokuðumst inni. Í dag eru sjötíu dagar á ári þar sem engar reglur eru um mokstur.“

Evu finnst erillinn í borginni yfirþyrmandi. „Manni er nóg um allt stressið fyrir jólin. En þegar maður er kominn heim til Djúpavíkur og búinn að öllu sem þarf að gera færist yfir mann ró og friður. Það er gjörólíkt að vera í borginni og í Djúpavík. Þess vegna held ég að börnin og barnabörnin vilji koma til okkar. Það er svo gott að vera hér. Landslagið er dásamlegt. Maður getur setið úti við glugga og horft út á fjörðinn.“

## Nóg að messa einu sinni á ári

Sigfús Vilhjálmsson og Jóhanna Lárusdóttir búa á Brekku í Mjóafirði, sem var lengi minnsta sveitarfélag landsins. Nú búa þar um sautján manns allt árið. Íbúum hefur fækkað mikið síðustu ár og nú er svo komið að óttast er að fjörðurinn fari í eyði. Á veturna er ekki landfært og frá 1. október til 1. júní fer ferja frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með vistir og póst. Einnig er farin ein ferð á viku á Dalatanga, þegar ófært er landleiðina.

„Fólk getur verið einmana í borgum,“ segir Sigfús og minnir á að þó að fólk búi á afskekktum stöðum landsins þýði það ekki að það vanti gleðina. „Við erum bara tvö hér eftir á Brekku, það eru fimm börn hér í skóla. Fjögur þeirra eru afabörn mín.“

Jólahaldið í Mjóafirði einkennist af þeirri mannfæð sem þar er. Á milli jóla og nýárs er haldin messa í Mjóafjarðarkirkju, fallegri kirkju byggðri 1892 með sæti fyrir rösklega 100 manns. „Hingað kemur prestur frá Neskaupstað með kór á milli jóla og nýárs, ef veður leyfir. Það er alveg nóg að messa fyrir okkur einu sinni á ári,“ segir Sigfús og hlær. „Það koma reyndar oft vinir og kunningjar með kórnum svo það er ekki eins fámennt.“

Sjálfur bregður hann sér í gervi jólasveins á litlu jólum fyrir börnin. „Það er nú í fína lagi að segja frá því, afabörnin eru orðin svo stálpuð að þau eru nú farin að þekkja afa sinn.“

Sigfús heldur upp á skötu á Þorláksmessu. „Mér finnst skatan góð og fæ mér hana á Þorláksmessu. Ég vandist því að borða hana sem ungur maður. Þá var hún vanalega borðuð á vorin, það var ekkert verið að geyma hana til jóla. Við erum með rjúpu á aðfangadagskvöld og hangikjöt á jóladag og eitthvað gott á annan í jólum nema að maður eigi hreinlega svo mikið af afgöngum.“

Oft er ekki landfært á veturna. „Þó hefur verið hægt að komast til Egilsstaða í fjóra daga núna og var gerð slóð með jarðýtu fyrir okkur. Það er nú gott að eiga góða að, það veltur allt á því þegar maður býr hér. Jú, og hugarfarinu. Átthagafjötrar, það er oft talað um þá. Ég veit ekkert hvort ég er bundinn þeim. Mér leiðist aldrei, það er alltaf nóg að gera. Sérstaklega yfir sumartímann.“



**Sigfús Vilhjálmsson segir jólahaldið hefðbundið, hann bregður sér í gervi jólasveins á litlu jólum fyrir börnin í sveitinni, sem eru fimm.**



**Það er oft ófært landleiðina að Brekku og stundum er heiðin mokuð.** MYND/VEGAGERÐIN



**Eitt sinn var blómleg byggð í Mjóafirði en nú er óttast að hann fari í eyði.**

➔


Ókeypis skutl
Notum bílastæða-húsin!
Vitatorg, Traðarkot, Kolaport, Stjörnuport og Bergstaðir eru í stuttri göngufjarlægð frá TUK TUK skutlum.
Meiri tími í Miðborginni okkar
LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM
Opið til kl. 22 í verslunum miðborgarinnar öll kvöld til jóla og til kl. 23 á Þorláksmessu.
• Tuk Tuk vagnar ferja þig milli bílastæðahúsa á Hverfisgötu og Laugavegi frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 17–22.
• Jólakrás götumatarmarkaður á Fógetatorgi við hlið Ingólfstorgs laugardag og sunnudag.
• Jólamarkaður á Fógetatorgi 21.–23. desember.
• Jólatónleikar á viðburðasviði Ingólfstorgs, laugardag kl. 15.
• Jólasveinar, kórar og hljómsveitir um alla miðborg til jóla.
NÆG BÍLASTÆÐI OG MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN.
Viðburðasvið Ingólfstorgs
Dagskrá hefst kl. 15:00
Ólöf Arnalds
Hurðaskellir
Breiðfirðingakórinn
Graduale Futuri (kórinn verður á ferð og flugi um miðborgina yfir daginn.)
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM AÐVENTUHJARTAÐ SLÆR
— WWW.MIDBORGIN.IS —
MIÐBORGIN OKKAR



Hér sést Látrabjarg í vetrarríkinu á Rauðasandi.

# Föst í fallegri tilveru á Melanesi við Rauðasand

Það hefur ekki hvarflað að Ástþóri Skúlasyni og konu hans, Sigríði Maríu Sigurðardóttur, að flytja frá Melanesi sem er austast á Rauðasandi. Nokkru austar við þau er eyðibýlið Sjöundá, kunnt af sakamáli í byrjun 19. aldar sem skáldsaga Gunnars Gunnarssonar, Svartfugl, er byggð á. Ástþór er lamaður fyrir neðan mitti, hann slasaðist árið 2003 þegar bíll hans fór fram af háum fjallvegi í Bjarngötudal í mikilli vetrarfærð.

Hann er bundinn hjólastól en hefur tekist að aðlaga sig vel fötlun sinni. „Við erum út af fyrir okkur um jólin, við erum tvö ein í húsinu. Veðurfar er mjög rysjótt á þessum árstíma en oftast er færðin þannig að það leggur sig enginn í óþarfa hættu með því að gera sér ferð til okkar," segir Ástþór. „Við eigum í raun og veru engan mokstur frá ríkinu nema bara að hausti og svo að vori aftur. Það er bara einn framleiðandi eftir með mjólk á svæðinu. Þannig að það þykir ekki borga sig ef það er erfið tíð."

Jólahaldið er að hans sögn með hefðbundnu sniði. „Við erum með skötu í hádeginu eins og aðrir Vestfirðingar og á aðfangadag höfum við hangikjöt. Við höfum rolluskjáturnar að hugsa um og það er aldrei frí í því. Við grípum mikið í spil og lesum. Það eru ekki nema tvö ár síðan sjónvarpsskilyrði komu hingað. Það má heita mjög móðins að sjá slíkt," segir hann og hlær. „Útvarpsskilyrði eru bara langbylgjan. En við getum reyndar hlustað á útvarpið í gegnum sjónvarpið."

Vegna sjónvarpsleysisins hafa hjónin keypt mikið af kvikmyndum til að horfa á. „Við vorum búin að eignast bíómyndasafn og erum mjög vel að okkur í kvikmyndasögunni," segir Sigríður og segir að þótt sjónvarpið sé komið þá sé stundum rafmagnslaust og þá sé eins gott að geta notið kyrrðarinnar. „Það er allt fallegt, mér finnst æðisleg kyrrðin hér. Það kemur enginn hingað á þessum tíma svo það er púslað, spilað og lesið. Það verður að finna eitthvað sem hentar við kertaljósið." Hún segir þau þurfa að kaupa nýjar jólaseríur á hverju ári vegna þess hve rafmagnið flöktir. „Spennan er svo misjöfn að jólaseríurnar eyðileggjast."



**ÞAÐ ER HÆTTULEGT AÐ FERÐAST Á ÞESSUM TÍMA, ÞVÍ ÞAÐ ER ENGINN Á FERÐINNI EF EITTHVAÐ FER ÚRSKEIÐIS OG MENN GETA SETIÐ LENGI FASTIR Á FJALLINU.**

Ástþór Skúlason í Melanesi

Ástþór tekur undir með Sigríði og segir rafmagnið hafa verið lélegt í á annað ár. „Í fyrravetur vorum við mjög oft rafmagnslaus. Það hélst illa. Heimasíminn er líka lélegur, það næst ekkert alltaf samband."

Hann segir náttúruna á Rauðasandi vissulega stórbrotna og á sumrin sækja ferðamenn þangað. „Þetta er frábrugðinn staður og einstakur, það er nú kannski ekki neitt eitt frekar en annað sem mér finnst fallegt. Það er náttúrulega útsýnið frá bænum, bjargið og sandurinn. Það eru margir farnir að koma hingað á sumrin og eykst stöðugt ár frá ári. En straumurinn liggur bara hingað þegar tíðin er góð.

Ég óttast nú svolítið þessa þróun með útlendinga á vanbúnum bílum sem eru að reyna að ferðast hér. Ég hefur lent í því að vera að bjarga þeim af fjallinu. Það er hættulegt að ferðast á þessum tíma, því það er enginn á ferðinni ef eitthvað fer úrskeiðis og menn geta því setið lengi fastir á fjallinu."

Þau Sigríður una sér vel þrátt fyrir þessi vandkvæði sem fylgja því að búa svona afskekkt. „Það hefur einhvern veginn ekki hvarflað að okkur að fara héðan. Ég held að maður sé fastur í þessari tilveru hér."

# Ekki mokað lengur fyrir soninn fyrir jól

Ef ég hef veturinn af þá verð ég líka sumarið, ég segi það alltaf," segir Elísabet Pétursdóttir, bóndi á Sæbóli á Ingjaldssandi. Hún og sautján ára sonur hennar eru einir ábúendur eftir í afskekktum vestfirskum dal en Ingjaldssandur er við Önundarfjörð milli Barða og Hrafnaskálanúps.

„Við erum yfirleitt tvö heima. Strákurinn minn kemur til mín fyrir jól. Við erum alveg lokuð af á þessum tíma árs og nú er ég að slást við kerfið því ég fæ ekki lengur mokstur. Áður var séð til þess að sonur minn kæmist í og úr skóla en nú þegar skólaskyldunni er lokið er því lokið," segir Elísabet, jafnan kölluð Bettý. Hún segir einu ástæðu þess að sonur hennar kemst líklega til hennar fyrir jól nýafstaðið óveður.

„Óveðrið varð nú líklega til þess að ég get haldið jól með syni mínum. Það varð svo mikið foktjón hér í grenndinni að það hefur þurft að gera við hitt og þetta og því hefur verið mokað. Hjá mér verður til dæmis gert við kantinn á fjárhúsunum," segir hún frá og tekur um leið plötu úr ofninum með smákökum fyrir viðgerðarmennina sem eru væntanlegir. „Þannig að alveg óvænt er orðið léttfært til mín."

Það er kyrrð yfir jólahaldinu. Bettý byrjar alla daga eins og vant er í fjárhúsunum. „Við erum með skötu á Þorláksmessu og svo var ég með hangikjöt í fyrra á jóladag og við hlustum á messuna við borðhaldið. Þegar ég var að alast upp var hlustað á messuna áður en borðhaldið hófst, en ég hef þetta svona."

Rafmagnsleysi háir Bettý og þá hefur ekki verið hægt að horfa á sjónvarp á Sæbóli í tvö ár. „Það er oft rafmagnslaust einhverja daga um jól vegna veðurs en við höfum sloppið á aðfangadag. Ég hlusta stundum á útvarpið og verð stundum örg þegar þeir endurtaka sama þáttinn tvisvar. Það er stór hópur á landsbyggðinni sem nær ekki útsendingum Ríkissjónvarpsins og hefur ekki vísan aðgang að rafmagni. Það stendur til að bæta úr þessu, ég er með gervihnattadisk utan á húsinu sem ég næ illa sambandi með. Það er aldrei hægt að treysta á hann. Ég hef ekki notað hann síðan í fyrra. Svo er ég með radíósíma, því síminn dettur reglulega út líka."

Hún nýtur samverunnar við soninn yfir hátíðarnar. „Það færist helgibragur yfir allt. Ég les yfir jólin, er með Reisubók Guðríðar sem ég ætlaði að geyma til jóla en ég hef verið að stelast í hana. Svo finnst mér bækurnar hennar Vilborgar Davíðsdóttur góðar. Það eru ómöguleg jól ef maður hefur ekki góða bók að lesa."

Bettý segist birg fyrir jólin. Vegna þess hve rafmagnsleysi er títt er hætta á að það sem geymt er í frysti skemmist. „Ég var nú svo heppin að kjötið mitt skemmdist ekki í óveðrinu. Ég var að fá kjötið frá sláturhúsinu og það er í lagi með það. Ég er með tvær frystikistur. Ég er með mjólk og brauð í annarri kistunni. Ég var svo heppin að komast á Flateyri á meðan rafmagnsleysið varð. Ég sá mest eftir frosnu grænmeti sem skemmdist en það kemur ekki að sök."



Elísabet á Sæbóli hefur ekkert sjónvarp en unir sér við lestur um jólin. Hún segir helgibrag færast yfir sveitina um jól. MYND/STÖÐ 2



**EF ÉG HEF VETURINN AF ÞÁ VERÐ ÉG SUMARIÐ, ÉG SEGI ÞAÐ ALLTAF.**

Elísabet Pétursdóttir bóndi

# RISA JÓLA SKÓSPRENGJA

## 50-90% AFSLÁTTUR

## Í FULLUM GANGI TIL 24.DES



Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Smáratorgi, Kópavogi
**Opið alla daga frá 11-18**
**Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Vínlandsleið 6, Grafarholti
**Opið virka daga: 11-18**
**Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**



MYNDIR/BJÖRN ÁRNASON

## Léttgrafin ofnbökuð bleikja með mauki

**Bleikjan**
- 200 g fínt salt
- 100 g púðursykur
- 8 bleikjuflök

Blandið saman salti og sykri. Beinhreinsið bleikjuflökin. Stráið ⅓ af saltmarineringunni í fat, leggið roðið niður á saltið og stráið svo afganginum yfir. Grafið bleikjuna í 30 mínútur. Skolið flökin og þerrið þau og setjið þau í ísskápinn þar til þau verða alveg köld aftur. Þetta gerum við til að fiskurinn ofeldist ekki þegar við eldum hann svo í ofninum á eftir. Leggið flökin svo á bökunarpappír í ofnskúffu með roðhliðina upp. Bakið við 220°C í 8 mínútur. Þá ætti roðið að renna auðveldlega af fiskinum.

**Blómkáls grænubaunamauk**
- 300 g grænar baunir (grænar frosnar baunir, ekki þessar í dós)
- 200 g blómkál
- 400 ml vatn
- 300 ml rjómi

Blandið saman vatninu og rjómanum í potti. Fáið upp suðu og bætið blómkálinu út í og sjóðið í 10 mínútur. Bætið baununum út í og sjóðið áfram í 5 mínútur. Sigtið grænmetið frá rjómablöndunni og maukið í blandara. Bætið smá af rjómavatninu út í og maukið þar til flauelsmjúkt. Kryddið með salti og pipar.

# Smáréttir í hátíðarbúningi



**Hrefna Rósa Sætran**, kokkur og veitingahúsaeigandi, deilir með lesendum uppskriftum að uppáhaldssmáréttunum sínum fyrir jólin.

## Reykt andabringa með remúlaði

Þetta er sniðug útfærsla ef þið ætlið að borða reykt kjöt í forrétt. Hangikjöt, reykta andarbringu, grafið kjöt eða eitthvað sniðugt sem er hægt að kaupa tilbúið úti í búð fyrir jólin. Það er um að gera að notfæra sér allt það úrval sem til er í búðunum og leggja meira í aðalréttinn þá í staðinn.

- 2 stk. reykt andabringa, skorin í þunnar sneiðar

**Remúlaði**
- 100 ml majónes
- 2 stk. litlar súrar gúrkur
- 1 msk. dijonsinnep
- Börkur (fínt rifinn) og safi úr ½ sítrónu
- 2 msk. hunang
- 1 msk. capers

Blandið öllu saman í skál og smakkið til með hunangi. Það er dálítið smekksatriði hversu sætt fólk vill hafa þetta og fer líka eftir kjötinu sem á að bera þetta fram með.



**Pikklaður rauðlaukur**
- 2 stk. rauðlaukur
- 40 g sykur
- 40 g epladedik

Skrælið laukinn og skerið hann í bita. Hitið sykurinn og edikið saman í potti og bætið lauknum út í. Þegar laukurinn er orðinn bleikur (sirka 2 mínútur) takið hann þá og kælið hann inni í ísskáp. Gott er að bera þetta fram kalt með reyktu og gröfnu kjöti.



## Gæsabringa með jólarauðkáli

- 4 stk. gæsabringur
- Olía til að steikja upp úr
- Salt og pipar
- 4 msk. smjör
- 2 greinar timjan

Kryddið gæsabringurnar með salti og pipar. Hitið pönnu við miðlungs hita og hellið olíu á hana. Steikið gæsabringurnar í 3 mínútur á annarri hliðinni, snúið þeim svo við og steikið áfram í 3 mínútur. Slökkvið undir pönnunni, bætið smjörinu og timjangreinunum út á og baðið bringurnar upp úr smjörinu. Gott er að nota skeið til að ausa smjörinu yfir bringurnar og snúa þeim nokkrum sinnum. Leyfið bringunum að hvíla vel áður en þið skerið þær í þunnar sneiðar.

**Jólarauðkál**
- 2 rauðkálshausar
- 200 g púðursykur
- 100 ml rauðvínsedik
- 1 kanilstöng
- 1 stjörnuanis
- 3 negulnaglar
- 500 ml trönuberjasafi
- 1 l maltöl

Skerið rauðkálið fínt niður. Setjið það í pott ásamt öllu hráefninu og sjóðið við vægan hita í svona klukkutíma. Kælið eða borðið heitt.

## Jólasíld með appelsínusmjöri

- 200 g marineruð síld
- 250 ml kókosmjólk
- 2 stk. anísstjörnur
- 2 stk. negulnaglar
- 1 kanilstöng

Sigtið síldina og þerrið hana. Hitið kókosmjólkina með kryddinu út í. Kælið svo kókosmjólkina og bætið síldinni út í. Marinerið síldina í nýja kókosleginum. Því lengur sem þið marinerið hana, þeim mun meira bragð verður af henni.

**Appelsínusmjör**
- 200 g ósaltað smjör
- 1 dl súrmjólk
- 1 stk. appelsína
- 1 hvítlauksrif
- Gott sjávarsalt

Leyfið smjörinu að ná stofuhita. Setjið það í hrærivél og þeytið það upp með súrmjólkinni. Rífið börkinn af appelsínunni fínt og hvítlauksrifið líka. Bætið því út í smjörið og blandið vel saman. Kryddið svo með salti. Rúgbrauð fer afskaplega vel með þessari síld.



# JÓLA- OG ÚTSKRIFTARGJAFIR

## 25% AFSLÁTTUR

**AF SAMSONITE OG AMERICAN TOURISTER FERÐATÖSKUM***

**16.-21. DESEMBER**

Samsonite

AMERICAN TOURISTER Since 1933



*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

ÁRNASYNIR


Krakkarnir mættu í jólafötunum.

# Göngum við í kringum

Jólaskemmtun var haldin í Ísaksskóla í gær. **Gunnar V. Andrésson** fangaði stemminguna þegar nemendur mættu í sínu fínasta pússi, dönsuðu í kringum jólatréð og sungu klassísk jólalög áður en þeir héldu í jólafrí.


Þessi unga snót minnti á senjorítu með fallegan rauðan jólahatt.


Börnin hlakka til jólanna.


Flott í tauinu.


Klassískir jólasöngvar voru sungnir á ballinu.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Á TVÍFARA Á VEGG**
**Arkitektinn Herborg Ingvarsdóttir hitti fyrir tvífara sinn á veggmynd niðri í bæ. Líkindin eru sláandi.**
**Bls. 10**




# FRUNSUPLÁSTUR SEM GRÆÐIR OG HYLUR

**VISTOR KYNNIR** *Compeed® frunsuplástur er háþróaður gegnsær plástur sem byggir á svonefndri „hydrocolloid-“ eða vatnskvoðutækni. Innra lag plástursins er byggt upp af kvoðukenndu efni (hydrocolloid efni) sem inniheldur litlar rakadrægar agnir. Plásturinn verndar, græðir og hylur sárið.*

Þessar agnir draga í sig raka úr sárinu og breytast við það í gel sem hylur og verndar sárið og styrkir eigið viðgerðarferli húðarinnar. Þetta kemur jafnframt í veg fyrir hrúðurmyndun í sárinu. Ytra byrði plástursins er úr hálfgegndræpu efni sem kemur í veg fyrir að vatn, óhreinindi og bakteríur komist að sárinu en „andar“ og viðheldur rakajafnvægi,“ segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor.



**GÓÐ VARA**
Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor, segir að frunsuplásturinn sé mjög áhrifaríkur.

Compeed er fyrsti frunsuplásturinn sem klínísk gögn styðja að verki gegn öllum vandamálum sem fylgja frunsum. Má þarf nefna:

- Verkjum
- Kláða og sviða
- Roða, þrota og blöðrumyndun
- Smithættu
- Dregur í sig vökva úr sárinu og kemur í veg fyrir hreistur
- Sárið grær hraðar

Frunsur eða áblástur er veirusýking af völdum svokallaðra herpesveira (herpes simplex). Ef smit á sér stað losnar viðkomandi aldrei við veirurnar.

Lengst af eru veirurnar í dvala en við vissar aðstæður eins og til dæmis við líkamlegt eða andlegt álag eða vegna veikinda getur sýkingin blossað upp og viðkomandi fær áblástur eða frunsur. Vessinn sem kemur úr frunsunum í upphafi sýkingar inniheldur veirur og getur smitað. Það er því mikilvægt að sýna varúð og hreinlæti þegar frunsan er á þessu stigi.




**SVONA NOTAR ÞÚ COMPEED® FRUNSUPLÁSTUR**
Byrjaðu að nota Compeed® frunsuplástur um leið og fyrstu einkenni frunsunnar gera vart við sig (stingir eða kláði). Þegar plásturinn losnar skal strax setja nýjan plástur á frunsuna. Hafðu plástur á frunsunni allan sólarhringinn, alveg þar til sárið er gróið. Þannig viðheldur þú ákjósanlegu rakastigi í sárinu sem styður gróandann.

Þvoið hendur. Fjarlægið ytri pakkninguna og takið í sitthvorn endann á flipunum.Togið varlega í báða flipana. Fylgið örvunum og togið varlega þar til annar helmingur plástursins með límhliðinni er sýnilegur. Snertið ekki límhliðina. Þrýstið límhluta plástursins varlega með fingri á frunsuna/sárið. Losið hinn flipann með því að toga hægt og varlega niður og frá húðinni (frá miðju og út) þangað til flipinn er laus frá plástrinum. Haldið létt við plásturinn með fingrinum á meðan. Þvoið hendur á eftir. Þegar frunsuplásturinn er á sínum stað getur þú notað farða eða varalit yfir plásturinn.

**FRUNSUPLÁSTURINN FJARLÆGÐUR**
Takið ekki plásturinn af fyrr en hann er byrjaður að losna og setjið þá strax nýjan plástur á frunsuna. Takið plásturinn af með því að toga varlega í hann meðfram húðinni. Það á ekki að kippa plástrinum upp eins og gert er við hefðbundinn plástur.

## 7 KOSTIR COMPEED® FRUNSUPLÁSTURS

1. *Græðir sárið fljótt*
2. *Hlífir sárinu*
3. *Linar verki*
4. *Dregur úr roða og bólgu*
5. *Dregur úr stingjum, kláða og sviða*
6. *Hægt að nota andlitsfarða yfir plásturinn*






# FJÖLSKYLDAN KVARTAR EKKI LENGUR UNDAN LYKTINNI

**GÓÐ RÁÐ** *Að elda skötu í poka er góð leið til að losna við lyktina sem fylgir henni. Þuríður Guðmundsdóttir hefur gert það í fjölda ára og kann hún fleiri ráð við eldamennskuna. Hún ætlar að fara í skötuveislu með systkinum sínum í dag eins og undanfarin ár.*

Nú er tími skötuveislna að renna upp með tilheyrandi ilmi – eða ólykt, allt eftir því hvernig litið er á málið og hver á í hlut. Margir kvarta yfir lyktinni og jafnvel hefur verið talað um að banna ætti eldun á skötunni í fjölbýlishúsum sökum lyktmengunar. Þuríður Guðmundsdóttir hefur áratuga reynslu í að elda skötu og lumar á nokkrum góðum ráðum til að sleppa við fnykinn sem fylgir skötusuðunni. „Ég sýð sköttuna alltaf í steikarpoka, pokarnir fást bara úti í búð og eru þeir yfirleitt notaðir til að steikja læri í inni í ofni. Auk þess set ég bómull bleytta í ediki á barmana á pottinum og loka honum vel. Svo passa ég mig á að opna ekki pottinn fyrr en skatan er tilbúin. Þá klippi ég gat á pokann og helli vatninu af skötunni beint í vaskinn og hreinsa hann vel," útskýrir Þuríður.

Auk þess að nota poka við skötusuðuna sýður hún kanil og edik í litlum potti við hliðina á pottinum með fiskinum. „Þegar gufan af skötunni kemur upp eyðir edikið lyktinni af henni fljótt. Það er gott að nota það almennt til að losna við vonda lykt. Svo gefur kanillinn svo jólalega lykt. Ég hef líka notað epli með kanilnum og edikinu og virkar það vel."

### SKÖTUVEISLA FYRIR HVER JÓL

Þuríður ólst upp við sköttu á borðum enda frá Tálknafirði en skötuát er eins og margir vita vestfirskur siður. Þegar hún flutti aftur heim til Íslands frá Svíþjóð árið 1981 fór hún að hafa þann háttinn á að bjóða þeim systkinum sínum sem bjuggu í Reykjavík til skötuveislu á Þorláksmessu en Þuríður er ein sautján systkina. „Mig langaði svo í sköttu en það er ekkert gaman að borða hana ein þannig að ég fór að bjóða systkinunum. Fyrir nokkrum árum tók einn yngri bróðir minn við veisluhaldinu og við systkinin förum í skötuveislu til hans í dag. Við hjálpumst að við matseldina, til dæmis roðflettir annar bróðir minn sköttuna og býr hana undir suðu og ég baka flatkökur. Við höfum svo alltaf ábrysti með rjóma og kanilsykri í eftirrétt. Það er gaman að hittast og gera þetta einu sinni á ári. Við höfum alltaf verið samrýnd systkinin og er þessi matur sveipaður ákveðnum æskuljóma," segir hún og hlær.



**SKÖTUVEISLA** Þuríður Guðmundsdóttir ætlar að gæða sér á skötu í dag.



**VEISLUMATUR** Mörgum finnst skatan vera hinn mesti herramannsmatur en að sama skapi finnst mörgum vera óþefur af henni. MYND/GVA

### ELDAÐ ÚTI Á SVÖLUM

Þuríður fór að leita leiða við að sleppa við skötulyktina þegar barnabörnin fóru fyrir mörgum árum að skammast yfir lyktinni. Hún segist þó ekki muna hvaðan ráðin komu. „Ég hef annaðhvort lesið mér til eða fengið ráð frá mömmu. Að minnsta kosti virka þau að sögn ættingjanna. Sumir hafa farið þá leið að elda ekki skötu nema þeir eigi bílskúr til að sjóða hana í. Bróðir minn eldar sköttuna fyrir veisluna í dag á prímusi úti á svölum. Það kemur þó alltaf lykt þegar skatan er borðuð en hún er fljót að fara hjá mér því ég nota edikið og kanilinn sem eyða henni."





## JÓLAKRÁS

Krás götumatarmarkaður vaknar upp af vetrardvalanum um helgina í tilefni jólanna en þá verður matarmarkaðurinn Jólakrás haldinn annað árið í röð. Eins og síðustu tvö sumur verður matarmarkaðurinn haldinn í Fógetagarðinum í miðbæ Reykjavíkur en þar munu átta veitingastaðir selja fjölbreyttar og gómsætar veitingar.



Um er að ræða veitingastaðina Momo Ramen, Bergsson, 17 sortir, Sushivagninn, Taco fyrir mig, Haust, Austurlandahraðlestina og Reykjavík Chips. Auk ljúffengra veitinga munu dj flugvél & geimskip og Teitur Magnússon taka nokkur lög. Matarbásarnir verða allir staðsettir í stóru og hlýju tjaldi. Nóg pláss er fyrir gesti og fullt af sætum. Matarmarkaðurinn verður opinn í dag og á morgun sunnudag milli kl. 13 og 19. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Jólakrás.



## JÓLABALL Í GAMLA BÍÓI

**Gengið verður í kringum jólatré, sungið og glaðst á jólaballi á morgun. Öllum börnum og fjölskyldum þeirra er boðið.**

- Allir velkomnir

Jólaball verður haldið í Gamla bíói á morgun, sunnudaginn 20. desember klukkan tvö. Öllum börnum og fjölskyldum þeirra er boðið og frítt verður inn. Dansað verður í kringum jólatréð, sungið og glaðst í skemmtilegu andrúmslofti Gamla bíós og veitingar í boði Ölgerðarinnar verða á boðstólum. Jólasveinar hafa boðað komu sína og munu vonandi rata á réttan stað, en þeir eru búnir að vera að æfa sig í að taka selfí og ætla að stilla sér upp með börnum, og fullorðnum börnum, sem vilja vera á mynd með þeim. Barnakór Vatnsendaskóla undir stjórn Þóru Marteinsdóttur leiðir söng og dans.
Allt er þetta í boði Gamla bíós og eru allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

## MOTTUMARKAÐUR Í BÆJARLIND

Indverskur mottumarkaður hefur verið starfræktur að Bæjarlind 14-16 í desember og lýkur honum í dag. Þar fást indverskar mottur, kollar, pullur, púðar og skrautmunir fyrir heimilið. Vörurnar eru frá indverska fyrirtækinu The Rug Republic sem hefur framleitt hágæða mottur í tugi ára.
Hjá The Rug Republic er vinnuaðstaða til fyrirmyndar og þar þekkist ekki barnaþrælkun. Þvert á móti fer hluti af andvirði hverrar seldrar mottu í að styrkja indversk börn til menntunar. Markaðnum verður lokað tímabundið eftir daginn í dag en hann verður opnaður á nýjum stað eftir áramót. Öll gjafavara, bakkar, luktir og fleira í þeim dúr er á 20-30 prósenta afslætti út daginn.








# MJÖG FRELSANDI SKÖPUN

**LJÚFIR TÓNAR** *Mr. Silla vakti mikla athygli á Airwaves tónlistarhátíðinni í nóvember. Nýja platan hefur fengið góðar viðtökur.*

Tónlistarkonan Mr. Silla vakti mikla athygli á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni sem haldin var í Reykjavík í síðasta mánuði. Nýjasta plata hennar, og um leið fyrsta sólóplatan, kom út í október og hefur fengið góðar viðtökur innanlands og erlendis.

Mr. Silla, sem heitir réttu nafni Sigurlaug Gísladóttir, er enginn nýgræðingur í tónlist. Hún hefur undanfarin tíu ár komið fram undir merkjum Mr. Silla & Mongoose og rokkbandsins Mr. Silla auk þess að vera meðlimur í múm um sjö ára skeið. Einnig hefur hún spilað með og sungið inn á plötur listamanna á borð við Snorra Helgason, Mice Parade, Low Roar og Teit Magnússon.

Á síðasta ári varð stefnubreyting í tónlistarsköpun hennar þegar hún setti rokkið til hliðar og fór að semja elektróníska tónlist. Afraksturinn má heyra á nýju plötunni sem sat m.a. í efsta sæti Tónlistans vikuna sem Airwaves hátíðin fór fram.

Stefnubreytingin var þó ekki meðvituð ákvörðun að hennar sögn. „Við höfðum verið að leika okkur vinirnir með nokkur lög sem við höfðum samið í rokkhljómsveitinni Mr. Silla. Þegar ég ákvað að einbeita mér að því að semja ný lög ein míns liðs þá einhvern veginn urðu synthar og sömpl ósjálfrátt fyrir valinu. Voru svona innan handar og hentuðu vel þeim hljóðheimi sem mig langaði að skoða mig um í.“

**EINN AF HÁPUNKTUNUM**

Nýja platan var tekin upp að mestu í Reykjavík og London með aðstoð upptökustjórans Mike Lindsay. „Vinnan var fábrugðin fyrri verkum að því leyti að við reyndum að vera eins trú upprunalegum grunnum og demóum og við gátum. Við bættum við elementum og lékum okkur með strúktúr frekar en að skipta öllu út og taka upp upp á nýtt. Það var á vissan hátt mjög frelsandi og gaman.“

Það var ekki bara nýja platan sem gekk vel í kringum Airwaves tónlistarhátíðina. Erlendir blaðamenn voru einnig mjög hrifnir af tónleikum hennar og valdi t.d. bandaríska tímaritið Rolling Stone hana eitt af bestu atriðum hátíðarinnar. „Við spiluðum í Gamla bíói sem er yndislegur salur til að spila í. Á síðustu Airwaves hátíð spiluðum við í Silfurbergi sirka korteri eftir að ég kom frá upptökunum í London. Þannig að ári síðar erum við komin með „live“ settið meira í blóðið.“

**BLÓÐUG SLAGSMÁL**

Næstu vikur og mánuðir verða annasamir hjá Sigurlaugu. Þann 6. janúar verða haldnir útgáfutónleikar í Hörpu sem eru hluti af Blikktrommuseríunni. „Þar munum við spila plötuna í heild sinni og jafnvel bæta við nokkrum lögum. Í framhaldinu förum við á flakk um Evrópu til að kynna plötuna. Við erum líka að vinna að myndbandi við lag númer tvö af plötunni. Þóra Hilmarsdóttir gerði myndbandið við Breathe en þar erum við Saga Garðarsdóttir í blóðugum slagsmálum, gaman að því. En myndband númer tvö verður unnið af myndlistarkonunni Rakel Jónsdóttur við lagið Down the hill.“



**NÝ STEFNA** „Þegar ég ákvað að einbeita mér að því að semja ný lög ein míns liðs þá einhvern vegin urðu synthar og sömpl ósjálfrátt fyrir valinu,“ segir Mr. Silla en ný plata hennar kom út í október. MYND/VILHELM

Sigurlaug og eiginmaður hennar, Tyler Ludwick, giftu sig í sumar og halda fyrstu jólin saman hér á landi í ár. „Hann hefur spilað með mér á tónleikum undanfarið og við höldum áfram þann 20. desember þegar við höldum sunnudagsjólatónleika með Snorra Helgasyni á Lofti hosteli. Annars er bara notalegt að vera heima hjá mömmu og pabba að jólastússast. Það verður gaman fyrir Tyler að upplifa sín fyrstu íslensku jól. Við verðum að öllum líkindum rétt hjá Skálholti hjá bróður mömmu minnar með fjölskyldunni hans líka. Það hefur verið hefðin hjá okkur síðan ég man eftir mér að halda jólin með þeim og ég hlakka mikið til.“


**AUGLÝSING: TOUCH KYNNIR**

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

**TOUCH KYNNIR** Touch heita þráðlaus heyrnartól sem komu á markað fyrir skemmstu, en fyrsta sending seldist upp á nokkrum dögum. Frumkvöðullinn Garðar Garðarsson byrjaði að þróa þau fyrir ári og standa þau að hans sögn jafnfætis öðrum sambærilegum heyrnartólum að gæðum. Verðið er þó langtum betra en þekkst hefur. Þau verða til sölu í Firðinum í Hafnarfirði fram að jólum.



Garðar Garðarsson

„Ég hef verið að vinna að því að þróa sjónvörp síðastliðin þrjú ár. Í tengslum við það hef ég ferðast til Kína og fyrir ári fékk ég þá hugmynd að bæta heyrnartólum við. Ég heimsótti verksmiðju í Kína og keypti þar heyrnartól sem ég hef verið að þróa og breyta síðan. Útkoman er að mínu mati og annarra sem hafa prófað framúrskarandi. Hljómurinn er frábær og bassinn geggjaður og alveg á pari við sambærileg heyrnartól,“ segir Garðar Garðarsson.

Hann mun selja heyrnatólin í Firðinum í Hafnarfirði fram að jólum, á 8.900 krónur. „Verðið á sambærilegum heyrnartólum er hins vegar í kringum 20 til 30 þúsund,“ segir Garðar sem hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að lækka raftækjaverð á Íslandi. „Jóhannes í Bónus lækkaði matarverðið og ég ætla mér að lækka raftækjaverðið og stefni að því að opna verslun í Firði í vor.“

Garðar er enn að þróa sjónvörpin en vonast til að þau komist á markað einhvern tíma á nýju ári. „Í dag er staðan þannig að fólk getur flogið til Danmerkur, keypt sér sjónvarp og komið með það heim en samt verið að borga minna en það myndi greiða fyrir sjónvarp út úr búð hér heima. Þessu vil ég breyta. Ég vil að fólk geti keypt gott sjónvarp á viðráðanlegu verði og jafnvel nokkur heyrnartól með,“ segir hann glaður í bragði.

Touch-heyrnartólin eru þráðlaus og hægt að tengja við símann, iPadinn, sjónvarp og önnur Bluetooth-tæki, en Bluetooth-inn er sérpantaður frá Bretlandi og hefur að sögn Garðars reynst mjög vel. Batteríið endist í tíu tíma en auk þess má stinga heyrnartólunum í samband. „Með einu klikki er svo hægt að svara með þeim í símann,“ útskýrir Garðar. Hann segir heyrnartólin tilvalin jafnt heima fyrir, á ferðinni og í ræktinni og hafa þeir sem hafa prófað lýst yfir mikilli ánægju með þau. „Nú er komin töluverð reynsla á heyrnartólin og er hún mjög góð. Ég er að vonum ánægður með það enda markmið mitt að vera með góðar vörur á verði sem allir geta verið ánægðir með.“







# ÖÐRUVÍSI BLÚNDUKÖKUR

*Þeir sem ætla að baka smákökur fyrir jólin gætu gert það um helgina. Það er ráð að prófa þessar blúndukökur, þær eru afar ljúffengar.*

Blúndukökur eru smákökur sem margir gera fyrir jólin og eflaust enn fleiri sem kannast við að hafa gætt sér á þeim í jólaboðum æskunnar. Þær er frekar einfalt að gera og þær bragðast vel. Í þessari uppskrift er eitt leynihráefni sem gerir smákökurnar enn betri en það eru pekanhnetur. Það er ekki seinna vænna að baka nokkrar smákökur fyrir jólin og eru þessar tilvaldar að prófa.

**1 bolli pekanhnetur**
**2 tsk. ósaltað smjör**
**1 bolli ljós púðursykur**
**1 stórt egg**
**1 tsk. vanilludropar**
**1/4 bolli hveiti**
**1/2 tsk. lyftiduft**
**1 klípa salt**
**Bráðið súkkulaði**

Hitið ofninn í 180°C. Fínsaxið pekanhneturnar í matvinnsluvél. Hrærið smjör og púðursykur í hrærivél á lágum hraða þar til það er orðið létt og ljóst. Hrærið eggjum og vanilludropum saman við. Bætið við hveiti, lyftidufti og salti, blandið vel. Bætið pekanhnetunum við.

Setjið deigið á bökunarpappír á ofnplötu, passlegt er að kúffylla teskeið. Hafið gott bil á milli kakanna. Bakið í sex mínútur. Takið kökurnar úr ofninum og látið þær kólna.

Sprautið bráðnu súkkulaðinu yfir kökurnar og látið standa þar til súkkulaðið hefur storknað.



# Höfundar afgreiða

## í Bókabúð Máls og menningar






**Laugardagur 19. desember**
**frá klukkan 15 til 17**

**Auður Jónsdóttir**
**Jón Gnarr**
**Gerður Kristný**

**Sunnudagur 20. desember**
**frá klukkan 15 til 17**

**Lilja Sigurðardóttir**
**Yrsa Sigurðardóttir**



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga**
**til kl. 22.00**

**facebook.com**
**/malogmenning**






SKÖTUHLAÐBORÐ FRAM AÐ JÓLUM



Skötuhlaðborðið vinsæla er á Sjávarbarnum við Grandagarð alla daga fram að jólum, jafnt í hádeginu sem á kvöldin og allan daginn á Þorláksmessu og dagana á undan.

SKÖTUHLAÐBORÐ SJÁVARBARSINS
Missterk skata – Saltfiskur – Siginn fiskur – Skötustappa – Plokkfiskur – Fiskibollur – Síldarréttir – Sviðasulta – Fjölbreytt meðlæti 2.900 KR. Á MANN

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT

Allt um skötuhlaðborðið á sjavarbarinn.is og á Facebook

AFSLÁTTAR-MIÐI



900 kr. afsláttur af skötuhlaðborðinu 9.-20. desember, aðeins 2.000 kr. á mann.

Klipptu miðann út og hafðu hann með þér.

Gildir ekki 21-22. des. og á Þorláksmessu.

Sjávarbarinn • Grandagarði 9
sjavarbarinn.is • 517 3131



SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618




„Við sem eigum nóg af öllu eigum að gefa og biðja um gjafir á móti sem gera heiminn betri og láta þannig gott af okkur leiða," segir Vala Matt.

# GJAFIRNAR FRÁ BÖRNUNUM BESTAR

**JÓLAGJÖFIN HENNAR** *Fallegar jólagjafir sem eiga sér sögu og eru frá nánum ættingjum eru í uppáhaldi hjá bæði Völu Matt og Kristjönu Stefánsdóttur.*

Oft reynist það þrautin þyngri að finna réttu jólagjöfina fyrir hvern og einn. Margir leggja í leiðangra til að kaupa eitthvað sem falla á í kramið sem reynist svo stundum hitta eitthvert annað en í markið.

Oftast eru það persónulegu gjafirnar frá fólkinu sem stendur næst sem flestum þykir vænst um og þannig er það í tilfelli Valgerðar Matthíasdóttur, eða Völu Matt eins og flestir þekkja hana. „Það eru mjög margar jólagjafir sem mér hefur þótt vænt um sem koma upp í hugann og þar efst á listanum eru gjafirnar sem ég hef fengið frá dætrum mínum Tinnu og Sólu. En einhverra hluta vegna koma líka strax upp í hugann jólagjafir sem mamma bjó til handa okkur krökkunum þegar við vorum lítil. Við vorum sex systkinin og mamma var svo sniðug að hún bjó alltaf til ofsalega fallega jólapoka sem við máttum opna þegar við vöknuðum á jóladag," segir hún og heldur áfram. „Þetta var alltaf svo ótrúlega skemmtilegt því þegar aðfangadagur var liðinn og búið að opna alla pakka þá vissum við að hátíðin var alls ekki búin því næsta morgun, jóladagsmorguninn, beið okkar spennandi gjöf, jólapokinn sem alltaf innihélt bók, sælgæti og litlar gjafir sem gladdi okkur mikið og varð framlenging aðfangadagskvölds. Alveg ógleymanlegt og gaman að hlakka til. Mamma var mjög listræn og hugmyndarík og allt sem hún kom nálægt var fallegt. Þessi jól verða fyrstu jólin okkar krakkanna án mömmu og verður þetta því enn þá sterkari minning."

**GJAFIR SEM GERA HEIMINN BETRI**

Vala nefnir einnig gamalt úr sem pabbi hennar átti og notaði mikið þegar hann var á lífi en bróðir Völu hafði fengið úrið frá pabba þeirra. Þegar hann fékk sér nýtt gaf hann Völu gamla úrið frá pabba þeirra. „Ég var búin að tala svo oft um hvað það minnti mig á hann og mér þótti svo vænt um það. Þetta úr hefur haldið mér á réttum tíma í mörg ár og í hvert skipti sem ég horfi á það minnir það mig á föður minn og hvað það er mikilvægt að reyna að vera alltaf jákvæður og brosa og vera góður við alla í kringum sig því þannig var hann. Pabbi var einstaklega góður maður sem ég sakna mikið," segir Vala.

Bestu gjafirnar segir Vala vera þær sem leiða gott af sér. „Ég hef verið mjög hörð á því undanfarin ár að við sem eigum nóg af öllu eigum að gefa og biðja um gjafir á móti sem gera heiminn betri og láta þannig gott af okkur leiða. Til dæmis Gjafir sem gefa frá Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauða krossinum og UNICEF. Því fylgir svo óumræðilega góð tilfinning og er svo mikið í anda jólanna."



**KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR** segir jólakúlu frá dótturinni Lóu vera þá jólagjöf sem henni þykir vænst um. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

**JÓLAKÚLA OG GLERFUGL Í UPPÁHALDI**

Kristjana Stefánsdóttir tónlistarkona tekur í sama streng þegar kemur að þeim gjöfum sem eru í uppáhaldi og henni þykir vænst um. „Það eru tvær gjafir sem ég elska umfram aðrar. Það er jólakúla sem dóttir mín gerði fyrir tveimur árum og gaf mér og svo er það glerfugl sem amma og afi áttu og mér þótti hann alltaf langfallegastur á trénu. Mamma gaf mér hann svo í jólagjöf eftir að hann féll henni í skaut."

Hún nefnir að nytsamlegasta jólagjöfin hafi verið Soda stream-tæki sem hún fékk um árið og að í ár vanti hana nýja snyrtibuddu og svo sé alltaf gaman að fá bækur og tónlist. „Ég hef líka aðallega gefið tónlist sjálf en svo er það auðvitað jafn misjafnt og fólkið sem ég gef."

**GJAFIR SEM GEFA**

„Við sem eigum nóg af öllu eigum að gefa og biðja um gjafir á móti sem gera heiminn betri og láta þannig gott af okkur leiða," segir Vala Matt.




**NOTALEG LÍFSSTÍLSVERSLUN** Í versluninni er að finna úrval skrautmuna og nytjahluta sem fegra heimilið. Sömuleiðis húðvörur, ermahnappa, armbönd og fallegar gólfmottur svo dæmi séu nefnd. MYND/GVA

# TÍMALAUS GÆÐAHÖNNUN

**WINSTON LIVING KYNNIR** *Verslunin Winston Living var nýverið opnuð í portinu að Nýbýlavegi 8. Þar er boðið upp á hágæða heimilis- og lífsstílsvarning með sterk en sígild sérkenni. Vörurnar eru allar sérvaldar og til þess fallnar að lífga upp á rými og klæðnað. Flestar eru jafnframt handgerðar. Í versluninni er ríkulegt úrval af gjafavöru sem er tilvalin í jólapakkann.*

Jón Kjartansson, eigandi Winston Living, og kona hans hafa búið í Svíþjóð um langt skeið en kona hans er sænsk. Þau hafa sömuleiðis búið í París og London. „Við höfum mikinn áhuga á hvers kyns hönnun og höfum kynnst mörgum frábærum merkjum á ferðalögum okkar um Evrópu,“ segir Jón sem hefur lengi starfað við sölu og markaðsmál. Hann opnaði vefverslun í júní og verslun í portinu að Nýbýlavegi 8 skömmu síðar.

„Við höfum komið okkur upp góðum viðskiptasamböndum og erum afar stolt af því að vera með umboð fyrir ýmis hágæða vörumerki. Má þar nefna Skultuna, Chhatwal & Jonsson, Björk & Berries, David Ehrenstråhle, Munka Sweden og Gusums Messing.“

Að sögn Jóns er að mestu leyti um að ræða tímalausa hönnun sem hefur átt vinsældum að fagna í fjölda ára en fellur sérstaklega vel að smekk Íslendinga um þessar mundir. „Þetta eru vörur með karakter og margar hafa mikið söfnunargildi.“

Í versluninni er að finna úrval skrautmuna og nytjahluta sem fegra heimilið og sömuleiðis lífrænar húðvörur frá Björk & Berries. „Þá erum við með veggspjöld frá David Ehrenstråhle í takmörkuðu upplagi ásamt armböndum, ermahnöppum og fallegum gólfmottum svo dæmi séu nefnd.“

En hvaðan kemur nafnið? „Við vildum tengja það erlendum markaði. Við lifum á breytilegum tímum og erum mikið að hugsa fram og aftur í tíma. Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, var merkur maður og kom víða við. Við ákváðum að keyra á því nafni og bæta Living við,“ útskýrir Jón.

Í versluninni er að finna mikið af gjafavöru og margt sem er tilvalið í jólapakkann. Verslunin er notaleg og vel staðsett. Hægt er að kynna sér úrvalið á Winstonliving.is og .com.



# METSÖLULISTI
## Bókabúðar Máls og menningar



**1. Gleðilegt uppeldi**
Margrét Pála Ólafsdóttir



**2. Árið með heimspekingum Dagbók 2016**
Ýmsar



**3. Eitthvað á stærð við alheiminn**
Jón Kalman Stefánsson



**4. Þrettán dagar til jóla**
Brian Pilkington



**5. Stóri skjálfti**
Auður Jónsdóttir



**6. Jólin koma**
Jóhannes úr Kötlum



**7. Þín eigin goðsaga**
Ævar Þór Benediktsson



**8. Geirmundar saga heljarskinns**
Bergsveinn Birgisson



**9. Hundadagar**
Einar Már Guðmundsson



**10. Spámennirnir í Botnleysufirði**
Kim Leine

10. - 17. des 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18






**STAR WARS AÐDÁANDI** Starf Sigurlínu sem yfirframleiðanda Star Wars Battlefront er fjölbreytt og spennandi. Hún segist leikjanörður sjálf og hennar uppáhaldspersóna er Svarthöfði. MYND/SIGURLÍNA INGVARSDÓTTIR

# HELDUR UPP Á SVARTHÖFÐA

**STJÖRNUSTRÍÐ** *Star Wars æðið stendur nú sem hæst en nýjasta kvikmyndin, The Force Awakens, var frumsýnd í vikunni. Sigurlína Ingvarsdóttir leggur sitt af mörkum sem yfirframleiðandi tölvuleiksins Star Wars: Battlefront.*

Ég hef alltaf verið Star Wars fan. Ég á minningar um Darth Vader frá því ég var pínulítil og hann er minn uppáhalds Star Wars-karakter," segir Sigurlína Ingvarsdóttir, yfirframleiðandi tölvuleiksins Star Wars: Battlefront.

Sigurlína er búsett í Stokkhólmi og stýrir framleiðslu leiksins hjá DICE, dótturfyrirtæki EA. Hún situr einnig í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og vinnur náið með markaðsdeildinni að gerð markaðsherferðar fyrir leikinn. Þá er hún í nánu samstarfi við Lucasfilm sem á Star Wars og því kemur ekki á óvart að henni leiðist lítið í vinnunni.

„Vinnan mín er ótrúlega margbreytileg og ég fer frá því að ræða smæstu smáatriði í leiknum eins og hvernig persónur líta út og hreyfa sig í það að ræða langtímastrategíu Star Wars tölvuleikja hjá EA. Talsverður hluti af vinnunni minni felst í að sinna viðtölum og kynningu á leiknum, til dæmis á leikjaráðstefnum. Það eru engir tveir dagar eins hjá mér," segir Sigurlína.



**THE DARK SIDE** Svarthöfði er í uppáhaldi margra aðdáenda Star Wars, og Sigurlínu þar á meðal. MYND/EA

### FYLGDUST MEÐ TÖKUM Í ABU DHABI

„Við höfum verið að vinna með Lucasfilm sérstaklega að því að koma plánetunni Jakku að, en The Force Awakens gerist að miklu leyti þar. Jakku er eyðimerkurpláneta þar sem við sjáum leifar mikillar orrustu sem gerðist löngu áður en atburðir The Force Awakens gerast. Þessa atburði má sjá í Star Wars Battlefront og við þurftum því að fá upplýsingar um The Force Awakens á meðan myndin var í framleiðslu og teymi frá okkur fór á settið í Abu Dhabi þar sem atriðin sem gerast á Jakku voru tekin upp."

Star Wars Battlefront hefur verið í þróun í rúm tvö ár. Sem yfirframleiðandi stýrir Sigurlína þróunarteymi leiksins og fylgist með á öllum stigum. Hún vinnur með öllum stjórnendum leikjateymisins, svo sem leikjahönnuðinum, listrænum stjórnanda, tæknilegum stjórnanda, yfirhljóðhönnuði og verkefnastjóra að leiknum frá hugmynd til útkomins leiks. Þá upplýsir hún hagsmunaaðila innan og utan EA um hver staða framleiðslunnar er á hverjum tíma. „Þetta er ótrúlega flókið og spennandi ferli, sambland af vísindum og list og fólkið sem vinnur við tölvuleikjagerð er upp til hópa fært, frjótt og metnaðargjarnt og hefur mikla ástríðu fyrir starfinu sínu," segir Sigurlína.

### EN ÚT Á HVAÐ GENGUR LEIKURINN?

„Star Wars Battlefront er fyrst og fremst fjölspilunarskotleikur í klassíska Star Wars heiminum, sem við þekkjum úr fyrstu þremur Star Wars myndunum. Hann gerist á snjóplánetunni Hoth, eyðimerkurplánetunni Tatooine og skógartunglinu við Endor auk plánetunnar Sullust sem er hraunpláneta og að miklu leyti byggð á Íslandi. Spilarinn spilar annaðhvort í liði uppreisnarhersins eða sem Stormtrooper í vonda liðinu. Leikmennirnir geta líka spilað sem hetjur eins og Luke Skywalker, Leia Organa eða Han Solo og illmenni eins og Darth Vader, Boba Fett eða Keisarinn og stýrt farartækjum eins og X-Wings, A-Wings, TIE fighters og TIE interceptors og svo AT-ST, að ógleymdum Millennium Falcon og Slave I, skipi Boba Fett."

### ERTU LEIKJANÖRÐUR SJÁLF?

„Ég hef spilað tölvuleiki frá því að ég var barn og uppáhaldsleikirnir mínir eru Tetris, Tekken, Civilization III og The Last of Us. Ég á nokkrar leikjavélar, þar á meðal tvær PS4 og eina PS3."

### EYÐIR JÓLUNUM Í SÓLINNI

Sigurlína er nú komin í langþráð frí eftir mikla vinnutörn síðustu tvö árin. Hún segir starfið krefjandi og áhugamálin hafa setið á hakanum. Hún nýti þó þann frítíma sem gefst vel.

„Ég er bókaormur og les mikið af fantasíum og vísindaskáldsögum auk fagbóka. Núna er ég að lesa ævisögu Brynhildar Georgíu Björnsdóttur eftir stórvinkonu mína Ragnhildi Thorlacius. Auk lestrar horfi ég á sjónvarpsseríur. Svo reyni ég að eyða tíma með dætrum mínum tveimur og við Emma, átta ára, höfum gaman af að fara saman á skauta. Við fjölskyldan reynum að nota öll frí til að ferðast enda auðvelt að fljúga hvert sem er frá Stokkhólmi og með Airbnb er auðvelt að finna íbúð sem hentar fjögurra manna fjölskyldu í borgarferð. Undanfarin ár höfum við farið til Parísar, Berlínar, Krakow, Tallinn, Helsinki, Prag, Madridar og Barcelona, Vimmerby, Kaupmannahafnar og erum akkúrat núna í Hua Hin í Taílandi, þar sem við ætlum að eyða jólunum í sólinni."

# Hollur hátíðarmatur

# Íslenskur kalkúnn




## Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía frá Pottagöldrum
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

**Verði ykkur að góðu**

*Nonni og Stína*

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

**Holda kalkúnn frá Reykjabúinu fæst í flestum verslunum**

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

**kalkunn.is**

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

ATARNA



**FALLEGT** Arnar Gauti með kærleikskúlurnar sínar sem hann raðar á grein. Þess má geta að í dag er síðasti söludagur kærleikskúlanna fyrir þessi jól.

MYND/GVA

# SAFNAR KÆRLEIKSKÚLUM

**JÓL** *Fagurkerinn Arnar Gauti Sverrisson er mikið jólabarn og finnst gaman að skreyta fyrir jólin. Hann hefur safnað öllum kærleikskúlum sem gerðar hafa verið og þær fá veglegan sess á heimilinu, enda ákaflega fallegir listgripir sem vekja mikla athygli.*

Kærleikskúlan varð fyrst til árið 2003 en það var listamaðurinn Erró sem skreytti hana. „Það hefur verið hefð hjá mér að safna kærleikskúlum auk þess sem ég hef gefið foreldrum mínum hana í jólagjöf. Mér finnst kærleikskúlan vera fallegt form af íslenskri list, enda engir smá listamenn sem skreyta hana. Mér finnst frábært að listamenn skuli gefa sér tíma til að styrkja fatlaða með þessum hætti. Það er flott hugsun á bak við kúluna í heild sinni,“ segir Arnar Gauti.

„Ég raða kúlunum á stóra grein sem ég er með í vasa. Ég set þær ekki á jólatréð heldur nota þær sem glæsilega skreytingu. Það er bæði fallegt og svo er gaman að horfa á þær svona saman,“ segir hann. „Kúlurnar draga að sér gesti sem hafa gaman af að skoða þær. Ég fór einu sinni á sumarhátíð í Reykjadal og það var ótrúlega gefandi að sjá starfið á bak við kúlurnar. Auk þess varð mér ljóst hversu mikilvægt þetta styrktarstarf er. Það er gaman að geta styrkt starf Styrktarfélags lamaðra og fatlaða og fá í staðinn fallegan og eigulegan grip,“ segir Arnar. Kærleikskúlan í ár er eftir listakonuna Rögnu Róbertsdóttur.

### TÍMI TIL AÐ NJÓTA

Arnar, sem er þekktur fagurkeri og stílisti, viðurkennir að hann sé mikið jólabarn. „Ætli glitrið í augum barna minna gleðji ekki mest, auk þess sem mér finnst aðventan yndislegur tími. Ég vil vera búinn að öllu snemma og njóta þessa tíma með börnunum mínum, gera eitthvað skemmtilegt saman. Það er ekkert stress á mínu heimili. Ég er meira að segja búinn að kaupa jólamatinn,“ segir hann. „Við fórum á skauta á Ingólfstorgi um daginn sem var einstaklega ánægjulegt. Umhverfið er svo fallegt og þetta er vel gert,“ bætir hann við.

Arnar er fráskilinn og á tvö börn, Kiljan Gauta, 8 ára, og Natalíu París, 11 ára. „Börnin eru aðra hverja viku hjá mér og verða með mér á aðfangadag. Það verður möndlugrautur og hamborgarhryggur. Ég hef mjög gaman af því að elda mat og það verður mjög notalegt hjá okkur. Uppáhaldsmaturinn minn er hangikjöt og mamma eldar það fyrir okkur á jóladag,“ segir Arnar Gauti sem viðurkennir að hann sakni þess að eiga ekki stóra fjölskyldu. „Fjölskyldan mín er lítil. Ég er einkabarn og mamma var einkabarn. Það er því engin stórfjölskylda í kringum mig en við erum samheldin og kunnum að njóta. Ég held fast í hefðir á jólum. Við veljum jólatré saman og skreytum síðan. Krakkarnir eiga mikið af fallegu jólaskrauti. Ég hef gefið þeim jólaskraut frá því þau fæddust, hún fær alltaf jólakúlu sem er spiladós en hann fær hnotubrjót. Ég tek alltaf jólarölt um miðbæinn og kíki í Jólahúsið.“

### GAMALDAGS JÓL

Arnar Gauti starfar hjá Húsgagnahöllinni og er jafnframt með eigið blogg, sirarnargauti.is, þar sem hann gefur góð hönnunarráð. Þegar hann er beðinn að gefa konum góð ráð síðustu dagana fyrir jólin er hann fljótur að svara. „Setjast niður, fá sér púrtvín og slaka á. Besta ráðið er að njóta augnabliksins og þakka fyrir allt það góða sem við eigum.“

Arnar segir að dökk-búrgundí sé jólaliturinn í ár. „Litur eins og á góðu rauðvíni,“ segir hann. „Jólin núna eru svolítið gamaldags og sá litur hentar þess vegna mjög vel. Fatatískan er hins vegar margbreytileg en mér finnst alltaf að hinn eini sanni jólakjóll sé litli, svarti kjóllinn.“

■ elin@365.is

## KÆRLEIKSKÚLAN

**2003 -** Erró
**2004 -** Ólafur Elíasson
**2005 -** Rúrí
**2006 -** Gabríela Friðriksdóttir
**2007 -** Eggert Pétursson
**2008 -** Gjörningaklúbburinn
**2009 -** Hreinn Friðfinnsson
**2010 -** Katrín Sigurðardóttir
**2011 -** Yoko Ono
**2012 -** Hrafnhildur Arnardóttir
**2013 -** Ragnar Kjartansson
**2014 -** Davíð Örn Halldórsson
**2015 -** Ragna Róbertsdóttir


ora
Ástríða í matargerð
Ora óskar landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári
ora
GRÆNAR BAUNIR
www.ora.is



**TVÍFARAR** Herborg Ingvarsdóttir hitti óvænt tvífara sinn á vegg niðri í bæ. Veggurinn stendur beint á móti fyrstu íbúð foreldra hennar. MYND/VILHELM

# TVÍFARI VAKTAR FORELDRAHÚSIN

**SKEMMTILEG TILVILJUN** *Herborg Ingvarsdóttir arkitekt hitti fyrir tvífara sinn á veggmynd niðri í bæ. Tveggja ára sonur hennar kallar myndina „mömmu“ og sjálfri finnst henni hún horfa í spegil enda líkindin töluverð.*

Við fjölskyldan vorum á labbi upp Frakkastíginn í sumar þegar mér verður litið til hliðar og rek þá augun í þessa mynd á veggnum. Mér fannst ég bara vera að horfa á sjálfa mig þegar ég var lítil og þau hin tóku undir það,“ segir Herborg Ingvarsdóttir arkitekt, en hún hitti fyrir tvífara sinn á vegg á torginu Frakklandi við Frakkastíg.

**VAKTI ATHYGLI VINANNA Á FACEBOOK**

„Ég tók mynd af veggnum til gamans. Þegar ég fór svo að skoða þetta betur heima fannst mér líkindin svo mikil að ég setti myndina á Facebook. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, það sköpuðust skemmtilegar umræður og fólki fannst þetta hreinlega vera mynd af mér,“ segir Herborg.

Hún komst í samband við listamanninn með fyrirspurnum á Facebook og spurði út í fyrirmyndina.

„Kunningi minn sem þekkir til í graffítíheiminum benti á Kristínu Morthens. Ég sendi henni skilaboð og forvitnaðist um hvort hún hafi haft einhverja fyrirmynd þegar hún vann myndina. Hún sagðist ekki hafa haft neina ákveðna fyrirmynd, sem gerir líkindin bara meira spennandi,“ segir Herborg.



**LÍTIL HERBORG** Mörgum finnst veggmyndin geta verið af Herborgu þegar hún var lítil. MYND/ÚR EINKASAFNI

**VAKTAR HÚS MÖMMU OG PABBA**

Líkindin eru því hrein tilviljun og þess vegna fannst Herborgu staðsetningin enn skemmtilegri. „Það er dálítið fyndið að torgið og þessi veggur er beint á móti íbúðinni þar sem foreldrar mínir hófu sín fyrstu búskaparár um tvítugt. Eins og „ég“ sé að vakta fyrstu íbúðina þeirra!“ Þetta er bara stórskemmtilegt og tveggja ára sonur minn segir til dæmis alltaf „mamma“ þegar hann sér þessa mynd.“

■ **heida@365.is**

## LAUFABRAUÐ

**¾ l vatn**
**¼ l rjómi**
**½ tsk. salt**
**1 tsk. sykur**
**½ tsk. lyftiduft**
**600–700 g hveiti**

Vatn og rjómi hitað að suðu. Þurrefnum blandað og heit rjómablandan smám saman út í.



Hnoðað þar til deigið sleppir borði. Vafið í plastfilmu og geymt á köldum stað í ½ klst. Skorið í bita og flatt út mjög þunnt. Skorið og steikt í feiti.


Óðinsauga

KYNNIR:




Gamansögur, glettnir bragir, leikið á létta strengi, smásögur, kvæði og æviþættir.

Hér sannast enn frábært skopskyn höfundar – en jafnframt er sagt frá af mikilli hreinskilni, einlægni og mannþekkingu, og þá ekkert dregið undan.




Stórbrotið meistaraverk

*Þegar Gestur fór* er sjálfstætt framhald verðlaunasögunnar *Þegar kóngur kom.*



## RAFMAGNS-TÆKNIFRÆÐINGUR RAFMAGNS-IÐNFRÆÐINGUR

### VILT ÞÚ VINNA HJÁ FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI?

**Óskum eftir rafmagnstæknifræðingi eða rafmagnsiðnfræðingi til starfa.**

Áhugasamir hafi samband við Kristinn Hreinsson, kristinn@rafeyri.is.

2014 FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI 2010-2014

RAFEYRI *alltaf í stuði!*

RAFEYRI EHF - AKUREYRI - SÍMI 460 7800 - RAFEYRI@RAFEYRI.IS - WWW.RAFEYRI.IS

---

## Verslunarstjóri óskast í Vínbúðina Þórshöfn

## Starfsmaður óskast í Vínbúðina Patreksfirði

Upplýsingar um störfin og umsóknir eru á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

---

EFLA



## Ert þú góður brúarverkfræðingur?

EFLA leitar að öflugum byggingarverkfræðingi til starfa á brúasviði fyrirtækisins. Brúasvið er hluti af samgöngusviði EFLU, sérhæft í brúarmannvirkjum. Meðal viðfangsefna sviðsins eru hönnun nýrra brúarmannvirkja á Íslandi og í Noregi, ásamt hönnun styrkinga og greiningu á mannvirkjum í rekstri. Umsvif starfseminnar hafa aukist síðustu ár og nýjum starfsmönnum gefst tækifæri á þátttöku í því spennandi þróunarstarfi.

**Hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í byggingarverkfræði
- Góð kunnátta í norsku eða öðru norðurlandamáli
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun er mikill kostur
- Reynsla af hönnunarvinnu fyrir norsku Vegagerðina er kostur

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 8. janúar næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
8. janúar 2016

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 270 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

---

## Viðskiptalausnir - ráðgjöf og hugbúnaðarþróun

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Vegna aukinna verkefna óskar þjónustu- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar eftir að ráða reynda sérfræðinga til starfa. Um er að ræða traust fyrirtæki í fremstu röð á sínu sviði. Mikil áhersla er lögð góðan starfsanda, gott og jákvætt viðmót og vönduð vinnubrögð. Óskað er eftir einstaklingum sem búa yfir marktækri reynslu af vinnu við viðskiptahugbúnaðarlausnir og hafa metnað til að ná framúrskarandi árangri í starfi.

### Ráðgjafar

Starfið felst í þjónustu, ráðgjöf og stjórnun verkefna tengd innleiðingu á viðskiptalausnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Viðskipta- og/eða menntun á sviði tölvunarfræði er æskileg. Haldgóð þekking og reynsla af vinnu við viðskiptakerfi. Góðir samskiptahæfileikar, skipulagshæfni og jákvætt viðmót eru lykilatriði.

### Hugbúnaðarþróun

Starfið felst í forritun og ráðgjöf vegna viðskiptalausna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Tölvunarfræðimenntun eða sambærilegt. Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfshæfileikar eru skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið í síbreytilegu umhverfi þar sem frumkvæði við úrlausn verkefna skiptir miklu máli.

**Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða og starf hjá traustu fyrirtæki þar sem góður vinnuandi og samvinna eru í fyrirrúmi.**

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon* ***(torfi@intellecta.is)*** *og Ari Eyberg* ***(ari@intellecta.is)*** *í síma 511 1225.*

*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is í síðasta lagi 4. janúar 2016. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá.*

***Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

**Eggert Kristjánsson ehf.**

Eggert Kristjánsson ehf. er ein elsta heildverslun landsins. Fyrirtækið starfar að mestu í innflutningi á matvöru og er með mörg leiðandi merki á því sviði. Þar á meðal eru vörumerki með langa sögu og önnur sem mæta vaxandi þörf fyrir lífrænar vörur og ferskleika. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru annars vegar helstu matvöruverslanir í landinu en einnig stóreldhús, hótel, veitingahús, skólar og opinberar stofnanir.

# Frábær störf fyrir fólk með drifkraft og metnað

Eggert Kristjánsson ehf. óskar að ráða öflugan sölustjóra, viðskiptastjóra og innheimtufulltrúa.

## Sölustjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem getur leitt söluteymi fyrirtækisins í þeim mikla vexti sem er framundan en starfið felst í yfirumsjón með öllum sölumálum fyrirtækisins. Helstu verkefni eru stýring söluteymis á neytenda- og stóreldhúsamarkaði, tilboðsgerð, öflun nýrra viðskiptavina, gerð viðskiptasamninga, kynningar á vörum fyrirtækisins og þátttaka í vöruþróun. Leitað er að einstaklingi sem er röggsamur, talnaglöggur og fljótur að koma auga á viðskiptatækifæri.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustjórnun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Frumkvæði, útsjónarsemi og leiðtogahæfileikar
- Hæfileiki til að starfa í hóp og færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta áskilin
- Færni í Navision er kostur

## Viðskiptastjórar

Vegna vaxandi umsvifa þurfum við að bæta við okkur viðskiptastjórum. Sölusvæðin geta náð til hvort heldur verslana eða stóreldhúsa og því er fjölbreyttur bakgrunnur umsækjenda kostur. Leitað er að söludrifnum einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfileika. Reynsla af sölustörfum fyrir heildverslanir er kostur en ekki skilyrði.

## Innheimtufulltrúi 50% starf

Við óskum efir að ráða reyndan aðila með þekkingu á Navision sem hefur tamið sér nákvæm og öguð vinnubrögð. Við leitum að hæfni í mannlegum samskiptum, góðri tölvukunnáttu og tölugleggni.

**Upplýsingar veita:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Golfsamband Íslands er íþróttasamband rúmlega 60 golfklúbba með tæplega 17.000 félagsmenn. Golfsambandið hefur vaxið hratt undanfarin ár og er næststærsta sérsamband innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands. Hlutverk þess er að vera leiðandi og sameinandi afl innan golfhreyfingarinnar, auka útbreiðslu, efla samskipti og styðja við barna-, unglinga- og afreksstarf á Íslandi.

# Framkvæmdastjóri

Golfsamband Íslands (GSÍ) óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri Golfsambandsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og sér til þess að þjónusta sambandsins sé veitt í samræmi við stefnu GSÍ. Framkvæmdastjóri undirbýr og situr stjórnarfundi og hefur yfirumsjón með áætlanagerð og tekjuöflun.

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur sambandsins í umboði stjórnar
- Ábyrgð á fjármálum, stefnumótun og markmiðasetningu
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga, ársskýrslna og upplýsingagjöf til stjórnar
- Öflug samskipti og samstarf við golfklúbba innan GSÍ sem og erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð reynsla af stjórnun og rekstri
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á golfíþróttinni er æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Reynsla af starfi innan íþróttahreyfingar er kostur

**Upplýsingar veitir:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar nk.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. mars 2016.

Starfsferilskrá og kynningarbréf skulu fylgja umsókn. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

*Starfsmenn Hagvangs*

HAGVANGUR

# Linux kerfisrekstur

Óskum eftir að komast í samband við Linux sérfræðing sem langar að leita nýrra tækifæra. Starfsreynsla við Linux kerfisrekstur er skilyrði.

Mikil tækifæri í boði fyrir réttan einstakling.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog.
Vaktavinna - helgarvaktir - næturvaktir - starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Upplýsingar veitir**
**Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs**
**Netfang:thora@saa.is**
**Sími 824 7615**



## Forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar óskar eftir að ráða metnaðarfullann, jákvæðan og drífandi einstakling til að takast á við spennandi og krefjandi nýtt starf forstöðumanns Umhverfismiðstöðvar Akureyrar.

Umhverfismiðstöð Akureyrar er ný stofnun sem tekur yfir núverandi starfsemi Framkvæmdamiðstöðvar og Strætisvagna Akureyrar og heyrir beint undir bæjartæknifræðing.

**Helstu verkefni eru:**
- Umsjón með daglegum rekstri og stjórnun umhverfis-miðstöðvar.
- Umsjón með verklegum framkvæmdum.
- Umsjón með almenningssamgöngum og ferliþjónustu.
- Stýrir rekstri og viðhaldi opinna svæða, gatna- og umferðar-mannvirkja ásamt snjómokstri og hálkuvörnum.
- Starfsmannamál.
- Rekstar- og starfsáætlanagerð.
- Samræming verkefna og skipulag.
- Innkaup og birgðahald.
- Umsjón með aðkeyptri þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2015**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 77787 12/15

Laust er til umsóknar starf sérfræðings hjá Icelandair Technical Services sem sér um:
**Eftirlit og uppfærslur á viðhaldsáætlunum flugvéla (Maintenance Programmes Engineer)**

### STARFSSVIÐ:
- Umsjón með og uppfærslur á viðhaldsáætlunum flugvéla
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla frá framleiðendum
- Umsjón tæknigagna sem snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

### HÆFNISKRÖFUR:
- Próf í flugvirkjun, verkfræði eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Þekking á LEAN-aðferðafræði er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta í bæði rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Nánari upplýsingar veita:**
Unnar Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út eigi síðar en 3. janúar 2016.
www.icelandair.is/umsokn

ICELANDAIR



capacent

## Kæri viðskiptavinur, gleðileg jól

Starfsfólk Capacent óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum samskiptin á liðnum árum.

# Fjölbreytt störf hjá HEKU

HEKLA

**Við hjá HEKLU hf óskum að ráða í eftirtaldar stöður:**

## Bifvélavirki í Reykjanesbæ

**Starfssvið:**
- Viðgerðir og viðhald á bifreiðum í háum gæða- og tækniflokki.
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum HEKLU.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða.
- Reynsla af viðgerðum á Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi æskileg.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjartansson, sölu- og þjónustustjóri, í síma 590 5090 eða gk@hekla.is

## Starfsmaður á hjólbarðaverkstæði á Laugavegi 170-174

**Starfslýsing:**
- Almenn dekkjaþjónusta.
- Umsjón með dekkjasölu og birgðahaldi.

**Hæfniskröfur:**
- Góð reynsla af þjónustu og sölu dekkja.
- Sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Elíasson, hópstjóri, í síma 590 5000 eða gel@hekla.is.

*Rúmlega 130 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir. Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.*

**Umsóknarfrestur er til og með 29. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu HEKLU, www.hekla.is**

# FORSTÖÐUMAÐUR ÞJÓÐHAGSVARÚÐAR

▶ Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir teymi þjóðhagsvarúðar á greiningasviði

Starfið felur í sér umsjón með einingu sem hefur það hlutverk að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum og miðla þeim upplýsingum út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins. Einnig gerir teymið tillögur um breytingar á lögum og mótar reglur og leiðbeiningar er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði.

## Starfssvið
- Ábyrgð á greiningu markaða og gerð álagsprófa
- Mat á fjármálastöðugleika og kerfisáhættu
- Umsjón með gerð og framkvæmd verkáætlunar
- Ábyrgð á framsetningu og miðlun upplýsinga
- Ábyrgð á daglegum rekstri og mótun liðsheildar
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi

## Menntunar- og hæfnikröfur
- Framhaldsmenntun á háskólastigi eða mikil reynsla sem nýtist í starfi, einkum á sviði fjármála eða hagfræði
- Víðeigandi þekking á fjármálamörkuðum og áhrifaþáttum fjármálastöðugleika nauðsynleg
- Rík greiningarhæfni og þekking á gerð álagsprófa
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga

Frekari upplýsingar veita Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri (jonthor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Byggingamenn athugið

Aflmót byggingafélag ehf óskar að ráða járnamenn og smiði vana mótauppslætti. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Mikil vinna framundan. **Nánari upplýsingar veitir Jóhannes, gsm: 773 8877, netfang: johannes@aflmot.is.**

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

S. Gunnbjörnsson ehf heildverslun

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

**Umsóknir sendast á Sgunnbj@simnet.is merkt: Starf-Snyrtivörur**

**Við ætlum að stækka við okkur á árinu 2016 og leitum því að starfsmönnum í eftirfarandi stöður:**

- Sölustjóra
- Sölufulltrúa (tvær stöður í boði)
- Aðstoðarmann fasteignasala

**Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Húsaskjóls fasteignasölu – www.husaskjol.is**

Húsaskjól fasteignasala

SÓLVANGUR

# Húsvarsla
**(umsjón fasteigna)**

Hjúkrunarheimilið Sólvangur Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um rekstur fasteig na heimilisins, auk þess að sinna ýmsum smáviðgerðum og þjónustu við starfsemina. Um 80% starfshlutfall er að ræða.

Viðkomandi þarf að vera handlaginn og hafa góða þjónustulund.

**Umsóknarfrestur er til 31. desember** og skulu umsóknir sendar á netfangið: kristjan@sunnuhlid.is
Nánari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson, gsm 618 9200

# Vélstjóri

**Melnes ehf óskar eftir að ráða Vélstjóra til starfa á Særif SH 25.**

Særif SH er 30 brl á línuveiðum með 377 KW aðalvél og vél útbúið. Um er að ræða dagróðra frá vestanverðu landinu. Kvótastaða bátsins er góð sem og tekjumöguleikar.

Vélstjóri sér um vélgæslu, viðhald, almennri vinnu á dekki bátsins og annað sem til fellur og þarf að sinna. Staðan er laus strax. Krafist er réttinda VVY1 og tilskilinna námskeiða frá slysavarnaskóla Sjómanna.

Melnes ehf. Rifi, Snæfellsbæ.

Umsóknir og upplýsingar um starfið veitir Arnar í síma 772-2266, freyjubrunnur@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# JMJ-Tækni

## Suðumaður óskast

JMJ-Tækni ehf. óskar eftir að ráða mann til starfa við suðu á ryðfríu stáli

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Æskilegt að viðkomandi sé lærður járnsmiður, vélsmiður eða hafi suðuréttindi og góða reynslu af suðu á ryðfríu stáli
- Reglusemi, Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Ólafur í síma 820-4146 eða Jón Magnús í síma 899-5862

Tekið er á móti umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið **jmj@jmj.is**

JMJ-tækni ehf. • Gjótuhraun 3 • 220 Hafnarfjörður

# Forritari

**Háskóli Íslands óskar eftir að ráða forritara. Um er að ræða fullt starf í hugbúnaðarþróunardeild. Nýr starfsmaður verður hluti af öflugu hugbúnaðarteymi sem þróar fjölbreyttar og sérhæfðar hugbúnaðarlausnir fyrir háskólasamfélagið. Mögulegt er að sinna starfinu utan Reykjavíkursvæðisins.**

### Starfssvið

- Forritun og rekstur innri vefs sem gengur undir nafninu UGLA og er í notkun hjá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Hólum.
- Þarfagreining og ráðgjöf varðandi hugbúnaðarþróun fyrir háskólasamfélagið.

Umsóknarfrestur er til **16. janúar** 2016.
Sjá nánar á **www.hi.is/laus_storf**.

### Hæfniskröfur

- Þjónustumiðað hugarfar.
- Þekking á vefforritun (PHP, HTML, CSS, JavaScript, ...)
- Þekking á notkun gagnagrunna.
- Háskólamenntun í tölvunarfræði og/eða reynsla af hugbúnaðarþróun.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Ragnar Stefán Ragnarsson** í síma 525 4221, **ragnarst@hi.is**.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 156112

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings á sviði stefnumótunar og fjármála

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir starf sérfræðings á sviði stefnumótunar og fjármála en starfið er á skrifstofu fjármála og rekstrar. Um er að ræða fullt starf.

Meginverkefni sérfræðings er að vinna að stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur ráðuneytisins og með aðkomu stofnana sem heyra undir ráðuneytið. Sérfræðingurinn mun einnig starfa við önnur verkefni skrifstofunnar s.s. við fjárlagagerð, kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerða og eftirlit með rekstri stofnana auk annarra verkefna. Sérfræðingurinn þarf að vera lausnamiðaður, hafa góða skipulagshæfni og sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Hann þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði þar sem framhaldsmenntun er kostur.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og þróunar- og breytingaverkefnum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun auk hæfileika til að taka þátt í og leiða teymisvinnu.
- Góð Excel kunnátta.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta auk þess sem vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2016.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn sína til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík eða rafrænt á postur@uar.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Guðmundsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (stefan.gudmundsson@uar.is).

## Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir tveimur læknum á starfsstöðina á Blönduósi.

### Auglýst er 100% staða yfirlæknis

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna að frekari uppbyggingu og þróun þjónustu á starfssvæðinu.
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, æskilegt sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgist skipulag læknisþjónustu, bæði dag- og vaktþjónustu
- Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

### Auglýst er eftir lækni í 100% stöðu. Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Íslenskt lækningaleyfi, sérfræðileyfi í heimilislækningum er æskilegt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**

- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is eða á síðunni http://www.starfatorg.is/
Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá. Leggja skal fram staðfest afriti af opinberu starfsleyfi ásamt upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til mannauðsstjóra HSN, Hafnarstræti 99, 600 Akureyri.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.
**Umsóknarfrestur um störfin eru til 25. janúar 2016 og eru störfin veitt skv. nánara samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga HSN í síma 455-4000 eða orn.ragnarsson@hsn.is og Þórhallur Harðarson, mannauðsstjóri í síma 892-3091 eða thorhallur.hardarson@hsn.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða.

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 15. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila.*

*Þær heilbrigðisstofnanir sem mynduðu Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru eftirfarandi stofnanir:*

*Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslan á Akureyri, Heilsugæslan á Dalvík, Heilbrigðis-stofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.*

*Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 520 talsins. Heildarvelta HSN er um ríflega 4,8 milljarðar króna.*

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma.*

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Kennari í náttúrufræði og samfélagsgreinum í 7. – 10. bekk

**Sjálandsskóli**
- Námsráðgjafi í 50% stöðu

**Náttúruleikskólinn Krakkakot**
- Matráður
- Aðstoðarmatráður

**Fjölskyldusvið**
- Stuðningur við ungan mann, heima og í skóla

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

EIR

## Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir sjúkraliðum á morgun, kvöld og helgarvaktir

Sjúkraliðar óskast á 4. hæð Eirar hjúkrunarheimilis. Deildin sinnir m.a. hvíldarinnlögnum og brotaendurhæfingu í samvinnu við Landspítalann.

Upplýsingar veita Erla Sigtryggsdóttir deildarstjóri og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.

Umsóknir má einnig senda rafrænt á erla@eir.is og edda@eir.is

**Eir hjúkrunarheimili**
**Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík**
**Sími 522 5700**




Við leitum að starfskrafti með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða. Menntun í faginu er mikill kostur en ekki skilyrði

Umsóknir sendist á **ss@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **8. jan 2016.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhella 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is




**Vegna aukinnar framleiðslu fyrirtækisins óskum við eftir að ráða starfsmann í sölu- og markaðssetningu á laxi.**

### Starfssvið:
- Sala og markaðssetning
- Samskipti við viðskiptavini og reikningagerð
- Samstarf við söluteymi
- Eftirfylgni við sölu auk annarra starfa, m.a. tollafgreiðsla
- Innkaup og skipulag vöruflutninga

### Hæfniskröfur:
- Viðskipta- og markaðsfræði eða menntun tengd sjávarútvegi
- Reynsla tengd sjávarútvegi er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til 21. desember 2015.**

**Umsóknir sendist á Kristínu Helgadóttur starfsmannastjóra á *umsoknir@fjardalax.is***






Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipt eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum.

Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Grandagarði 14
101 Reykjavík

www.fjardalax.is




**Luxor er sérhæfð tækjaleiga og -sala fyrir viðburði, tónleika, leikhús og sjónvarpsiðnaðinn. Við leitum að metnaðarfullum og vönduðum einstaklingi í fullt starf í bókhaldsdeild okkar.**

Helstu verkefni:
- Bókun kostnaðarreikninga
- Kostnaðareftirlit
- Bókun inn- og útgreiðslna
- Aðstoð við innheimtu
- Önnur bókhaldstengd störf eftir þörfum

Helstu kröfur:
- Þekking og haldbæra reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Gott vald á ensku og íslensku
- Haldbær þekking á Navision

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Umsóknir sendist til Luxor á bragi@luxor.is eða

*Luxor,*
*Skipholt 33 - bakhús,*
*105 Reykjavík,*

**UMSÓKNIR BERIST FYRIR 4.1.2016.**

ráðum
ráðningarstofa

# Við leitum að starfsfólki!

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar óskar eftir að ráða framsækinn og dugmikinn einstakling í 50% stöðu verkefnastjóra

Nánari upplýsingar á icelandicartcenter.is

## Aðstoðarmaður bakara eða bakaranemi óskast

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vinnutími frá 5:00 til 13:00 og aðra hverja helgi. Áhugasamir sæki um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt **ATVINNA**.

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í tímabundið starf í leikskólann Dal
- Deildarstjóri í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Núp

**Grunnskólar**

- Skólaliði í dægradvöl í Vatnsendaskóla
- Íþróttakennari óskast í Smáraskóla
- Stuðningsfulltrúi í námsver í Kópavogsskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Kópavogsskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Hörðuvallaskóla
- Íslenskukennari í Hörðuvallaskóla
- Forfallakennari í Salaskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Salaskóla
- Starfsmaður á bókasafn í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðunni **www.kopavogur.is** þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Starfatorg.is

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr og frjálslyndur íslenskur samskiptavefur: "live" spjall, stefnumót, blogg,. o.fl. Líttu við!

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr samskiptavefur - og við bjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun

## til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is




Þjónustuauglýsingar
Sími 512 5407

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

JÓLA JÓLA JÓLA!
Hringdu og pantaðu pláss fyrir þitt fyrirtæki.
Sími 512 5407
Þjónustuauglýsingar alla fimmtudaga í Fréttablaðinu

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@365.is sigrunh@365.is




# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

## Leikir helgarinnar

**Laugardaginn 19. des**

14:50 Man.United - Norwich
14:50 Chelsea - Sunderland

**Sunnudaginn 20. des**

13:20 Watford - Liverpool
15:50 Swansea City - W.H. United

## Hljómsveitin Klettar




Rúnar Þór,
Rúnar Villavalla,
Reynir Guðmunds,
og Siggi Árna.
Spila um helgina

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

GULLNÁMAN

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

---

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims

Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




GEORG JENSEN · by Lassen Copenhagen · HAY · Joseph Joseph · ROSENDAHL · KÄHLER




Framundan eru góðir dagar með Skemmtipakkanum

# EITTHVAÐ FYRIR ALLA UM

Áskrifendur að Skemmtipakkanum geta notið frábærrar dagskrár okkar um hátíðarnar. Nýjar og sígildar kvikmyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og skemmtilegt talsett barnaefni. Njóttu Skemmtipakkans um hátíðarnar.

BRAVO Vild MARAÞON

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

























**MARAÞON**

Taktu maraþon af **Sopranos** eða **Mad Men.**
Á Stöð 2 Maraþon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.



















# HÁTÍÐARNAR




365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

# Frjálsari reglur í opnum fangelsum

Að Sogni í Ölfusi hefur verið rekið opið fangelsi í þrjú ár. Áður var þar réttargeðdeild. Alla jafna komast fangar inn í opin úrræði þegar þeir eiga um tvö ár eftir af afplánun sinni, eða þangað til þeir fara á Vernd eða í rafrænt eftirlit.



Á Sogni er öllu heimilislegra á að líta en í öryggisfangelsinu sem er Litla-Hraun. Hver og einn fangi er með sitt herbergi og engar girðingar eða múrar afmarka fangelsið.

**Fangelsismál**

## Refsing eða betrun?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Reynslan af Sogni hefur verið mjög góð,“ segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðukona á Sogni og Litla-Hrauni. Fangelsið að Sogni hefur verið starfandi í þrjú ár eða frá því að Réttargeðdeild var flutt þaðan og í bæinn. Pláss er fyrir 22-23 fanga þar en áður var rekið opið fangelsi að Bitru í eitt ár en starfsemin svo færð á Sogn. Um svokallað opið fangelsi er að ræða en það felur í sér að engar girðingar eða múrar afmarka fangelsið. Þar hefur hver fangi sitt herbergi og heimilislegt um að litast.

Fangar þurfa að fylgja þeim reglum sem settar eru í fangelsinu en brjóti þeir þær þá eru þeir sendir í öryggisfangelsi. Flestir sem afplána á Sogni eru karlmenn en nú eru þar tvær konur og ein kona afplánaði þar nokkra mánuði.

„Þeir sem fara í opið úrræði eru þeir sem geta átt eftir sirka tvö ár af afplánun eða þangað til þeir fara á Vernd eða í rafrænt eftirlit.“

Fangar taka virkan þátt í heimilishaldinu, sumir vinna við eldamennsku, þrif, þvotta og annað sem viðkemur húshaldi og viðhaldsstörfum meðal annars. Á staðnum er að finna gróðurhús. „Menn geta fengið heimild til þess að vinna á næstu bæjum og við erum líka í samstarfi við mjög gott fyrirtæki í Hveragerði sem heitir Fengur. Nokkrir hafa fengið að spreyta sig þar í vinnu. Þetta er auðvitað ómetanlegt í endurhæfingu og að búa menn undir að takast á við lífið eftir afplánun.“

Reglur um heimsóknir eru ekki eins strangar í opnum fangelsum eins og lokuðum. Á Sogni geta fangar fengið heimsókn föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Börn þeirra geta dvalið hjá þeim frá klukkan 10-17.

Jólin eru haldin hátíðleg á Sogni og í síðustu viku voru fangar með jólahlaðborð sem þeir stóðu að sjálfir. „Þetta er dálítið eins og stór fjölskylda bara á jólunum,“ segir Margrét um jólin á Sogni.



Á Sogni eru gróðurhús og hænsn í kofa, en fangar sjá um umhirðu og ræktun.



Fangar sem vistast á Sogni þurfa að hegða sér á ábyrgan hátt og virða þær reglur sem þar gilda, annars eru þeir sendir í öryggisfangelsi á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á dögunum var haldið sérstakt jólahlaðborð á Sogni. Fangar sjá sjálfir um eldamennsku og önnur heimilisstörf.



Hér má sjá herbergi eins fangans. Þeir sjá sjálfir um það sem viðkemur almennu húshaldi og er markmiðið meðal annars að þjálfa þá í lífsleikni. Þannig er lagður grunnur að því að búa fanga undir að koma út í samfélagið að nýju.

tl.is

# TÖLVULISTINN

# OPIÐ TIL 22:00 ALLA HELGINA !




99.995

## ÓTRÚLEGT JÓLAVERÐ

Glæsilega hönnuð 15,6" fartölva með Intel i3 örgjörva, 8GB vinnsluminni og 128GB SSD diski sem gerir hana ofurspræka í vinnslu.

nextbook8

## 8" SPJALDTÖLVA FYRIR BÖRNIN !



14.995

NEX-NX785QC8G

Vinsælasta spjaldtölvan okkar og mikið tekin fyrir börnin í jólapakkann. Fjögurra kjarna örgjörvi og aðgangur að þúsundum ókeypis leikja í Android KitKat stýrikerfinu.

## HINN FULLKOMNA MAKAGJÖF



Asus ZenPad er hágæða 7" spjaldtölva sem er fullkomin til að taka netið og uppáhalds öppin með sér hvert sem er. Kristaltær IPS skjár og fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi. Allt að 8 tíma rafhlaða og vegur aðeins 265gr.

29.995

ASUS ASU-Z170C1A009A

## BLUETOOTH FERÐAHÁTALARI FRÁ JBL

Jólagjöfin í ár. Það er ótrúlegur hljómur í þessum handhæga JBL GO hátalara. Hlustaðu á tónlist úr símanum eða spjaldtölvunni hvar sem er. Passar auðveldlega í hendi og vasa og kemur í 8 frískum litum með endurhlaðanlegri rafhlöðu.






JBL-GOBLACK

4.295

## 120GB SSD DISKUR Á BRJÁLUÐU JÓLAVERÐI




OCZ

OCZ-TRN10025SAT3120G

8.995

## 4GB GTX 960 MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ



ASUS

ASU-STRIXGTX960DC4OC

49.995

## ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í LEIKINA MEÐ BAKLÝSINGU



ASUS

ASU-CERBERUSKEYBOARD

9.995

## HAGKVÆMUR OG ÞRÁÐLAUS PRENTARI



EPSON

EPS-XP225

11.995

## 24" SKJÁTÖLVA MEÐ INTEL i3



acer

ACE-DQB05EQ002

149.995

FULLT VERÐ 169.995

Með fyrirvara um verðvillur og myndabrengl.

## 4K ANDROID SJÓNVARPSFLAKKARI



A.C.Ryan

ACR-VE94000

29.995

## QUAD CORE OG 256GB SSD



TOSHIBA

TOS-L50DC196

109.995

## 3TB FLAKKARI Á 18.995 !



Seagate

SEA-STEB3000200

18.995

FULLT VERÐ 21.995




Netgíró

**Þú getur greitt jólainnkaupin hjá okkur 1. febrúar 2016 vaxtalaust með jólareikningi Netgíró.**

Kr. 195 tilkynningar- og greiðslugjald og 3,95% lántökugjald.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# 10 bestu erlendu bíómyndirnar

**Baldvin Z, Jóhann Ævar** og **Andri Óttarsson** bíóspekúlantar dæma um það besta og versta í erlendum kvikmyndum árið 2015.



### Ex Machina
Óaðfinnanlega smíðuð saga um mörkin milli mennsku og gervigreindar sem kemur stöðugt á óvart. Höfundurinn Alex Garland sest hér í fyrsta skiptið í leikstjórastólinn og býr til þetta líka meistaraverk.

### Star Wars The Force Awakens
JJ Abrams nær hér að fanga aftur þá töfra sem gerðu Star Wars bálkinn að einum mikilvægasta menningarstólpa síðustu kynslóða. Gömul andlit og ný halda uppi frábærri atburðarás í vetrarbraut langt langt í burtu. Einn afar jákvæður spoiler; það er enginn Jar Jar.

### Sicario
Stríði Bandaríkjamanna gegn fíkniefnum gerð átakanleg skil í þessari kröftugu ádeilu þar sem skilin milli góðs og ills eru ekki til staðar. Vekur áleitnar spurningar um hina vonlausu baráttu Vesturlanda gegn fíkniefnavandanum.

### Steve Jobs
Algjör andstaða við Ashton Kutcher lestarslysið í kvikmyndinni Jobs frá 2013. Frábær mynd og höfundurinn Aaron Sorkin líklega með sín bestu skrif frá fyrstu þáttaröðinni af West Wing.

### Straight out of Compton
Ótrúlega skemmtileg mynd um hina mögnuðu hljómsveit NWA og sögu rapparans Eazy E. Skemmtileg sýn á þetta tímabil í tónlistarsögunni sem er gerð af virðingu fyrir bæði hljómsveit og aðdáendum. Og með óaðfinnanlegu tónlistarvali.





## Desembermyndir sem við hlökkum til að sjá:

- The Reverant
- Hateful 8
- The Big Short
- Creed
- Anomalisa
- Macbeth

### Inside Out
Pixar tekst að skapa eina hjartnæmustu og tilfinningaríkustu mynd ársins með því að gægjast bak við luktar dyr sálarlífs kornungrar stelpu sem flytur í nýja borg. Mynd sem tosar mjög viljandi í alla hjartans strengi og nær að myndgera þá djúpstæðu veröld sem býr í hugum okkar allra.

### Beasts of No Nation
Ísköldum raunveruleika barnahermanna í Afríku gerð virkilega góð skil í þessari stórbrotnu mynd. Hún fer með mann í hrikalegt ferðalag sem er erfitt að skilja eða vilja trúa að sé raunveruleikinn. Átakanleg mynd sem vekur bæði reiði og sorg.

### The Martian
Matt Damon er farinn að gera það að vana sínum að gleymast úti í geimi en hér er þó á ferðinni einn vandaðasta vísindaskáldsagnakvikmynd síðari ára þar sem hugvit og vísindi bjarga deginum. Leikstjórinn Ridley Scott bætir hér ríflega fyrir viðbjóðinn í Exodus: Gods and Kings.

### Mad Max – Fury Road
George Miller, leikstjóri fyrri myndanna um Óða Max, snýr hér aftur með glæsilega endurfæðingu sagnabálksins sem keyrir á áhorfendur með sturluðu sjónarspili, femínískum undirtónum og einni svölustu kvenhetju síðari ára. Já, og töffaraömmum á mótorhjólum.

### It Follows
Snjöll og fáguð hryllingsmynd þar sem óhugnanlegt skrímsli smitast milli fólks eins og kynsjúkdómur. Heldur manni á ystu nöf fram á síðustu mínútu og óttinn og paranojan hrella áhorfendur löngu eftir að ljósin eru kveikt í salnum.

## Það allra versta á árinu:

### Fantastic Four
Þegar sjálfur leikstjórinn afneitar myndinni sinni á opinberum vettvangi er hægt að reiða sig á að þar sé ósvikinn klepri á ferð. Og þessi mynd stendur undir vonbrigðum með glæsibrag.



### Mortdecai
Johnny Depp leikur enn einn furðufuglinn í ævintýralega gleymanlegri mynd sem nær einhvern veginn bæði að móðga og svæfa áhorfendur með þvælulegu plotti og óspennandi og fíflalegri persónusköpun.

### Fifty Shades of Grey
Illa skrifað húsmæðraklám E.L. James var loksins myndgert í þessari klunnalegu og ósexí mynd um ósannfærandi milljónamæring sem eltihrellir persónuleikalausa stúlku og aulahrellir áhorfendur. Þeim sem hrífast af þeim ranghugmyndum sem þarna eru bornar á borð um samskipti kynjanna viljum við benda á að þetta er bara bíómynd ... mjög mjög léleg bíómynd.



### Ridiculous Six
Rasísk, heimskuleg og slæm mynd með Adam Sandler. Með öðrum orðum enn ein Adam Sandler myndin. Ákveðið blað þó brotið þar sem þetta er fyrsta Netflix-myndin sem fyrirtækið reynir vísvitandi að fela fyrir notendum sínum. Stærsta spurningin er hvað hann Sandler hefur á Steve Buscemi sem veldur því að hann mætir aftur og aftur til að láta niðurlægja sig.

### The Cobbler
Önnur rasísk, heimskuleg og slæm mynd með Adam Sandler. Ertu til í að hætta þessu Adam Sandler? Í alvörunni! Já, og láttu Steve Buscemi í friði.

## Dómnefndin



**Jóhann Ævar Grímsson, Baldvin Z og Andri Óttarsson skipuðu dómnefnd.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
FULL HD LED 49"
LG Life's Good
LED TRIPLE XD ENGINE 300Hz PMI DVB T2
LG 49LF510V
49" FHD LED sjónvarp 1920 x1080p upplausn og Triple XD Engine. 300Hz PMI. Dynamic Color Correction. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 10W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi. USB. 2 x HDMI.
JÓLATILBOÐ
99.995
FULLT VERÐ 119.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
KAFFIVÉLAR Á JÓLATILBOÐI
YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI
2kg af Quality Street fylgir!
- meðan birgðir endast.
MEDISANA HEILSUVÖRUR Í ÚRVALI - 3JA ÁRA ÁBYRGÐ
MEDISANA
Nýtt!
Medisana 79465
PowerRoll nuddrúllan gefur dýpra nudd og veitir vöðvum meiri örvun. 4 styrkleikar á titringi. LED ljós. Innbyggðar hleðslurafhlöður. Slekkur á sér eftir 10 mín.
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ
Lenco AUDIO-VIDEO
Lenco L3867
Plötuspilari með innb. formagnara og USB tengi. 33/45 snúninga.
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
#1 RECOMMENDED SONIC TOOTHBRUSH BRAND BY DENTAL PROFESSIONALS WORLDWIDE
Philips HX651103
Sonicare Easy Clean rafmagnsannbursti með 31.000 strokum á mín. Hreinsar tannstein betur en venjulegir burstar. 2 mínútna niðurtalning. Lithium Ion rafhlaða. Fæst með 3 mismunandi hausum.
Ítarlegri hreinsun fyrir tennur og góma.
VERÐ
7.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips MC151
Samstæða með geislaspilara og Dynamic Bass Boost. FM/MW útvarp með 20 sminnum. Klukka með vekjara og svefnrofa. MP3 Link inn o.fl.
JÓLATILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 19.995
STEAK CHAMP
STK-STEAKCHAMP
Hágæða kjötmælir sem stungið er í steikina inn að miðju og hún elduð þar til ljósið blikkar.
Krydd fylgir!
JÓLATILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 14.995
PHILIPS
Philips HD540740
Café Gourmet kaffivél sem sýður vatnið (93°C+). 1 líters glerkanna fyrir 8-12 bolla. Slekkur sjálfvirkt á sér eftir 30 mín. 1300w.
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ
ÅVIKEN
Aviken 906103
2ja sneiða vöfflujárn sem bakar 4ra laufa vöfflur. Hitastillir. Viðloðunarfrí járn. Ljós kviknar þegar vafflan er tilbúin. Auðvelt að þrífa. Má geyma upprétt. 1600w.
JÓLATILBOÐ
10.995
FULLT VERÐ 12.995
MELISSA
Melissa 16190014
250w Mini matvinnsluvél með 2 hröðum og púls. Ryðfrír hnífar. Öryggislás. Gúmmílappir fyrir stöðuleika. Tekur allt að 0,5L.
VERÐ
5.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HP8230
2100w Professional hárblásari með ThermoProtect. 6 hita- og hraðastillingar. Mjór haus fyrir nákvæmni. Túrbo blástur án þess að auka hita. CoolShot.
VERÐ
4.995
FRÁBÆRT VERÐ
Lenco
Lenco ICRP212
FM Útvarpsvekjari sem getur varpað klukku á vegg eða loft. LED Skjár með rauðum stöfum. Vaknaðu við vekjaran eða útvarpið. Svefnrofi.
VERÐ
3.995
FRÁBÆRT VERÐ
OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA
12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

markhönnun ehf

# nettó
*í jólaskapi*

25% AFSLÁTTUR



KJÖTSEL

Vinningshryggur 2014

**KJÖTSEL HAMBORGARHRYGGUR**
~~VERÐ ÁÐUR 1.798~~
**1.349 KR/KG**

30% AFSLÁTTUR



**STJÖRNUGRÍS SÆNSK JÓLASKINKA**
~~VERÐ ÁÐUR 1.998~~
**1.399 KR/KG**



DANISH CROWN

**DANISH CROWN HÁGÆÐA NAUTALUND**
**3.997 KR/KG**

KJÖTSEL



**KJÖTSEL HANGILÆRI M/BEINI**
**2.799 KR/KG**

20% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL



**REYKTUR GRÍSABÓGUR**
~~VERÐ ÁÐUR 998~~
**798 KR/KG**

*Jólahús Nettó*
*komdu við og smakkaðu*

**Þú færð Anthon Berg ískökuna í Nettó**






**NAUTALUNDIR NÝSJÁLENSKAR**
~~VERÐ ÁÐUR 3.998~~
**3.598 KR/KG**

**Tilboðin gilda 18. – 20. des 2015**

| Tilboðin gilda meðan birgðir endast. · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana. |

# ÞÚ FÆRÐ JÓLAGJAFIRNAR Í NETTÓ

## BÆKUR, DVD-MYNDIR OG LEIKFÖNG Í FJÖLBREYTTU ÚRVALI




PLAYMO SJÓRÆNINGJASKIP STÓRT
**11.998** KR/PK




PLAYMO EINKAÞOTA
**5.989** KR/PK




PLAYMO LÖGREGLUBÍLL M. BÁT
**6.989** KR/PK




DISNEY FROZEN
SINGALONG ELSA DOLL
**9.998** KR/PK




MY FIRST DISNEY DOLL
3 TEGUNDIR
**7.998** KR/PK




ST NÁTTLJÓS FROZEN
**5.989** KR/PK




DELUXE DIE CAST
MICROSCOPE SET
**9.989** KR/PK




**4.998 KR**




**4.998 KR**




**2.498 KR**



## Geit

Verð: **3.200**
Geitin verður færð fjölskyldu í Úganda. Geitina má meðal annars mjólka og í því felst aukin búbót, nýta má tað hennar til áburðar auk þess sem hún gæti borið afkvæmi og svo má nota skinn hennar. Fyrir 12.800 krónur fást fjórar geitur og auk þess að hafa félagsskap hver af annarri gefur auga leið að búbótin fjórfaldast í kjölfarið. Fyrir 2.500 krónur er svo hægt að gefa hænu en líkt og flestir vita gefa þær af sér egg sem eru gjarnan sögð fullt hús matar.



## Brunnur

Verð: **180.000**
Brunnurinn veitir allt að 600 manns hreint vatn. Aðgangur að hreinu vatni forðar fólki meðal annars frá sjúkdómum, léttir vinnuálagi af þeim sem hafa þurft að sækja það langar vegalengdir og gefur því tíma til þess að sinna matvælarækt og uppeldi. Þar sem stúlkur eru oft og tíðum sendar í að sækja vatn þá gefur aðgangur að hreinu vatni í nærumhverfi þeim meiri tíma til þess að fara í skóla. Brunnurinn yrði settur upp í þorpi í Eþíópíu og þorpsbúar taka þátt í að setja upp brunninn og annast viðhald hans.



## 100 skammtar af bóluefni

Verð: **2.413**
Engin lyf eru til gegn mænusótt og eina leiðin til að koma í veg fyrir hana er bólusetning. Mænusótt, sem einnig er kölluð lömunarveiki er smitsjúkdómur sem lagst getur á taugakerfi líkamans, valdið lömun og að lokum leitt til dauða. Með gjöfinni er hönd lögð á plóg við að útrýma mænusótt. Einnig er boðið upp á bóluefni gegn mislingum, ormalyf og ýmislegt annað sem bætir líf barna um allan heim.

## Skóli í kassa

Verð: **27.709**
Málmbox sem full eru af nauðsynlegum námsgögnum og því gerir Skóli í kassa börnum kleift að halda skólagöngu sinni áfram við neyðaraðstæður. Nám er oft sagt lykill að framtíð auk þess sem það veitir börnum í hræðilegum aðstæðum festu og heldur þeim virkum.



## Pyropet kerti

Verð: **Frá 2.990**
Meðal þess sem í boði er í netverslunni eru Pyropet kerti Þórunnar Árnadóttur. Kisa, Bibi, Dýri og Hoppa lýsa svo sannarlega upp skammdegið.



## Kay Bojesen api

Verð: **21.000**
Apinn frá Kay Bojesen var svo sannarlega vinsæll á heimilum landsins þetta árið og hann er meðal þeirrar gjafavöru sem hægt er að fá í vefversluninni auk ýmsar annarrar vöru frá merkinu.



## Krabbameinsfélag Íslands

Í netverslun Krabbameinsfélags Íslands er hægt að versla ýmiss konar gjafavöru frá þekktum merkjum á borð við iittala og Kay Bojesen í jólapakkana en allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til félagsins. Nánar má kynna sér vöruúrvalið á krabb.is.



## UNICEF – Sannar gjafir

Sannar gjafir á vegum UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna eru hjálpargögn fyrir bágstödd börn og er gjöfunum dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest. Kaupandi færir svo þeim sem hann gefur gjöfina gjafabréf þar sem sjá má mynd og lýsingu á gjöfinni og einnig er hægt að bæta við persónulegri kveðju. Verð gjafabréfanna er frá 603 krónum til rúmlega 300.000 þúsund króna og ættu því allir að finna gjöf sem rúmast innan veskis viðkomandi. Nánar má fræðast um Sannar gjafir inn á vefnum Sannargjafir.is.

## Hjálparstarf kirkjunnar

Í gjafaverslun Hjálparstarfs kirkjunnar er hægt að nálgast ýmiss konar gjafir sem koma viðtakendum að góðum notum. Móttakandinn hér heima fær gjafabréf þar sem gjöfin er útlistuð auk þess sem hægt er að skrifa persónulega kveðju á bréfið. Verð gjafanna er frá 1.500 krónum og til 180.000 króna þannig að allir ættu að finna gjöf sem passar þeirra fjárhagsáætlun. Nánari má fræðast um Gjafir sem gefa á vefnum Gjofsemgefur.is.



# Hvað á að gefa þeim sem á allt?



Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Það kannast flestir við hausverkinn sem fylgir því að að finna gjöf handa þeim sem á allt. Í stað þess að æða á milli verslana í stresskasti er upplagt að hugsa út fyrir kassann og gefa til dæmis eitthvað sem kemur að gangi. Slíkar gjafir er til dæmis hægt að nálgast hjá UNICEF, Hjálparstarfi kirkjunnar og netverslun Krabbameinsfélagsins. Listinn er ekki tæmandi og ætlaður til þess að veita hugmyndir.




## Hugmyndir að öðruvísi gjöfum

### LEIKHÚS

Flestir hafa gaman af því að fara í leikhús og það er nóg af spennandi sýningum í boði í leikhúsum landsins og því kjörið að skella í einn eða tvo leikhúsmiða og skella sér með gjafþeganum í leikhús. Einfalt, smart og skemmtilegt.

### TÓNLEIKAR

Þó að tími jólatónleikanna sé senn að renna út þá er nóg af skemmtilegum og áhugaverðum tónleikum í boði vítt og breitt um landið og gráupplagt að skella eins og einum miða á týpuna sem á allt og ekki er verra ef hún fílar tónlistarmanninn eða hljómsveitina sem stígur á svið.

### BARNAPÖSSUN

Fyrir barnafólkið er alltaf gott að eiga gjafabréf upp á barnapössun sem hægt er að leysa út þegar þörf krefur, pössunin getur verið kvöldstund eða jafnvel heill dagur. Gjafabréfin er til dæmis hægt að föndra í tölvunni eða skella í föndurstund heima við.

### ÚT AÐ BORÐA

Það er ekki ónýtt að eiga gjafabréf upp á góða máltíð og hvað þá góðan félagsskap enda er ekkert sérstaklega gaman að fara einsamall út að borða. Það er því kjörið að bjóða þeim sem allt á út að borða og næla sér í leiðinni í glimrandi góða kvöldstund. Það mætti kalla þetta svokallað „win-win“ dæmi. Veitingastaðir eru auðvitað misdýrir og því getur sá sem gefur gjöfina stjórnað kostnaðnum.

### NÁMSKEIÐ

Fyrir þann sem allt á getur verið kjörið að splæsa í námskeið í einhverju sem viðkomandi hefur alltaf látið sig dreyma um að ná fullkomnum tökum á. Indversk matargerð? Keramiknámskeið? Klifurnámskeið? Myndlistarnámskeið? Skartgripagerð? Útskurður? Dans? Möguleikarnir eru næstum því endalausir.

### HEIMILISÞRIF

Það hafa allir gaman af því að eiga hreint heimili en það þykir ekki öllum eins gaman að rífa fram ryksuguna, skúringamoppuna og tuskuna. Hvernig væri að skella í gjafabréf upp á heimilisþrif? Viðkomandi yrði sjálfsagt alsæll.

### BLÁ TUNNA

Það er gott að gefa og það er gott að endurvinna. Hvernig væri að tvinna saman þetta tvennt og gefa áskrift að blárri tunnu í heilt ár? Bláa tunnan er fyrir pappír á borð við bylgjupappa, fernur, dagblöð og skrifstofupappír. Nánari upplýsingar má fá á vefnum Ekkirusl.is.


SNJALLAR JÓLAGJAFIR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)
1280x800 IPS
HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN
NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.5mm OG 540gr
NÝTT VAR AÐ LENDA
B3-A20
IconiaOne
STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA
Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 10" HD IPS fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.
• 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
• Quad Core 1.3GHz MT8163 örgjörvi
• 16GB flash og allt að 128GB microSD
• 300Mbps þráðlaust net, BT4.0, GPS
• Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
• USB2 micro og MicroSD kortalesari
• Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
• Aðeins 9.5mm örþunn og fislétt 540gr
• Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita
29.900
NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!
TRUST GAMING
GXT363
7.1 LEIKJAHEYRNARTÓL
• Frábær 7.1 leikjaheyrnartól með Mic
• Nötrandi bassi fyrir leikina og tónlistina
• Öflugur 50mm vibration búnaður
• Kristaltær hljómur og vandaður Mic
• Allar stillingar á upplýstri fjarstýringu
• Öflugur hugbúnaður með stillingum fylgir
• LED blá lýsing á hliðum og Mic
14.900
POTTÞÉTT Í LEIKINA!
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 29.900
Bluetooth SMART
THONET & VANDER
KÜRBISBT
HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI
• Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
• 60W RMS og 50Hz - 20kHz tíðnissvið
• Öflug 5.25" Aramid Fiber bassakeila
• Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
• Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
• Drone FX tæknin skilar kristaltærum hljóm
• Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
• BT 4.0, Stereo RCA og Jack tengi
• Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki
24.900
Á TILBOÐI TIL JÓLA:)
ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR
MEST SELDA LEIKJALYKLABORÐIÐ OKKAR
FORCE K7
FORCEK7
OFUR ÖFLUGT LEIKJALYKLABORÐ
• Ný kynslóð Membrane leikjalyklaborða
• LED baklýst lyklaborð með ljósrofa
• Ábrennt og upplýst íslenskt letur
• Dynamic stillir fyrir hljóðstyrk og baklýsingu
• Anti-Ghosting tækni á leikjatökkum
• Hot-link flýtihnappar fyrir helstu aðgerðir
• Scissor-Key tækni veitir minna viðnám
• Þéttvafin snúra og gullhúðað USB tengi
9.990
ÞRÁÐLAUST AÐEINS 12.900
3 LITIR
NÝ VAR AÐ LENDA!
acer
E5-473
• Intel Pentium Dual Core 3556U 1.7GHz
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 14" FHD LED AntiGlare 1920x1080
• Intel HD Graphics DX12 skjákjarni
• 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
99.900
FÆST Í 3 LITUM
VR-3D
FREEFLY
VR SÝNDARVERULEIKAGLERAUGU
Upplifðu nýja heima með sýndarveruleikagleraugunum frá Freefly. Ógrynni af spennandi efni fyrir Android, Windows og Apple snjallsíma.
UPPLIFÐU! 360°
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, OFL. OFL.
FREEFLY VR
• Hágæða VR sýndarveruleikagleraugu
• Dúnmjúkur andlitspúði úr Faux-leðri
• 120° sjónarsvið veitir bestu upplifuna
• Víðar 42mm linsur með þokuvörn
• Hágæða taska og linsuklútur fylgja
• Fyrir nær alla 4.7" - 6.1" snjallsíma
• Auðvelt að koma símanum fyrir og stilla af
• Fislétt hönnun, aðeins 295 grömm
• Bluetooth fjarstýring fyrir helstu aðgerðir
19.900
KOMDU AÐ PRUFA:)
Verð frá: 990
USB GLINGUR
P743 KIDS
14.900
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
FYRIR KRAKKANA:)
GOOGLE CHROMECAST
Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er :)
2nd GEN
6.990
Google
CHROMECAST 2
KLUKKA DAGATAL OG MYNDSÝNING
ROLLEI
9.990
7" MYNDARAMMI
19. Desember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)
OPNUNARTÍMAR
Opið alla daga til jóla :)
14-23.des 10-19
Aðfangadag Lokað
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*
acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER state.of.the.art.sound Microsoft intel Security




**AUÐUR JÓNSDÓTTIR**




**LILJA SIGURÐAR-DÓTTIR**




**ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON**




**ÞÓRUNN JARLA VALDIMARS-DÓTTIR**




**KRISTÍN HELGA GUNNARS-DÓTTIR**




**MIKAEL TORFASON**




**SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON**

# Hver er höfundurinn?

**1** Hvenær elskuðumst við síðast? Ég man fyrsta skiptið okkar, allt annað rennur saman í tilfinninguna fyrir því að sofa hjá Bergi frekar en minningu um stök skipti. Þessa sömu tilfinningu og læðir því að mér að það sé langt síðan síðast, svo langt síðan að líkamann þyrsti í nánd við tilhugsunina eina saman. Hann vildi sofa hjá mér, ég er nokkuð viss um það, en ég, hvað með mig? Ég veit það ekki, herpist bara saman og lokast inni í sjálfri mér við að hugsa um þetta, þorstinn í nándina víkur hratt fyrir knýjandi þörf til að flýja. Var það þannig þegar hann langaði að sofa hjá mér?

**2** Ríkharður Rúnarsson, sem löggan kallaði Rikka ríka, hélt til í einni af stóru blokkunum í Krummahólum. Þar bjó hann inni á kærustu sinni, eða það hafði heimildarmaður Hallgríms allavega haldið. Stúlkan sú hafði fengið dóm fyrir um tveimur árum fyrir fíkniefnainnflutning og var eflaust eitt af burðardýrum Ríkharðs. Hún var með íbúð á vegum Félagsmálastofnunar og að sögn löggunnar, sem Hallgrímur hafði hringt í, bjó Ríkharður yfirleitt hjá henni, á meðan ekki slettist upp á og hann flutt inn á einhverja aðra tímabundið.

**3** Svo gerist það þetta haust í Reykholti að mér er rænt.
Um hábjartan dag.
Mér, af öllum mönnum.
Rænt!

Neðan úr sveitunum hendist amerískur kaggi á ofsahraða yfir hæðardrögin svo steingráan strókinn leggur yfir nærliggjandi tún. Og það má heyra ískrið langar leiðir þegar hann skransar eftir heimreiðinni og markar loksins strik sitt djúpt í lausamölina framan við skólann.

**4** Við, menntuð, uppreisnargjörn miðstéttarbörn, stjörf af viðbjóði nýlendukúgunar og Víetnamstríðs, erum misjafnlega ginnkeypt fyrir hippastíl. Viss innstilling foreldra, uppreisnargirni úr genum, plús brotin heimili hentu hippalegum einstaklingum úr hreiðrum. Börn ástfanginna foreldra í harmoníu týndu sér frekar sæl í flörti og glósugerð, hlustandi á Simon og Garfunkel eða eitthvað álíka krúttlegt. Alvöruhippar kalla þá sem fara bara í mussu hobbíhippa… því að ástríðuna vantar.

**5** Þótt Dagný litla væri trúlofuð móðir fyrir sextánda afmælisdaginn sinn voru hlutaðeigandi sammála um að brúðkaup yrði ekki fyrr en að einhverjum árum liðnum. Stúlkan þyrfti fyrst að verða gjafvaxta í móðurhúsum. Jens flutti um nokkurra mánaða skeið til Danmerkur þar sem hann nam við verslunarskóla en kom svo heim, leigði herbergi ofar í holtinu og festi sér traust starf hjá loftskeytastöðinni. Jónína litla ólst upp hjá móður sinni og ömmu en Jens heimsótti þær öllum stundum og annaðist barn ef með þurfti.

**6** „Drengurinn matast varla og getur ekki kúkað. Hann kúkaði einu sinni á Fæðingarheimilinu. Það var fylgjukúkurinn svokallaði sem er eins og svört lakkrísleðja sem rennur í fyrstu bleiu allra barna. Eftir það: ekkert.

Hann grætur ekki, strákurinn, heldur gargar upp í móður sína eins og andsetinn og fastur í sársaukafullum álögum. Á milli hviða starir hann út í loftið líkt og úrkula vonar. Þegar drengurinn dottar loksins sefur hann laust og grettir sig. Þessi þungbúnu svipbrigði líta ankannalega út á nýfæddu barni en eldra fólkið talar um mikinn karakter.“

**7** Ég kom ekki auga á neinar ferðatöskur og sá líka að eitthvað af fötunum hennar var horfið en þá var húsvörðurinn farinn að ókyrrast. Ég nam staðar í útidyrunum og horfði lengur en ég ætlaði mér inn í íbúðina áður en hann tók í húninn og lokaði.

Næstu daga uppgötvaði ég hvað ég vissi í raun lítið um konuna sem skipti mig öllu máli. Ég gerði ráð fyrir að hún hefði farið til fjölskyldu sinnar í Búenos Aíres og var hvorki með heimilisfang né símanúmer hjá móður hennar eða systur. Ég vissi ekki skírnarnafn móður hennar en mundi að systir hennar hét Camila og reyndi að hafa uppi á henni á netinu. Mér féllust hins vegar hendur eftir nokkrar árangurslausar hringingar enda fálmaði ég í myrkri, systirin var gift og líklegt að hún hefði tekið upp eftirnafn eiginmannsins sem ég þekkti hvorki haus né sporð á.

**1. Stóri skjálfti** *eftir Auði Jónsdóttur* **2. Gildran** *eftir Lilju Sigurðardóttur* **3. Munaðarleysinginn** *eftir Sigmund Erni Rúnarsson* **4. Stúlka með höfuð** *eftir Þórunni Jörlu Valdimarsdóttur* **5. Litlar byltingar** *eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur* **6. Týnd í paradís** *eftir Mikael Torfason* **7. Endurkoman** *eftir Ólaf Jóhann Ólafsson*

SAMSUNG

# Þessi birta, þessi skerpa og þessir litir

## Vinsælustu 48" Samsung tækin:

Besta tækið




48" Samsung JU7505
279.900.-




48" Samsung JU6675
199.900.-

48" Samsung JU6415
189.900.-







48" Samsung JU6515
239.900.-

48" Samsung JU7005
229.900.-




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Stjörnustöð Evrópulanda á norðurhveli náði þessari mynd á árinu af glitrandi leifum hringþoku. Hún myndaðist í miklum hamförum þegar eldsneyti stjörnu varð uppurið og ytri lög hennar þeyttust út í geiminn. Eftir 5 milljarða ára mun Sólin okkar mæta sömu örlögum.



Draugaleg virkni virðist vera staðreynd en brýtur þó ekki gegn afstæðiskenningu Einsteins, enda ómögulegt að senda upplýsingar í gegnum skammtaflækju.

# Vísindi árið 2015

# Hið stóra kannað og hið smáa beislað

Þegar það styttist í að Jörðin klári 365 daga hringferð sína um Sólina er viðeigandi að horfa yfir farinn veg og rifja upp það sem upp úr stóð á árinu. Líkt og síðustu ár var árið 2015 gjöfult þegar vísindi eru annars vegar. Hérna eru helstu vísindaafrek og uppgötvanir ársins 2015. Þetta er augljóslega ekki tæmandi listi en hann inniheldur það sem vakti sérstaklega athygli höfundar.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



**Framandi landslag Plútó**

Það eru aðeins rúmir átta áratugir síðan Plútó fannst á sveimi, djúpt í ískaldri víðáttu sólkerfisins. Það er ótrúleg staðreynd, sérstaklega í ljósi þess að í júlí á þessu ári fylgdist heimsbyggðin með því þegar geimfarið New Horizons vitjaði Plútós og myndaði í miklu návígi eða í 12.500 km hæð yfir yfirborði dvergreikistjörnunnar.

Afraksturinn voru ómetanleg gögn og stórkostlegar ljósmyndir sem sýndu, í fyrsta sinn, 10 milljóna ára gamalt landslag Plútós þar sem heilu fjöllin af ís gnæfa yfir víðfeðmum sléttum af frosnu metani og nitri. Heimsókn New Horizons var sögulegt, vísindalegt og verkfræðilegt afrek og um tíma var Plútó skyndilega á allra vörum.

**Tekist á um erfðatilraunir**

CRISPR-erfðatæknin vakti mikla athygli þegar hún var kynnt árið 2009. Það var hins vegar í ágúst á þessu ári sem almenningur gerði sér loks grein fyrir möguleikum hennar þegar kínverskir vísindamenn tilkynntu að þeir hefðu átt við erfðaefni í ólífvænum fósturvísum.

Í stuttu og afar einföldu máli felst CRISPR í því að nota RNA og ensím til að ráðast á vírusa. Í raun er hægt að nota tæknina til að breyta nánast hvaða erfðavísi sem er. Með CRISPR verður mögulega hægt að eyða stökkbreytingum sem valda arfgengum sjúkdómum en tilraunir vísindamanna í Kína leiddu til þess að almenningur þurfti í fyrsta skipti að horfast í augu við gríðarlegan mátt erfðatækninnar.

**Vatn á Mars, enn á ný**

Yfirlýsingar vísindamanna um vatn á Mars eru orðnar að hálfgerðri klisju meðal áhugamanna um rauðu plánetuna. Í september varð aftur á móti ljóst að NASA hafði uppgötvað eitthvað algjörlega nýtt á Mars. Það reyndist vera árstíðabundið, fljótandi vatn. Vatn er mögulega orðum ofaukið. Þetta er í raun pækill sem seytlar niður fjallshlíðar á stöku stað og myndar dökkar rákir sem vísindamenn hafa velt vöngum yfir lengi. Uppgötvunin er enn ein vísbendingin um að Mars hafi verið, og sé mögulega, lífvænlegur staður.

**Draugaleg virkni**

Við fögnuðum 100 ára afmæli hinnar sértæku afstæðiskenningar Einsteins í ár, og um leið móðguðum við hann með því að sanna kenninguna um að skammtaheimurinn er ekki háður staðfestu, það er, að athugun á tiltekinni eind hefur á sama augnabliki og óháð ljóshraða áhrif á aðra eind. Einstein kallaði þetta „draugalega virkni úr fjarlægð“. Hann var ekki hrifinn enda gengur kenningin þvert á hugmyndir hans um tíma og rúm.

Engu að síður tókst vísindamönnum við Delft-háskólann að sýna fram á óstaðbundin tengsl rafeinda sem voru í 1,3 kílómetra fjarlægð hvor frá annarri og það 245 sinnum á 18 dögum. Fyrirgefðu Einstein, en til hamingju með áfangann!

**Skrefi nær samrunaorku**

Hvað kostar að framleiða ofurheitt helíum-plasma í örfá sekúndubrot? Svarið er 130 milljarðar króna og tíu ár af rannsóknarvinnu. Þetta var þessi virði fyrir vísindamenn hjá Max Planck-stofnuninni í Greifswald í Þýskalandi sem ræstu Wendelstein 7-X vélina, eða Stellarator, fyrr á þessu ári, þar sem segulsvið er framleitt með ofurleiðni við alkul til að halda rafgasi í lausu lofti. Þetta er stutt en engu að síður stórt skref í átt að beislun samrunaorku. Stellarator-vélin markar tímamót en sjálf lítur vélin út eins og eitthvað sem kom af teikniborðinu í verkfræðistofnun kölska.



Hin hræðilega fallega Stellarator-vél. Frasinn „fegurðin kemur innan frá“ hefur aldrei átt jafn vel við.



Með tilkomu CRISPR stóðum við frammi fyrir siðferðilegum álitamálum. Sú vegferð okkar er rétt að byrja.



Traustar vísbendingar fundust um að fljótandi vatn sé að finna á rauðu plánetunni.



Smáa dvergreikistjarnan Plútó fangaði hug og hjörtu heimsbyggðarinnar eftir stutta heimsókn New Horizons.

# GLEÐILEG JÓLASPIL

## TILVALIN MÖNDLUGJÖF



**Saga til næsta bæjar**



# Unglingaskólunum útrýmt

**Stefán Pálsson** skrifar um hina skringilegu upphafssögu útvarpsins á Íslandi.




Á liðnum vikum hafa fjármál Ríkisútvarpsins verið í umræðunni í tengslum við fjárlög. Sumir stuðningsmenn RÚV telja, með réttu eða röngu, að öfl innan ríkisstjórnarinnar vilji skera almannaútvarpið við trog, væntanlega til að ýta undir einkarekna fjölmiðla.

Þegar einkarekið íslenskt útvarp berst í tal, hugsa líklega flestir um Bylgjuna sem hóf göngu sína árið 1986. Stöku stjórnmálanirðir kynnu þó að rifja upp skammlífu og ólöglegu sjóræningjastöðina sem nokkrir frjálshyggjumenn úr Sjálfstæðisflokknum starfræktu í miðju BSRB-verkfalli árið 1984. En upphafið var þó mörgum áratugum fyrr. Einkarekið útvarp á sér nefnilega lengri sögu á Íslandi en sjálft Ríkisútvarpið.

Útvarpið er mögulega sú uppfinning frá fyrri helmingi tuttugustu aldar sem haft hefur mest samfélagsleg áhrif. Flókið er að rekja upphafssögu útvarpsins, enda koma þá upp ýmis skilgreiningavandamál.

Mörkin milli útvarps, loftskeyta og jafnvel talsímatækni voru óljós. Þannig má finna dæmi í sögunni, svo sem á Ítalíu, um nokkurs konar „útvarpsstöðvar“ sem reknar voru í gegnum almenna símkerfið, þar sem símnotendur hringdu inn og gátu hlustað á tónlist, fyrirlestra, fréttir og leikrit í gegnum símtólið. Raunar voru fyrstu útvarpstækin keimlík þessu, því það var ekki fyrr en árið 1924 að útvarpshátalarinn kom til sögunnar. Áður þurftu hlustendur að vera með heyrnartól og aðeins einn gat notið útsendingarinnar í einu.

## Æsileg kosninganótt

Ýmsir hafa verið nefndir til sögunnar sem upphafsmenn útvarpsins, en flestir munu þó sammála um að Bandaríkjamanninum Lee de Forest beri sá heiður. Hann kom að mörgum mikilsverðum tilraunum á þessu sviði, bæði vestan hafs og austan. Þannig varpaði hann tónlist úr Eiffel-turninum sem heyrðist í viðtækjum víða um Frakkland þegar árið 1908 og árið eftir lét hann tengdamóður sína flytja erindi um kosningarétt kvenna, sem telja má fyrsta ræðuflutning í útvarpi.

Lee de Forest var einnig að baki þess sem kalla má fyrstu eiginlegu útvarpsdagskrána, í nóvember 1916, þegar þúsundir manna fylgdust með margra klukkutíma útsendingu á kosninganótt í forsetakjörinu, þar sem demókratinn Woodrow Wilson vann nauman sigur á repúblikananum Charles Hughes.




Bandarískar forsetakosningar hafa raunar reynst örlagaríkar í útvarpssögunni, því fjórum árum síðar – árið 1920 – hóf fyrsta eiginlega útvarpsstöðin sem rekin var í atvinnuskyni starfsemi sína í Pittsburg. Sú stöð byrjaði einmitt útsendingar á kjördag. Árið 1920 komu einnig fram ýmsar tækninýjungar sem auðvelduðu notkun útvarpstækninnar til mikilla muna og er því stundum talað um það sem fæðingarár útvarpsins.

Sumir telja að einvígið milli Wilsons og Hughes hafi reynst afdrifaríkt í mannkynssögunni. Þannig hafi sigur Wilsons verið forsendan fyrir þátttöku Bandaríkjanna í fyrri heimsstyrjöldinni og þannig ráðið úrslitum hennar.

En fyrir Íslendinga hafði kosninganóttin einnig aðrar afleiðingar í för með sér. Veturinn 1916 var nefnilega Íslendingur við störf á rannsóknarstofu Lee de Forest.

## Íslenska tækjadellan

Ottó B. Arnar var aðeins 22 ára þegar hann hélt vestur um haf til að nema útvarps- og loftskeytafræði við fótskör meistarans. Hann var þó enginn nýgræðingur í faginu – hóf störf hjá Landssímanum fjórtán ára gamall og hafði árið 1915 staðið fyrir stofnun Félags símamanna og fagtímaritsins Elektron, sem var helsta tímarit landsins, ekki aðeins á sviði símamála heldur um tækni almennt.

Eftir Bandaríkjadvölina sneri Ottó aftur til Íslands, sannfærður um að framtíðin fælist í útvarpi. Sú framtíð virtist sífellt nálægari í byrjun þriðja áratugarins. Viðtæki urðu sterkbyggðari, ódýrari og einfaldari í meðförum. Útvarpsstöðvum fjölgaði og árið 1922 var BBC stofnað í Bretlandi. Var það í fyrstu í eigu nokkurra fyrirtækja sem framleiddu útvarpsbúnað. Það var ekki tekjuvon af útvarpsrekstrinum sjálfum sem þar réð för. Helsta tekjuvonin af útvarpi fólst í að selja eða leigja út viðtækin sjálf, en til að einhver vildi kaupa útvarpstæki varð auðvitað að vera dagskrá í boði.

Strax veturinn 1922-23 fóru tækjaóðir Íslendingar að verða sér úti um útvörp til að ná sendingum frá Evrópu, einkum BBC. Hlustunarskilyrðin voru þó bágborin, nema einna helst á kvöldin og næturnar. Þessi fyrstu íslensku útvarpstæki voru fyrst og fremst dýr leikföng, en opnuðu þó augu margra fyrir möguleikum tækninnar.

Þegar á árinu 1924 sóttist Ottó B. Arnar eftir einkaleyfi frá Alþingi til að reka útvarpsstöð. Leyfið skyldi vera til nokkurra ára og hefði ríkið rétt á að kaupa stöðina við lok tímans. Allir skráðir útvarpseigendur skyldu greiða stöðinni árlegt afnotagjald, en jafnframt vildu aðstandendur útvarpsfélagsins fá einkarétt á framleiðslu og sölu á viðtækjum.

> ...KIRKJUR LANDSINS YRÐU RIFNAR EN Í STAÐINN RÁÐINN EINN ÚTVARPSKLERKUR SEM GÆTI MESSAÐ FRÁ KOLVIÐARHÓLI.

## Skóli allrar þjóðarinnar

Það var engin tilviljun að í stjórn útvarpsfélagsins sátu forystumenn Búnaðarfélagsins, Fiskifélagsins og veðurstofustjóri. Flestir sáu möguleikann á flutningi veðurfrétta sem aðalkost hinnar nýju tækni, ekki hvað síst fyrir bændur og sjófarendur.

Aðrir lögðu áherslu á menntunarhlutverkið. Þannig spáði Gísli J. Ólafsson landssímastjóri því í blaðagrein árið 1925 að „víðvarpið“ myndi útrýma öllum unglingaskólum. Nóg væri að safna bestu kennurum landsins fyrir framan hljóðnemann á degi hverjum. Halldór Laxness tók í sama streng, reyndar í glensi, þar sem hann stakk upp á að kirkjur landsins yrðu rifnar en í staðinn ráðinn einn útvarpsklerkur sem gæti messað frá Kolviðarhóli.

Og raunar hófst rekstur fyrstu íslensku útvarpsstöðvarinnar á messu. Það var 31. janúar 1926, þar sem útvarpað var beint frá guðsþjónustu í Hafnarfirði. Um tilraunaútsendingu var að ræða, þar sem kannað var hvort nokkur skip á miðunum gætu nýtt sér tæknina. Þremur dögum síðar hófust svo reglubundnar sendingar. Útvarpsöld var hafin á Íslandi.

Sent var út tvisvar á dag. Fyrst í hálftíma á morgnana með veðurspá, upplýsingum um gengi gjaldmiðla og helstu fréttum sem lesnar voru upp úr Morgunblaðinu. Aðaldagskráin var hins vegar á kvöldin með fyrirlestrum, tónlistarflutningi, messum og fleiru. Stundum var tónlist leikin af hljómplötum, en þó sjaldan enda hljómgæðin lítil. Tækin buðu ekki upp á annað en að stilla hljóðnemanum upp fyrir framan grammófóninn. Á sama hátt þurfti að hljóðrita alla tónleika með einungis einum hljóðnema.

Það var þó ekki tækjabúnaðurinn sem varð þessari fyrstu útvarpsstöð að falli. Dauðadómurinn var í raun undirritaður strax í upphafi þegar stjórnvöld höfnuðu beiðninni um einkaleyfi á sölu útvarpstækja. Rekstraráætlanir reiknuðu með að viðtækjasalan yrði drjúg tekjulind og án hennar gengi dæmið ekki upp. Engu að síður ákváðu Ottó og félagar að láta slag standa. Þeim tókst að halda rekstrinum gangandi í rúmt eitt og hálft ár. Haustið 1927 var hætt að útvarpa eftir dagskrá og kveikt var á tækjabúnaðinum í síðasta sinn þá um jólin.

## Guðslömbin þagna

Um það leyti sem fyrsta einkarekna útvarpsstöðin á Íslandi var að gefa upp öndina, var sú næsta í startholunum. Og það sem meira var – hún var í senn fyrsta trúarlega stöðin og fyrsta landsbyggðarútvarpið.

Arthur Charles Gook var enskur maður sem fékk ungur þá trúarlegu köllun að hann skyldi flytja til Íslands að breiða út orð Guðs. Ekki hafði himnafaðirinn þó uppfrætt hann betur um sálirnar sem honum var ætlað að fanga en svo að Gook taldi Íslendinga tala dönsku. Hann undirbjó því starf sitt með því að flytjast til Danmerkur að læra hana.

Tungumálamisskilningurinn leiðréttist um leið og Gook kom til Akureyrar árið 1905. Þar stofnaði hann Sjónarhæðarsöfnuðinn og boðaði jöfnum höndum kristindóm og smáskammtalækningar. Trúboðið gekk bærilega á Akureyri en hægar í sveitunum í kring, meðal annars vegna bágra samgangna.

Þegar Gook frétti af útvarpstækninni taldi hann sig hafa fundið lausnina á vanda sínum. Með kröftugri útvarpsstöð á Akureyri mætti ná til drjúgs hluta landsmanna án mikillar fyrirhafnar. Fjármögnunin leystist á undursamlegan hátt þegar trúuð ekkja í Englandi fékk vitrun og ákvað að selja húsið sitt til að festa kaup á útsendingartækjum.

Gook fékk leyfi yfirvalda til útvarpssendinga, en með hörðum skilyrðum þó. Ekki kom til álita að hann innheimti afnotagjald og forstöðumaðurinn varð að lofa því að standa fyrir fjölbreytilegri dagskrá annarri en á trúarlegu efni. Voru reyndar skiptar skoðanir um hvernig tókst að standa við það loforð. Afdrifaríkara reyndist að ráðamenn voru ekki tilbúnir að veita starfsleyfi nema til skamms tíma. Trúboðinn hjartahreini hafði litlar áhyggjur af þessu skilyrði, enda sannfærður um að allir myndu sjá hin samfélagsbætandi áhrif útvarpsstöðvarinnar.

Annað kom á daginn. Alþingi og ríkisstjórn höfðu komist að þeirri niðurstöðu að stofna bæri Ríkisútvarp. Lítill áhugi var á því að hin nýja stofnun þyrfti að standa í samkeppni, auk þess sem misgóð tæknileg rök voru færð fyrir því að rekstur Sjónarhæðarstöðvarinnar gæti truflað útsendingar RÚV. Í desember 1929 var stöðin því svipt starfsleyfi sínu. Árið eftir tók Ríkisútvarpið til starfa og undraskjótt gleymdu flestir öllu um þessa frumherja íslensks útvarpsrekstrar.


KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid
BÖKUNARSETT
Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.
Sanseraðir litir
FULLT VERÐ ... 107.990
( Hrærivél 92.995 + bökunarsett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ .. 92.995
FULLT VERÐ .... 104.990
( Hrærivél 89.995 + bökunarsett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ ... 89.995
Ýmsir litir
Sodastream GENESIS
VERÐ .... 14.995
Kai PureKomachi2
3STK HNÍFASETT
Magnað jólatilboð
VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ ...........7.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ÍSLENSKU
JÓLASVEINARNARNIR
VERÐ FRÁ ... 1.795
Babyliss
Curl Secret
krullujárn
Kaupauki að andvirði 5.995
VERÐ ÁÐUR....19.995
TILBOÐ ..........16.995
Le Creuset
POTTUR 24sm
VERÐ ... 37.995
Le Creuset
PANNA 26sm
VERÐ ... 23.995
Hárblásari PRO
2300W AC
5 ÁRA ÁBYRGÐ
VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ ...........9.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Ný lína með losanlegum plötum
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita
COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 13.995
TILBOÐ ........... 9.995
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 16.995
TILBOÐ ......... 11.995
ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ ...18.995
TILBOÐ .........13.995
Rosenthal
KÖKU
DISKUR
VERÐ ... 12.995
Rosenthal
VASI
30sm
VERÐ ... 12.995
Le Creuset
ELDFAST MÓT
32sm
VERÐ .....8.995
Le Creuset
Salt- og piparkvarnir
VERÐ ... 8.495
ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKU PANNAN
„Eins og amma á"
VERÐ .....9.995
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........6.495
Rosenthal
VASI
TUTEN
10sm
VERÐ .....6.495
Rosenthal Curl
KERTASTJAKAR
2stk
VERÐ .....9.995
TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR....9.995
JÓLATILBOÐ ...5.995
PRINCESS
BLANDARI
800W
Öflugur, mylur klaka
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........9.995
Dolce Gusto
MiniMe
NESCAFÉ Dolce Gusto
Dolce Gusto
Circolo
Kynning alla daga til jóla!
2kg af Quality Street fylgir!
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........12.995
VERÐ ÁÐUR...36.995
TILBOÐ .........24.995

# JÓLABÆKURNAR




4.699KR




4.799KR




4.799KR




7.599KR




3.099KR




4.999KR

Matarsmakk úr bókinni. Í Smáralindinni, laugardaginn 19. des. kl. 14:00.




2.749KR




4.999KR




4.999KR




3.299KR




4.999KR




2.999KR

Áritun í Kringlunni milli 14:30 og 16, laugardaginn 19.des




4.099KR




2.999KR

Gildir út 20. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.




EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

# R Í MIKLU ÚRVALI

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM.











































HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# JÓLAKROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**1** Dádýrskryddið er betra í kökur (11)
**10** Úr miklu að velja eftir Möðrudalsmeistarann (7)
**14** Plata mun valda heimilistæki vonbrigðum (9)
**15** Hitti óvætti undan ketti og tófu (9)
**16** Blöndum þetta með 46 (17)
**17** Um plöntueldi sem við sinntum ekki (8)
**19** Seyði innan heimila kökugerðarmannanna (9)
**20** Dempa óra þeirra sem fiska (3)
**21** Náttúrubarn setur útivist á oddinn (8)
**22** Þekki eina enn meðal þeirra sem búið er að skoða (8)
**23** Það veltur á ástundum hvort ég kemst í Morfís (9)
**28** Þessi kóladraugur er alltaf að hósta og gægjast (7)
**29** Mæðulegur maður minnir á altariströppu barns (12)
**35** Ryð ópena braut ef óbrenglað hjálparkall berst (8)
**37** Festi bita á tannstöngli (8)
**39** Skutla þú skán, en hvernig lét hún? (6)
**40** Hörkukvoða massans leitar orkugjafans (11)
**41** Leita upphækkaðrar hólakerru með aldrifi (10)
**44** Aumur er Örn en ég þó sýnu verri (6)
**45** Set klaka í skonsu sem breytist í ísskáp (11)
**46** Pappír kláraði púrru (8)
**47** Setjum þetta út í 16 (6)
**48** Allt fé Brynju fer í drullusokka (9)
**51** Veðja á baráttu Báru og blóðhitans (11)
**55** Hreyfast varla til samkomustaðar guðanna (8)
**59** Er þetta fátækt, móteitur, eða andstæða alls? (7)
**60** Gelíska vambarörið gefur frá sér ægileg hljóð (11)
**61** Stjarna opnar kvöldið formlega er hún fer (8)
**62** Læknir lyktar sem klettar (7)
**65** Fer djúpt í bylgjuna til að skynja kvikuna (11)
**68** Hér er ég í góðviðri fyrir fífl (9)
**69** Nú skal flaka þetta helsi um háls mér (5)
**70** Græja bónið flugnanna (7)
**71** Saup svaka mikið seyði og uppskar hellings orku (11)
**73** Reiðs hugur vissi af skepnuskapnum (9)
**74** Ung, viðkvæm og opin fyrir öllu (5)
**75** Leiktæki 1 er fremst meðal jafningja (11)

**LÓÐRÉTT**

**1** Sær og sinni kringum bannorð og höft (11)
**2** II. segir stök ráða við gerð miðsvetrarumsagna (13)
**3** Um aðdráttarafl síðutogaranna (11)
**4** Hvort meinarðu hlutverka- eða markaskrána? (11)
**5** Jesú kallar ekki allt ömmu sína. Þessi er sú eina (4)
**6** Fuglar eins og Kári Stef og Sigmundur bjóða betur (8)
**7** Fyrir utan gæfuna á ég aurinn í bankanum (8)
**8** Svaka pæja og plastbrúsi með (6)
**9** Innköllun einusinni enn maður? (9)
**10** Legg til herbergi í málæðistarnir og sleðafjör (9)
**11** Hvernig er róður Boga án bjögunar? (9)
**12** Svík út súputening og hestöfl (9)
**13** Hátíðarnar eiga að vera tími iðjuleysis (9)
**18** Fæða fyrir þau sem fæða (4)
**24** Leita fjörugra Hálendinga og meinlausra patróna (10)
**25** Sé ótta lama drukkna og huglausa (9)
**26** Þessi stigi er mikil framför (9)
**27** Lenti Íþróttafélag Reykjavíkur í óreglu? (2)
**30** Fylling áhrifalausra sagna leitar fallorðs (12)
**31** Forfaðir gamlingja og hans útrunni djús (10)
**32** Hey nokkurra má rekja til gjöfulla missera (9)
**33** Blíðubylgja kærleikstíma (9)
**34** Grefur tún í grjótsléttu (9)
**36** Sletti og snæði innfæddan nirfil (8)
**38** Bar móða og ringlaða um þýfða heiðabrún (7)
**42** Heyrði um hest sem lærði um væl og fann Stúf (9)
**43** Illa rakaður Bretóni er eins og pels (9)
**49** Leita kraftaverka hvítvoðungs sem allt kann (10)
**50** Furða mig á áhuganum á brauðinu (10)
**52** Umlaðir um Pó og fórst svo úr plús í mínus (9)
**53** Lensudjúp kuldayrja? Þvílíkt rugl! (9)
**54** Strípað góðgæti er alveg á jaðrinum (9)
**56** Eigandi kompu skráir blómakrús (9)
**57** Á líka rit um skrautlega vísbendingu (7)
**58** Fullkomlega snjólaust en samt svo jólalegt (7)
**63** Sorrí, en það er betra að þiggja þær en gefa (6)
**64** Ætli nafnlaust flónið finni staðinn? (6)
**65** Um málæði og makleg laun (5)
**66** Sópraninn vill dillibekk (5)
**67** Röflum í rómverskum kóngum (5)
**72** Mamma er að færa indæla steik upp á það (3)

## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist krossgátuunnendum góð kveðja . Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. desember“.

## VEGLEG VERÐLAUN

FORLAGIÐ

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Stríðsárin 1938-1945** ***eftir Pál B. Baldvinsson*** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðmundur Eiríksson, Selfossi.**

Lausnarorð síðustu viku var

**S T O R M V I Ð V Ö R U N**






Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

# GEFÐU SKEMMTILEGA JÓLAPAKKA




SAMFILM



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður, barnabarns og tengdasonar,

**Hjalta Más Baldurssonar**
flugmanns,

sem lést af slysförum 12. nóvember síðastliðinn.
Jafnframt sendum við fjölskyldu og vinum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

**Anna Ýr Böðvarsdóttir**
**Elísa Björk Hjaltadóttir** | **Ester Laufey Hjaltadóttir**
**Guðrún Elísabet Jensdóttir** | **Baldur Freyr Kristinsson**
**Fannar Baldursson** | **Aron Baldursson**
**Birkir Freyr Baldursson** | **Birgitta Rún Baldursdóttir**
**Ester Úranía Friðþjófsdóttir**
**Lísa Thomsen** | **Böðvar Pálsson**



†

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Guðmundur Kristinn Klemenzson**
læknir,
Rekagranda 8, Reykjavík,

sem lést þann 8. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Ólafur Örn Klemenzson** | **Inga A. Valdimarsdóttir**
**Sæunn Klemenzdóttir** | **Hallur Helgason**
**Sigurður Jökull Ólafsson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Valdís Ólafsdóttir**
**Valdimar Klemens Ólafsson**
**Hallur Hallsson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




Hinsti vilji

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Með kærleik og virðingu

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Eitt fjölmennasta skákmót ársins mun fara fram í dag

**Jólapakkaskákmót Hugins verður haldið dag í Ráðhúsi Reykjavíkur og keppt er í að minnsta kosti sex flokkum. Mótið var fyrst haldið árið 1996 og fer nú fram í átjánda sinn.**

Jólapakkaskákmót Hugins verður haldið dag í Ráðhúsi Reykjavíkur. Formaður borgarráðs, Björn Blöndal, setur mótið og leikur fyrsta leikinn. Mótið er fyrir börn og unglinga og fer nú fram í 18. skipti en það var fyrst haldið fyrir jólin 1996. Síðan hefur það verið haldið nánast á hverju ári og hefur alltaf verið eitt fjölmennasta skákmót ársins. „Það er misjafnt hvað mótið er stórt. Fjölmennast var mótið þegar um 260 manns mættu og það hafa verið tvö þannig mót undanfarin ár. Mótið í fyrra var mjög stórt en skráning í ár er eitthvað minni en í fyrra,“ segir Vigfús Óðinn Vigfússon, varaformaður skákfélagsins Hugins.

Keppt verður í að minnsta kosti sex flokkum: Flokki fæddra 2000-2002, flokki fæddra 2003-2004, flokki fæddra 2005-2006, flokki fæddra 2007-2008, flokki fæddra 2009 og síðar og peðaskák fyrir þau yngstu. Tefldar verða fimm umferðir með tíu mínútna umhugsunartíma á mann.

Vigfús Óðinn segir að iðkendum í skákinni hafi fjölgað talsvert eftir hrun. „Ef það er kreppa þá er mótið stórt en ef það er góðæri og atvinnuástand betra þá er þátttaka minni. Það er mjög góð þátttaka hjá börnum og unglingum í skákinni og sérstaklega eftir hrun, líklega af því að menn höfðu meiri tíma eftir hrun og því um líkt. Það er fyrst núna sem iðkendum hefur fækkað. Ég á von á ágætri þátttöku í dag, það verða allavega 140 til 150 manns geri ég ráð fyrir.“

Flestir keppendur í mótinu keppa í yngstu flokkunum. „Keppendur í flokki fæddra 2005-2006 og flokki fæddra 2007-2008 eru fjölmennustu flokkarnir. Í fyrra bættum við 2009 og yngri og hann er talsvert fjölmennur,“ bætir Vigfús Óðinn við.

Hann gerir ráð fyrir að sterkustu skákmenn landsins mæti í mótið. „Flestir af þeim sterkustu verða þarna. Það er yfirleitt erfiðast að fá þau í elstu flokkunum til að koma en mér sýnist flestir þeir bestu vera skráðir í mótið núna. Ég á von á að flestir af þeim bestu komi í ár,“ segir Vigfús Óðinn.

Jólapakkar eru í verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldursflokki fyrir sig, fyrir bæði drengi og stúlkur. Auk þess verður happdrætti um þrjá jólapakka í hverjum aldursflokki fyrir sig og í lokin verður happdrætti fyrir alla þátttakendur þar sem meðal annars verður dreginn út hátalari frá Sjónvarpsmiðstöðinni og áskrift að Stöð 2. Allir keppendur verða svo leystir út með sælgæti frá Góu. Meðal þeirra fyrirtækja sem leggja til gjafir í jólapakkana eru: Bókabeitan útgáfa, Bókaútgáfan Björk, Bókaútgáfan Ugla, Bókaútgáfan Skrudda, Bókaútgáfan Veröld/Bjartur, Edda útgáfa, Ferill verkfræðistofa, Góa, Landsbankinn, Sambíóin, Sjónvarpsmiðstöðin, Skáksamband Íslands og Stöð 2.

Mótið hefst klukkan 13.00 og er ókeypis á mótið en skráning á mótið er skak.is og á heimasíðu Hugins. „Ef það er nóg af töflum þá er engum vísað frá en það er betra að skrá sig svo við sjáum hvað þetta er stórt mót,“ bætir Vigfús Óðinn við. **gunnarleo@frettabladid.is**



**Jólapakkaskákmót Hugins hefur alltaf verið eitt fjölmennasta skákmót ársins.**

> **Ef það er kreppa þá er mótið stórt en ef það er góðæri og atvinnuástand betra þá er þátttaka minni. Það er mjög góð þátttaka hjá börnum og unglingum í skákinni og sérstaklega eftir hrun, líklega af því að menn höfðu meiri tíma eftir hrun og því um líkt.**
>
> Vigfús Óðinn Vigfússon, varaform. Hugins



†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Gísla Bjarnasonar**
tæknifræðings,
Gaukshólum 2.

**Þóra Björk Róbertsdóttir**
**Bjarni Kristbjörnsson**
**Guðrún Inga Bjarnadóttir**
**Kristbjörn Bjarnason** | **Steinunn Björg Jónsdóttir**
**Valgerður Bjarnadóttir** | **Óskar Garðar Hallgrímsson**
**Róbert Árnason** | **Þórgunnur Þórarinsdóttir**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Sigríður Jónsdóttir**
Eyrarvegi 7a,
áður til heimilis á Húsavík,

lést á dvalarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 16. desember síðastliðinn.

**Ingvi Böðvarsson**
**Garðar Geirsson** | **Leah Ann Mauzey**
**María H. Þorgeirsdóttir** | **Sæmundur Árnason**
**Vignir Þorgeirsson** | **Sigurbjörg Ingvadóttir**
**og fjölskylda.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Þorsteinn Þorsteinsson**
Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 28. desember kl. 13.00.

**Helga Hansdóttir**
**Guðrún Þorsteinsdóttir** | **Friðrik G. Olgeirsson**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** | **Brynjólfur Markússon**
**Hans Ragnar Þorsteinsson** | **Helga Laufdal**
**Sveinn Þorsteinsson** | **Heiða Lára Eggertsdóttir**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför frænda okkar og vinar,

**Gríms Jónssonar**
Klifshaga, Öxarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir góða umönnun.

**Daði Þröstur Þorgrímsson**
**Sigra Þorgrímsdóttir**
**Pétur Þorgrímsson**
**og fjölskyldur.**

# VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ FIMM TÝPUM:

1. Persónum sem finnst gaman að taka á móti fólki.
2. Persónum sem finnst gaman að taka á móti fólki á næturna.
3. Persónum sem finnst gaman að taka til og þrífa.
4. Persónu sem segist ekki vera þúsundþjalasmiður en er það samt.
5. Persónu sem finnst gaman að ráða hvenær er þrifið.

Sendu okkur línu á hello@oddsson.is merkt: 1. Gestamóttaka 2. Næturvörður 3. Þrif 4. Þúsundþjalasmiður eða 5. Yfirþerna

ODDSSON er hostel og hótel sem mun opna í mars á næsta ári. Hugmyndin á bakvið ODDSSON er fjölbreytni. Að leiða saman ólíkt fólk sem deilir með okkur ástríðu fyrir því að hafa gaman.



# ODDSSON OPNAR Í MARS

hello@oddsson.is
+354 511 3579

oddsson.is

## Merkisatburðir 19.des

**1821** Eldgos hefst í Eyjafjallajökli, sem aldrei hafði gosið fyrr á sögulegum tíma.
**1901** Stórbruni verður á Akureyri og urðu 50 manns heimilislausir er tólf hús brunnu.
1943 B-25 sprengjuflugvél lendir á hvolfi skammt sunnan við Grandaveginn í Reykjavík í aðflugi að flugvellinum í Vatnsmýrinni. Þrír hermenn láta lífið.
**1967** Lögræðisaldur er lækkaður úr 21 ári í 20 ár. Síðar er hann svo lækkaður aftur í 18 ár.
**1967** Guðlaugur Þór Þórðarson, íslenskur stjórnmálamaður fæðist.
**1978** Brynjar Már Valdimarsson, íslenskur útvarpsmaður fæðist.
**1980** Jake Gyllenhaal, bandarískur leikari fæðist.



✝

Fjölskylda
**Sigríðar Helgu Þorbjarnardóttur**
líffræðings,
Meistaravöllum 17 í Reykjavík,
þakkar vottaða samúð og hlýhug við andlát hennar og útför frá Neskirkju 2. desember.

**Guðmundur Þorbjörnsson**
**Njáll Þorbjörnsson**
**Laufey Þorbjarnardóttir**
**Guðbjörg Þorbjarnardóttir**
**Guðrún Þorbjarnardóttir**
**Jóna Jónsdóttir**
**Jóna Jónsdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Jónas Matthíasson**
**Guðmundur Sigurðsson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Þráinn Sigtryggsson**
vélstjóri,
Lindargötu 57, Reykjavík,
lést þann 2. desember síðastliðinn á Landakoti. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þann 21. desember kl. 13.00.

**Haraldur Þráinsson** **Guðný Gunnarsdóttir**
**Kristjana Þráinsdóttir**
**Sigurbjörg Þráinsdóttir** **Vignir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir til ykkar allra sem heiðruðu minningu móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Sigrúnar Guðmundsdóttur**
Gautlandi 7,
með nærveru ykkar, gjöfum og hlýjum kveðjum. Megi kærleikurinn fylgja ykkur.

**Hallfríður Ólafsdóttir** **Sigurður Leifsson**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Ingi Ragnar Pálmarsson**
**Hildur Sigurðardóttir** **Henry Birgir Gunnarsson**
**Una Björk Sigurðardóttir** **Vincent Franz Wood**
**Sigrún Ýr Sigurðardóttir**
**Kári Ingason**
**Dagur Ingason**
**Ísak Daði Henrysson**
**Ísabella Henrysdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Margrét Gunnarsdóttir**
Þangbakka 10, Reykjavík,
lést á heimili sínu miðvikudaginn 2. desember sl. Útför hennar fór fram í kyrrþey föstudaginn 11. desember síðastliðinn.

**Gunnar Gunnarsson**
**Ragnheiður Bragadóttir** **Kristinn Pétur Pétursson**
**Erla Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir mín,
**Gróa Aðalheiður Þorgeirsdóttir**
frá Ytra-Nýpi, Vopnafirði,
síðast Skúlagötu 20, Reykjavík,
lést á Landspítalanum að morgni 18. desember.

**Kristín Rannveig Óskarsdóttir**



**Dómnefnd í jólapeysukeppni Barnaheilla hefur unnið baki brotnu að undanförnu því úrslit í keppninni verða kunngerð í Petersen svítu í Gamlabíó í dag. Herma sögur að ekki sé eining innan hópsins, þar sem sumum hverjum þykir allar peysurnar fallegar.**

# Úrslit í jólapeysukeppni Barnaheilla tilkynnt

### Jólapeysan er fjáröflunarverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Í ár er safnað fyrir sýrlenskum flóttabörnum og fjölskyldum þeirra í móttökulöndunum við Sýrland.

Dómnefnd í jólapeysukeppni Barnaheilla hefur unnið baki brotnu að undanförnu því úrslit í keppninni verða kunngerð í Petersen svítu í Gamla bíói í dag klukkan 14.00. Dómnefndin er skipuð þeim Sögu Garðarsdóttur leikkonu, Má Guðmundssyni seðlabankastjóra, Hrafni Jökulssyni rithöfundi, Herdísi Ágústu Linnet, formanni ungmennaráðs Barnaheilla, og Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra samtakanna.

Jólapeysan er fjáröflunarverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Í ár er safnað fyrir sýrlenskum flóttabörnum og fjölskyldum þeirra í móttökulöndunum við Sýrland. Nú þegar vetur er genginn í garð er þörf fyrir hjálp mikil. Barnaheill – Save the Children starfa í flestum þeim löndum sem sýrlensk flóttabörn fara um og útvega flóttamönnum mat, skjól og aðrar lífsnauðsynjar. „Þetta er þriðja árið hjá okkur. Þó svo að úrslitin verði tilkynnt í dag er hægt að taka þátt í söfnuninni sem verður út desember, þar sem hægt að skrá sig og heita á aðra," segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Veitt verða verðlaun í fimm flokkum en þeir eru: fallegasta jólapeysan, ljótasta jólapeysan, frumlegasta jólapeysan, vinsælasta jólapeysan og besta endurvinnslujólapeysan. „Allir flokkarnir eru jafn skemmtilegir og dómnefndin hefur skemmt sér vel við að rýna í peysurnar," bætir Erna við.

> **Allir flokkarnir eru jafn skemmtilegir og dómnefndin hefur skemmt sér vel við að rýna í peysurnar," bætir Erna Reynisdóttir við.**

Barnaheill hvetja alla til að styðja gott málefni og heita á þær jólapeysur sem eru skráðar á áheitavefnum jolapeysan.is, eða að skrá sig og taka þátt í keppninni. Í fyrra söfnuðust um fjórar milljónir í fjáröflunarverkefninu. „Ég hvet alla til þess að fara inn á jolapeysan.is og styðja þetta góða málefni," bætir Erna við.

ÞETTA GERÐIST 19. DESEMBER 2006

## Rússneska flutningaskipið Wilson Muuga strandar rétt fyrir utan Hvalsnes

Rússneska flutningaskipið Wilson Muuga strandaði klukkan 4.43 aðfaranótt þessa dags árið 2006, þrjár mílur út af Sandgerði, skammt frá Hvalsnesi. Skipið er alls 5.700 lestir og var áður gert út af Nesskipum og hét þá Selnes. Það var á leið frá Grundartanga til Murmansk í Rússlandi þegar það strandaði.

Leki komst að skipinu og töluverður sjór inn í vélarrúmið. Danska varðskipið Tríton og björgunarskip frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu komu fyrst skipa á vettvang. Átta skipverjar af Tríton fóru í gúmmíbát til að freista þess að komast út í hið strandaða skip en gúmmíbátnum hvolfdi. Sjö komust lífs af úr þeim háska en einn danskur sjóliði lést.

Veður var slæmt og var skipið komið inn fyrir skerjafláka undan landi.

Giftusamlega tókst hins vegar að flytja áhöfn Wilson Muuga í land, þá höfðu íslensku varðskipin Týr og Ægir bæst í björgunarskipahópinn. Þau komu siglandi frá Vestmannaeyjum og Reykjavík. Einnig kom þyrla Landhelgisgæslunnar til hjálpar og sigu lögreglumaður og stýrimaður Landhelgisgæslunnar úr henni niður í Wilson Muuga.

Í apríl árið 2007 var skipinu komið á flot. Skipið var svo selt skömmu síðar og dregið frá Hafnarfirði alla leið suður til Líbanon.



**Björgunarsveitarmenn við hjálpastörf fyrir níu árum.**



Jón Jónsson

AUSTURBÆR

19 DESEMBER

KL 20 UPPSELT | KL 23 UPPSELT

Jón Jónsson & Friðrik Dór

AUSTURBÆR

20 DESEMBER

KL 16 UPPSELT | KL 19 UPPSELT

# TAKK FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Coca-Cola er stoltur styrktaraðili íslenskrar tónlistar

## Konráð og félagar á ferð og flugi 179

Bragi Halldórsson

Konráð, Lísaloppa og Róbert eru rétt að ljúka við að skreyta jólatréð og húsið. „Þetta er nú aldeilis ofskreytt tré,“ sagði Róbert. „Ég hef nú vanalega látið mér nægja smá grenigrein. Maður finnur ekkert í öllu þessu skrauti, hvar er til dæmis leikfangabangsinn?“

Það er rétt hjá Róberti, hér er erfitt að finna margt.

Svo virðist vera óboðinn gestur í jólatrénu, mús. Getur þú fundið hana?



Getur þú fundið leikfangabangsann? Eða brosandi stjörnu og fjögur snjókorn? Og hvað heldur þú að séu margar rauðar jólakúlur á jólatrénu? Og hversu margar jólabjöllur eru í húsinu?

## Brandarar

Hvað heldur sig úti í horni og ferðast samt um allan heiminn?
Frímerkið.

Sundlaugarvörðurinn blés í flautuna sína og kallaði: „Heyrðu, hættu að pissa í laugina.“
Drengurinn: „En allir gera það.“
Sundlaugarvörðurinn: „Ekki af stökkbrettinu.“

Spurning: Af hverju hnerraði tölvan?
Svar: Hún var með vírus.

Hvað er grátt, með stór eyru, tvo rana, fimm fætur og þrjá hala?
Fíll með varahluti.




**Hvernig leið þér, Hálfdán Helgi, þegar þú varst valinn jólastjarna ársins 2015?** Það var örugglega ein besta tilfinning lífs míns, alveg frábærlega skemmtilegt.

**Hefurðu áður tekið þátt í samkeppni um þann titil?** Já, ég hef áður sent inn myndband en komst þá ekki inn … þannig að ef þið sem lesið þetta hafið sent og ekki komist inn, þá er bara að prófa aftur.

**Hefur þú oft komið fram sem söngvari?** Ég hef oft sungið í veislum, syng í kór, hef sungið í kirkjum, í stúdíói og tekið þátt í hæfileikasýningu og núna bætist við að hafa sungið í Laugardalshöll á Jólatónleikum Björgvins Halldórssonar.

**Ertu í tónlistarnámi?** Ég er að læra á trommur hjá Össuri Geirssyni í Skólahljómsveit Kópavogs og þegar ég var yngri lærði ég smá á píanó og selló.

**Þurftir þú mikið að æfa fyrir tónleikana með Björgvin?** Já, það voru miklar æfingar enda rosalega stórir tónleikar.

**Varstu stressaður?** Nei, enda kunni ég lagið „Jólin eru að koma“, sem ég flutti ásamt hinum í jólastjörnuhópnum, mjög vel.

**Áttu fleiri áhugamál en tónlist?** Ég hef áhuga á kvikmyndagerð og hef tekið upp fullt af stuttmyndum með bróður mínum Matthíasi. Ég hef líka áhuga á tölvum og langar að búa til tölvuleiki í framtíðinni. Í haust byrjaði ég að æfa karate sem mér finnst mjög skemmtilegt.

**Veistu hvað þú færð að borða á aðfangadagskvöld?** Já, við fjölskyldan borðum hamborgarhrygg. Í eftirrétt fáum við auðvitað ís og jólafrómasinn hennar Gunnu ömmu. Fullt af konfekti og nammi!

**Er eitthvað sérstakt sem þú ætlar að gera um jólin?** Á aðfangadag verð ég að syngja með Barnakórnum í Ástjarnarkirkju sem ég er í og tek líka þátt í söngleik í Lindakirkju. Fer svo í jólaboð á jóladag, fer á jólaball og syng örugglega nokkur jólalög. En ég ætla líka að tjilla og horfa á jólamyndir og lesa eitthvað skemmtilegt sem ég fæ vonandi í jólagjöf.



Jólastjarnan Hálfdán Helgi ætlar að tjilla, horfa á jólamyndir og lesa eitthvað skemmtilegt um jólin – og svo auðvitað að syngja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ein besta tilfinning lífs míns

**Hálfdán Helgi Matthíasson,** tólf ára, var einn af Jólagestum Björgvins eftir að hann var valinn Jólastjarna ársins 2015 úr hópi um tvö hundruð barna.

## Á JÓLUNUM ER GLEÐI OG GAMAN

**Á jólunum er gleði og gaman**
**fúm, fúm, fúm :/:**
Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

**:/: Og jólasveinn með sekk á baki**
**fúm, fúm, fúm :/:**
Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

**:/: Á jólunum er gleði og gaman**
**fúm, fúm, fúm :/:**
Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!



# Langlangskemmtilegasti viðburður allra tíma

## í Hagkaup Kringlunni
## í dag kl. 16–18

**Börnin fá íspinna**
á meðan birgðir endast

**Margir af ástsælustu barnabókahöfundum landsins koma fram**




**BARNABÓKAFJÖR**

**Jólasveinar mæta á svæðið**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag er spáð hvassri norðaustanátt með snjókomu eða slyddu, einkum norðaustanlands. Dregur úr frosti og hlánar allra syðst.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 9° | Oslo 4° | Stokkhólmur 9° | Gautaborg 9° | Helsinki 6° | Þórshöfn 10° | Nuuk -18° |
| London 14° | Amsterdam 12° | Paris 12° | Berlin 10° | Madrid 13° | Brussel 13° | Róm 14° |
| Boston 2° | New York 2° | Orlando 10° | Moskva 3° | Singapúr 28° | Tókýó 2° | Sydney 21° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **12.29** | **6.06** |
| 3,40m | 1,16m |
| **01.14** | **18.54** |
| 3,31m | 1,03m |
| **Akureyri** | |
| **04.26** | **10.22** |
| 1,32m | 0,54m |
| **16.36** | **22.49** |
| 1,26m | 0,41m |
| **Ísafjörður** | |
| **02.02** | **08.17** |
| 1,79m | 0,74m |
| **14.33** | **21.07** |
| 1,93m | 0,58m |

### Tunglstaða

Vaxandi

30%

Sólarupprás:
11.20

Sólarlag:
15.28

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° 8 | 2° 5 | 2° 4 | -1° 8 | -1° 12 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° 13 | -2° 13 | 0° 7 | -2° 16 | -5° 13 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° 9 | -2° 6 | -1° 3 | -1° 10 | -9° 4 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° 12 | -0° 9 | 1° 8 | -1° 9 | -5° 5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° 6 | 1° 7 | 0° 4 | -2° 5 | -1° 9 |

## Þrautir

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### GÓÐUR SAMNINGUR LYKILLINN

Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson, sem margir telja sterkasta par landsins, unnu öruggan sigur á Íslandsmótinu í butlertvímenningi sem spilaður var um síðustu helgi. Þeir enduðu með 94,5 impa í plús en annað sætið var með 80,5 impa í plús. Þátttakan var 19 pör. Þó að vörnin hafi náð samningi þeirra í spili dagsins niður með laglegum hætti, fengu Jón og Sigurbjörn samt 1 impa í plús fyrir spilið að fara einn niður. Norður gjafari og enginn á hættu:

**NORÐUR**
♠ G10
♥ D10952
♦ -
♣ Á109876

**VESTUR**
♠ 8743
♥ G876
♦ KG74
♣ 4

**AUSTUR**
♠ ÁK106
♥ K3
♦ Á985
♣ G53

**SUÐUR**
♠ D92
♥ Á4
♦ D10632
♣ KD2

Sigurbjörn, sem sat í austur, opnaði á einu grandi. Pétur Gíslason, sem sat í norður, kom inn á 2 hjörtum og Sigurbjörn ákvað að berjast í 2 spaða sem voru passaðir út. Haraldur Ingason í suður kom út með laufakóng og skipti yfir í tígul í næsta slag. Pétur trompaði, spilaði hjarta, Sigurbjörn setti kóng og Pétur fékk aðra tígulstungu. Vörnin nægði til að spilið færi 1 niður (3 á tromp, 2 á hjarta og 1 á lauf) en samt var spilið plússkor fyrir AV.

### Skák Gunnar Björnsson

Jólaþraut laugardagsins. Hvítur á skemmtilega leið sem vinnur mann.



**Hvítur á leik**

**1. Rf5!!** Hvítur vinnur mann því eftir **1. ... Bxg4 2. Re7+ Kf7 3. Rxd5** fellur annar hvor biskupinn. Jólapakkaskákmót Hugins hefst kl. 13 í dag í Ráðhúsinu. Opið fyrir alla krakka 16 ára og yngri.
**www.skak.is:** Nýtt fréttabréf SÍ.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# EMBRACING NATURE©




Your Perfect Day
Hotel Hilton Nordica
Suðurlandsbraut 2
108 Reykjavík

Skartgripaverkstæði
Hjálmars Torfasonar
Laugavegi 71
101 Reykjavík
Sími 552 1550

Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur
Brekkugötu 5
600 Akureyri
Sími 462 3524

UPPLIFUN HARPA
MÁLMLIST 2016

www.embracingfaith.co.uk

EMBRACING FAITH® & NATURE FINE JEWELLERY. DESIGN BY [signature] MADE IN ITALY

# Er með sjómanninn í blóðinu

**Saga Jóns Magnússonar athafnamanns á Patreksfirði er komin út, skráð af Jóhanni Guðna Reynissyni rithöfundi. Þó þar sé lýst átökum af ýmsu tagi heitir hún því yfirlætislausa nafni Þetta var nú bara svona.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Í Stýrimannaskólanum. Jón í fremstu röð til hægri. MYND/SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Jón er einn af þeim sem eru með sjómanninn í blóðinu. Les botninn, straumana, veðrið, árstíðirnar. Skrifaði aldrei niður hvar trossurnar væru, hann bara vissi það og var gríðarlega fiskinn. Þó ætlaði hann að verða bóndi þegar hann var strákur því hann var svo sjóveikur í fyrstu ferðinni."

Það er Jóhann Guðni Reynisson, kennari og rithöfundur, sem hefur orðið. Hann er að lýsa Jóni Magnússyni, skipstjóra og útgerðarmanni á Patreksfirði, sem hann hefur nýlokið við að skrifa um bókina Þetta var nú bara svona.

„Við rekjum söguna. Hvernig fiskveiðar og vinnsla þróast fyrir vestan og hvernig þorpið á Patreksfirði verður til undir lok 19. aldar. Þar koma faktorar sem í raun áttu plássið. Einn þeirra var Ólafur Jóhannesson, svo komu Vatneyrarbræður en þegar þeir voru hættir kom Jón Magnússon og byrjaði að gera út. Honum var ekkert vel tekið í fyrstu, hann átti meðal annars í erfiðleikum með að fá fyrirgreiðslu í bönkum og fólk lagði lykkju á leið sína til að þurfa ekki að mæta honum á götu. Síðar varð Jón meðal annars skipstjóri á Hannesi Hafstein og varð aflakóngur yfir landið á því. Hann eignaðist Garðar BA sem var elsta stálskip Íslendinga og þegar Jón hætti á sjónum árið 1980 sigldi hann Garðari upp í sandinn í Skápadal, innst í Patreksfirði. Þar er hann enn."



**ÞEGAR MAÐUR HEFUR ÁHUGA Á ÞVÍ HVERNIG LÍFIÐ VAR ÞÁ ER SVONA VERKEFNI SKEMMTILEGT.**

Jón Magnússon, athafnamaður á Patreksfirði

### Fjögurra tíma labb í skólann

Jón Magnússon ólst upp á Hlaðseyri, sveitabæ innan við þorpið í Patreksfirði. Bókarkaflinn um upprunann hefst svona: „Það var helvítis harkan. Þegar ég var eins árs fékk ég lungnabólgu. Og það dóu flestir sem fengu lungnabólgu á þessum tíma. Pabbi sótti lækni sem var nú svona einum of blautur. Þegar hann kemur inn í húsið og sér „kvikindið" – sem var ég, hvað heldurðu að hann segi: „Hann drepst. Komdu með kaffi." Og brennivín út í eins og alltaf var gert í gamla daga. En ég drapst ekki!"

„Æskuár Jóns voru merkileg," segir Jóhann Guðni. „Strákarnir voru byrjaðir að fara út á fjörð á bátkænu bara sjö, átta ára gamlir að skjóta fugl og veiða fisk. Þetta var það sem hélt lífinu í fjölskyldunni. Það var hvorki rafmagn né sími á Hlaðseyri og vatnið varð að sækja langa leið út í á. Þó að bara sjö kílómetrar væru út í þorp og auðvelt að labba þangað var Jón í skóla úti í Kollsvík því Hlaðseyri tilheyrði Rauðasandshreppi. Hann lét ferja sig yfir fjörðinn og arkaði frá Örlygshöfn yfir fjöll og heiðar í skólann, fjögurra tíma ferð. Dvaldi svo í Kollsvík mánuð og mánuð í skólanum."



Lilja og Jón byggðu sameiginlega upp útgerðarfyrirtækin Odda og Vestra á Patreksfirði. Þau kynntust fyrst í barnaskólanum í Kollsvík. MYND/ÚR EINKASAFNI FJÖLSKYLDUNNAR

### Bölv og ragn inn á milli

Kona Jóns, Lilja Jónsdóttir, er frá Kollsvík. Þar kynntust þau fyrst þegar þau voru 10 til 12 ára að sögn Jóhanns Guðna. „Það var sameiginlegt verkefni þeirra hjóna að koma á fót útgerð og fiskvinnslu á Patró og ef fólk heldur alltaf kvótanum og landar tíðum heima þá segir það sig sjálft að það heldur uppi atvinnunni í plássinu. Þau hefðu getað verið orðnir margfaldir milljónamæringar með því að selja kvótann en Jón segist aldrei hafa verið ríkur," segir Jóhann Guðni og bætir við: „Lilja nýtur líka mikillar virðingar á Patreksfirði og mér fannst ástæða til að gera henni einnig ágæt skil í bókinni."

Jóhann Guðni hefur heyjað sér margar myndir í bókina. Hvernig kom það til að hann fór að skrifa þessa sögu? „Það spratt eiginlega upp úr Fréttablaðinu, þar var viðtal við Jón á einni síðu árið 2013. Ég hitti hann stuttu seinna og hann reyndist hafa frá mörgu fleira að segja. Það varð til þess að ég byrjaði. Jón hefur reynt margt. Ég lét hans orðalag halda sér þannig að það er bölv og ragn inn á milli, alveg rammíslenskt."




## Samfélagið skoðað út frá sjónarhóli barna

BÆKUR

**Randalín, Mundi og afturgöngurnar**

★★★★☆

**Þórdís Gísladóttir**
**100 bls.**
**Útgefandi:** Bjartur
**Myndir:** Þórarinn M. Baldursson
**Prentun:** Prentmiðlun ehf./Lettland

Út er komin þriðja bókin um þau Randalín og Munda og er það gleðiefni. Eins og oft áður finna vinirnir sér ýmislegt til dægrastyttingar, misgáfulegt, sem með hjálp barnslegrar einlægni og áhuga verður stórkostlega spennandi.

Í þessari bók drífur margt á daga þeirra. Þess vegna er titill bókarinnar í raun misvísandi … en erfitt er að henda reiður á þema bókarinnar með einum titli. Kaflaheitin eru nær lagi, þar sem höfundur fer stuttlega í gegnum efnistök kaflans í nokkrum vel völdum setningum.




Randalín, Mundi og afturgöngurnar

Sagan gerist í kringum jól, bæði rétt fyrir og rétt eftir, og markast svolítið af vaktaskiptum foreldranna. Pabbinn fer til útlanda að hitta kærasta sinn og mamman kemur til landsins í jólafrí frá leikförðunarnámi sínu. Kaflarnir eru svo örsögur hver fyrir sig, þar sem ofnæmi, rasisma, slúður, snjókomu, kvikmyndagerð, naflahringi og ótal margt fleira ber á góma.

Randalín er svo frábær, einlæg og uppátækjasöm, gagnrýnin – en þó einhvern veginn líka bara „slétt sama", í það minnsta um það sem engu máli skiptir. Börn eru fordómalaus að upplagi, en forvitin. Ekkert er fáránlegt í þeirra augum en allt getur verið spennandi. Til dæmis eru fjölskylduhagir Randalínar afar „módern" en það er aldrei gert að aðalatriði eða sérstöku umfjöllunarefni (og undirritaðri líður hálfkjánalega að gera það hér). Á sama hátt (en samt allt annan hátt, auðvitað) er ekki svo fáránlegt að veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur eldi mat úr köttum og rottum. Þau átta sig ekki á rasismanum sem felst í flökkusögunni um Skyndibitakónginn, en það gera fullorðnir lesendur.

Það er svo margt sem gerist sem börn pæla ekkert í og það er eitthvað svo fallegt við það hvernig höfundur setur það fram. Til dæmis þegar Konráð Lúðvík, faðir Randalínar, tekur til farangur fyrir utanlandsferðina þá pakkar hann meðal annars niður tveimur innpökkuðum jólagjöfum. Fullorðinn lesandi veltir kannski vöngum yfir hvers vegna gjafirnar eru tvær og hvað sé eiginlega í þessum pökkum – en það kemur hvorki Randalín né lesandanum við!

Þórarinn M. Baldursson leggur natni við smáatriði í myndlýsingum sínum; myndirnar lífga upp á lestrarupplifunina og bæta svolitlu við söguna.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtileg bók sem skoðar samfélagið út frá sjónarhóli barna, gagnrýnir vitleysuna í fullorðnu fólki og fær mann til að skella upp úr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...



Trúðasýningin Sókrates í Borgarleikhúsinu stóð undir væntingum og vel það. Tilraunakennd, hjartnæm , skemmtileg og virkilega vel heppnuð sýning.

# Betur má ef duga skal í íslensku leikhúsi

**Nú þegar árinu fer að ljúka er vert að skoða fyrri helming sviðslistaársins, meta stöðuna og horfa til nýrra verkefna á komandi ári. Sigríður Jónsdóttir, gagnrýnandi Fréttablaðsins, reifar hér stöðuna í íslensku leikhúslífi.**

Veturinn í stóru leikhúsum höfuðborgarinnar fór heldur brösulega af stað. Þörf er á miklu meiri metnaði og alúð að hálfu stóru leikhúsanna tveggja þegar kemur að nýjum íslenskum leikverkum. Þjóðleikhúsið frumsýndi tvö ný verk sem hvorugt var nægilega vel unnið en Sókrates í Borgarleikhúsinu stóð algjörlega undir væntingum. Í hjarta Hróa hattar var endurgerð á eldra verki og leikgerðir upp úr bókmenntaverkum eru allt annars eðlis en virðast hafa ákveðinn forgang, sérstaklega í Þjóðleikhúsinu. Þetta verður að laga. Þó skal nefna að Borgarleikhúsið stendur fyrir vinnusmiðju leikskálda með vorinu og samkvæmt heimildum er Jón Atli Jónasson að vinna nýtt verk fyrir Þjóðleikhúsið.

### Karlar um karla

Þjóðleikhússtjóri, Ari Matthíasson, hefur nú þegar tilkynnt þrjú ný verkefni fyrir komandi leikár en búið er að fjárfesta í Gott fólk eftir Val Grettisson, Vertu úlfur: Wargus esto eftir Héðin Unnsteinsson og nú síðast Mamma klikk! eftir Gunnar Helgason. Þrjár leikgerðir eftir bókum karlkynshöfunda. Í Þjóðleikhúsinu mátti finna eitt stakt leikverk eða leikgerð eftir konu fyrir jól, en það var hið ágæta samvinnuverkefni með Edda Productions 4:48 Psychosis eftir Söruh Kane, þar mátti einnig finna kvenkyns þýðanda sem og í Hleyptu þeim rétta inn. Þar með er talningu lokið, á öllu leikárinu, líka því næsta eins og staðan er núna.

Nýju leikritin Flóð eftir Björn Thors og Hrafnhildi Hagalín og Auglýsing ársins eftir Tyrfing Tyrfingsson verða sýnd í Borgarleikhúsinu á nýju ári. Í Tjarnarbíói má síðan sjá Old Bessastaðir eftir Sölku Guðmundsdóttur og Gripahúsið eftir Bjartmar Þórðarson. Útvarpsleikhúsið hefur stutt dyggilega við ný íslensk leikrit en Viðar Eggertsson lét nýlega af störfum sem útvarpsleikhússtjóri eftir átta ár í starfi og Þorgerður E. Sigurðardóttir hefur nú tekið við, einungis önnur konan sem gegnir starfinu.

### Grín og Píla Pína

MAK og Leikfélag Akureyrar virðast vera að einbeita sér meira að tónleikahaldi frekar heldur en leiksýningum. Þetta er grín, án djóks eftir Halldór Halldórsson og Sögu Garðarsdóttur, sem einnig léku aðalhlutverkin, var þó fínasta tilraun til að blanda saman uppistandi og leikhúsi en hópurinn sýndi fyrir fullu húsi fyrir norðan og einu sinni í Hörpunni. Býr Íslendingur hér? kom og fór en Grýla skemmti börnunum yfir jólin. Trúðasýningin Helgi magri byggð á verki Matthíasar Jochumssonar verður sýnd með vorinu og allar deildir MAK sameinast í fyrsta skipti til að sýna Pílu Pínu. Jón Páll Eyjólfsson er auðvitað að stíga sín fyrstu skref sem leikhússtjóri en þess væri óskandi að dagskráin væri þéttari og fjölbreyttari. Þá ber líka að nefna sérstaklega starfsemi bæði Frystiklefans á Rifi og Act Alone á Suðureyri sem standa fyrir öflugu starfi á landsbyggðinni.

### Dans og Tjarnarbíó

Síðastliðin misseri hefur hefð skapast fyrir því að LÓKAL og Reykjavík Dance Festival, sem starfa nú saman, hefji sviðslistavertíðina og var dagskráin í ár fjölbreytt. Dansflóran er í miklum blóma og þá sérstaklega í formi sjálfstæðra sýninga. The Valley eftir Rósu Ómarsdóttur og Ingu Huld Hákonardóttur var virkilega áhugavert og skartaði gríðarlega metnaðarfullri hljóðmynd eftir Sveinbjörn Thorarensen, betur þekktur sem Hermigervill. Reykjavík Dance Festival hefur verið að gera góða hluti og er flottur vettvangur fyrir tilraunaverk, þó að gæðin fari stundum fyrir ofan garð og neðan. Svipaða sögu má segja um LÓKAL og Tjarnarbíó en bæði eru gríðarlega mikilvæg sjálfstæðu senunni. Íslenski dansflokkurinn virðist hafa fengið nýjan kraft með ráðningu Ernu Ómarsdóttur og verður spennandi að sjá þróun flokksins.

> **ÞAÐ VERÐUR SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ NÝJA ÁRIÐ BER Í SKAUTI SÉR EN VONANDI VERÐUR METNAÐUR OG FRUMLEIKI Í FYRIRRÚMI.**

### Blessuð börnin

Lítið fór fyrir frumsýningum á nýjum verkum fyrir börn í Reykjavík, en þær sýningar sem voru í boði voru nær eingöngu endursýningar frá fyrri leikárum. Þetta er mikil synd og nauðsynlegt að sinna þessum sviðslistaflokki miklu betur. Þó má nefna að hin vel heppnaða Í hjarta Hróa hattar hentar vel fyrir eldri börn og Umhverfis jörðina á 80 dögum verður frumsýnd á nýju ári í Þjóðleikhúsinu sem og Made in Children í Borgarleikhúsinu. Íslenski dansflokkurinn bryddar upp á danssýningu fyrir börn í janúar með nafninu Óður og Flexa halda afmæli.

### Leikarar og sýningar

Þegar upp er staðið er Halldóra Geirharðsdóttir enn þá fremst á meðal jafningja á sviðinu en hún var virkilega góð sem Írena í Mávinum, lævís og bráðfyndin. Að sama skapi sýndi Björn Thors afskaplega góðan og yfirvegaðan mótleik í sömu sýningu sem yfirlætisfulli rithöfundurinn B.T. og í Þjóðleikhúsinu stal Björn Hlynur Haraldsson senunni í annars ójafnri Heimkomu. Innkoma Pálma Gestssonar í gervi Gylfa Ægissonar í Spaugstofusýningunni Yfir til þín og Halldór Halldórsson í hlutverki ónefnds einræðisherra í Þetta er grín, án djóks eiga heiðurinn af bestu hláturskóstum haustsins.

Sýningar í leikstjórn Mörtu Nordal eru ávallt eftirtektarverðar en heimildasýningin Nazanin var mikilvægt innlegg í samtímaumræðuna varðandi flóttafólk. En samstarf Yönu Ross og leikmyndahönnuðarins Zane Pihlström var í öðrum klassa; Mávurinn var metnaðarfull sýning þar sem aðstandendur voru óhræddir við að taka áhættu og uppskáru eftir því. Gott samstarf var einnig áberandi í sýningunni Sókrates sem var tilraunakennd og hjartnæm en líka virkilega vel leikstýrt af Rafael Bianciotto og Bergi Þór Ingólfssyni. Tónlist Kristjönu Stefánsdóttur var líka einstaklega skemmtileg. Af nýlegra sviðslistafólki sem vert er að fylgjast með eru Sigurður Þór Óskarsson og Þuríður Blær Jóhannsdóttir efst á blaði.

Vorsöngleikirnir eru í vinnslu þessa dagana en Mamma Mia! er eftir breskri forskrift sem hefur þjónað Borgarleikhúsi vel hingað til, bæði Mary Poppins og Billy Elliot voru af svipuðu sauðahúsi. Þjóðleikhúsið stólar á Djöflaeyjuna eftir Einar Kárason, þó að enginn handritshöfundur hafi verið staðfestur þá mun Bragi Valdimar Skúlason úr Baggalút skrifa söngtexta.

Í byrjun desembermánaðar stóð Borgarleikhúsið, í samvinnu við Rauða krossinn og sýnt í beinni útsendingu á RÚV, að atburði undir nafninu Opnum okkur þar sem málefni flóttafólks voru til umræðu. Haft var eftir Kristínu Eysteinsdóttur borgarleikhússtjóra: „Við erum alltaf að skoða í leikhúsinu hvernig við getum brugðist við því sem er að gerast í samfélaginu.“ Spyrja má af hverju Þjóðleikhúsið stendur ekki að svipuðum verkefnum í krafti sínu sem leikhús þjóðarinnar en umræður þeirra eftir 6. sýningu í húsinu eru skref í rétta átt.

### Bjart fram undan

Nóvemberlægðina mátti ekki einungis finna utandyra heldur einnig í leikhúsunum þar sem flest hús létu sér áframhaldandi sýningar nægja og miklu púðri eytt í að koma jólasýningunum á svið. Er ekki kominn tími til að endurskoða skipulagið örlítið?



Björn Hlynur, hér lengst til vinstri, fór á kostum í Heimkomunni eftir Pinter.



Saga Garðarsdóttir og Halldór Halldórsson í Þetta er grín, án djóks hjá LA.

Á milli jóla og nýs árs færist kraftur í leikinn þegar Sporvagninn Girnd eftir Tennessee Williams í leikstjórn Stefáns Baldurssonar og Njála í nýrri leikgerð Mikaels Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar, sem einnig leikstýrir, munu berjast um áhorfendur í stóru húsunum.

Þegar öllu er á botninn hvolft verður fyrri helmingur leikársins að teljast til ákveðinna vonbrigða þó að nokkrar skínandi sýningar á borð við Sókrates, Mávinn og Í hjarta Hróa hattar standi upp úr. Það verður spennandi að sjá hvað nýja árið ber í skauti sér en vonandi verður metnaður og frumleiki í fyrirrúmi.

**Sigríður Jónsdóttir**

# HÁGÆÐA HÁRVÖRUR FRÁ LABEL.M

*Label M hársnyrtivörurnar eru komnar í Iceland á frábæru verði!*

label.m
PROFESSIONAL
HAIRCARE




ÓTRÚLEGT VERÐ!

**2499** kr. stk.

FRÁBÆRT VERÐ Á HÁGÆÐA HÁRVÖRUNUM FRÁ LABEL.M

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%




OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# ER ALLT KLÁRT FYRIR JÓLIN?



**ÞRÖSTUR** 3,990 ISK



**TÓMAS** 39,490 ISK



**JÓNINA** 19,990 ISK



**SCARPA HEKLA** 59,990 ISK


INGÞÓR 89,990 ISK
CINTAMANI HÚFA 4,990 ISK
ÞÓRUNN 6,990 ISK
LANGBRÓK 13,990 ISK
HALLGERÐUR 15,990 ISK
CINTAMANI
www.cintamani.is | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan

# Semballinn verður í forgrunni

**Kammersveit Reykjavíkur bauð hinum virta suðurafríska semballeikara, Jeremy Joseph, hingað frá Vínarborg að spila á jólatónleikunum í Áskirkju á morgun og efnisskrá tónleikanna er sérstaklega metnaðarfull og glæsileg.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kammersveitin var á æfingu fyrir stóru stundina á morgun en gaf sér tíma til að stilla sér upp í myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Okkur langaði að prófa að fara aftur í gömlu hlýlegu kirkjuna okkar, Áskirkju,“ segir Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari þegar hún er spurð út í jólatónleika Kammersveitar Reykjavíkur á morgun, 20. desember, klukkan 17.

Hún segir dagskrána glæsilega í ár og nefnir þar sérstaklega Brandenborgarkonsert númer 5 eftir Bach. Efnisskráin markist af því að ákveðið hafi verið að bjóða Jeremy Joseph, sembal- og orgelleikara, hingað frá Vín. „Við vildum fá hann til að koma fram sem einleikara og svo leyfðum við honum líka að ráða hvaða verk yrðu valin,“ segir Rut og lýsir dagskránni nánar.

„Við spilum tvö verk eftir Bach þar sem semballinn er alveg í forgrunni, konsert fyrir fiðlu, flautu og sembal, þar sem semballinn er aðalhljóðfærið og svo Brandenborgarkonsertinn númer fimm og þar er flott sembalsóló. Með þessu valdi Joseph

**VIÐ VILDUM FÁ HANN TIL AÐ KOMA FRAM SEM EINLEIKARA OG SVO LEYFÐUM VIÐ HONUM LÍKA AÐ RÁÐA HVAÐA VERK YRÐU VALIN.**

verk eftir þrjú tónskáld sem bjuggu í Austurríki, kannski af því hann býr sjálfur í Vínarborg. Þau voru aðeins á undan Bach í tíma og hann ber höfuð og herðar yfir þau. En þetta er mjög skemmtilegt prógramm og hann er frábær, þessi ungi maður.

Rut tekur fram að þær Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari séu einnig einleikarar á tónleikunum og láti ekki sitt eftir liggja.

En hefur Jeremy Joseph komið áður hingað til lands? „Nei, þetta er í fyrsta skipti sem hann kemur. Hann var í námi í Lübeck í Þýskalandi á sama tíma og Hrafnkell Orri Egilsson, sellóleikari í kammersveitinni, og það er í gegnum Hrafnkel sem við fáum hann hingað. Það er mjög gaman.“

## ORGELLEIKARINN JEREMY JOSEPH

**Jeremy Joseph er fæddur í Durban í Suður-Afríku árið 1978. Hann byrjaði að spila á orgel níu ára gamall. Við fjórtán ára aldur fékk hann sína fyrstu stöðu sem orgelleikari við Dómkirkjuna í Durban.**

**Hann ernú búsettur í Vínarborg þar sem hann er orgelleikari við hina þekktu kirkju Hofburgkapelle. Hann er semballeikari Wiener Akademie hljómsveitarinnar auk þess að leika reglulega með mörgum af helstu hljómsveitum Austurríkis og víðar. Einnig kennir hann við Universität für Musik und Darstellende Kunst í Vínarborg.**

# Groddalegur galsi

BÆKUR

★★★☆☆

**Gerill**

**Snæbjörn Ragnarsson**

**Útgefandi:** Sögur

**Fjöldi síðna:** 277

**Kápuhönnun:** Arnar Geir Ómarsson

**Ljósmynd:** Mikael Karlbom




Íslenskir rithöfundar eru margir hverjir fjölhamir í meira lagi. Ekki nóg með að flestir skrifi þeir bæði ljóð, leikrit, fullorðinsskáldsögur og barnabækur, öfugt við ýmsa starfsfélaga þeirra í útlöndum sem sérhæfa sig oftast í einni bókmenntagrein, heldur eru þeir gjarna myndlistarmenn, verkfræðingar, kennarar eða lögfræðingar í fullu starfi meðfram skrifunum. Snæbjörn Ragnarsson er hér engin undantekning. Hann er starfandi auglýsingagerðarmaður og tónlistarferil hans með hljómsveitum eins og Ljótu hálfvitunum, Innvortis og Skálmöld þekkja flestir en hann á einnig langan og farsælan skrifferil að baki. Eftir hann liggja leikrit fyrir bæði börn og fullorðna, hnyttnir dægurlagatextar, beinskeyttir pistlar um þjóðfélagsmál sem hafa vakið mikla athygli og epískir kvæðabálkar sem hann tónklæðir ásamt félögum sínum í þungarokkssveitinni Skálmöld á þann hátt að sér ekki fyrir endann á vinsældum sveitarinnar meðal stórs hluta þjóðarinnar.

Snæbjörn hefur því reynt sig við mörg ólík textaform með góðum árangri og biðu margir fyrstu skáldsögu hans með nokkurri óþreyju. Gerill segir af Arngrími Sævari sem dreymir um að verða rokkstjarna og er sannfærður um að draumar hans um frægð og frama muni rætast ef honum bara tekst að koma sér á framfæri. Hann stofnar með félögum sínum hljómsveitina Gerlar og við fylgjumst með henni gera allt í kringum sig súrara eins og gerlum er tamt. Getuleysi og sjálfsblekkingar eru aðalsmerki Sævars og það truflar hann ekkert sérstaklega þó hann hafi ekkert fram að færa þegar hann er loksins búinn að búa sér til tækifæri því það reddast alltaf – einhvern veginn.

Gerill er langt frá því að vera gerilsneydd gelgjusaga og alls ekki bók sem ætti að halda að unglingsdrengjum með rokkstjörnudrauma en sem karnivalísk galsasaga fyrir fullorðna á hún ágæta spretti. Ýmislegt minnir á kvikmyndina This Is Spinal Tap, sem segir sögu þungarokkshljómveitar á tónleikaferð um Bandaríkin, og það er ekki ólíklegt að aðdáendur þeirrar myndar eigi eftir að hafa gaman af þessari bók. Snæbjörn hefur sjálfur lifað og hrærst í tónlistarheiminum um árabil og ekki fjarri lesandanum að álykta að hann byggi persónur og atvik á raunveruleika sem oft er lygilegri en skáldskapur. Textinn er lipur og mjög fyndinn á köflum, óþægilegur á öðrum. Bókin kinkar kolli til óreiðukennds galsans í gróteskusögum miðalda, lesandanum er hvergi hlíft, hvorki við háðulegum kynlífslýsingum né líkamsvessum og -úrgangi sem blandast, eða ekki, í söguþráðinn. Sjónarhorn bókarinnar fylgir Sævari, þó einstaka sinnum fáum við skoðanir annarra á bröltinu í honum, og það er með hans augum sem við sjáum aðrar persónur, til dæmis kvenpersónurnar sem eru allar frekar tvívíðar og fyrst og fremst dæmdar út frá útliti og gagnsemi. Snæbjörn skýtur föstum skotum á dægurmenningu samtímans og eirir engu og engum í hressilegum fíflaskap og háði, síst af öllu aðalpersónunni.

Miðað við það vald sem Snæbjörn hefur sýnt á stíl og textagerð er engin ástæða til að telja að hann hafi ætlað sér að skrifa annað en einmitt þessa bók. Ég hefði viljað sjá meira afgerandi afstöðu sögumanns gegn sjónarhorni Sævars sem er á köflum nánast eins og handbók í gauramenningu, til dæmis er tekið furðulétt á því þegar Sævar verður fyrir grófu kynferðisofbeldi og hrelliklámi og það látið falla að annarri grótesku textans. Snæbjörn hefur sýnt það ítrekað að hann getur tekið harða afstöðu þegar honum sýnist svo og það hefði verið gaman að sjá hann beita sér betur á þeim vettvangi í þessari bók. En miðað við afköst hans á ritvellinum má telja fullvíst að það gefist fleiri tækifæri.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**SAMANTEKT:** Karnivalísk galsasaga fyrir fullorðna sem hefði þolað beittari afstöðu í skrifum.



# Söngelsk fjölskylda býður Borgnesingum á tónleika

Söngelsk fjölskylda úr Borgarnesi mun halda jólatónleika í Borgarneskirkju, fjórða árið í röð, mánudagskvöldið 21. desember nk. kl. 21.00. Aðgangur er ókeypis að vanda og allir velkomnir.

Þetta eru hjónin Theodóra Þorsteinsdóttir og Olgeir Helgi Ragnarsson ásamt dætrum sínum, Sigríði Ástu og Hönnu Ágústu. Undirleik annast Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Sérstakur gestur á tónleikunum að þessu sinni verður Þorsteinn Þorsteinsson, bróðir Ingibjargar.

Theodóra er skólastjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar, söngkennari og söngkona. Hún stundaði söngnám í Söngskólanum í Reykjavík, Vínarborg og á Ítalíu og hefur víða komið fram sem söngkona. Olgeir Helgi stundar söngnám við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Systurnar eru báðar í söngnámi hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur við Söngskólann í Reykjavík og eru orðnar eftirsóttar söngkonur.

Theódóra segir að á tónleikunum verði að vanda ákveðin blanda af klassískari sönglögum og efni í léttari kantinum. „Það er ánægjulegt fyrir okkur að tónleikarnir eru alltaf vel sóttir og gaman að fólk er farið að spyrja strax á haustin hvort við verðum ekki örugglega með jólatónleika og þá hvenær. Húsfyllir hefur verið hingað til en margir telja það orðið ómissandi þátt í jólaundirbúningnum að mæta á tónleika fjölskyldunnar. Það er líka gaman að sjá að tónleikagestir koma víða að, bæði úr nærsveitum og frá Reykjavík, auk þess sem Borgnesingar eru að sjálfsögðu uppistaðan.“

Theódóra segir að fjölskyldan hafi tekið virkan þátt í menningar- og sönglífi í héraðinu og m.a. öll tekið þátt í óperunni Sígaunabaróninn sem sýnd var í Gamla mjólkursamlaginu við góðar undirtektir. – mg


Þau syngja inn jólin í Borgarnesi.


Kristín Svava Gunnarsdóttir ljóðskáld.

# Lesið upp á Gljúfrasteini

Lesið verður úr nýjum bókum á Gljúfrasteini á morgun, sunnudag. Það er síðasti aðventuupplestur þessa árs í húsi skáldsins.

Fjórir rithöfundar lesa upp úr verkum sínum.

Kristín Svava Tómasdóttir les upp úr ljóðabók sinni Stormviðvörun. Bókin er þriðja ljóðabók hennar.

Óskar Árni Óskarsson les úr Blýenglinum. Titillinn á bókinni og samnefndu ljóði í henni varð til eftir að höfundur var á gangi eftir Meistaravöllum eitt rigningarsíðdegi um haust og fann þá lítinn blýengil á gangstéttinni.

Ólafur Ingi Jónsson les úr bókinni Nína Tryggvadóttir – Ljóðvarp. Bókin er gefin út í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Nínu Tryggvadóttur í Listasafni Íslands. Í bókinni er farið yfir feril Nínu, líf hennar og list en hún var meðal frjóustu og framsæknustu myndlistarmanna sinnar kynslóðar og einn af brautryðjendum ljóðrænnar abstraktlistar. Bókina prýðir fjöldi ljósmynda af verkum Nínu, greinar og viðtöl. Ritstjórar bókarinnar eru Birta Guðjónsdóttir og Ólafur Ingi Jónsson. Eins og mörgum er kunnugt þá voru Auður Laxness og Nína miklar vinkonur og mörg verk eftir Nínu prýða Gljúfrastein.

Ólafur Gunnarsson les úr skáldsögu sinni Syndaranum. Bókin er fjölskyldusaga sem gerist á seinustu áratugum síðustu aldar og er sjálfstætt framhald Málarans sem kom út árið 2012.

Upplesturinn hefst stundvíslega klukkan 16.00 og er aðgangur ókeypis.


Óskar Árni Óskarsson skáld og rithöfundur.



SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Stærsti kvikmyndaviðburður allra tíma. JÓLAMYNDIN 2015
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
★★★★★ K.Ó. VISIR.IS
★★★★★ TOTAL FILM
★★★★★ USA TODAY
★★★★★ S.G.S. MORGUNBLAÐIÐ
Þökkum frábærar viðtökur- Stærsti opnunardagur allra tíma.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 11 - 11:30 - 2 - (2:30 (SUN)) - 5 - 8 - 8:30 - 10:55 - (11:30 (SUN)) |
| STAR WARS 2D | KL. 11 - 2 - (2:30 (LAU)) - 5 - 5:30 - 8 - 10:55 - (11:30 (LAU)) |
| STAR WARS 2D VIP | KL. (11 (LAU)) - (2 (LAU)) - 5 - 8 (UPPSELT) - (10:55 (SUN)) (UPPSELT) |
| LOVE THE COOPERS | KL. 8 - 10:20 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 11 - 1 - 1:30 - 3:10 - 3:40 - 5:50 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 11 - 2 - 5 - (8 (SUN)) - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 12 - 3 - 6 - 9 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 10:55 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| SPECTRE | KL. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. (11:30 (LAU)) - 2 - 2:20 - 5 - 5:10 - 8 - 10:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 1 - 4 - 7 - 10 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 7:10 - 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 2:50 - 5 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 7:10 - 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 2:50 - 5 |

HEART OF THE SEA
GÓÐA RISAEÐLAN
LOVE the COOPERS
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
★★★★★ - K.Ó Visir.is
★★★★★ - Total Film
★★★★★ - USA Today
★★★★★ - The Guardian
OPNUM KL.12:30 ALLA DAGA TIL 23. DESEMBER
KRAMPUS
The Night Before
MOCKINGJAY
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
TILBOÐ KL 2
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
★★★★★ -K.Ó. VÍSIR.IS
★★★★★ -TOTAL FILM
★★★★★ -USA TODAY
★★★★★ -THE GUARDIAN
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
STÆRSTI OPNUNARDAGUR ALLRA TÍMA.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| STAR WARS 3D | 2, 5, 8, 10:45 |
| STAR WARS 2D | 3, 6, 9 |
| THE 33 | 10:45 |
| HUNGER GAMES 4 | 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN | 2, 5 |

Góða skemmtun í bíó

SAMBÍÓIN SAMbio.is
GÓÐA RISAEÐLAN
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

STAR WARS
HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 MEÐ ÍSLENSKU TALI
HANASLAGUR Íslenskt tal
FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS
MIÐASALA smarabio.is emidi.is midi.is
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND KL. 2
SÝND Í 3D
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
GÓÐA RISAEÐLAN
SÝND KL. 2
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

## 19. DESEMBER 2015

### Afmæli

**Hvað?** Afmælisteiti UVG
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
Ung vinstri græn munu halda upp á 15 ára afmælið sitt í kvöld með pompi og prakt. Veislan verður í samkomusalnum á Hallveigarstöðum í kjallara byggingarinnar. Drykkir verða í boði fyrir þá sem styrkja UVG fyrir 1.000 kr. eða meira.

**Hvað?** Eins árs afmæli Norr11
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norr11, Hverfisgötu 18a
Í tilefni eins árs afmælis húsgagnaverslunarinnar Norr11 verður boðið upp á kaffi, te og með því frá opnun klukkan 11.00. Eftir því sem líður á daginn verða drykkirnir kaldari og sterkari.

### Listasýningar

**Hvað?** Myndlistar- og hönnunarmarkaður á Kexi
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Kex Hostel
Nemendur myndlistardeildar LHÍ bjóða á jólamarkað á Kexi Hostel í dag. Markaðurinn verður opinn frá klukkan 11.00 til 16.00 í Gym og Tonic salnum. Frábært tækifæri til þess að kaupa einstakar jólagjafir.

**Hvað?** Sigga Maija X Anna Maggý
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kiosk, Laugavegi 65
Ný lína frá Siggu Maiju verður frumsýnd ásamt ljósmyndum frá Önnu Maggý í Kiosk í kvöld. Léttar veitingar verða í boði.

**Hvað?** The Valley
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
The Valley er nýtt íslenskt dansverk sem var frumsýnt á Reykjavík Dance Festival þann 19. nóvember. Verkið er samið og flutt af þeim Rósu Ómarsdóttur og Ingu Huld Hákonardóttur í samstarfi við Sveinbjörn Thorarensen tónlistarmann og Rögnu Þórunni Ragnarsdóttur sviðsmyndahönnuð. Miða er hægt að nálgast á midi.is en miðaverð er 2.900 kr.

**Hvað?** Almar. Listamaður
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Crymogea, Barónsstíg 27
Ljósmyndaröð eftir Almar Atlason sem hann vann á meðan hann dvaldi inni í kassa dagana 30. nóvember til 7. desember 2015. Almar steig í kassann nakinn og allslaus og mælti ekki eitt orð á meðan á dvölinni stóð. Hann treysti á hjálp umhverfisins til að sinna nauðþurftum sínum. Eitt af því sem honum var rétt inn um lúguna var einnota myndavél. Almar valdi fimm ljósmyndir úr þeirri vél og er hver mynd prentuð í fimm eintaka upplagi. Myndirnar verða sýndar í Crymogeu í dag og verður listamaðurinn á staðnum frá klukkan 14.00.


Almar Atlason heldur ljósmyndasýningu með myndum úr kassanum sem hann dvaldi í í viku.

### Íþróttir

**Hvað?** Jólahúsmót Crossfit Reykjavíkur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Crossfit Reykjavík, Faxafeni 12
Jólahúsmót CR verður opið fyrir alla og hefst skráning í dag klukkan 09.00. Þar sem um er að ræða jólamót þá er við hæfi að vera í rauðum fatnaði og með jólasveinahúfu. Verðlaun verða veitt fyrir fyrsta sæti í hverjum flokki.

### Samkomur

**Hvað?** Vetrarsólstöður Pírata
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tortuga, Fiskislóð 31
Í tilefni þess að það styttist í að daginn fer að lengja á ný ætla Píratar að halda upp á árlega vetrarsólstöðuhátíð. Myrkrið verður kvatt í bili og komu ljóssins verður fagnað.

### Jólahátíð

**Hvað?** Jólaklifur og útgáfupartí ÍSALP
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Íslenski Alpaklúbburinn
Árlegt jólaklifur ÍSALP verður haldið í Múlafjalli. Í þetta sinn mun gleðin halda áfram langt fram á kvöld því eftir herlegheitin verður efnt til útgáfupartís fyrir nýjasta ársrit Ísalp. Útgáfupartíið verður um kvöldið á Sóloni í miðbæ Reykjavíkur. Klukkan níu hefst pub quiz með fjallaþema. Fólk sem langar að prófa sig áfram í ísklifri en vantar félaga og búnað er hvatt til þess að láta sjá sig.

**Hvað?** Litlu barnajól
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Jólafögnuður til heiðurs börnunum í Háskóla Íslands. Stúdentakjallaranum verður breytt í leikhús og býður gestum og gangandi að koma ókeypis og sjá hið feikivinsæla jólaleikrit Ævintýrið um Augastein. Einnig verður boðið upp á heitt kakó og piparkökur. Bóksala stúdenta verður ➡

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Magic in the moonlight .......... 18:00 20:00 22:00
45 years .......... 17:45
Dheepan .......... 20:00
The Program .......... 22:00
Rams / Hrútar ENG SUB .......... 22:15

GEFÐU SKEMMTILEGA
# GJÖF UM JÓLIN

BÍÓMIÐI, PEPSI & POPP
GJAFABRÉF Á SAMBIO.IS

EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA




Dj. flugvél og geimskip kemur fram á Húrra í kvöld ásamt Vaginaboys og Shades of Reykjavík.


Betra BAK
OPNUNARTÍMI TIL JÓLA
19. DES. 11-17 | 20. DES 13-17
21.-22. 10-20 | 23. 10-22 | 24. 10-13

15% AFSLÁTTUR


ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT
ELEGANTE RÚMFÖT – JÓLASENDINGIN KOMIN
22.015 KR.
25.900 KR.

EINSTÖK MÝKT
BELLA DONNA
ALOE VERA LÖK
Fáanleg í öllum stærðum og ótal litum.


DÚNVÖRUR
Satin dúnsæng og dúnkoddi.
100% satinbómull í áklæði.
Sæng: 90% moskusdúnn,
10% smáfiður.
SATIN DÚNSÆNG 23.900 KR. ~~32.900 KR.~~
SATIN DÚNKODDI 8.900 KR. ~~13.900 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG
QUILTS OF DENMARK

KODDAR OG DÚNVARA Í MIKLU ÚRVALI


15% AFSLÁTTUR
TEMPUR ORIGINAL
Þessi veitir góðan stuðning. Hentar vel þeim sem sofa á hlið.
18.900 KR.
TEMPUR TRADITIONAL
Traditional koddinn er fáanlegur mjúkur, medium og stífur. Veldu kodda sem hentar þér best.
16.915 KR. ~~19.900 KR.~~

DÁSAMLEG JÓLAGJÖF FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

HEILSUINNISKÓR
Heilsuinniskórnir sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann. Komnir aftur!
3.900 KR. 1 PAR
6.980 KR. 2 PÖR
9.900 KR. 3 PÖR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK


opin og með sérstök jólatilboð á barnabókum. Ævar vísindamaður kemur svo í heimsókn kl 15.00 og les upp úr nýrri bók sinni.

**Hvað?** Jólaball FM 95,7 og Egilshallar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Skautasvellið í Egilshöll
Litlu jól FM 95,7 og Egilshallar munu kalla fram sannkallaða jólastemningu í skautahöllinni. FM plötusnúður mun halda uppi stuðinu. Jólasveinninn mætir á svæðið með pokann sinn. Skautafélagið Björninn býður upp á glæsilega skautasýningu. Það kostar aðeins 1.000 kr. inn, skautar innifaldir.

**Hvað?** Jólasýning Eríal Pole
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Eríal Pole Stúdíó
Árleg jólasýning haldin í dag. Á dagskrá eru fjölbreytt sýningaratriði nemenda og þjálfara á öllum aldri.

**Hvað?** X-Mart Jólamarkaður Gallery Gallera
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Laugavegur 33
Það verður sannkölluð jóla- og listastemning í Gallery Gallera þar sem fullt hús af efnilegum ungum listamönnum selja verk sín.

**Hvað?** Heimagerðar jólagjafir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Loft Hostel
Á Lofti Hosteli í kvöld verður hægt að mæta og búa til sín eigin heimagerðu andlits- og líkamsskrúbb. Gott fyrir veskið og andlitið og sniðugt í jólapakkann.

**Hvað?** Jóladjass og sælkerastund
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Hamraborg 4
Ægir í Garðskálanum verður með sannkallaða sælkerastund í dag. Fágætir íslenskir ostar úr Ostakjallaranum eru paraðir saman við gæðabjór og eðalhvítvín. Einnig fæst smurbrauð og kaffiveitingar. Ægir mun einnig kynna jólakræsingar ásamt matar- og vínsérfræðingum og bjóða gestum og gangandi upp á matarráðgjöf.

**Hvað?** Jólahlaðborð SUS
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Valhöll, Háaleitisbraut 1
Árlegt jólahlaðborð ungra sjálfstæðismanna fer fram með glæsibrag í kvöld. Boðið verður upp á fordrykk klukkan 18.30 en borðhald hefst formlega klukkan 19.30. Svanhildur Hólm Valsdóttir sér um veislustjórnina. Verðið á viðburðinn er 5.000 kr.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Kynning á íslenskum jólahefðum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Fyrirlestur á ensku um íslenska jólasiði. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við HÍ, kynnir íslenska jólasiði.

**Hvað?** Var Sókrates trúður? Heimspekilegar umræður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Um þessar mundir stendur yfir trúðasýningin Sókrates í Borgarleikhúsinu. Stjórn Félags áhugamanna um heimspeki þótti kjörið tækifæri til þess að eiga í samræðu um heimspeki. Í lok sýningarinnar í kvöld verða pallborðsumræður.

## Tónleikar

**Hvað?** Jólastemning svífur yfir Skúmaskoti
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Skúmaskot, Skólavörðustíg 21
Þór Breiðfjörð syngur inn jólin í Skúmaskoti. Léttar veitingar verða í boði.

**Hvað?** Stofujól með Siggu Eyrúnu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gamla bíó
Sigga Eyrún syngur inn jólin með Karli Olgeirssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni í Petersen svítunni í Gamla bíói. Miðar fást á midi.is en miðaverð er 2.000 kr.

**Hvað?** KK og Ellen
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó
Árlegir jólatónleikar KK og Ellenar í Bæjarbíói, Hafnarfirði. Miðar fást á midi.is en miðaverð er 5.990.

**Hvað?** Jólatónleikar Pálma Gunnars ásamt Ragnheiði Gröndal
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpan
Jólatónleikar Pálma og Ragnheiðar slógu rækilega í gegn í fyrra og komust færri að en vildu. Í ár endurtaka þau leikinn með góðum gestum og notalegri stemningu. Miðaverð er 8.990 kr.

**Hvað?** Jólatónleikar Skólahljómsveitar Austurbæjar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Harpan
Skólahljómsveit Austurbæjar verður með jólalega jólatónleika í Hörpuhorni þar sem koma fram B-sveit, C-sveit, flautuhópur, klarinett- og blásarakvintett.

**Hvað?** Bára Gísladóttir/ Different Rooftops
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Bára Gísladóttir stundar mastersnám við konunglega danska tónlistarháskólann og ætlar að flytja nýjustu plötu sína, Different Rooftops. Húsið opnað klukkan 20.00 og er miðaverð 2.000 kr.

**Hvað?** Jólatónleikar Háskólakórsins
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Neskirkja
Háskólakórinn heldur jólin hátíðleg og býður upp á tónleika í Neskirkju. Flutt verða ýmis jólaleg kórverk, innlend og erlend. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Gus Gus og vinir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó
Það verða svokallaðir stórtónleikar í Gamla bíói í kvöld. Nokkrar af öflugustu hljómsveitum landsins munu stíga á svið og trylla lýðinn. Fram koma Sturla Atlas, Úlfur Úlfur, Gísli Pálmi og Gus Gus. Húsið opnað 21.00 en fyrsta hljómsveit stígur á svið klukkan 22.00. Miðasala fer fram á tix.is og er miðaverð 4.900 kr.


Stórtónleikar Gus Gus í Gamla bíói í kvöld ásamt fleiri flottum hljómsveitum.

**Hvað?** Jón Jónsson í Austurbæ
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Austurbær Leikhús
Stórtónleikar Jóns Jónssonar fara fram í Austurbæ í kvöld. Þrátt fyrir að tónleikarnir séu haldnir skömmu fyrir jól þá eru þeir ekki eiginlegir jólatónleikar. Jón mun njóta stuðnings hljómsveitar sinnar auk góðra gesta sem munu koma fram. Miða er hægt að nálgast á midi.is og kosta þeir 3.500 kr.

**Hvað?** Jólatónleikar Diktu
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Dikta mun halda lágstemmda jólatónleika þar sem leikin verða ýmis jólalög auk laga af nýju plötunni, Easy Street. Uppselt er í forsölu en miðar verða seldir við innganginn.

**Hvað?** Jólatónleikar Shades of Reykjavík, Vaginaboys og dj. flugvélar og geimskips
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Jólatónleikar Shades of Reykjavík, Vaginaboys og dj. flugvélar og geimskips verða haldnir í kvöld á Húrra. Í boði verður heitt kakó og piparkökur. Miðasala fer fram á tix.is og kostar miðinn 1.500 kr.

**Hvað?** Sóley og Pétur Ben
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel
Tveir af þekktustu lagahöfundum og söngvurum landsins, þau Sóley og Pétur Ben, halda tónleika í Gym og Tonic salnum á Kexi Hosteli í kvöld. Hægt er að nálgast miða á 2.000 kr á kexland.is en annars kostar 2.500 kr. inn.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

### 20. DESEMBER 2015

## Jólahátíð

**Hvað?** Barnaball
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Gamla bíó
Gamla Bíó býður börnum og fjölskyldum þeirra á gamaldags jólaball í dag. Barnakór Vatnsendaskóla undir stjórn Þóru Marteinsdóttur leiðir söng og dans. Það verður frí myndataka með jólasveininum og gómsætar veitingar í boði. Frítt inn.

**Hvað?** Öðruvísi jólaklifurmót
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Klifurhúsið, Ármúla 23
Jólaklifurmót þar sem lykilmarkmiðið er að skemmta sér. Það verða skemmtilegar og frumlegar leiðir og keppt verður í þremur mismunandi getuflokkum.

**Hvað?** Jóladagskrá Árbæjarsafns
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Dagskráin hefst á guðsþjónustu í safnkirkjunni sem endar á jólatónleikum með Huga Jónssyni og Kára Allonssyni. Eftir það verður jólatrésskemmtun á torginu þar sem verða sungin jólalög áður en jólasveinarnir koma í heimsókn. Aðgangseyrir er 1.400 fyrir fullorðna, ókeypis fyrir yngri en 18 ára.

## Tónleikar

**Hvað?** Jólatónleikar Boney M
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpan
Boney M er ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins, ætlar að halda tónleika í Eldborg á fjórða í aðventunni. Miðaverð á bilinu 6.990 kr. til 14.990 kr.

**Hvað?** Jón Jónsson og Friðrik Dór - Fjölskyldutónleikar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Austurbær Leikhús
Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór halda sína árlegu jólatónleika í þriðja sinn. Uppselt.

**Hvað?** Jólatónleikar Skólahljómsveitar Kópavogs
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harpan
Yngri sveitir Skólahljómsveitar Kópavogs halda jólatónleika sína í Hörpuhorninu á sunnudaginn.

**Hvað?** Mr. Silla and friends
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel
Á þessum seinasta sunnudegi fyrir jól býður Loft upp á tónleika með Mr. Silla ásamt gestunum Snorra Helgasyni og Tyler Ludwick. Frítt inn.

# JÓLAFJÖR

# 25-50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM*



**25% AFSLÁTTUR AF LEIKFÖNGUM, SPILUM, PÚSLUM OG SNJÓÞOTUM**



**25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM**

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

morphy richards



**MORPHY**
brauðrist.
**7.865kr.**
65103542
Almennt verð: 10.495 kr.



**WINDSOR**
hnífaparasett, 44 stk.
**9.695kr.**
41114344
Almennt verð: 12.995 kr.

HELGARTILBOÐ

**Klukka,** 55 cm.
**5.695kr.**
41119667
Almennt verð: 7.595 kr.



HARÐIR PAKKAR



**Djúpsteikingarpottur,**
2 l, 2000W.
**5.995kr.**
41119488

**DECAL** vasi 15 eða 25 cm, svart eða brons mynstur.
**Verð frá:**
**1.695kr.**
41121616-9



OBH NORDICA

**OBH Smoothie mixer,**
2x600 ml.
**5.995kr.**
42351498



BOSCH

**BOSCH PSR 14,4 V**
rafhlöðuborvél,
2 lithium rafhlöður fylgja með, 1,5 Ah.
**19.995kr.**
74864114
Almennt verð: 24.795 kr.



LUX-TOOLS

**LUX verkfærasett,**
með 95 stk. af verkfærum.
**13.295kr.**
68392097
Almennt verð: 18.995 kr.



SKIL

**SKIL rafhlöðuborvél,**
10,8V, 2 rafhlöður.
**11.895kr.**
74092400
Almennt verð: 16.995 kr.



GRILLPRO

**Grillpro gasgrill,**
með 2 brennurum,
7,3 kW.
**24.995kr.**
50657522
Almennt verð: 32.995 kr.



NAPOLEON

**NAPOLEON**
**gasgrill TravelQ**
með vagni, 4,1 kW,
tvöfaldur brennari.
**54.995kr.**
506600012
Almennt verð: 69.995 kr.



NAPOLEON

**NAPOLEON TRIUMPH**
gasgrill með 3 brennurum, 14,4 kW. Gashella í hliðarborði, innbyggður upptakara og niðurfellanleg hliðarborð.
**89.995kr.**
506600032
Almennt verð: 109.995 kr.



## JÓLADAGSKRÁ BYKO BREIDD



**Laugardagur 19. desember**

**Sirkus Íslands**
frá kl. 13-15.

**Jólasveinarnir**
koma í heimsókn
kl. 13-14.

**Ingunn og Arnar**
frá kl. 15.





**Sunnudagur 20. desember**

**Kór Kársnesskóla**
frá kl. 14.

**Ingunn og Arnar**
frá kl. 15.

**HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR**
fá miða á **Vegbúann** eða **Línu langsokk.**






**LIFANDI JÓLATRÉ**
Timbursala Breidd og Selfossi

**EINGÖNGU HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ**
Normannsþinur, íslensk fura og blágreni

**OPIÐ LENGUR**
SJÁ NÁNAR Á BYKO.IS

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. | Helgartilboð gilda 16.–20. desember. | *Ekki er gefinn afsláttur af lifandi jólatrjám






# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.10** Strumparnir
**07.35** Waybuloo
**07.55** Kalli á þakinu
**08.20** Kalli kanína og félagar
**08.45** Stóri og Litli
**09.00** Með afa
**09.10** Skoppa og Skrítla
**09.20** Gulla og grænjaxlarnir
**09.30** Hvellur keppnisbíll
**09.45** Mæja býfluga
**09.55** Latibær
**10.10** Elías
**10.30** Xiaolin Showdown
**10.55** Teen Titans Go!
**11.20** Bold and the Beautiful
**11.40** Bold and the Beautiful
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.25** Bold and the Beautiful
**12.50** Bold and the Beautiful
**13.15** Fáránlega stóri jólaþátturinn
**15.05** Spilakvöld
**15.50** Heimsókn
**16.20** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**16.30** Sjáðu
**16.55** ET Weekend
**17.40** The Great Christmas Light Fight
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Lottó
**19.15** The Simpsons
**19.45** Spilakvöld
**20.40** Happy Christmas
**22.10** Pride and Glory
**00.25** Svartur á leik
**02.10** Mission. Impossible - Ghost Protocol
**04.20** The Awakening
**06.05** Fréttir
**06.50** Myndbönd

## SPORT

**09.40** Bayer Leverkusen og Barcelona
**11.20** Útsending frá leik Udinese og Internazionale í ítölsku úrvalsdeildinni.
**13.00** San Antonio Spurs og LA Clippers í NBA.
**14.50** Útsending frá leik Njarðvíkur og Grindavíkur í Dominos deild karla.
**16.30** Körfuboltakvöld
**18.00** La Liga Report
**18.30** Formúla E - Beijing
**20.30** NBA
**21.20** UFC Now
**22.10** UFC Unleashed
**22.55** Formúla E - Beijing
**00.30** NBA (Ferð til Toronto á NBA leik)
**01.00** UFC Live Events

## SPORT 2

**08.40** Leicester City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**10.25** Hull City og Reading
**12.10** Birmingham og Cardiff
**13.50** PL Match Pack 2015/2016
**14.20** Premier League Preview.
**14.50** Bein útsending frá leik Manchester United og Norwich City
**17.00** Markasyrpa
**17.20** Bein útsending frá leik Newcastle og Aston Villa
**19.30** Chelsea og Sunderland
**21.10** Southampton og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
**22.50** Everton og Leicester City í ensku úrvalsdeildinni.
**00.30** Stoke City og Crystal Palace í ensku úrvalsdeildinni.
**02.10** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Bournemouth í ensku úrvalsdeildinni.

## GOLFSTÖÐIN

**08.15** Golfing World 2015
**09.05** The Open Championship
**11.40** The Open Championship
**14.10** US Open 2014 Lengd.
**18.15** Samsung Unglingaeinvígið
**18.40** Golfing World 2015 Lengd.
**19.30** The Open Championship

## STÖÐ 3

**14.05** Hart of Dixie
**14.50** Premier League 2015/2016
**17.00** Raising Hope
**17.25** Ground Floor
**17.45** Schitt's Creek
**18.10** Junior Masterchef Australia
**19.00** The X Factor UK
**20.50** The X Factor UK
**22.30** Sons Of Anarchy
**23.30** Grimm
**00.15** The Cleveland Show
**00.35** Bob's Burgers
**01.00** American Dad
**01.20** South Park
**01.45** The X Factor UK
**03.30** The X Factor UK
**05.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**07.05** Áfram Diego, áfram!
**07.29** Svampur Sveinsson
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Ofurhundurinn Krypto
**08.47** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Brunabílarnir
**09.25** Skógardýrið Húgó
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Tommi og Jenni
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** UKI
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Ofurhundurinn Krypto
**12.47** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Brunabílarnir
**13.24** Skógardýrið Húgó
**13.49** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Tommi og Jenni
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** UKI
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Ofurhundurinn Krypto
**16.47** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Brunabílarnir
**17.24** Skógardýrið Húgó
**17.49** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**19.05** Monster House



Svampur Sveinsson, kl. 07.29, 11,24 og 15.24

## GULLSTÖÐIN

**18.40** The Big Bang Theory
**19.05** Friends
**19.25** The New Girl
**19.50** Modern Family
**20.15** Sælkeraferðin
**20.35** Stelpurnar
**21.00** The Mentalist
**21.50** Mr. Selfridge
**22.35** Anna Pihl
**23.20** Graceland
**00.05** Sælkeraferðin
**00.25** Stelpurnar
**00.50** The Mentalist
**01.30** Mr. Selfridge
**02.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**07.00** Hyde Park On Hudson
**08.35** Groundhog Day Gamanmynd um veðurfréttamann úr sjónvarpi sem er sendur ásamt upptökuliði til smábæjar nokkurs þar sem hann á að fjalla um dag múrmeldýrsins fjórða árið í röð. Karlinn er ekkert hrifinn af því sem á vegi hans verður.
**10.15** Harry Potter and the Philosopher's Stone
**12.50** So Undercover
**14.25** Hyde Park on Hudson
**16.05** Groundhog Day
**17.50** Harry Potter and the Philosopher's Stone
**20.25** So Undercover
**22.00** Need for Speed
**00.10** As Above, So Below
**01.45** Being Flynn
**03.25** Need for Speed
**06.50** Family Weekend

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Háværa ljónið Urri
**07.11** Nellý og Nóra
**07.18** Pósturinn Páll
**07.33** Ólivía
**07.45** Eðlukrúttin
**07.56** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**08.07** Friðþjófur forvitni
**08.30** Úmísúmí
**08.53** Kata og Mummi
**09.14** Kafteinn Karl
**09.26** Litli prinsinn
**09.50** Skrekkur íkorni
**10.12** Uss-Uss!
**10.20** Tímaflakkið
**10.45** Krakkafréttir vikunnar
**11.05** Menningin
**11.30** Útsvar
**12.35** Kiljan
**13.20** Sjónvarpsleikhúsið – Næturvaktin
**13.45** FIFA, Sepp Blatter og ég
**14.45** Stúdíó A
**15.15** Aftur til framtíðar
**17.10** Eldað með Ebbu
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Hrúturinn Hreinn
**18.00** Jól í Snædal
**18.25** Tímaflakkið
**18.48** Vísindahorn Ævars
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Jólavaka RÚV
**21.10** Notting Hill
**23.20** Last Vegas
**01.05** The Bling Ring
**02.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**10.30** Dr. Phil
**11.10** Dr. Phil
**11.50** Dr. Phil
**12.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**13.10** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**13.50** Bundesliga Weekly
**14.20** Hannover - Bayern München
**16.20** Being John Makovich
**18.20** Parks & Recreation
**18.45** The Biggest Loser
**19.30** The Biggest Loser
**20.15** Love Actually
**22.30** Forgetting Sarah Marshall
**00.25** The Bourne Ultimatum
**02.20** CSI
**03.05** Unforgettable
**03.50** The Late Late Show with James Corden
**04.30** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


PULSE 2
HLJÓMUR
SEM ÞÚ
SÉRÐ
JBL
Bluetooth®
JBL Connect
Built-In Light Show
Splashproof
SM.IS
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur




2 | 20:05
**ATVINNUMENNIRNIR OKKAR**
Önnur þáttaröð þessara mögnuðu þátta þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Auðunn Blöndal heimsækir landsliðskonuna Söru Björk Gunnarsdóttur í þessum þætti.

MEIRIHÁTTAR
SUNNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:40
**HUMANS**
Magnaðir þættir sem gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónar á heimilum en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



2 | 21:30
**HOMELAND**
Við höldum áfram að fylgjast Með Carrie Mathieson, fyrrverandi starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar.



2 | 22:20
**60 MINUTES**
Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar í einum virtasta fréttaskýringaþætti í heimi.




22:00
**THE HUNGER GAMES**
Mynd sem byggð er á samnefndum metsölubókum og fjallar um keppni sem er haldin árlega þar sem nokkrir einstaklingar eru valdir til að keppa í Hungurleikunum.



3 | 19:30
**PROJECT RUNWAY**
Ofurfyrirsætan Heidi Klum stýrir hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á.



Krakka stöðin | 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.06** Strumparnir
**07.30** UKI
**07.35** Latibær
**08.00** Litlu Tommi og Jenni
**08.25** Doddi litli og Eyrnastór
**08.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.00** Með afa
**09.05** Rasmus Klumpur og félagar
**09.15** Ævintýraferðin
**09.25** Gulla og grænjaxlarnir
**09.35** Zigby
**09.45** Víkingurinn Vic
**09.55** Ljóti andarunginn og ég
**10.20** Ninja-skjaldbökurnar
**10.45** Loonatics Unleashed
**11.25** iCarly
**11.45** Nágrannar
**13.10** Nágrannar
**13.35** The X Factor UK
**15.25** The X Factor UK
**17.03** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**17.10** Eldhúsið hans Eyþórs
**17.40** 60 mínútur
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Næturvaktin
**19.40** Modern Family
**20.10** Atvinnumennirnir okkar Önnur syrpa þessara mögnuðu þátta þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Auðunn Blöndal heimsækir Aron Einar Gunnarsson, Gylfa Þór Sigurðsson, Söru Björk Gunnarsdóttur, Kolbein Sigþórsson, Emil Hallfreðsson og Aron Pálmarsson á sínum heimavöllum.
**20.40** Humans
**21.35** Homeland
**22.40** 60 mínútur
**23.30** The Art of More
**00.20** The Knick
**01.10** Men in Black
**02.45** Leonie
**04.30** The Mask of Zorro

## SPORT

**09.40** Bayer Leverkusen - Barcelona
**11.20** Udinese - Internazionale
**13.00** San Antonio - LA Clippers
**14.50** Njarðvík - Grindavík
**16.30** Körfuboltakvöld
**18.00** La Liga Report
**18.30** Formúla E - Beijing
**20.30** NBA - Wilt 100
**21.20** UFC Now
**22.10** UFC Unleashed
**22.55** Formúla E - Beijing
**00.30** Ferð til Toronto á NBA leik
**01.00** UFC Fight Night. Dos Anjos vs. Cerrone

## SPORT 2

**08.40** Leicester - Chelsea
**10.25** Hull - Reading
**12.10** Birmingham - Cardiff
**13.50** PL Match Pack
**14.20** Premier League Preview
**14.50** Man. Utd. - Norwich .
**17.00** Markasyrpa
**17.20** Newcastle - Aston Villa
**19.30** Chelsea - Sunderland
**21.10** Southampton - Tottenham
**22.50** Everton - Leicester
**00.30** Stoke - Crystal Palace
**02.10** WBA - Bournemouth

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** The Open Championship
**13.30** 2015 FedExCup Playoffs Official Film
**14.20** Presidents Cup
**16.25** Presidents Cup Official Film
**17.20** The Open Championship
**22.25** Presidents Cup Official Film
**23.15** PGA Special. In the Spotlight

## STÖÐ 3

**15.55** Cougar Town
**16.20** Suburgatory
**16.45** First Dates
**17.30** Lip Sync Battle
**17.55** Hell's Kitchen
**18.40** My Dream Home
**19.35** Project Runway
**20.20** The Cleveland Show
**20.45** Bob's Burgers
**21.15** American Dad
**21.45** Brickleberry
**22.10** South Park
**22.35** Good Vibes
**23.00** The Mysteries of Laura
**23.45** Vampire Diaries
**00.25** The Cleveland Show
**00.45** Bob's Burgers
**01.10** American Dad
**01.30** Brickleberry
**01.55** South Park
**02.20** Good Vibes
**02.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**07.05** Áfram Diego, áfram!
**07.29** Svampur Sveinsson
**07.54** Rasmus Klumpur
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Ofurhundurinn Krypto
**08.47** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Brunabílarnir
**09.25** Skógardýrið Húgó
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Tommi og Jenni
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur
**11.55** UKI
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Ofurhundurinn Krypto
**12.47** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Brunabílarnir
**13.24** Skógardýrið Húgó
**13.49** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Tommi og Jenni
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur
**15.55** UKI
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Ofurhundurinn Krypto
**16.47** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Brunabílarnir
**17.24** Skógardýrið Húgó
**17.49** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**19.05** Monster House

## GULLSTÖÐIN

**17.35** The Big Bang Theory
**18.00** Friends
**18.25** The New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Hátíðarstund með Rikku
**19.50** Viltu vinna milljón?
**20.40** Anna Pihl
**21.25** Twenty Four 4
**22.15** Graceland
**23.05** Sisters
**23.55** The 100
**00.35** Hátíðarstund með Rikku
**01.05** Viltu vinna milljón?
**01.50** Anna Pihl
**02.30** Twenty Four 4
**03.15** Graceland
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**08.35** Longest Week
**10.05** Harry Potter and the Chamber of Secrets
**12.45** The Big Wedding
**14.20** Family Weekend
**16.10** Longest Week
**17.40** Harry Potter and the Chamber of Secrets
**20.25** The Big Wedding
**22.00** The Hunger Games
**00.25** Dom Hemingway
**02.00** Red
**03.50** The Hunger Games

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.52** Millý spyr
**09.59** Klaufabárðarnir
**10.10** Bækur og staðir
**10.20** River Plate - Barcelona
**12.30** Jólavaka RÚV
**13.40** Jólin hjá Mette Blomsterberg
**14.10** Órangútan heldur heim
**15.00** Jólin með Jónu Maríu
**15.05** Tímaflakkið
**15.30** Jól í Snædal
**15.55** Táknmálsfréttir
**16.05** HM kvenna í handbolta.
**18.00** Klukkur um jól
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Jólin með Jónu Maríu
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Börnin í Búrkína Fasó
**20.20** Öldin hennar
**20.30** Allar leiðir lokaðar Skyggnst á bakvið tjöldin við gerð einnar stærstu leiknu sjónvarpsþáttaraðar sem hefur verið framleidd á Íslandi.
**21.05** Downton Abbey
**22.00** Kristnihald undir Jökli Kvikmynd gerð eftir samnefndri skáldsögu Halldórs Laxness.
**23.30** Halldór um Kristnihald undir Jökli Heimildarþáttur þar sem Halldór Laxness segir frá tilurð þeirra ritverka hans sem síðar urðu að kvikmyndum. Hér greinir Halldór frá skrifum Kristnihalds undir jökli, sýndar verða myndir frá tökustað myndarinnar og skyggnst á bakvið tjöldin. Meðal annars var seilst í gamalt safnaefni RÚV við gerð þáttarins. Dagskrárgerð: Halldór Þorgeirsson.
**00.00** The Wipers Time
**01.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**11.00** Dr. Phil
**11.40** Dr. Phil
**12.20** The Tonight Show
**13.00** The Tonight Show
**13.40** The Tonight Show
**14.20** Hertha Berlin - Mainz
**16.20** Rules of Engagement
**16.45** The Biggest Loser
**17.30** The Biggest Loser
**18.15** Design Star
**19.00** Minute to Win It Ísland
**19.50** Jennifer Falls
**20.10** Top Gear
**21.00** Law & Order. Special Victims Unit
**21.45** Fargo Bandarísk þáttaröð um sérstætt sakamál í smábæ í Minnesota.
**22.30** House of Lies
**23.00** The 11th Victim
**01.00** Rookie Blue
**01.45** Flashpoint
**02.30** Law & Order. Special Victims Unit
**03.15** Fargo
**04.00** House of Lies
**04.30** The Late Late Show
**05.10** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Hlýtt og gott í jólapakkann!
KULDAÚLPUR 10.000 KR
BARNAÚLPUR 8.000 KR
EINNIG TIL Í RAUÐU
ÚTIVISTARBUXUR
8000 mm vatnsheldni
9.000 KR
NÝTT Haust/vetur 2015 - TILBOÐ á NÝJUM FATNAÐI
KULDAÚLPA M/EKTA SKINNI
TILBOÐ 21.000 KR
FRÁBÆR KULDAGALLI ST.4-12 ÁRA
TILBOÐ 12.000 KR
KULDAÚLPA ST. 3-12 ÁRA
TILBOÐ 10.000 KR
LAGER SALA
NORTH ROCK
100%
fisléttir
DÚNJAKKAR - DÖMU & HERRA 15.500 KR
3.000 mm vatnsheldni 100% ANDARDÚNN
mjúk, hlý og ALLTAF eins!
FLÍSPEYSA 4.000 KR
DÖMU - HERRA & BARNA
GÖNGUSKÓR GRI-sport 12.000 KR
LEÐUR & GRITEX
OPNUNAR TÍMI
19.12 LAUGARDAGUR KL.13-17
20.12 SUNNUDAGUR KL. 13-16
Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

# Ár rappsins

## FYRRI HLUTI



Rappið trónir á toppi árslista álitsgjafa Fréttablaðsins í ár. Bæði á innlendum og erlendum markaði skipa rapparar sér í mörg efstu sætin. Fréttablaðið fékk 15 álitsgjafa til að gera lista yfir bestu plötur ársins. Allir voru beðnir um að gera tvo lista, einn yfir bestu íslensku plöturnar og annan yfir bestu erlendu plöturnar.

Rapparinn Gísli Pálmi á bestu plötu ársins, að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Platan, sem ber einfaldlega titilinn Gísli Pálmi, kemst á listann hjá ellefu af fimmtán álitsgjöfum og sex þeirra setja hann í efsta sætið. Í öðru sæti kemur rappsveitin Úlfur Úlfur, sem gaf út plötuna Tvær plánetur. Hún kemst á lista tíu álitsgjafa og er í efsta sæti hjá tveimur þeirra.

Í þriðja sæti er Agent Fresco, en platan Destrier kemst á lista átta álitsgjafa, þar af í efsta sæti hjá einum þeirra. Fjórða sætið vermir svo Björk, sem kemst á lista fimm álitsgjafa og er í toppsætinu hjá tveimur þeirra. Í fimmta sætinu er dj. flugvél og geimskip, með plötuna Nótt á hafsbotni.

### KOM EINS OG SPRENGJA

Platan Gísli Pálmi kom eins og sprengja inn í íslenskt tónlistarlíf, þegar hún kom út í apríl. Gísli Pálmi sagði frá plötunni í viðtali viðtali við Fréttablaðið í mars og vakti málið strax athygli. Þegar platan kom svo út rokseldist hún og komst á stall með plötunni Kveikur með Sigur Rós, þegar sölutölur á fyrsta degi voru skoðaðar. Það staðfesti Ásmundur Jónsson, eigandi plötuútgáfunnar og verslunarinnar Smekkleysu, sem gaf plötu Gísla Pálma út.

Platan fékk góða dóma hjá gagnrýnendum, meðal annars fjórar stjörnur frá Fréttablaðinu. Textarnir á plötunni vöktu sérstaka athygli, en í þeim lýsir Gísli Pálmi hliðum Reykjavíkurborgar sem fáir hafa innsýn í. Rithöfundurinn Mikael Torfason lýsti plötunni sem „Ísbjarnarblús sinnar kynslóðar“.

### ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR

Rappsveitin Úlfur Úlfur vakti mjög mikla athygli þegar hún gaf út plötuna Tvær plánetur. Platan kom út í júní og fangaði strax hjörtu landsmanna. „Þetta er plata sem við höfum unnið markvisst að. Hún er mun heilsteyptari og hvert lag er í raun kafli í sömu sögunni,“ sagði Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar liðsmanna sveitarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Mörg lög á plötunni urðu vinsæl, þá kannski sérstaklega lagið Brennum allt og vakti myndbandið við það sérstaka athygli.

Óhætt er að segja að útgáfutónleikar sveitarinnar hafi verið einstaklega vel heppnaðir, en sveitin troðfyllti Gamla bíó og var stemningin ógleymanleg.

### LOF GAGNRÝNENDA

Platan Destrier með Agent Fresco vakti verðskuldaða athygli á árinu. Erlendir gagnrýnendur kepptust við að lofa plötuna eftir að hún kom út í ágúst. Sveitin gerði samning við bandarísku bókunarskrifstofuna Infinity Records og var fyrsta Bandaríkjaferð sveitarinnar skipulögð. Líkt og hjá Gísla Pálma og Úlfi Úlfi voru útgáfutónleikar Agent Fresco ákaflega vel heppnaðir. Gagnrýnandi Fréttablaðsins gaf sveitinni fimm stjörnur fyrir frammistöðuna á tónleikunum og sagði fagmennskuna hafa verið í fyrirrúmi, að tónleikarnir hefðu verið algjörlega frábærir.

### BJÖRK

Björk er Björk, hún þarfnast engrar nánari kynningar. Platan hennar Vulnicura vakti – eins og venja er þegar Björk á í hlut – heimsathygli þegar hún kom út. Gagnrýnandi Fréttablaðsins gaf Björk fimm stjörnur. Hann kallaði plötuna „ótrúlegt listaverk“.

Björk átti stundum í vandræðum með að tjá sig um efnistök plötunnar í fjölmiðlum, enda verkið einstaklega persónulegt. „Ég stóð mig að því að skapa verk sem býr yfir sárri sorg. Ég er svolítið hissa hversu rækilega ég hafði skráð þetta í nánast tilfinningalegri tímaröð,“ sagði hún á heimasíðu sinni skömmu eftir útgáfuna.

### TYGGJÓTATTÚ

Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip, hefur alltaf vakið athygli í íslensku tónlistarsenunni. Hún gaf út sína aðra plötu á árinu, sem fékk titilinn Nótt á hafsbotni. Hún segir plötuna vera dekkri en frumburð hennar, Glamúr í geimnum, sem kom út árið 2013. „Ég er rosa ánægð með plötuna. Ég fór út í sveit að taka hana upp og það var svo mikill draugagangur þar, líka frost og ekkert símasamband. Þess vegna er hún frekar dökk og drungaleg.“




**1** Gísli Pálmi




**2** Úlfur Úlfur




**3** Agent Fresco



**4** Björk




**5** Dj Flugvél og Geimskip

Framhald á næstu síðu

## Hörðu pakkarnir fást í Verkfærasölunni

# VERKFÆRA SALAN

Síðumúla 11 · 568 6899 · www.vfs.is







Tilboð
**28.900**

**Hleðsluborvél**
Átak 50Nm, 13mm patróna
2x2,5 Ah rafhlöður fylgja.
**RB 5133002214**





Tilboð
**59.900**

**Verkfærasett 4 stykki**
Borvél 50Nm, hjólsög,
sverðsög og ljós.
**RB 5133001935**





Tilboð
**34.900**

**Skrúfvél fjölnota**
Borvél með skiptanlegri patrónu.
Einnig fáanlegir: vinkil-
og innréttipatróna.
Átak: 32Nm. 2x2,0Ah rafhlöður
**MW 4933447136**





Tilboð
**89.900**

**M18CHIWP12-402C**
Kolalaus herslulykill
2 átaksstillingar:
474/813Nm
2 x 4,0 Ah rafhlöður
**MW 4933446253**





Tilboð
**9.990**

**Borvél**
Mótor 500W,
patróna 13mm
**RB 5133001832**





Tilboð
**1.990**

**Höfuðljós LED**
Vandað höfuðljós frá Ansmann í Þýskalandi.
Styrkur ljóss er 40Lm
**AN 5819083**





Verð Kr.
**13.990**

**Vinnuljós ELP 55 IP54**
Vandað vinnuljós með 55W peru til notkunar
utandyra sem innan
**BR 1172720**





**Loftpressa 24L**
Loftflæði 205 L/min,
þrýstingur 8 bar
**TJ TRA024L**
**TJ TRAE050VFL 50L, 412L/min** Kr 49.900.-

Verð kr.
**24.900**





Verð kr.
**94.900**

**Verkfæraskápur 188 verkfæri**
7 skúffur – 1/4", 3/8“ & 1/2" topplyklasett
Splittatangir, skrúfjárn, fastirlyklar, tangir,
skralllyklar, meitlar, sexkantar, rennimál, þjalir.
**USG FIRP7B**





Verð kr.
**119.900**

**Verkfæraskápur 172 verkfæri**
7 skúffur með frauðbökkum. 1/4",
3/8“ & 1/2" topplyklasett. Splittatangir,
skrúfjárn, fastirlyklar, tangir, skralllyklar,
skiptilykill, meitlar, sexkantar, rennimál, þjalir.
**USG FIRP7B-FOAM**





Verð kr.
**15.900**

**Topplyklasett USG**
**USG GWB2045M** 1/4" Inniheldur 45stk **Kr. 4.990**
**USG GWB3029M** 3/8" Inniheldur 29stk **Kr. 7.990**
**USG GWB5094M** 1/2"+1/4" Inniheldur 94stk **Kr. 15.990**

# Ár rappsins
## SEINNI HLUTI

Drake á plötu ársins, að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Tame Impala og Kendrick Lamar deila öðru sæti. Rappið áberandi á listanum.

Á erlendum vettvangi var það rapptónlistin sem varð hlutskörpust í vali álitsgjafa Fréttablaðsins á plötum ársins. Sé miðað við innlendar plötur var talsvert meiri dreifing á atkvæðum álitsgjafa. Kannski eins og við var að búast. En þegar atkvæðin eru talin saman kemur í ljós að kanadíski rapparinn Drake stendur upp sem sigurvegari, með plötunni sinni If You're Reading This It's Too Late. Skammt á eftir koma svo ástralska rokksveitin Tame Impala, með plötuna Currents, og rapparinn Kendrick Lamar, sem gaf út plötuna To Pimp a Butterfly. Plöturnar voru jafnar í öðru til þriðja sæti.

Í fjórða sæti er svo Young Thug, sem gaf út plötuna Barter 6 á árinu. Og í því fimmta kom annar Kanadamaður, RnB-stjarnan The Weeknd, sem heillaði marga með plötunni Beauty Behind the Madness.

### Árið hans Drakes

Rapparinn Drake átti frábært ár. Um það verður ekki deilt. Reyndar varð talsverður rígur á milli hans og útgáfufyrirtækis hans til þess að If You're Reading This It's Too Late var hálfpartinn gefin út sem halasnælda (sem á ensku kallast „mixtape“). Slíkt er algengt í rappsenunni og nota menn þá oft grunna eftir aðra listamenn og eru snældurnar oft ekki jafn vel unnar og breiðskífur. En flestir gagnrýnendur eru sammála um að plata Drakes sé – einmitt – plata. En hún kom óvænt út á netinu í febrúar og fangaði strax hug og hjörtu heimsbyggðarinnar.

Drake jafnaði met Bítlanna, frá 1964, með því að eiga fjórtán lög á Hot 100-lista Billboard, þar af voru tíu af þeim lögum á plötu hans. Drake varð því sögulega vinsæll á árinu. Í ofanálag lenti hann í orðaskaki við rapparann Meek Mill sem endaði með því að þeir skiptust á lögum, þar sem þeir skiptust á að rakka hvor annan niður. Nánast öll heimsbyggðin var sammála um að Drake hefði haft betur í þeirri orustu, svo vægt sé til orða tekið, og má auðveldlega færa rök fyrir því að Kanadamaðurinn tróni nú á toppi rappheimsins.

### Lof gagnrýnenda

Sé gagnrýni erlendra miðla skoðuð sést að platan Currents, með Tame Impala, og platan To Pimp a Butterfly, með Kendrick Lamar, eru tvær af bestu plötum ársins. Ástralska sveitin Tame Impala heillaði mjög með sinni plötu og fékk góða dóma gagnrýnenda allra helstu tónlistarmiðla, þar á meðal fimm stjörnur frá The Guardian. Platan komst á toppinn í Ástralíu og í Hollandi, auk þess að komast ofarlega á lista á flestum stærstu mörkuðum heims í tónlist. Gagnrýnendur kepptust við að lofa lagahöfundinn Kevin Parker, sem þykir sýna ótrúlega breidd á plötunni.

To Pimp A Butterfly þykir vera tímamótaverk í rappinu og er Kendrick Lamar að skipa sér á stall með bestu pólitísku röppurum sögunnar. Hann er til dæmis á toppi lista tónlistartímaritsins The Rolling Stone. Þar er plötunni lýst sem sjaldgæfu meistaraverki, sem grípi hlustendur bæði þegar horft er til tónlistar, tilfinninga og texta. Henni er lýst sem eins konar sálrænni meðferð fyrir hlustendur.

Platan er einnig á toppnum á árslistum Complex, Billboard, Slant Magazine, Pitchfork og Vice. Með öðrum orðum; gagnrýnendur virðast sammála um að þarna sé á ferðinni einstakt tímamótaverk.

### Kannski óvænt

Vinsældir Young Thug koma kannski einhverjum á óvart, en platan Barter 6 þykir ákaflega vel heppnuð. Young Thug er einn af fjölmörgum röppurum frá Atlanta sem hafa látið að sér kveða að undanförnu. Hann er með einstakan stíl sem erfitt er að lýsa. Þessi stíll hefur hitt beint í mark hjá miklum fjölda og veitir innsýn í hugarheim Young Thug, sem er vægast sagt einstakur.

Kanadíski hjartaknúsarinn The Weeknd þótti minna á sjálfan Michael Jackson á plötunni Beauty Behind the Madness. Flestir eru sammála um að platan sé aðgengilegasta verk hans til þessa, mun poppaðri en fyrri plöturnar sem The Weeknd hefur sent frá sér.















## Hér má sjá lista allra álitsgjafa Fréttablaðsins

**UNA STEFÁNSDÓTTIR**
**tónlistarkona**

*Innlendar*
**Björk** Vulnicura
**Agent Fresco** Destrier
**Stórsveit Reykjavíkur/ Jóel Pálsson** Innri
**Sunna Gunnlaugs** Cielito Lindo
**Bangoura Band** Bangoura Band

*Erlendar*
**Jill Scott** Woman
**Erykah Badu** But You Caint Use My Phone
**Kendrick Lamar** To Pimp a Butterfly
**Leon Bridges** Coming Home
**Adele** 25

**ÞURA STÍNA**
**plötusnúður**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Agent Fresco** Destrier
**Björk** Vulnicura
**Mr.Silla** Mr.Silla

*Erlendar*
**Tame Impala** Currents
**Drake** If You´re Reading It´s Too Late
**Justin Bieber** Purpose
**Future** DS2
**Weeknd** Beauty Behind The Madness

**FRIÐRIK I. RÚNARSSON**
**körfuboltaþjálfari**

*Innlendar*
**Agent Fresco** Destrier
**Einar Scheving Quartet** Intervals
**Jón Ólafsson & Futugrapher** Eitt
**Bubbi og Dimma** Bubbi og Dimma
**Red Barnett** Shine

*Erlendar*
**Steven Wilson** Hand. Cannot. Erase.
**Beach House** Depression Cherry
**Jean Michel Jarre** Electronica 1 Time Machine
**Riverside** Love, Fear And The Time Machine
**Iron Maiden** The Book of Souls

**DANÍEL ÓLAFSSON**
**plötusnúður**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Herra Hnetusmjör** Flottur Strákur
**Sturla Atlas** These days
**Uni Stefson** Ep1

*Erlendar*
**Young Thug** Barter 6
**Travis Scott** Rodeo
**Future** DS2
**Drake** If You're Reading This it's Too Late
**A$AP ROCKY** AT.LONG. LAST.A$AP

**DR. GUNNI**
**tónlistarspekúlant**

*Innlendar*
**Pink Street Boys** Hits #1
**Dj flugvél og geimskip** Nótt á hafsbotni
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Agent Fresco** Destrier
**Fræbbblarnir** Í hnotskurn

*Erlendar*
**Tame Impala** Currents
**John Grant** Grey Tickles Black Pressure
**The Sonics** This Is the Sonics
**Courtney Barnett** Sometimes I Sit and Think, and Sometimes I Just Sit
**BC Camplight** How to Die in the North

**MAGNÚS LEIFSSON**
**leikstjóri**

*Innlendar*
**Úlfur Úlfur** Tvær Plánetur
**Teitur Magnússon** 27
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Sóley** Ask the Deep
**Agent Fresco** Destrier

*Erlendar*
**The Weeknd** Beauty Behind the Madness
**Drake** If You're Reading This It's Too Late
**Grimes** Art Angels
**Jeremih** Late Nights The Album
**Future** DS2

**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
**útvarpsmaður á RÚV.**

*Innlendar*
**Dj. flugvél og geimskip** Nótt á hafsbotni
**Júníus Meyvant** Júníus Meyvant
**Sóley** Ask the Deep
**Einar Scheving** Intervals
**Úlfur Úlfur** – Tvær plánetur

*Erlendar*
**Young Thug** – Barter 6
**Beach House** – Depression Cherry
**Kendrick Lamar** – To Pimp a Butterfly
**Lana Del Rey** – Honeymoon
**Dr. Dre** Compton

**FROSTI LOGASON**
**útvarpsmaður á X977**

*Innlendar*
**Shades of Reykjavik** Shades of Reykjavik
**Fufanu** A Few More Days to Go
**Misþyrming** Söngvar elds og óreiðu
**Muck** – Your Joyous Future
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi

*Erlendar*
**Tame Impala** Currents
**Paul Kalkbrenner** 7
**High on Fire** Luminiferous
**Myrkur** M
**Between the Buried and Me** Coma Ecliptic

**SUNNA BEN**
**fjöllistakona**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Sturla Atlas** Love Hurts
**Herra Hnetusmjör** Flottur strákur
**Vök** Circles

*Erlendar*
**Drake** If You're Reading This It's Too Late
**Justin Bieber** Purpose
**Jeremih** Late Nights The Album
**Freddie Gibbs** Shadow of a Doubt
**Young Thug** Barter 6

**BJÖRN TEITSSON**
**tónlistargagnrýnandi Fréttablaðsins**

*Innlendar*
**Björk –** Vulnicura
**Mr. Silla** – Mr. Silla
**Gísli Pálmi** – Gísli Pálmi
**Singapore Sling** – Psych Fuck
**Sóley** – Ask the Deep

*Erlendar*
**Grimes** – Art Angels
**Courtney Barnett** – Sometimes I Sit and Think, and Sometimes I Just Sit
**Tame Impala** – Currents
**ASAP Rocky** – At.Long. Last.Asap
**Justin Bieber** – Purpose

**ÞORBJÖRN ÞÓRÐARSON**
**fréttamaður á Stöð 2**

*Innlendar*
**Úlfur Úlfur** – Tvær Plánetur
**Agent Fresco** – Destrier
**Gísli Pálmi** – Gísli Pálmi
**Of Monsters and Men** – Beneath the Skin
**Herra Hnetusmjör** – Flottur skrákur

*Erlendar*
**Kendrick Lamar** – To Pimp a Butterfly
**Tame Impala** – Currents
**Drake** If You're Reading This It's Too Late
**The Weeknd** Beauty Behind the Madness
**Adele** 25

**ÓSK GUNNARSDÓTTIR**
**útvarpsmaður á FM957**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Dikta** Easy Street
**Of Monsters and Men** Beneath the Skin
**Agent Fresco** Destrier
**Björk** Vulnicura

*Erlendar*
**Kendrick Lamar** To Pimp a Butterfly
**The Weeknd** Beauty Behind the Madness
**Lana Del Rey** Honeymoon
**Drake** If You're Reading This It's Too Late
**Justin Bieber** – Purpose

**ATLI MÁR STEINARSSON**
**útvarpsmaður á RÚV**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** – Gísli Pálmi
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Mr. Silla** Mr. Silla
**Herra Hnetusmjör** Flottur Skrákur
**Lord Pussywhip** Lord Pussywhip Is Whack

*Erlendar*
**Drake** If You're Reading This It's Too Late
**Young Thug** Barter 6
**Kendrick Lamar** To Pimp a Butterfly
**Disclosure** Caracal
**Drake/Future** What a time to be alive

**JÓHANN ÓLI EIÐSSON**
**blaðamaður á Vísi**

*Innlendar*
**Björk** Vulnicura
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Fufanu** A Few More Days to Go
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Dj flugvél og geimskip** Nótt á hafsbotni

*Erlendar*
**Oneothrix Point Never** Garden of Delete
**Deafheaven** New Bermuda
**Kendrick Lamar** To Pimp A Butterfly
**Sufjan Stevens** Carrie & Lowell
**Beach House** Depression Cherry

**STEFÁN ÞÓR HJARTARSON**
**samfélagsstjóri**

*Innlendar*
**Gísli Pálmi** Gísli Pálmi
**Úlfur Úlfur** Tvær plánetur
**Sturla Atlas** These Days/ Love Hurts
**Agent Fresco** Destrier
**Herra Hnetusmjör** Flottur skrákur

*Erlendar*
**Young Thug** Barter 6
**Future** Dirty Sprite 2
**Jeremih** Late Nights
**Vince Staples** Summertime '06
**Father** Who's Gonna Get Fucked First?

★ ★ ★ ★

„… sagan sögð með nístandi einlægni og af glaðværð …“

RT / STUNDIN




★ ★ ★ ½

„… sönn og áhugaverð, heiðarleg og uppátækjasöm ævisaga.“

EFI / MORGUNBLAÐIÐ

„… hún er frumlegri en flestir aðrir höfundar …“

EH / KILJAN



★ ★ ★ ★

„Á köflum eru lýsingar Þórunnar svo kostulegar að hláturinn bókstaflega sýður í manni. Þessi bók situr í manni.“

RT / STUNDIN

★ ★ ★ ★

„Falleg, tilfinningarík og skemmtilega ofin sjálfsævisaga sem gefur sterka mynd af höfundi og samferðafólki.“

MG / FRÉTTABLAÐIÐ

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



Adele er ein skærasta stjarna heimsins í dag og er á leið í tónleikaferð um heiminn. MYND/GETTY

# Hefur selt yfir 5 milljónir platna

Nýjasta plata söngkonunnar Adele hefur selst í bílförmum frá því hún kom út fyrir rúmum þremur vikum og slegið fjölda meta.

Tónlistarkonan Adele heldur áfram að slá í gegn en nýjasta platan hennar sem ber titilinn 25 hefur nú selst í yfir fimm milljónum eintaka, þrátt fyrir að hún hafi komið út fyrir aðeins þremur vikum. 25 er jafnframt fyrsta platan sem selst í yfir 650.000 eintökum á viku í þrjár vikur í röð síðan Backstreet Boys gáfu út plötuna Black & Blue og Bítlarnir gáfu út plötuna 1, þetta kemur fram á vef Rolling Stone.

Platan, sem er ekki inni á tónlistarveitunni Spotify, hefur fengið mikið lof og er í 1. sæti á Billboard-listanum þriðju vikuna í röð og svo virðist vera sem fátt geti komið í veg fyrir að platan verði í 1. sæti út árið 2015 hið minnsta. Þá bendir allt til þess að yfir sex milljónir eintaka af 25 verði seldar fyrir árslok. Nú þegar er platan sú mesta selda á einu ári síðan árið 2011 eða síðan síðasta plata Adele, 21, kom út.

**» 25 ER SEM STENDUR Í FYRSTA SÆTI BILLBOARDLISTANS ÞRIÐJU VIKUNA Í RÖÐ OG HELDUR LÍKLEGA TOPPSÆTINU ÚT ÁRIÐ 2015.**

**» FYRSTA SMÁSKÍFULAG PLÖTUNNAR, HELLO ER EINNIG Í FYRSTA SÆTI BILLBOARDLISTANS SJÖUNDU VIKUNA Í RÖÐ OG HEFUR ADELE ÞÁ JAFNAÐ SITT FYRRA MET.**

Þess má til gamans geta að síðasta plata sem seldist í sex milljónum eintaka á einu ári var platan Confession með Usher árið 2004 en hún seldist í tæpum átta milljónum eintaka á því ári.

Fyrsta smáskífulagið af plötunni, lagið Hello, hefur verið í 1. sæti á Billboard-listanum í sjö vikur og þar með jafnar hún eigið met, þegar lagið Rolling in the Deep af plötunni 21 sat í 1. sæti listans í sjö vikur, þetta kemur fram á vef Billboard.

Adele er á leið í tónleikaferð um heiminn en það er jafnframt hennar fyrsta tónleikaferð í fimm ár. Tónleikaferðin hefst þann 29. febrúar í Belfast og fer hún um alla Evrópu. Þá heldur hún til Norður-Ameríku í júlí og heldur þar yfir fimmtíu tónleika en eins og staðan er núna endar tónleikaferðin þann 15. nóvember 2016 í Mexíkóborg. Þess má einnig geta að Adele kemur fram á sex tónleikum í hinni sögufrægu höll Madison Square Garden í New York 19.-26. september næstkomandi. **– glp**

# Fullkomin söluvara

**TÓNLIST**

**Of Monsters and Men**

★★★☆☆

**Beneath the Skin**

**Record Records, 2015**

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að nú eru liðin fimm ár síðan hljómsveitin Of Monsters and Men vann Músíktilraunir og skaust þar með fram á sjónarsviðið. Sveitin þótti reyndar þá frekar „krúttleg“ þar sem hún samanstóð af unglingum að spila á glockenspiel og melódiku, frekar skemmtilegt en þótti ólíklegt til að „slá í gegn“.

En síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Beneath the Skin er önnur breiðskífa sveitarinnar. Fylgir hún í kjölfar My Head Is an Animal sem naut gríðarlegrar velgengni eftir að sveitin sló rækilega í gegn með smellinum Little Talks. Fáir gátu séð fyrir þessa gríðarlegu velgengni, líklega ekki einu sinni hljómsveitarmeðlimir sjálfir.

Í dag er tónlist OMAM líka allt önnur en sú sem krúttlega samansafnið af Garðbæingum færði áheyrendum Músíktilrauna fyrir fimm árum. Glockenspielið sést sjaldan og því síður melódikan. Sveitin sérhæfir sig í þjóðlagasveitapopprokki en eins og fyrsta breiðskífan sýndi glöggt hefur hún náð að slípa þann hljóm býsna vel. Beneath the Skin er af sama meiði, tónninn er hreinn, lögin eru stór og upphækkanir fylgja þegar viðlagið er í nánd. Fagmennska einkennir allan hljóðfæraleik og upptökustjórn. Skiljanlega, það er verið að framleiða fullkomna söluvöru. Flest lögin hafa jafnvel burði til að verða að einhvers konar „teen anthems“, það er auðvelt að ímynda sér unglinga um allan heim á tónleikum sveitarinnar með gæsahúð að syngja með. Reyndar er einnig verið að framleiða fullkomna tónlist fyrir kvikmyndastiklur bandarískra indí-mynda, en það er annað mál. Helstu smellir Beneath the Skin eru Empire, I of the Storm og Crystals, en þau hafa einmitt fengið mesta spilun í ljósvakamiðlum hingað til. En það er ekki mikið sem skilur milli laga á plötunni. Rennur allt nokkuð hlutlaust, en mjög þægilega, niður.

OMAM er í stuttu máli algerlega búin að negla þetta sánd og innan þessarar stefnu er sveitin í nákvæmlega sama klassa og heimsfrægar sveitir á borð við Mumford and Sons eða Edward Sharpe and the Magnetic Zeros. Frá listrænu sjónarmiði væri spennandi að sjá sveitina taka fleiri sénsa en á hinn bóginn; til hvers? Af hverju ekki að hamra járnið meðan það er heitt? **Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** OMAM hafa geirneglt þjóðlagapoppsándið. Unglingar á öllum aldri eiga eftir að gæsahúð í næstu heimsreisu.



Markhönnun ehf

netto

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




AÐEINS 1.959 KR




VERÐ: 11.389 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 3.119 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 3.215 KR




VERÐ: 3.761 KR




VERÐ: 3.119 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 19. – 20. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

## Rúllukragi

Það geta flestir verið sammála um að rúllukraginn hefur verið eitt mest áberandi trend vetrarins. Lanvin og Maison Martin Margiela hafa verið áberandi í þeim efnum.







## Öðruvísi skyrtur

J.W. Anderson sýndi mikið af fallegum og öðruvísi skyrtum fyrir veturinn. Góð leið til þess að poppa upp hefðbundna jakkafataútlitið.

## Feldur

Nú er kominn tími til þess að karlarnir byrji að klæðast feldi, hvort sem hann er ekta eða gervi. J.W. Anderson, Roberto Cavalli, Paul Smith og margir fleiri sýndu feldi í vetrarlínum sínum.

# Jólatrendin fyrir herrana

Það skiptir máli að vera vel til hafður á jólunum en það er einnig mikilvægt að klæða sig í takt við tískustraumana. Fréttablaðið tók saman nokkur trend sem munu sóma sér vel í jólaboðunum.





## Flauelsjakkar

Alexander McQueen, Haider Ackerman og Saint Laurent hafa verið að nota áberandi mikið af flaueli í flíkum sínum fyrir veturinn.

UN WOMEN

JÓLAMARKAÐUR
TIL STYRKTAR
UNICEF&UN WOMEN

Hugsaðu grænt

Verslaðu ódýr&notuð föt.
Gefðu fólki um allan heim ný tækifæri.

Markaðurinn verður haldinn í lista- & menningarrýminu
Kaktus, Akureyri
þann 22. desember n.k. frá 15-21

Kaktus er staðsettur í Kaupvangsstræti 10, undir Listasafninu.

Komdu og verslaðu jólaföt&jólagjafir við ljúfa tóna&léttar veitingar.

Þitt framlag rennur óskipt til
UNICEF&UN WOMEN



# Hlébarða munstur

**Saint Laurent og Calvin Klein sýndu hvor tverggja mikið af hlébarðamunstri í vetrarlínunum sínum. Það er flott og öðruvísi trend til þess að skera sig úr í jólaboðunum.**



# Víðar buxur

**Lanvin og fleiri hönnuðir sýndu mikið af víðari buxum en karlmenn eru vanir.**



# Vínrautt

**Vínrauður er klárlega litur vetrarins enda fer hann öllum vel. Liturinn var áberandi á tískupöllum Lanvin-sýningarinnar.**



# Það sem við höfum að hlakka til ÁRIÐ 2016





Það hefur verið vinsælt í lok árs að skoða það sem hefur staðið upp úr á liðnu ári en blaðamenn Fréttablaðsins horfa fram í tímann og skoða hvað næsta ár ber í skauti sér.

## Ný breiðskífa Kanye West og Rihönnu

Kanye West kemur til með að sýna Yeezy Season 3 á New York Fashion Week í byrjun febrúar. Hann tilkynnti Twitter fylgjendum sínum á dögunum að hann væri að vinna í því að klára fatalínuna og nýjustu plötu sína, SWISH, sem kemur líklega út á næsta ári. Rihanna er einnig að vinna í sinni plötu, Anti, sem er sögð vera nánast tilbúin og kemur líklega út í lok þessa árs eða byrjun 2016. Hún mun einnig koma fram í fyrsta sinn á New York Fashion Week með tískulínu sína Rihanna for Puma. Þrátt fyrir að það hafi ekki komið opinber tilkynning þess efnis þá hélt hún uppboð í mánuðinum þar sem meðal annars var hægt að bjóða í miða á tískusýninguna.



## Hlaupár

Líkt og alþjóð veit þá kemur hlaupár á fjögurra ára fresti. Þá bætist dagur við febrúarmánuð og þó nokkrir einstaklingar fá loksins að halda upp á afmæli á réttum degi. Hlaupárin eru til þess að leiðrétta skekkju í tímatali sem orsakast af því að árstíðarárið er í raun og veru 365,2422 dagar.

## Ólympíuleikarnir

Sumarólympíuleikarnir munu fara fram í Ríó í Brasilíu í ágúst. Það verður í fyrsta skiptið sem borg í S-Ameríku heldur Ólympíuleikana en aðrar borgir sem komu til greina voru Tókýó, Chicago og Madrid. Leikarnir fóru seinast fram í London og vöktu mikla lukku. Þetta ár verður í fyrsta sinn sem keppt verður í rugby og í fyrsta sinn frá því árið 1904 sem keppt verður í golfi. Fimm Íslendingar eru komnir með þátttökurétt á leikunum. Það eru þær Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir í frjálsíþróttum og Anton Sveinn McKee, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir í sundi.

## Forsetakosningar á Íslandi

Það hefur ekki farið jafn mikið fyrir komandi forsetakosningum á Íslandi og í Bandaríkjunum en það mun líklega breytast þegar það líður á árið. Þorgrímur Þráinsson hefur lýst yfir að hann ætli að bjóða sig fram og Halla Tómasdóttir hefur sagt frá því að hún sé að íhuga framboð. Það sem landsmenn eru hins vegar að bíða eftir er að Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi forseti, taki ákvörðun um hvort hann ætli að bjóða sig aftur fram. Líklega munu fleiri bjóða sig fram þegar fram líða stundir en gengið verður til kosninga 25. júní.

## DC Comics frumsýna tvær stórmyndir

Ofurhetjur DC Comics hafa ekki verið áberandi seinustu ár og hafa þurft að lúta í lægra haldi fyrir Marvel ofurhetjunum sem hafa slegið í gegn í Avengers, Thor og Iron Man myndunum. Á því verður breyting á þessu ári þar sem tvær stórmyndir úr röðum DC Comics verða frumsýndar. Batman vs Superman: Dawn of Justice verður frumsýnd í mars og Suicide Squad verður frumsýnd í ágúst. Mikil spenna ríkir fyrir báðum myndunum.



## EM í fótbolta

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta tekur í fyrsta sinn þátt á stórmóti í Frakklandi í sumar. Biðin eftir þessari stundu hefur verið mikil og er búist við því að mörg þúsund Íslendinga taki sér sumarleyfi í sömu vikunum í júní. Strákarnir spila fyrsta leikinn þann 14. júní gegn Portúgölum í Saint-Etienne í S-Frakklandi.



## Forsetakosningar í BNA

Það hefur verið mikið fjaðrafok yfir komandi forsetakosningum Bandaríkjanna. Það er útlit fyrir að Hillary Clinton, fyrrverandi forsetafrú, verði framboðsefni demókrata en enn er óljóst hver tekur slaginn fyrir repúblikana. Donald Trump hefur haldið forskoti á mótframbjóðendur sína innan Repúblikanaflokksins en Ted Cruz, sem hefur verið að auka fylgi sitt, nálgast hann óðfluga. Donal Trump hefur valdið miklu fjaðrafoki með ummælum sínum um innflytjendamál í Bandaríkjunum og hefur meðal annars látið út úr sér að hann vilji meina múslimum inngöngu í Bandaríkin.



## Justin Bieber heldur tónleika á Íslandi

Líklega stærsta stjarna heims um þessar mundir og mest spilaði tónlistarmaður á internetinu í dag ætlar að hefja tónleikaferð sína um Evrópu hér á landi í Kórnum þann 9. september. Hann kom til landsins á þessu ári og hefur greinilega verið heillaður upp úr skónum þar sem hann ætlar að vera á landinu viku fyrir tónleikana að æfa sig áður en hann heldur svo áfram að spila í Evrópu. Tónleikarnir verða þeir allra stærstu sem haldnir hafa verið á landinu.

## Zoolander 2

Mikil eftirvænting hefur verið eftir framhaldinu af Zoolander sem verður 15 ára á næsta ári. Zoolander 2 er væntanleg í kvikmyndahús í febrúar. Mikið kynningarstarf hefur verið í kringum myndina, eins og til dæmis þegar Derek og Hansel mættu á tískusýningu Valentino í París fyrr á árinu. Þeir hafa fengið mikið af heimsþekktum leikurum til þess að koma fram í myndinni á borð við Penelope Cruz, Kristen Wiig og Benedict Cumberbatch.

DORMA
Láttu drauminn rætast

DORMA **OPIÐ** Alla daga til jóla!

# Hafðu það notalegt um jólin
## Komdu í Dorma



**Boogie**
3ja sæta sófi
Fullt verð 99.900 kr.
Taxfree **80.565 kr.**

# Allir sófar á **TAXFREE*** tilboði til jóla

* **Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.** Taxfreetilboðið gildir ekki ofan á önnur tilboð t.d. jólatilboð.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.




ALLIR JÓLAILMIR **25%** AFSLÁTTUR

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku**
**Fullt verð: 4.290 kr.**
Aðeins **3.218 kr.**

## TVENNUTILBOÐ
dúnsæng + koddi

QUILTS OF DENMARK

**O&D dúnsæng - Stóri björn**
· 50% dúnn og 50% smáfiður
**Fullt verð: 19.900 kr.**
**+ Dúnkoddi - Stóri björn**
**Fullt verð: 5.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 25.800 kr.**

**JÓLA-TILBOÐ**



Aðeins **19.900 kr.**



Sængurföt úr 100% bómullarsatíni frá MistralHome, tveir litir. 300 tc.



Frábært **verð** og gæði

Dormaverð **8.990 kr.**

## O&D dúnsæng
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

**Fullt verð: 25.900 kr.**

QUILTS OF DENMARK®



Jólatilboð **20.900 kr.**

PURE COMFORT
## TVENNUTILBOÐ
fibersæng + koddi

PURE COMFORT **sæng**
**Fullt verð: 9.900 kr.**
PURE COMFORT **koddi**
**Fullt verð: 3.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 13.800 kr.**



Aðeins **8.900 kr.**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

**Afgreiðslutími um jólin**
19. des. kl. 11–17
20. des. kl. 13–17
21. og 22. des. kl. 10–20
23. des. kl. 10–22
24. des. kl. 10–13

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Þarf alltaf að vera hnetusteik?

Stutta svarið er nei. Hildur Ársælsdóttir grænkeri segir fjölbreytnina heilmikla þegar kemur að jólamat þeirra sem kjósa að leggja sér ekki kjöt til munns og segir einhæfnina ekki þurfa að vera til staðar.



Hildur segir ekki mikið vesen að henda í hnetusteik sé því að skipta, og jafnvel töluvert fljótlegra en flest annað sem fólk leggur sér til munns yfir jólin.

MYND/MATTHÍAS ÁRNI INGIMARSSON

Við erum alls ekki alltaf með það sama, jú kannski þetta hefðbundna meðlæti svo sem grænar baunir og heimatilbúið rauðkál," segir Hildur Ársælsdóttir, annar hluti tvíeykisins Mæðgurnar, bloggsíðu þar sem heilnæmar uppskriftir ráða ríkjum. Á móti Hildi er móðir hennar, sjálf hráfæðisdrottningin Sólveig Eiríksdóttir, svo óhætt er að segja að þar kenni ýmissa meinhollra grasa. „Þegar ég var yngri var hnetusteikin ekki orðin svona vinsæl eins og hún er í dag, og þá voru góðir grænmetisréttir í boði á aðfangadag. Nú er það svoleiðis að við höfum alltaf hnetusteik einhvern daginn yfir hátíðarnar, en hún er ekki eini kostur grænmetisæta," bendir Hildur á og skellir upp úr. Hún segist þó æði oft taka hana með sér í boð þar sem ekki er boðið upp á annað en kjötmeti, vegna þess að steikin passi svo vel með hinu hefðbundna meðlæti almennu jólasteikarinnar ef svo má að orði komast.

„Ég finn fyrir mikilli grósku þegar kemur að grænmetisréttum. Það er svo jákvætt að draga úr kjötneyslunni, hvort sem fólk ætlar sér að gerast vegan eða ekki. Margir virðast farnir að átta sig á að manni geti liðið betur af að fá sér léttari rétti í og með," segir Hildur. Þrátt fyrir að vera grænmetisæta er ekki svo að öll fjölskyldan sé á sömu buxunum í þeim efnum. „Við mamma og sonur minn erum grænkerar, eða grænmetisætur, en restin ekki. Við höfum oft haft humar fyrir þau, þannig að það er alltaf eitthvað fyrir alla," útskýrir hún og bendir á að allir geti þó sammælst um ágæti smákakanna og konfektsins, sem hún deilir með lesendum Fréttablaðsins, ásamt dýrindis hugmynd að jólasteik. gudrun@frettabladid.is



## Eggaldinjólasteik

**Eggaldin með hnetu- og kryddjurtapestói**

**Eggaldin fyrir 4**
- 2 eggaldin
- 4 msk. ólífuolía
- 1 tsk. timjan (við notum lífrænt, bragðið er svo gott)
- 1 tsk. paprikuduft
- Smá sjávarsaltflögur
- Nýmalaður svartur pipar

Skerið eggaldinið í tvennt, skerið í sárið rákir á ská.
Hrærið saman olíu, timjan, paprikudufti, salti og pipar.
Penslið eggaldinið með kryddblöndunni.
Setjið í ofnskúffu og bakið við 200° í 35 mínútur.
Lykilatriði er að grilla eggaldinið nógu vel, svo það verði alveg meyrt í gegn, þannig er það langbest.
Látið kólna smá stund.
Setjið um 5 msk. af pestó ofan á hvert eggaldin og svo um 3 msk. af granateplasalsa.

**Kryddjurtapestó**
- 100 g ferskt kóríander
- 50g ristaðar heslihnetur
- 50g ristaðar kasjúhnetur
- 1-2 smátt skornar döðlur
- Safinn úr 1 sítrónu
- 1-2 hvítlauksrif
- 1 tsk. chiliflögur
- Sjávarsalt
- 1 dl jómfrúarólífuolía



## Jólakonfekt

**Marsipan**
- 75 g kasjúhnetur
- ⅛ tsk. salt
- ¼ dl hlynsíróp
- ½ tsk. vanilluduft
- 2 msk. kókosolía
- 3-4 möndludropar

**Karamella**
- ⅔ dl hlynsíróp
- ⅓ dl kókosolía
- 2 msk. möndlusmjör
- ½-¾ tsk. sjávarsaltflögur

**Súkkulaðið**
- 200 g lífrænt og fairtrade súkkulaði

Byrjið á að útbúa marsipanið og karamelluna og látið stífna í kæli á meðan þið bræðið súkkulaðið.

*Marsípan:* Setjið allt í matvinnsluvél og blandið vel saman. Stöðvið og skrapið niður með hliðunum. Setja má marsipanið í frysti í um 15 mínútur svo það stífni.

*Karamella:* Allt sett í blandara og blandað þar til orðið er silkimjúkt og kekkjalaust. Fyrir dekkri karamellu er upplagt að setja smá kakóduft út í.

*Súkkulaði:* Okkur finnst best að nota dökkt fairtrade súkkulaði. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Best er að tempra súkkulaðið því þá verður konfektið fallega glansandi. Notið lítil sílikonkonfektform. Hellið smá súkkulaði í formin, veltið með börmunum svo það verði súkkulaði á hliðunum. Setjið smá stund inn í kæli/frysti á meðan súkkulaðið stífnar. Setjið ½-1 tsk. af fyllingu í formið og endið á að loka molanum með því að setja smá súkkulaði yfir fyllinguna. Setjið aftur í kæli/frysti.

Ef þetta er jólagjöf er upplagt að setja í fallegan kassa eða aðrar umbúðir.



## Jólakruðerí

**Súkkulaðibitasmákökur**
- 2½ dl kókosolía (líka hægt að nota t.d. vegan smjör), við stofuhita
- 3 dl kókospálmasykur
- 4 dl fínt malað spelt
- 1 tsk. vanilla
- 1 tsk. matarsódi
- ½ tsk. salt
- 2-3 msk. vökvi (t.d. kókosmjólk eða önnur jurtamjólk)
- 2 dl heslihnetur, þurrristaðar og smátt saxaðar
- 150 g dökkt súkkulaði (helst fairtrade), saxað

Setjið kókosolíu og kókospálmasykur í matvinnsluvél og hrærið saman.

Bætið spelti, vanillu, matarsóda og salti út í og hrærið í smá stund eða þar til þetta hefur hrærst vel saman.

Bætið þá vökvanum út í og hrærið örstutt eða þar til hann hefur blandast vel saman við deigið.

Ef deigið virðist of þurrt má bæta smá vökva/olíu í deigið.

Bætið að lokum heslihnetum og súkkulaðibitum út í og hrærið þar til þetta hefur blandast vel saman.

Setjið deigið inn í ísskáp í klukkutíma áður en þið setjið á plötu og bakið. Notið teskeið við að setja deigkúlur á plötuna, kökurnar fletjast vel út svo passið að hafa gott bil á milli.

Bakið við 180°C í 8-10 mín. Látið kólna áður en þið freistist til að smakka.


OYSTER PERPETUAL DATEJUST II
ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is

## Lífið í vikunni 12.12.15–19.12.15



### STALDRAR BIEBER VIÐ?

Líkt og flestir vita heldur poppprinsinn Justin Bieber tónleika hér á landi þann 9. september næstkomandi. Tónleikarnir verða haldnir í Kórnum í Kópavogi og eru líkur taldar á því að Bieber muni dvelja hér á landi í nokkra daga en hann er þekktur fyrir að leggja mikið upp úr því að æfa vel fyrir tónleika.

### SKREYTIR Í ANDA STJÖRNUSTRÍÐS



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir heldur upp á þemajól í fyrsta skipti ásamt fjölskyldu sinni. Allt jólaskraut fjölskyldunnar er í anda Stjörnustríðs en nýjasta myndin var einmitt frumsýnd á fimmtudaginn.

### SAMNINGUR VIÐ SONY

Tónlistarmaðurinn Axel Flóvent gerði á dögunum samning við Sony og mun fyrirtækið sjá um að gefa út EP-plötu tónlistarmannsins, Forest Fires, í Evrópu.



### STUTTMYNDIN UNGAR



Leikkonan og handritshöfundurinn Nanna Kristín Magnúsdóttir hlaut á dögunum framleiðslustyrk fyrir nýrri stuttmynd sinni, Ungar, en stórleikarinn Ólafur Darri Ólafsson fer með aðalhlutverkið.


Mjúkur pakki eða gjafabréf



Við aðstoðum þig við að finna gjöf handa dömunni þinni.
Gjafabréf er einnig góð gjöf.
Gjafabréfin okkar hafa engin tímatakmörk og má nota þau hvenær sem er (þ.m.t. á útsölum).

Opið virka daga fram að jólum kl. 11 – 20.
Opið laugardaginn 19.12. kl. 11 – 17.
Opið sunnudaginn 20.12. kl. 12 – 16.

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Póstsendum


# Egill og Steindi leiða saman hesta sína

**Einn af hápunktum ársins er þegar lokalag Áramótaskaupsins er flutt en þeir Egill Ólafsson og Steindi Jr. syngja lagið í ár.**

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Árið 2015 var klárlega ár rappsins og það var ekki hægt að horfa fram hjá því, þannig að þetta er rapp en samt mjög poppað og því eiga allir að geta verið með,“ segir Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem Steindi Jr., um lokalagið í Áramótaskaupinu í ár.

Lagið ber titilinn Allir með og nýtur Steindi liðsinnis Stuðmannsins og sjóarans síkáta Egils Ólafssonar, en þótt þeir tveir séu að vissu leyti ólíkir listamenn gekk samstarfið mjög vel. „Ég hef unnið með Steinda áður, hann er skemmtilegur og er alveg sér á parti. Ég er ánægður með að þetta hafi verið borið undir mig,“ segir Egill um Steinda. „Það var mjög mikill heiður að vinna með Agli og er hann að mínu mati einn flottasti listamaður þjóðarinnar,“ bætir Steindi við.

Lagið er samið af StopWaitGo, en tríóið samdi jafnframt tvö vinsælustu lögin í undankeppni Eurovision á árinu. Teymið hefur verið Steinda innan handar með mörg hans vinsælustu laga og má þar nefna lögin Djamm í kvöld og Dansa það af mér. „Þegar við vorum uppi í stúdíói að búa til lagið og textinn var að fæðast, fórum við að kasta fram nöfnum um hvaða rödd gæti hentað viðlaginu og þegar nafn Egils kom upp þá varð ekki aftur snúið. Þetta er lokalag skaupsins og það þarf að vera stórt og það er enginn stærri en Egill Ólafs,“ segir Steindi. Egill fer einnig með stórt hlutverk í myndbandinu. „Ég held að fólki muni hafa mjög gaman af því að sjá Egil á skjánum á gamlárskvöld, enda algjör stórleikari.“

Egill segist halda að lagið geti vakið mikla lukku. „Ég hef aldrei haft nef fyrir hit-lögum en mér finnst þetta vera algjör eyrnaormur. Það er mjög söngvænt og dansvænt heyrist mér og textinn er á vissan hátt hvetjandi, það er að segja ef maður slítur hann úr samhengi við raunverulegt innihald,“ segir Egill. Spurður út í hvort Stuðmannablær sé yfir laginu segir Egill svo ekki vera. „Nei, þetta er annars eðlis. Steindi rappar þarna og það hefur nú ekki verið mikið um slíkt hjá Stuðmönnum. Að vísu rappaði Flosi Ólafsson í laginu Fiddi bátsmaður og Birna sprettur, það má því alveg segja að Steindi sé ákveðin framlenging af Flosa. Hann er ef til vill Flosi dagsins í dag,“ bætir Egill við léttur í lund. Steindi er gamall rappari og því ekki alls ókunnur að láta rímurnar flæða.



Steindi Jr. og Egill Ólafsson flytja lokalag áramótaskaupsins í ár. Hér eru þeir alsælir við tökur á Skaupinu.

> ÉG HEF ALDREI HAFT NEF FYRIR HIT-LÖGUM EN MÉR FINNST ÞETTA VERA ALGJÖR EYRNAORMUR.

Steindi, sem söng lokalag Áramótaskaupsins árið 2013 ásamt Baggalútsmönnum, semur texta lagsins. „Þegar ég sem texta þá er það fyrsta sem ég geri að ákveða viðfangsefni í laginu og svo sem ég brandarana og söguna og enda svo á textanum,“ segir Steindi, sem vildi ekki gefa upp hvað lagið fjallar um að svo stöddu en vonar að fólki taki vel í það og allir verði með.

Eins og fyrr segir er lagið frumsamið og er Steindi alveg á því að lokalög í Áramótaskaupinu eigi að vera frumsamin. „Persónulega finnst mér lokalagið eiga að vera frumsamið, mér finnst það eiga að vera skylda. Mér finnst ekki nógu mikill metnaður í því að þýða bara einhvern texta fyrir lokalagið en á móti getur verið hættulegt að koma með frumsamið lag sem enginn hefur heyrt og kannast því ekki við og þarf því að vera mjög grípandi og ná áhorfendunum strax. Við höfum legið yfir laginu i mjög langan tíma og vonum að það heppnist,“ segir Steindi um lagið.

Tökur á Skaupinu gengu mjög vel en Steindi segir að mikill hraði hafi verið í tökunum. „Við lögðum upp með að gera skemmtiþátt fyrir alla fjölskylduna og reyndum því að halda pólitík í lágmarki. Það hefur rosalega margt gengið á síðustu daga og það þurfti að hoppa út í nokkur pikköppskot til að fullkomna skaupið,“ segir Steindi. „Ég bið vinsamlegast pólitíkusa um að hætta að skíta á sig og listamenn að bíða með alla listræna gjörninga fram í janúar því búið er að læsa Skaupinu,“ bætir Steindi við og hlær.

Kristófer Dignus leikstýrir Skaupinu í ár en hann leikstýrði Skaupinu einnig árið 2013. Handritshöfundarnir eru þau Guðjón Davíð Karlsson leikari, Katla Margrét Þorsteinsdóttir leikkona, Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Nútímans, og Steindi.





GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

# iMac-intosh

## er jólakonfektið í ár



VAXTALAUS LÁN*
EPLI
ALLT AÐ 12 MÁNIÐ

## Nýr iMac

Verð frá **229.990.-**

Nýr iMac, nýtt íslenskt lyklaborð







Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur

## iPad Air frábær jólagjöf

### iPad Air 1 Wi-fi

16GB **72.990.-**

### iPad Air 2 Wi-fi

16GB **84.990.-**
64GB **104.990.-**

### iPad Air 2 Wi-fi/4G

16GB **112.990.-**
64GB **129.990.-**
128GB **149.990.-**

## Apple TV

Verð frá **12.990.-**
(þriðja kynslóð)

Nýjasta Apple TV er eitt sniðugasta smátækið á heimilinu

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Fram að jólum bjóðum við handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli. Við kaup á iPhone bjóðast lánin til allt að 6 mánaða en til allt að 12 mánaða við kaup á öðrum vörum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.

beats by dr. dre



## Beats Solo 2

Ný þráðlaus útgáfa af vinsælustu heyrnartólunum frá Beats!

Verð **47.990.-**



## Beats Studio

Heyrnartólin sem gera þér kleift að njóta þess að hlusta á tónlistina þína þráðlaust

Verð **59.990.-**



## Powerbeats

PowerBeats 2 heyrnartól með frábær hljómgæði og einfalda þér að stjórna tónlistinni á iOS tækjum

Verð **24.990.-**



## Beats Pill +

Beats Pill hátalarinn er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er

Verð **42.990.-**



## Hue ljósakerfi

Philips hue er þitt eigið þráðlausa ljósakerfi fyrir heimilið

Verð **37.990.-**



## Uproar

Uproar þráðlaus heyrnartólin eru flott blanda af stíl, þægindum og hljóm.

Verð **7.990.-**



## Drink Cocktail Maker

Blandaðu hinn fullkomna drykk. Vigtin lætur þig vita þegar nóg er komið í glasið og passar uppá að hlutföllin séu rétt.

Verð **9.990.-**



## GoPro

Upptökuvélin sem fagmenn um heim allan nota

Verð frá **39.990.-**



## Teikniborð

Wacom Intuos Draw er snerti- og teikniflötur, með penna

Verð frá **14.990.-**



## Þráðlaus vigt

Þráðlaus vigt, með púls-, fitu- og loftgæðamæli. Þekkir sjálfkrafa allt að 8 mismunandi notendur

Verð **29.990.-**



## iGrill

Kjöthitamælir sem tengist iPhone, iPad

Verð frá **7.890.-**



## Selfie stick

Stillanlegur þrífótur og stöng með Bluetooth fjarstýringu Létt og einföld Selfie stick

Verð **4.990.-**



## Activite Pop Shark

Svissneskt úr sem skynjar og mælir hreyfingu, svefn, hlaup og sund

Verð **29.990.-**



## TrackR Bravo

Átt þú það til að gleyma símanum? Lyklunum? Töskunni? Viltu fylgjast með barninu þínu í fjölmenni? Töskunni þinni á kaffihúsi?

Verð **4.990.-**



## Disney Marvel

Frábær penni fyrir yngri kynslóðina. Flottur teiknihugbúnaður fylgir. Virkar með iPad

Verð **4.990.-**



## iPhone hulstur

Glæsileg stílhrein hulstur fyrir iPhone 6 og 6 Plus. Sænsk hönnun frá Richmond and Finch

Verð frá **4.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Pawels Bartoszek



# Engar framfarir á 30 árum

Tilkynning frá Póstinum: „Flugpósti til landa í Evrópu þarf að skila í síðasta lagi 16. desember.“ Já, þannig hljómaði auglýsing frá pósthúsinu á Akureyri sem birtist í blaði þar í bæ árið 1987. Það ár var aðfangadagur á fimmtudegi, eins og í ár. En hver var þá seinasti skiladagur póstkorta í ár? Jú, ef póstkort áttu að berast til Evrópu fyrir jól (með A-pósti) þurfti líka að póstleggja þau fyrir 16. desember.

Auglýstur flutningshraði póstsins til Evrópu hefur sem sagt ekki batnað á þrjátíu árum. En ókei, er póstþjónustan þá ekki allavega orðin hagkvæmari og skilvirkari? Það er búið að loka öllum þessum pósthúsum, taka niður alla þessa póstkassa, pakkar eru varla keyrðir heim til fólks lengur. Það hlýtur að vera að öll þessi hagræðing hafi skilað sér til neytenda? Er það ekki?

Nei, ekki alveg. Skömmu eftir myntbreytinguna árið 1981 kostaði ódýrasta bréfið til Evrópu 2,2 krónur. Síðan þá hafa verð í landinu um það bil þrjátíufaldast. Það ætti að kosta 64 krónur að senda bréf til Evrópu. En verðið er 165 krónur. Og það er B-pósturinn, vel að merkja, og þeim póstkortum þurfti að skila fyrir 10. desember.

Á þessum minnstu sendingum er fyrirtækið Íslandspóstur með einokun. Hluti markaðarins er raunar frjáls, aðrir en Íslandspóstur mega dreifa pökkum og auglýsingabæklingum, en þetta er samt hamlandi. Svona eins og ef bara ein búð mætti selja mjólk og sú búð seldi allt annað líka. Auðvitað færu flestir í þá búð.

Einokunin var sögð nauðsynleg til að tryggja stöðuga þjónustu og sanngjörn verð. Þjónustan hefur ekki batnað. Verðið hefur þrefaldast. Það er kominn tími á samkeppni.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Jólagjöfin í ár
Phantom 3

Taska fylgir með
DRONEFLY.IS
AERIAL VIDEOGRAPHY / PHOTOGRAPHY
sími: 566 6666

© Inter IKEA Systems B.V. 2015



985,-
MYNDIG diskur

TILBOÐ
VINTER 2015 servíettur
95,-/30 í setti ~~295,-~~

GOTTIS skál á fæti 1.890,-

MARTORP hnífapör
4.890,-/30 í setti

Hátíðarborðið í hæstu hæðum

Fallegt jólaborð skapar jólamáltíðinni þá umgjörð sem hún verðskuldar. Það er gaman að eiga fallegan borðbúnað alla daga ársins, en sérstaklega þegar lagt er á borðið á hátíðlegum stundum. Hjá okkur færðu glæsilegan borðbúnað sem hentar hverju tilefni, bæði á borðið þitt og í pakkana til þeirra sem þér þykir vænt um. Gleðileg jól.

SEDLIG salatáhöld
1.990,-/2 í setti

285,-
LÖNSAM karafla

VARDERA matarstell
8.950,-/18 í setti

BLANDA BLANK skálar
Ø20cm 485,-
Ø28cm 985,-

VINTER 2015 borðdúkur
TILBOÐ
1.490,- ~~2.790,-~~

SVALKA rauðvínsglös
135,-/stk.

GODIS glös
985,-/6 í pk.

TILBOÐ
VINTER 2015 bakki
395,- ~~995,-~~

2.750,-
KVITTERA 3ja hæða bakki

DRAGON teskeiðar
785,-/6 í pk.

VARDERA kanna 285,-

VEITINGASTAÐURINN
Rammíslenskt hangikjöt og meðlæti
1.195,-
Hátíðarkalkúnn og meðlæti
1.295,-

Dagskrá helgarinnar kl. 13-17
• Kynning á jólasmákökum
• Myndataka með jólasveininum
• Tónlistaratriði í anddyri

Afgreiðslutími 23. desember:
Verslun 11-18
Veitingastaður 9:30-18

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

IKEA®